30–31
Hampurinn óx hratt í hitabylgjunni





32
Vel hestaður fagurkeri

34–35
Kynbætt rautt birkiyrki í útrás



# Bændablaðið

18. tölublað 2021 ● Fimmtudagur 23. september ● Blað nr. 595 ● 27. árg. ● Upplag 32.000 ● Vefur: bbl.is



Smalað var í Þórkötlustaðarétt sunnudaginn 19. september. Hér er verið að reka safnið ofan við Hraunsvík í átt að Þórkötlustaðahverfi á Þórkötlustaðanesi austan Grindavíkur, en flestir þekkja það í dag sem Hópsnes. Í baksýn er hið tignarlega Festarfjall. Mynd / Hörður Kristjánsson

## Samdráttur í kjötframleiðslu og -sölu

**Miðað við tölur í mælaborði landbúnaðarins í lok ágúst hefur kjötframleiðsla í heild dregist saman í landinu á tólf mánaða tímabili um 0,4%. Mestur er samdrátturinn í framleiðslu á hrossakjöti, eða 8,5%.**

Þrátt fyrir heildarsamdrátt í kjötframleiðslu jókst nautakjötsframleiðslan um 4,5% á einu ári og á svínakjöti um 0,1%. Það eru líka einu greinarnar þar sem framleiðslan jókst eitthvað á milli ára. Fyrir utan umtalsverðan samdrátt í framleiðslu á hrossakjöti, þá dróst kindakjötsframleiðslan saman um 1,8% og framleiðslan á alifuglakjöti dróst saman um 1,1%.

Sala á kjöti hefur dregist hlutfallslega meira saman en framleiðslan, eða um 2,5% í heildina. Þannig dróst salan á hrossakjöti saman um 10,2% á tólf mánaða tímabili. Næstmestur samdráttur var í sölu á kindakjöti, eða 9,1%. Þá dróst nautgripakjötssalan saman um 4,2%, alifuglakjötssalan um 2,1% en svínakjötssalan stóð nánast í stað og dróst aðeins saman um 0,2%.
*/HKr.*

### Halldór Runólfsson, fyrrverandi yfirdýralæknir, vill skjót viðbrögð við riðuveiki fyrir norðan:

# Leggur til niðurskurð á öllum bæjum sem verið hafa með fé í Húna- og Skagahólfi

### – Bændur í Skagafirði og héraðsdýralæknir vilja að meiri áhersla verði lögð á fyrirbyggjandi aðgerðir

**Halldór Runólfsson, fyrrverandi yfirdýralæknir og skrifstofustjóri í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, leggur til í grein sem hann ritar í Bændablaðinu í dag, að ráðist verði í víðtækari niðurskurð á sauðfé á öllum bæjum sem eru með sauðfé í Húna- og Skagahólfi.**

Greint var frá því 10. september síðastliðinn að riðuveiki hafi komið upp á bænum Syðra-Skörðugili í Skagafirði, sem er í Húna- og Skagahólfi, en í því hólfi greindist síðast riða á einum bæ árið 2020. Skorið verður niður um 1.500 fjár á Syðra-Skörðugili, en síðast var skorið þar niður fyrir 30 árum.

Að sögn Elvars Einarssonar, bónda á bænum, hefur ekki verið tekin ákvörðun um hvað verði gert þegar þeim verður aftur heimilt að byggja upp sauðfjárstofn.

„Við erum bara að jafna okkur eftir þetta áfall og fara í gegnum þetta hefðbundna ferli gagnvart ráðuneytinu í samvinnu við MAST," segir Elvar

Ásamt sauðfjárræktinni eru þau Fjóla Viktorsdóttir, kona hans, og þrjú börn þeirra með hrossarækt. Þau Elvar og Fjóla eru ósátt við reglugerðina frá 2001 sem unnin er við ákvörðun bóta, þær séu ósanngjarnar því fjárhagslegt tjón bænda sé gríðarlegt í tilfellum sem þessum.



Halldór Runólfsson.

Þau eru einnig afar ósátt við að ekki skuli vera lagt meira fjármagn í rannsóknir á riðu, það hafi ekkert verið gert almennilega í tugi ára. Þau telja að kortleggja þurfi svæðin þar sem hefur verið riða á árum áður og að þau svæði verði hreinsuð betur.

Jón Kolbeinn Jónsson, héraðsdýralæknir á Norðurlandi vestra, hefur tekið undir orð Elvars. Telur hann að það þurfi að vinna betur úr þessum faraldsfræðilegu gögnum.

Á síðasta ári þurfti að skera niður allt sauðfé á fimm bæjum í Skagafirði og geitur að auki á einum bæ. Samtals var skorið niður á annað þúsund fjár.

Gunnar Sigurðsson, bóndi á Stóru-Ökrum í Skagafirði, þar sem skorið var niður á sjötta hundrað fjár í fyrra, kallaði þá eftir því að vísinda- og bændasamfélagið nýtti harmleikinn í Skagafirði sem hvatningu til að viða að sér meiri þekkingu um þann óvin sem riða sé.

### *13 smittilvik komið upp í sama hólfi á 20 árum*

Samkvæmt upplýsingum á vefsíðu Matvælastofnunar hafa 13 tilfelli greinst á undanförnum 20 árum í þessu hólfi og mörg þeirra í nágrenni Syðra-Skörðugils. Á síðasta ári greindist riða á nokkrum bæjum í Tröllaskagahólfi, sem eru rétt austan við varnarlínuna um Héraðsvötn og í nágrenni við nokkra bæi í Húna- og Skagahólfi, þar sem riða hefur greinst á undanförnum árum.

### *Vill líka niðurskurð hjá bændum í áhættuhópi*

Halldór Runólfsson segir í grein sinni að það sé sín skoðun að nú verði að bregðast við þessum nýjustu riðuveikitilfellum, með mjög afgerandi hætti, annars mun halda áfram að greinast riða á einum og einum bæ á svæðinu, samkvæmt reynslu undanfarinna áratuga.

„Skynsamlegast væri að fara í víðtækan og samræmdan niðurskurð á öllum bæjum í þessu hólfi sem eru með sauðfé og halda því fjárlausu í tvö ár, eins og fyrirskipað er. Það er mjög mikilvægt að góð samstaða náist með öllum sauðfjárbændum á svæðinu, að fara í þessar aðgerðir, líka bændum þar sem riða hefur ekki enn greinst hjá, en þeirra bú teljast þá til áhættubúa. Gagnger hreinsun er nauðsynleg á öllum þeim bæjum þar sem skorið er.

Það er einnig mikilvægt að öll fjárhús og nánasta nágrenni þeirra séu hreinsuð ítarlega á þeim bæjum sem ekki ætla að halda áfram og einnig verði skoðað hvort hreinsa þurfi á bæjum sem hættu fjárbúskap eftir fyrri niðurskurði. Þessa skoðun mína byggi ég á tveimur mjög vel heppnuðum og sambærilegum aðgerðum á undanförnum 30 árum."

### *Aðgerðir sem skiluðu árangri*

Aðgerðirnar fyrir 20 árum, sem Halldór nefnir, voru að farið var í niðurskurð á öllum bæjum í Héraðshólfi á miðjum áratug síðustu aldar, en þar hafði riða verið að greinast á einum bæ á eftir öðrum í nokkur ár. Það er talið hafa heppnast vel þó eitt riðuveikitilfelli hafi komið upp í hólfinu árið 1997. Þá var farið í mjög umfangsmikinn niðurskurð í Biskupstungum á árunum 2003–2004 og gerðir yfir 70 samningar við bændur. Við lok fjárlausa tímabilsins var gert sérstakt átak í hreinsunaraðgerðum, t.d. á bæjum sem ætluðu ekki að halda áfram búskap. Ekkert tilfelli hefur greinst á þessu svæði síðan að sögn Halldórs. Hann nefnir einnig niðurskurð á nokkrum bæjum á afmörkuðu svæði í sunnanverðum Hrunamannahreppi, sem farið var í árið 2003 í kjölfar riðutilfellis á einum bæ. */HKr./smh*

***– Sjá nánar bls. 2, 8, 14, 18 og 68***

FRÉTTIR

### Starfshópur samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis:

# Ræktun orkujurta til framleiðslu á lífolíu talin hagkvæm á Íslandi

## – Lífolía úr orkujurtum getur dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda, bóndi á Þorvaldseyri fær nýja dráttarvél í vor sem gengur á lífdísil

**Starfshópur á vegum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins um ræktun og framleiðslu úr orkujurtum afhenti Sigurði Inga Jóhannssyni samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra á dögunum skýrslu um vinnu hópsins. Meginniðurstaða starfshópsins er að sjálfbær ræktun orkujurta, þ.m.t. repju, til framleiðslu á lífolíu (lífdísil) og öðrum afurðum sé hagkvæm hér á landi.**

Í skýrslunni segir að eftirspurn eftir lífolíu muni vaxa mikið á næstu árum samhliða því að dregið verði úr nýtingu jarðolíu. Framleiðsla og nýting lífolíu úr orkujurtum geti því dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Skýrslan var afhent á bænum Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum, en þar hafa verið gerðar tilraunir með repjuræktun til margra ára.

„Rannsóknir sýna að hægt er að framleiða hér á landi lífdísil úr repjuolíu sem nýta megi sem eldsneyti á þorra þeirra véla sem gerðar eru fyrir dísilolíu úr jarðolíu. Íslensk framleiðsla sparar innflutning og vinnsla afurðanna skapar atvinnu og eykur sjálfbærni. Efling akuryrkju, ræktun orkujurta og nýting repjuolíu getur því dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda á margvíslegan hátt,“ segir ráðherra.



**Páll Eggert Ólafsson bóndi og Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra dæla repjuolíu á International Harvester dráttarvél á Þorvaldseyri. Olían var framleidd á bænum úr repju sem þar er ræktuð. Hratið hefur Páll notað sem kjarnfóður fyrir kýrnar, enda mjög orkuríkt.**

*Fimm megintillögur*

Í skýrslunni leggur starfshópurinn fram fimm megintillögur.

1. Unnið verði að frekari rannsóknum til að tryggja að sjálfbær framleiðsla repjuolíu verði hagkvæm, að teknu tilliti til ytri kostnaðar, s.s. umhverfiskostnaðar.
2. Efnahagslegir hvatar verði nægjanlegir til að ræktun verði hagkvæm. Ræktunarstyrkir verði veittir á tilraunastigi fyrir hvern hektara en færðir yfir á framleiðslumagn með aukinni þekkingu og reynslu.
3. Sala afurða verði tryggð, m.a. með færanlegri verksmiðju til að pressa repjufræ fyrir bændur. Olía keypt af bændum en bændur geta nýtt repjumjöl í aðrar afurðir.
4. Aflað verði viðurkenningar á að um sjálfbæra framleiðslu sé að ræða.
5. Rannsóknir og þróun verði efldar á afmörkuðum sviðum, t.a.m.:
   - nýtingu repjuhrats s.s. í fiskafóður
   - ræktun, vali á yrkjum, kynbótum, sáðtíma, sáðmagni, áburðarmagni, þreskitíma, jarðvinnsluaðferðum, hættu á skaðvöldum, notkun varnarefna, skiptiræktun o.s.frv.
   - hagkvæmustu landnýtingu m.t.t. losunar gróðurhúsalofttegunda, orku- og matvælaframleiðslu, verndunar vistkerfa o.s.frv.
   - rekstrargrunni stórfelldrar ræktunar og lífdísilframleiðslu.



**Ný Massey Ferguson 7S dráttarvél er væntanleg til Þorvaldseyrar í vor. Hún getur gengið fyrir lífdísil sem er blandaður í 20% hlutfalli af repjuolíu.**

*Fleiri rannsóknir og skýrslur hafa verið gerðar um eldsneyti úr repju*

Jón Bernódusson, verkfræðingur hjá Samgöngustofu, sem sat í þessum starfshópi, hefur áður skilað skýrslu um notkun á repju sem eldsneyti á vélar. Þannig skilaði hann ásamt Ólafi Eggertssyni bónda og öðru samstarfsfólki sínu skýrslu árið 2018 sem bar heitið Repjuræktun á Íslandi til skipaeldsneytis.

*Repjuolía sannreynd á dráttarvél á Þorvaldeyri*

Páll Eggert, sonur Ólafs, hefur sannreynt með gamalli International dráttarvél á Þorvaldseyri að hægt er að keyra hann á repju. Þar kom líka í ljós að sótmyndun, sem er einna versti skaðvaldurinn við brennslu dísilolíu, hverfur nánast alveg úr útblæstrinum.

*Nýr Massey Ferguson sem gengur fyrir lífdísil væntanlegur í vor*

Páll segir að í vor sé væntanlega til þeirra ný Massey Ferguson 7S dráttarvél sem er sérstaklega útbúin til að keyra á lífdísil.

„Verksmiðjurnar ábyrgjast að óhætt sé að keyra þessar vélar með 20% íblöndun af repjuolíu. Í dráttarvélinni er AGCO SISU mótor en þeir eru einna fremstir í heiminum á þessu sviði. Í eldri mótorum hafa menn verið að keyra á 100% repjuolíu, en það er eiginlega mengunarbúnaðurinn í nýju dráttarvélunum sem er orðinn flöskuhálsinn. Hann flækir málið við að nýta repjuolíuna í hærra hlutfalli. Við munum að sjálfsögðu prófa okkur eitthvað áfram með þetta,“ segir Páll.

*Hægt að framleiða lífdísil með íslenskri lífolíu í stað þess að flytja olíuna inn*

Páll segir ekkert því til fyrirstöðu að blanda lífdísil með íslenskri repju á Íslandi í stað þess að flytja hana inn í stórum stíl. Þannig hefur Orkey á Akureyri verið að framleiða lífdísil með íblöndun á olíu sem unnin er úr steikingarolíu. Sú olía hefur m.a. verið nýtt á skip Samherja.

Páll telur skynsamlegast að nýta aðstöðuna á Akureyri enn betur með repjuolíu frá Þorvaldseyri, en þá sé þetta vissulega spurning um flutningskostnað sem af því hlýst.

Orkey tekur á móti notaðri steikingarolíu og dýrafitu án nokkurs kostnaðar. Við það sparast urðunargjald á tugum tonna af úrgangi á ári sem annars fellur á veitingahús og mötuneyti. Afurðin er m.a. lífdísill sem ætlaður er til nota á stærri dísilknúin ökutæki, s.s. strætisvagna, sorpbíla, hópferðabíla og flutningabíla. */HKr.*

# Riðan á Syðra-Skörðugili uppgötvaðist í heimalandasmölun

## – Ekki enn mögulegt að rækta riðuna úr íslensku sauðfé

**Riða kom upp á bænum fyrir 30 árum, en bærinn er í Húna- og Skagahólfi. Síðast greindist riða í því hólfi á einum bæ á síðasta ári.**

Matvælastofnun vinnur nú að öflun faraldsfræðilegra upplýsinga til að meta umfang smitsins og nauðsynlegar aðgerðir. Aukin sýnataka er fyrirhuguð á Norðurlandi vestra nú í haust og beinir Matvælastofnun þeim tilmælum til bænda að láta héraðsdýralækni vita af fé sem drepst eða er lógað heima vegna vanþrifa, slysa eða sjúkdóma svo hægt sé að nálgast sýni úr þeim.



**Sigríður Björnsdóttir, starfandi yfirdýralæknir hjá Matvælastofnun.**

*Veik kind í heimalandasmölun*

Sigríður Björnsdóttir, starfandi yfirdýralæknir hjá Matvælastofnun, segir að riðutilfellið hafi verið staðfest eftir að héraðsdýralækni var gert viðvart um veika kind. „Kindin var aflífuð og sýni úr mænukylfu sent til rannsókna á Keldum í kjölfarið. Þar var endanlega staðfest seinnipartinn á föstudaginn að um hefðbundið riðutilfelli var að ræða,“ segir Sigríður og bætir við að orðið hafi vart við veikindi kindarinnar í heimalandasmölun fyrir göngur. „Göngur og réttir fóru fram eins og fyrirhugað var næstu daga en það voru gerðar ráðstafanir til að takmarka þann tíma sem féð var í réttum til að draga úr smithættu.“



**Sauðfé í haga.**

Hún segir að unnið sé að skipulagningu niðurskurðar á allri hjörðinni, því það sé í sjálfu sér stórt verkefni. Gert sé ráð fyrir að skrokkarnir verði brenndir.

*Ekki enn mögulegt að rækta riðuna úr íslensku sauðfé*

Að sögn Sigríðar eru þekkt erfðamörk sem bera verndandi-, hlutlausar- eða áhættuarfgerðir fyrir því að sauðfé fái riðuveiki. Erfðapróf sem byggir á einu slíku erfðamarki er notað víða í Evrópu í þeim tilgangi að byggja upp þolna sauðfjárstofna. „Því miður hefur sauðfé sem ber hina verndandi arfgerð ekki fundist hérlendis enn sem komið er. Hins vegar er nú verið að auka innlendar rannsóknir á þessu sviði sem beinast bæði að því að finna hina verndandi arfgerð og hins vegar að finna fleiri erfðamörk sem geta haft sambærileg áhrif í ræktunarstarfinu.

Eins og er höfum við ekki aðrar aðferðir til að bregðast við riðuveiki en að skera niður sýkta hjörð, en við beitum líka smitrakningu til að átta okkur á uppruna smita og mögulegri smitdreifingu. Við höfum náð mjög miklum árangri í baráttunni gegn riðu með þeim aðferðum á landsvísu.

*Niðurskurðarbætur duga ekki til*

Á síðasta ári greindist riða á fimm bæjum í austanverðum Skagafirði, sem tilheyra Tröllaskagahólfi. Sömuleiðis á einum bæ á Vatnsnesi í Vestur-Húnavatnssýslu.

Eftir niðurskurð og fulla hreinsun þurfa tvö ár að líða áður en hægt er að kaupa gripi af hreinum svæðum og hefja sauðfjárbúskap aftur. Bændur fá greiddar niðurskurðarbætur, sem eiga að standa undir kostnaði bænda við að koma sér upp nýjum stofni.

Landssamtök sauðfjárbænda hafa hins vegar bent á að bæturnar hrökkvi ekki til vegna kaupa á líflömbum og dugi ekki að fullu til að bæta tjón bænda vegna niðurskurðar. */smh*




41,8% þjóðarinnar
vill Katrínu áfram*
í embætti forsætisráðherra
XV
Það skiptir máli hver stjórnar
* Samkvæmt könnun sem send var á könnunarhóp Prósents, 18 ára og eldri á Íslandi. Gögnin voru vigtuð eftir kyni, aldri og búsetu.
Úrtak 2.500 (einstaklingar 18 ára og eldri) af öllu landinu. Spurt var: Hvern myndir þú helst vilja sjá sem forsætisráðherra eftir alþingiskosningar 2021?

FRÉTTIR



Axel Sæland, formaður garðyrkjudeildar BÍ. Mynd / HKr.

# Góð uppskera hjá garðyrkjubændum og allt selst

## – Rigning tefur og mannskap vantar

**„Uppskera hefur alls staðar verið mjög góð og almennt bera garðyrkjubændur sig vel," segir Axel Sæland, formaður garðyrkjudeildar BÍ. Sprettan var góð, uppskeran mikil en tafir hafa orðið á upptöku vegna rigningatíðar sunnan- og vestanlands og eins hefur ekki alltaf tekist að fá nægan mannskap til upptökustarfa.**

Axel segir að sumarið hafi komið vel út, „það selst allt sem í boði er nánast jafnóðum og það er komið á markað," segir hann. Íslenskt grænmeti eigi greinilega upp á pallborðið hjá landsmönnum, það njóti mikilla vinsælda og bendir hann á að í því liggi fjölmörg tækifæri til að auka við. „Ég sé fyrir mér að bæði þeir sem fyrir eru í greininni geti bætt við sig og eins er örugglega pláss fyrir nýja framleiðendur," segir hann.

### *Vantar mannskap*

Það setur svolítið strik í reikninginn að sögn Axels hversu þrálát rigning hefur verið bæði um sunnan og vestanvert landið og hefur hún hamlað upptökustörfum. Við það bætist að skólafólk sem starfaði fyrir garðyrkjubændur í sumar er nú komið í skólann á ný og erfiðlega hefur gengið að fá fólk til starfa.

Axel segir að yfirleitt sjái garðyrkjubændur sölu rjúka upp að haustinu en þá fara landsmenn að gæða sér á súpum sem alla jafna eru fullar af grænmeti, hvort heldur sem er íslenska kjötsúpan eða aðrar.

### *Tækifæri á að auka við í selleríræktun*

Hann segir að sellerí hafi verið að ryðja sér til rúms í fæðuvali Íslendinga og umræður nýverið um skort á því sé augljóslega ákall til bænda um að auka framleiðslu sína á þeirri vöru.

„Sellerí er að koma mjög sterkt inn, það er mikið notað í súpur og fleiri rétti og það er alveg ljóst að þarna eru tækifæri fyrir okkar garðyrkjubændur að spýta í lófana," segir Axel. Íslenskir bændur anni ekki eftirspurn nú, en hann vonar að einhver taki boltann á lofti og nýti sér tækifærið.

Uppskera á rófum og gulrótum er rétt að hefjast og stendur upptökutíð yfirleitt fram í október. Axel segir að hann heyri ekki annað en spretta sé góð og búast megi við ágætri uppskeru á því grænmeti. Vissulega hafi veðurfar skipst í tvö horn, þurrkar sett svip á veðrið fyrir austan og norðan en væta annars staðar, en hvarvetna hafi verið hlýtt og þar af leiðandi góð spretta. /MÞÞ



# Ágæt kartöfluuppskera í Eyjafirði

Anna Bára Bergvinsdóttir, kartöflubóndi í kartöflugeymslunni á Áshóli í Eyjafirði. Annað veðurfar er ríkjandi á norðanverðu landinu og upptökustörf hafa gengið vel í blíðviðrinu sem þar hefur verið nú liðna daga. Nokkuð vindasamt var þó í liðinni viku og moldrok gerði fólkinu sem var við upptöku lífið leitt. „Við vorum aðeins fyrr á ferðinni en í meðalári og uppskeran hjá okkur er ágæt, sérstaklega þegar mið er tekið af gríðarlegum þurrkum hér í sumar," segir Anna Bára. Það sem af er sýnist henni sem uppskera verði svipuð að magni og í fyrrahaust. „En það kemur auðvitað betur í ljós þegar öllu er lokið." Mynd / Aðsend



Kartöflugarður hjá Sigurbjarti Pálssyni, kartöflubónda í Skarði í Þykkvabæ, umflotinn vatni. Mynd / SP

## Sigurbjartur Pálsson, kartöflubóndi í Skarði í Þykkvabæ:

# Alveg hætt að lítast á blikuna

## – Mygla kom upp og síðan tók við þrálát vætutíð

**„Mér er alveg hætt að lítast á blikuna," segir Sigurbjartur Pálsson, kartöflubóndi í Skarði í Þykkvabæ. Viðvarandi rigningartíð undanfarið gerir að verkum að ekki er hægt að sinna upptökustörfum, garðar eru blautir og ekki hægt að fara um þá þó svo að einn og einn þurr dagur komi inn á milli.**

Sigurbjartur segir að allt leggist á eitt og hvert áfallið á fætur öðru komið upp. Vorið var kalt og seint sett niður og lítið að gerast í görðunum fram eftir sumri.

„Þetta leit ekki vel út í sumar, tíðin var ekki hagstæð en breyttist aðeins þegar kom fram í ágúst og þá tók allt vel við sér og spretta góð. Það má segja að sú uppskera sem náðist á þeim tíma hafi verið bærileg," segir hann.



Sigurbjartur Pálsson, kartöflubóndi í Skarði í Þykkvabæ, segir hvert áfallið á fætur öðru hafi komið upp í kartöfluræktinni í Þykkvabæ þetta árið.

### *Mun valda einhverju tjóni*

Einmitt á þeim tíma sem tíð var til friðs uppgötvaðist mygla í kartöflum á svæðinu en Sigurbjartur segir kartöflubændur reyna hvað þeir geta að verjast henni og séu ávallt í viðbragðsstöðu. Það flæki málið að um þessar mundir er búið að banna notkun lyfja sem reyndust gott vopn í baráttunni gegn myglu og þeirra í stað er boðið upp á önnur sem virka ekki eins vel.

„Við getum haldið þessu niðri og drepið mygluna með því að nota lyf og fresta upptöku á meðan þau eru að virka, við þurfum 10 daga upp í hálfan mánuð til að fá lyfin til að virka," segir Sigurbjartur.

Hann segir ljóst að myglan muni valda kartöflubændum í Þykkvabæ einhverju tjóni en ekki ljóst enn hversu miklu. Þegar upp kemur sýking í görðum þarf að gæta sérlega vel að því að hún nái ekki inn í húsin, þá er voðinn vís. Telur hann að það hafi tekist núna.

### *Lítið sem ekkert byrjað á upptöku*

Þegar baráttu við myglu var lokið var eins og við manninn mælt, næsta áfall reið yfir, rigningartíðin sem veldur því að ekki er hægt að taka upp að neinu gagni.

„Þetta gengur hægt, það er mikið eftir enn þá, þannig að við erum ekki í góðri stöðu þegar komið er þetta langt fram í september. Sem betur fer hefur ekki enn komið frostnótt hér um slóðir," segir Sigurbjartur. Litlar breytingar séu fram undan í veðurfari, rigningartíð virðist ríkjandi áfram. /MÞÞ



Slátrun hófst þann 16. september hjá Fjallalambi. Mynd / Framsýn

## Fjallalamb og Framsýn:

# Samkomulag um launakjör

**Skrifað hefur verið undir samkomulag um launakjör við sauðfjárslátrun milli Framsýnar og Fjallalambs á Kópaskeri.**

Sláturtíðin hófst þann 16. september síðastliðinn og er áætlað að hún standi yfir í um 5 vikur. Slátrað verður um 25.000 fjár. Frekar illa hefur gengið að manna sláturhúsið í ár en um 70 starfsmenn þarf til starfa í sláturtíð. Að staðaldri starfa um 17 starfsmenn hjá fyrirtækinu. /MÞÞ

## Hornafjörður:

# Upptökustörfum lokið fyrir vætutíð

**Hjalti Egilsson á Seljavöllum segir að upptökustörf hafi gengið vel í Hornafirði og þar hafi náðst að taka upp úr öllum görðum áður en haustrigningar hófust.**

„Upptökustörf gengu vel og fóru fram við góðar aðstæður, veður var fínt og kartöflur eru fallegar og góðar," segir hann. Uppskera er svipuð að magni og var í fyrra. „Það er svipað magn í húsum og var í fyrrahaust og ég er ánægður, því þetta leit ekki vel út í vor og fram á sumar. Það var mjög kalt framan af en svo þegar kom fram í júlí fór að hlýna hér um slóðir og spretta tók vel við sér. Við gátum byrjað upptöku á góðum tíma, fyrstu kartöflur voru komnar í hús um miðjan ágúst. Við náðum að taka allt upp áður en rigningartíðin hófst," segir Hjalti. /MÞÞ




XM

# Það hefur aldrei verið mikilvægara að setja X við M!

## VIÐ STÖNDUM VÖRÐ UM ÍSLENSKAN LANDBÚNAÐ

Sett verði skýr lög um upprunamerkingar matvöru í þágu neytenda.

Auknu fé verði varið til nýsköpunar og þróunar í hefðbundnum búgreinum og vinnslu.

Gerð verði áætlun um hvernig stórefla megi nám tengt landbúnaði á öllum námsstigum.

Tollasamningur við Evrópusambandið verði endurskoðaður eða sagt upp.

Innflutningur á ófrosnu kjöti, eggjum og ógerilsneyddum matvælum verði stöðvaður.

Eftirlitskerfi með matvælaframleiðslu verði einfaldað og kostnaði létt af greininni.

Stutt verði við frekari þróun innlendrar kjarnfóðurframleiðslu og kornræktar.

Gerð verði áætlun um frekari nýtingu orkuauðlinda þjóðarinnar til innlendrar framleiðslu.

Kostnaður við flutning aðfanga og afurða í matvælaframleiðslukeðjunni verði jafnaður.

Öllum úrvinnslufyrirtækjum landbúnaðarvara verði gert heimilt að hagræða.

Stutt verði við hrossarækt og hún efld til að nýta þau tækifæri sem þar liggja.

Framtíð loðdýraræktar verði tryggð.

Langtímasamningar við bændur með tilliti til þjóðhagslegs mikilvægis atvinnugreinarinnar.

Skógræktun verði stóraukin.

Afhendingaröryggi raforku verði tryggt.

Hvatt verði til aukinnar lífrænnar framleiðslu, m.a. með þróunarstyrkjum.

# Bændablaðið

– Málgagn bænda og landsbyggðar –

**Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.**
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 11.600 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar 7.600 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
**Sími**: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – **Kt:** 631294–2279

**Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Ritstjóri:** Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Blaðamenn:** Erla Hjördís Gunnarsdóttir ehg@bondi.is – Guðrún Hulda Pálsdóttir gudrunhulda@bondi.is – Margrét Þóra Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is
**Auglýsingastjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – **Sími:** 563 0303
**Netfang auglýsinga:** **augl@bondi.is** – **Vefur blaðsins:** **www.bbl.is** – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
**Frágangur fyrir prentun:** Ágústa Kristín Bjarnadóttir – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** sjá forsíðu – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621


## SKOÐUN

## Lýðræði til hvers?

**Íslendingar kjósa sér að jafnaði á fjögurra ára fresti þá fulltrúa sem þeir treysta til að tala sínu máli á Alþingi Íslendinga. Það skiptir því væntanlega töluverðu máli að fólk vandi sig við valið ef það vill ekki sitja uppi með ergelsi í fjögur ár yfir að hafa veðjað á rangan hest.**

Í lýðræðisríki sem byggir stjórn sína á fulltrúalýðræði geta málin talsvert vandast þegar fólk þarf að velja sinn fulltrúa sem hluta af stærra mengi einhvers flokks. Þá þarf að treysta á trúverðugleika þeirrar stefnu sem sett er fram í nafni flokksheildar og hversu líklegt það sé að flokksmenn fylgi þeirri stefnu í afgreiðslu mála á Alþingi sem þú veðjar á. Þitt er svo valið, kjósandi góður, við hvaða flokk þú merkir í kjörklefanum og þá væntanlega þér til gleði eða skapraunar næstu fjögur árin.

Fyrir Íslendinga sem þjóð og raunar allar þjóðir, stórar og smáar, hlýtur rétturinn til að stýra eigin málum að vera afar mikilvægur. Við þekkjum allt of margar sorglegar sögur af kúguðum þjóðum og þjóðarbrotum sem hafa verið undir hæl valda- og fégráðugra stjórnenda annarra þjóðflokka árum, áratugum og jafnvel öldum saman. Íslenska lýðveldið er ungt að árum og því þekktu Íslendingar það vel að vera undir stjórn annarra öldum saman.

Talað er um að Íslendingar hafi glatað sjálfstæði sínu þegar Gamli sáttmáli var gerður 1262 og allt til 1918 þegar Ísland varð viðurkennt frjálst og fullvalda ríki með eigið þing og eigin ríkisstjórn. Reyndar mun Kristján áttundi Danakonungur hafa skipað svo fyrir árið 1840, þvert ofan í tillögur embættismanna sinna, að Íslendingum yrði gefinn kostur á að endurreisa Alþingi sem ráðgjafarþing í stað þess að sækja stéttaþing dönsku eyjanna í Hróarskeldu. Þetta virðist hafa verið sérstakt velviljaverk af æðsta ráðamanni Dana á sama tíma og hagsmunaöfl þar í landi reyndu leynt og ljóst að herða tökin á Íslandi. Þrátt fyrir þetta virtust Íslendingar hálfsofandi yfir eigin hag og var sjálfstæðisbaráttan á köflum harla máttlaus.

Segja má að fólk hafi þó aðeins vaknað til meðvitundar þegar Jörundur hundadagakonungur gerði valdaránstilraun á Íslandi sumarið 1809. Það kveikti þann neista hjá mörgum, að kannski væri til einhvers að þjóðin berðist fyrir eigin hag og reyndi að standa í lappirnar gagnvart erlendu valdi. Sjálfstæðisbaráttan náði svo hámarki í baráttu Jóns Sigurðssonar.

Dönsk yfirvöld héldu áfram að gefa slaka á sínum yfirráðum yfir Íslandi með svonefndum stöðulögum um stöðu Íslands í danska ríkinu 1871 og þegar Kristján níundi Danakóngur „gaf" Íslendingum svo stjórnarskrá árið 1874. Fullveldi landsins var svo formlega viðurkennt 1918. Þegar Þjóðverjar hernámu Danmörku 1940 söðlu Íslendingar skilið við Dani og fengu svo viðurkenningu á sjálfstæði landsins 1944 með stofnun lýðveldis.

Þegar litið er yfir þessa sögu á hálfgerðu hundavaði er ekki laust við að maður verði hugsi varðandi stefnu sumra pólitískra afla sem bjóða nú fram krafta sína á Alþingi Íslendinga. Eftir alla þá baráttu sem á undan er gengin, hvers vegna í veröldinni ættu Íslendingar þá að afsala sér hluta af sínu ákvörðunarvaldi í hendur á erlendri ríkjasamsteypu? Hvers vegna ERU Íslendingar með ákvörðunum Alþingis að innleiða regluverk frá erlendri ríkjasamsteypu sem setja okkur skorður og skilyrði um hvernig við högum okkar eigin málum? – Erum við virkilega komin niður á sama vesældarplan og ríki á átjándu og fram á nítjándu öld gagnvart rétti okkar til að stýra eigin málum? – Til hvers förum við þá á kjörstað? */HKr.*

# Tryggjum frumframleiðslu á Íslandi




**Gunnar Þorgeirsson**
formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is




**Nú göngum við að kjörborðinu laugardaginn næstkomandi. Það hefur verið ánægjulegt verkefni hér í Bændahöllinni undanfarnar vikur að taka á móti frambjóðendum frá flestum flokkum sem eru í framboði til Alþingis. Farið hefur verið yfir helstu málefni landbúnaðarins og nauðsyn þess að tryggja frumframleiðslu á Íslandi og sóknarfæri í landbúnaði. Einnig hafa umhverfismálin verið lykilatriði í umræðu um landbúnað á þessum kynningum.**

Athyglisvert er að sjá á skoðanakönnunum að helstu áherslur kjósenda fyrir þessar kosningar eru heilbrigðismál og loftslagsmál en landbúnaðarmál í neðstu sætum. Loftslagsmál og landbúnaður eru samofin að mati Bændasamtakanna. Ísland mun ekki ná kolefnishlutleysi nema komi til stórfelld binding og þar gegna bændur lykilhlutverki. Enginn annar hópur hefur yfir að ráða þekkingunni, landinu og getunni til þess að ráðast í bindingarverkefni í þeim skala sem þörf er á á næstu áratugum. Því væri meira um vert að sjá auknar aðgerðir í þeim efnum frá umhverfisráðherra í stað þess að friðlýsa enn eitt svæðið.

### *Landbúnaðarstefna fyrir Ísland*

Það hefur verið viðvarandi vandamál fyrir íslenskan landbúnað að stefnufestu stjórnvalda hefur skort í málaflokknum. Nú hefur verið lögð fram í fyrsta sinn landbúnaðarstefna, unnin af þeim Birni Bjarnasyni og Hlédísi Sveinsdóttur. Það er ánægjuefni að þessi vinna skuli vera komin svona langt á veg. Ég vil hvetja þá sem taka við á hinum pólitíska velli eftir kosningar að þetta skjal fái málefnalega umræðu á Alþingi og verði síðan afgreidd í framhaldinu, til að mynda í formi þingsályktunar sem landbúnaðarstefna fyrir íslenska þjóð.

Það er landbúnaðinum gríðarlega mikilvægt að stefna verði unnin til framtíðar svo frumframleiðendur geti gert sínar áætlanir til lengri tíma á grundvelli stefnu sem Alþingi hefur samþykkt, líkt og gert var með heilbrigðisstefnu til ársins 2030.

Hafi stjórnvöld ekki skýra sýn um framtíð landbúnaðar gæti þróunin orðið sú að Ísland verði eins og landbúnaðarsafn frekar en grundvallaratvinnugrein sem skapar verðmæti í hinum dreifðu byggðum. Stefnan verði eins og lauf í vindi sem feykist til og frá með lyklaskiptum í ráðuneytinu.

### *Úthlutun tollkvóta*

Talsverð umræða hefur átt sér stað undanfarnar vikur um skort á sellerí í verslunum og öðrum vörum þar sem tollar eru lagðir á innflutning yfir ákveðið tímabil. Það sem þar er á ferðinni er að nægjanlegt magn innlendrar vöru er ekki til reiðu og því þarf að flytja inn vöruna erlendis frá á fullum tollum. Skilaboð Alþingis með því að fastsetja tímabil tollverndar voru þau að efla íslenska garðyrkjuframleiðslu. Þannig ætti að vera fyrirsjáanleiki fyrir framleiðendur að rækta tegundir með þeirri fullvissu að hún yrði varin tollum, líkt og önnur sú framleiðsla sem stjórnvöld hafa tekið ákvörðun um að vernda.

Þegar unnið var að tollarömmunum við breytingu búvörulaganna á sínum tíma í tengslum við tolla á grænmeti bentu ellefu hagsmunasamtök á, þ.á m. Bændasamtökin, að vanda þyrfti lagasetningu svo hægt yrði að bregðast við mögulegum frávikum sem kynnu að koma upp í búvöruframleiðslu, sem háð væri íslensku veðurfari og öðrum ytri aðstæðum. Frumvarpið breyttist ekki við meðferð málsins í atvinnuveganefnd heldur lagði nefndin áherslu á að landbúnaðarráðherra myndi „bregðast skjótt og örugglega við með lagasetningu í slíkum tilfellum" og að ráðherra skyldi endurskoða vörur og tímabil úthlutunar á tveggja ára fresti, sem verður nú þann 23. desember nk. Það verða því ærin verkefni sem nýr landbúnaðarráðherra þarf að bregðast við „með skjótum og öruggum hætti".

### *Vaxtastig skiptir máli*

Miðað við kannanir eru nokkrar líkur á því að snúið verði að mynda ríkisstjórn eftir kosningar. Ljóst er að mörg mikilvæg hagsmunamál bænda verða til umfjöllunar á næsta kjörtímabili. Búvörusamningar, loftslagsmál, endurskoðun tollasamnings við Evrópusambandið og fleiri mál sem nefnd hafa verið til sögunnar.

En eitt stærsta hagsmunamálið er einfaldlega endurreisn efnahagsins eftir kórónukreppuna. Landbúnaður á mikilla hagsmuna að gæta að hagsstjórnin á næstu árum verði hagfelld, þannig að samspil peningastefnu og ríkisfjármála muni hjálpast að við að halda verðbólgu í skefjum og vöxtum lágum. Landbúnaðurinn þarf að fjárfesta mikið á næstu árum til þess að auka verðmætasköpun og þar eru vextir lykilatriði. Því er að mörgu að huga fyrir kjósendur á næstu dögum.

## ÍSLAND ER LAND ÞITT



**Þessi sýn blasir við vegfarendum sem leið eiga um Hörgárdal og Öxnadalsheiði á milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar. Hér er horft úr Hörgárdal inn í Ytri-Tungudal á Tröllaskaga. Vinstra megin (suðvestan) við gilið eru bæirnir Dagverðartunga og Dagverðartunga II, en Fornhagi til hægri, norðaustan við gilið. Gilið sjálft mun heita Fornahagagil sem er mjög rómað fyrir þroskamikinn og fjölbreytilegan gróður. Um það rennur Ytri-Tunguá sem kemur norðan af Þorvaldsdal. Heitir hún fyrst Lambá þar sem hún fellur niður í Þorvaldsdalinn þar til hún sameinast Úlfsá sem kemur úr Ytri-Tungudal og Illagilsdal og verður að Ytri-Tunguá neðan ármótanna.** Mynd / Hörður Kristjánsson

LÍF & STARF



Um 5.000 fjár skiluðu sér í Hraunsrétt í Aðaldal á dögunum. Á innfelldu myndinni til vinstri eru Guðmundur Bjarnason og Jón Bergmann Gunnarsson á Húsavík og hægra megin uppi eru Sæþór bóndi í Presthvammi Gunnsteinsson og Hólmgrímur Kjartansson á Hrauni í Aðaldal.
Myndir / Aðalsteinn Árni Baldursson

## Hraunsrétt í Aðaldal:

# Vel heppnaður réttardagur í blíðskaparveðri

**„Réttarstörfin gengu alveg ljómandi vel," segir Böðvar Baldursson, bóndi í Ysta Hvammi í Aðaldal eftir velheppnaðan réttardag.**

Féð var um 5.000 talsins, litlu færra en í fyrra því eitthvað var um að bændur væru með fé heima. Í Hraunsrétt koma saman bændur í Aðaldal og yfirleitt hefur mikið fjölmenni safnast saman í þessa fornfrægu og fögru rétt. Böðvar segir að nú hafi fólk ekki í sama mæli og oft áður verið hvatt til að koma og fylgjast með enda reglur í gildi um fjölda þeirra sem saman mega koma.

„Það eru alltaf einhverjir gestir að fylgjast með en ekki sami fjöldinn og oft áður," segir hann.



Feðgarnir Guðbergur, Ægir Eiríksson og Björn Grétar.



Hrannar Guðmundsson og Guðmundur Ágúst Jónsson úr Fagraneskoti og Böðvar Baldursson úr Ystahvammi.

Veðrið lék við bændur og búalið þegar réttað var og segir Böðvar að allir hafi notið dagsins. Smalamennska gekk vel í góða veðrinu og helst hefðu kindur viljað vera lengur á fjalli segir hann að gróður þar sé enn mikill og góður miðað við árstíma.

„Mér sýnist fé koma vænt af fjalli, yfir meðallagi gott," segir hann. /MÞÞ



Oddný Lára Guðnadóttir, Pálmholti Reykjadal, kampakát við réttarstörfin.



Fólk á öllum aldri komu í réttina.



Sædís Rán Ægisdóttir og Berta María Björnsdóttir frá Húsavík tóku þátt í réttunum.

## MÆLT AF MUNNI FRAM 282

Það bar við þann 5. september síðastliðinn, að **Einar Kolbeinsson** bóndi í Bólstaðarhlíð, eignaðist afmæli. Þann dag sendi hann mér vísu sem hann ætlaði í vísnaþáttinn, en þá var ég nýbúinn að efna í þann þátt, svo vísan fékk ekki inni. En hér kemur vísa Einars:

*Af fögnuði ég fnæsi og styn*
*og finnst mér safnast auður,*
*því ekki kæmu afmælin*
*ef ég væri dauður.*

Tilurð næstu vísu er svofelld: **Skúli Ágústsson** frá Birtingaholti fékk umgangsboðsbréf að dansleik á Selfossi. Skúli skilaði boðsbréfinu, en reit þessa vísu á bakhliðina:

*Ég held ég láti hófið bíða,*
*mér hentar ekki þetta rall,*
*hættur að drekka, dansa og ríða,*
*hvern djöfulinn á ég að gera á ball?*

**Jón Magnússon** orti um harðar ritdeilur þeirra **Guðmundar Friðjónssonar** á Sandi og **Sr. Sigurðar Einarssonar**:

*Þó að fimur Siggi sé*
*og sveifli vígðum brandi,*
*svitnar hann við að koma á kné*
*karlinum á Sandi.*

**Jónas í Hofdölum** orti um lífshlaup sitt:

*Listir iðka ég löngum þrjár:*
*Lesa, prjóna og skrifa.*
*Finnst mér þó að fjölgi ár*
*furðu gott að lifa.*

**Baldvin** skáldi kom öli bættur í hús þar sem margt fólk var saman komið. Ekki þótti honum mannvalið mikilla gæða:

*Faktors þjónar fylla glös,*
*færist tjónið svínum,*
*hér er dóna drukkin ös,*
*dimmt fyrir sjónum mínum.*

**Baldur á Ófeigsstöðum** í Köldukinn orti í minningu mjólkurkýrinnar Skrautu, sem reynst hafði heimilinu vel:

*Nú er Skrauta fallin frá*
*að fósturjarðar skauti,*
*átján sinnum undir lá*
*okkar besta nauti.*

Ef til vill er ástæðulaust að vera að ýfa gömul sár, en þessi vísa frá árinu 1965 er samt sígild að mínu mati. Hana orti **Þorsteinn Matthíasson** skólastjóri:

*Hyggnir reynast Húnvetningar,*
*halda þeir sig bestu menn.*
*Þó held ég að Þingeyingar*
*þrauki í fyrsta sæti enn.*

Til vinar orti **Björn Jónsson** frá Haukagili:

*Við höfum báðir, vinur minn*
*verið háðir sprundum,*
*leitað og þráð, en léttúðin*
*leiknum ráðið stundum.*

Um **Friðgeir Axfjörð** orti **Gísli Árnason**:

*Að drykkfeldni, svikum og drambi þekkt,*
*sinn djöful má hver og einn bera.*
*Með afbrigðum lygið og ómerkilegt*
*er ættfólk þitt talið vera.*

Næstu tvær stökur eru **Bjarna Jónssonar** frá Gröf. Mergjaðar skammarvísur ortar ónefndum:

*Það er vont að vera rauður,*
*vera til og sýnast maður.*
*Helvíti vildi ég vera dauður*
*en vera þannig innréttaður.*

*Allt þig brestur eðli manns,*
*ekkert sést af viti.*
*Einhver besti andskotans*
*ertu nestisbiti.*



**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
*kotabyggð1@gmail.com*

**FRÉTTIR**




## Bændasamtök Íslands:

# Áherslumál fyrir alþingiskosningarnar

**Bændasamtök Íslands (BÍ) hafa lagt fram áherslupunkta sína fyrir komandi alþingiskosningar.**

Helstu atriðin snúast um umhverfis-, tolla- og markaðsmál – auk mótunar landbúnaðarstefnu. Telja samtökin að landbúnaðarráðuneytið þurfi að vera sérstakt ráðuneyti til að hægt sé að ná árangri í þessum málaflokkum.

Í umhverfis- og loftslagsmálum hafa BÍ mótað eigin umhverfisstefnu fyrir árin 2020–2030 og er aðgengileg á vef BÍ. Hún fjallar á almennan hátt um landbúnað og umhverfismál og skilgreinir meginmarkmið íslensks landbúnaðar í umhverfismálum næsta áratuginn. Leiðarljós stefnunnar eru loftslagsmál, sjálfbærni og vistheimt.

### *Loftslagsvænn landbúnaður og Kolefnisbrúin*

Meðal verkefna sem bændur vinna nú að í þágu umhverfis- og loftslagsmála eru Loftslagsvænn landbúnaður og Kolefnisbrúin.

Loftslagsvænn landbúnaður er samstarfsverkefni bænda, Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins og stjórnvalda.

Tilgangurinn er að virkja bændur til þátttöku til loftslagsvæns landbúnaðar, með minni losun gróðurhúsalofttegunda og aukningu í kolefnisbindingu.

Kolefnisbrúin er í eigu BÍ og Landssamtaka skógareigenda og er það unnið með bændum og landeigendum að því að framleiða vottaðar kolefniseiningar, sem hægt er að nýta í þágu eigin rekstrar, á móti sínu kolefnispori, eða selja á markaði til fyrirtækja eða fjárfesta sem vilja binda óhjákvæmilega kolefnislosun hjá sér.

### *Óhagstæður tollasamningur*

Varðandi tollamálin telja BÍ að gildandi tollasamningur við Evrópusambandið (ESB) sé afar óhagstæður íslenskum landbúnaði. Stjórnvöld hafa óskað eftir endurskoðun á honum. Samtökin telja að taka þurfi tillit til útgöngu Bretlands úr ESB og endurmeta hlutföll innflutnings á hvern markað fyrir sig, með samanburði við aðra sambærilega samninga.

Samanburður leiði í ljós að í samningum við ESB hafi Íslendingar gefið eftir 10,6 kg á hvern íbúa af tollkvótum til innflutnings til Íslands, en hafi á móti fengið 20 grömm á hvern íbúa til útflutnings. Þetta er margfalt magn en í nýlegum samningi við Breta. Þar voru gefin eftir 130 grömm á hvern íbúa í innflutningi, en fengin 15 grömm í útflutningi.

### *Auk þarf markaðshlutdeild innlendra afurða*

Varðandi afkomu einstakra búgreina telja BÍ að huga þurfi alvarlega að stöðu sauðfjárbænda sem hafa þurft að búa við bágt afurðaverð um árabil og benda einnig á slæma stöðu nautgripabænda í nautakjötsframleiðslu, þar sem reksturinn hefur ekki staðið undir framleiðslukostnaði.

Í markaðsmálum telja BÍ að auka þurfi sýnileika og markaðshlutdeild íslenskra afurða hjá neytendum. Tengja þurfi neytendur betur við frumframleiðendur og auka verðmæti innlendra afurða.

Loks leggja BÍ áherslu á, að með mótun landbúnaðarstefnu fyrir Ísland sé nauðsynlegt að landbúnaðarráðuneytið verði sjálfstætt sameinað ráðuneyti landbúnaðarmála, þar sem innanborðs verði skógrækt og landgræðsla. */smh*




**Áhersluatriði Bændasamtaka Íslands í tollamálum.**

**Bændablaðið**

*Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði*

**Smáauglýsingar 56-30-300**
**Hafa áhrif um land allt!**

## Þrjátíu ára gjöfult ræktunarstarf á Syðra-Skörðugili að enda komið:

# Ætla þó að taka fé aftur eftir bannið

**Skorið verður niður um 1.500 fjár á Syðra-Skörðugili eftir að riðutilfelli var staðfest í kind, eftir að vart varð við veikindi hennar í heimalandasmölun fyrir göngur. Bærinn er talinn með betri ræktunarbúum á landinu í sauðfjárrækt, fengið margar viðurkenningar í gegnum árin. Það var til að mynda afurðahæsta sauðfjárbúið í Skagafirði með 300 ær eða fleiri á síðasta ári og átti einnig besta sláturlambahópinn, 400 lömb eða fleiri.**



**Fjóla Viktorsdóttir, Sigríður Elva, Viktoría Eik, Ásdís Ósk og Elvar Einarsson.**

Að sögn Elvars Einarssonar, bónda á bænum, hefur ekki verið tekin ákvörðun um hvað verði gert þegar þeim verður aftur heimilt að byggja upp sauðfjárstofn.

„Við erum bara að jafna okkur eftir þetta áfall og fara í gegnum þetta hefðbundna ferli gagnvart ráðuneytinu í samvinnu við MAST,“ segir Elvar þegar hann er spurður um hvort hann sé búinn að átta sig á stöðunni.

„Við ætlum nú að ganga til samninga við ráðuneytið um að hefðbundið ferli fari í gang varðandi hreinsunarstarf og úttektir, við höfum ekki neitt val eða aðra möguleika, við semjum til að eiga rétt á bótum til að mynda ef til þess kemur að við komum okkur upp nýjum stofni,“ segir hann.

### *Ósátt við reglugerðina*

Ásamt sauðfjárræktinni eru þau Fjóla Viktorsdóttir, kona hans, og þrjú börn þeirra með hrossarækt. Þau Elvar og Fjóla eru ósátt við reglugerðina frá 2001 sem unnin er við ákvörðun bóta, þær séu ósanngjarnar því fjárhagslegt tjón bænda sé gríðarlegt í tilfellum sem þessum.

Þau eru einnig afar ósátt við að ekki skuli vera lagt meira fjármagn í rannsóknir á riðu, það hafi ekkert verið gert almennilega í tugi ára. Þau telja að kortleggja þurfi svæðin þar sem hefur verið riða á árum áður og að þau svæði verði hreinsuð betur.

### *Óvíst um umfang ræktunar eftir tvö ár*

„Við hjónin tölum bæði í þá átt að við ætlum að taka fé aftur. En hvort við förum aftur upp í 600 vetrarfóðraðar kindur er of snemmt að segja til um. Við höfum bæði mjög gaman af sauðfé og eins dæturnar okkar þrjár, við vitum fátt skemmtilegra en að garfa í þessu ræktunarstarfi – spá og spekúlera. Þú sérð árangurinn hratt og miklu fyrr en í til dæmis hrossarækt. Sauðburðurinn er einnig okkar uppáhaldstími.

Við höfum fengið fjölmargar viðurkenningar fyrir ræktunarstarfið, nú síðast frá Félagi sauðfjárbænda í Skagafirði fyrir að vera afurðahæsta sauðfjárbúið í Skagafirði eftir hverja kind með svona stórt bú og með hæstu meðalvigtina, eða 19,1 kíló af um 800 lömbum. Við vorum einnig með besta veturgamla hrútinn og held ég geti sagt að við séum meðal þeirra fremstu á landinu,“ segir Elvar.

### *Síðast skorið niður fyrir 30 árum*

Síðast var skorið niður á Syðra-Skörðugili fyrir um 30 árum, þegar faðir Elvars, Einar Gíslason, hélt utan um ræktunina. „Sá grunnur sem við byggðum á var kominn frá honum – hann á mikið í þessari velgengni okkar enda starfaði hann með okkur í þessu á meðan hann lifði og hafði gríðarlegan áhuga á ræktun sauðfjár.

Hann var mjög þekktur og virtur á meðal sauðfjárbænda og hrossabænda á landsvísu og starfaði sem ráðunautur í mörg ár. Var lengi bústjóri á tilraunabúinu Hesti í Borgarfirði á yngri árum og kom meðal annars að innleiðingu á því byggingarlagi sem er í lömbum í dag; betri læri, betra bak og lágfættara fé. Hann fékk nú skammir fyrir það í upphafi, því menn höfðu efasemdir um að það gæti gengið í snjó og væri of lítið til að geta náð upp á garðana. En við erum stolt af hans arfleifð í dag og það er sárt að þurfa að urða hans framlag í íslenskri sauðfjárrækt,“ segir Elvar Einarsson. */smh*

# Leitað að verndandi arfgerð gegn riðu í sauðfé

## – Langtímaverkefni og engin skyndilausn

**Stefanía Þorgeirsdóttir fer fyrir rannsóknarverkefni á Keldum þar sem markmiðið er að leita að verndandi arfgerð í íslensku sauðfé, en erfðapróf sem byggir á einu tilteknu erfðamarki er notað víða í Evrópu í þeim tilgangi að byggja upp þolna sauðfjárstofna.**



**Keldur.**

„Þetta verkefni er unnið hér á Tilraunastöðinni á Keldum af okkur Vilhjálmi Svanssyni í samstarfi við Eyþór Einarsson hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins og er stefnan að safna sýnum víðs vegar um landið, auk þess sem sýni verða tekin úr fé á Grænlandi, en það er talið vera af íslenskum stofni,“ segir Stefanía.

### *Sjaldgæfur breytileiki*

„Við erum svo í nánu samstarfi við Karólínu Elísabetardóttur, bónda í Hvammshlíð í Skagabyggð, og samstarfsfólk í Þýskalandi þar sem verkefnin skarast að miklu leyti og markmiðin eru þau sömu. Í verkefninu er áhersla lögð á að finna nýja eða aðra breytileika en þann sem þekktastur er fyrir að veita vernd gegn riðu, svokölluð ARR-arfgerð, sem hefur enn ekki fundist í íslensku sauðfé. Þegar hefur fundist breytileiki T137, sem mögulega er verndandi. Sá breytileiki hefur fundist áður í rannsókn á íslensku fé og voru niðurstöður um þann fund birtar í vísindagrein 1999, en á þeim tíma voru ekki komnar fram vísbendingar um að hann skipti máli varðandi riðunæmi,“ segir Stefanía.

### *Spennandi niðurstöður*

Að sögn Stefaníu þarf að kanna tíðni breytileikans T137 í riðuhjörðum og hvort arfberar breytileikans í þeim hjörðum hafi verið lausir við riðu, til að sannreyna verndandi eiginleika hans í íslensku fé. „Á Keldum er að finna mikið safn sýna úr hjörðum þar sem greinst hefur riða á undanförnum áratugum. Ætlunin er að nýta sýnasafnið til rannsókna á breytileikanum sem og öðrum áður óþekktum sem mögulega hafa þýðingu fyrir riðunæmi.

Þetta eru spennandi niðurstöður og gætu komið að notum í baráttunni gegn riðu í framtíðinni ef í ljós kemur að þessi breytileiki hefur verndandi áhrif í íslensku fé líkt og virðist vera tilfellið á Ítalíu þar sem hann hefur helst verið rannsakaður. Það er vert að taka fram að hann er mjög sjaldgæfur og tæki því langan tíma að rækta upp fé með þannig arfgerð, þannig að hér er ekki um neina skyndilausn að ræða en þess virði að rannsaka betur,“ segir Stefanía. */smh*




xB

framtíðin ræðst á miðjunni — framtíðin ræðst á miðjunni —

# KRAFTMIKIL RÖDD BÆNDA Á ALÞINGI

**Þau málefni landbúnaðar sem við í Framsókn setjum á oddinn í kosningabaráttunni eru einkum:**

- Að landnýting og ræktun sé sjálfbær.
- Að nýsköpun í matvælaframleiðslu og landnýtingu verði stórefld.
- Að stuðningur verði aukinn til að stuðla að fjölbreyttri ræktun og landnýtingu sem og kolefnisbindingu.
- Að frumframleiðendum verði heimilað samstarf eins og þekkist í öllum löndum Evrópu.
- Að afurðastöðvum í kjöti verði heimilað samstarf með sambærilegum hætti og í mjólkurframleiðslu.
- Að bændum verði heimiluð slátrun og vinnsla að undangengnu áhættumati og kennslu.
- Að tollasamningi við ESB verði sagt upp og hann endurnýjaður vegna forsendubrests, til dæmis vegna útgöngu Breta úr sambandinu.
- Að tollaeftirlit verði hert til muna og gert sambærilegt því sem þekkist í samanburðarlöndum okkar.
- Að stofnað verði nýtt ráðuneyti landbúnaðar og matvæla þar sem málefni skógræktar, landgræðslu og eftirlitsstofnana matvæla og landbúnaðar verða undir.

**Er ekki bara best að kjósa Framsókn?**

FRÉTTIR



Sæmundur Sveinsson, fagstjóri erfðarannsókna hjá Matís.

## Foreldragreiningar í sauðfé nú mögulegar hjá Matís:

# Gagnast helst í baráttunni gegn arfgengum sauðfjársjúkdómum

**Í ágúst síðastliðnum var gefin út skýrsla hjá Matís, þar sem lýst var þróun á aðferð til foreldragreininga í íslensku sauðfé. Um sameindaerfðafræðilega aðferð er að ræða sem Matís hefur boðið upp á fyrir nautgripa-, hunda- og hrossarækt – en hingað til ekki í sauðfjárrækt.**

Sæmundur Sveinsson, fagstjóri erfðarannsókna hjá Matís, hefur stýrt þróunarvinnunni ásamt Eyþóri Einarssyni, sauðfjárræktarráðunauti hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. „Eyþór kom með þessa hugmynd til okkar, aðallega vegna vandamála varðandi arfgenga sauðfjársjúkdóma – æskilegt að slíkt tól væri til staðar í sauðfjárræktinni. Til dæmis ef vaknar grunur um að það komi erfðagallar frá sæðingastöðvahrúti og sá grunur byggir á einu afkvæmi, þá er mikilvægt að geta staðfest að ætternið sé örugglega rétt. Eins gefur þetta möguleika á að að allir hrútar sem fara á sæðingastöð séu ætternisgreindir. Þá má nefna að alltaf koma annað slagið fyrirspurnir frá bændum sem vantar að geta skorið sé úr um ætterni gripa og því kærkomið að geta nú veitt þessa þjónustu,“ segir Sæmundur.

Verkefni fór af stað snemma á síðasta ári, en það hlaut styrk úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins. „Það gekk í rauninni út á að prófa hvort 17 valin erfðamörk virkuðu til foreldragreininga, en við vorum með 514 kindur til rannsóknar, þar af 378 kindur sem beinlínis voru nýttar til eiginlegra foreldragreininga,“ segir Sæmundur. Hann bætir við að aðferðin hafi einnig verið prófuð á forystufé, þar sem aðferðin hafi einnig sannað sig.

### *Aukinn áhugi í hundagreiningum*

Ferlið virkar þannig að sögn Sæmundar, að það eru tekin stroksýni úr sauðfénu og þau greind með svokallaðri PCR-aðferð, sem margir vita núna út á hvað gengur. Þannig eru erfðamörkin mögnuð upp, sem svo eru notuð til að skera úr um erfðafræðilegan uppruna. „Í dag greinum við talsvert af hrossum, nálægt þúsund hross á ári, enda er krafa í hrossaræktinni að öll hross sem koma til kynbótadóms skulu vera DNA greind. Það er alltaf eitthvað af nautgripum sem við greinum, sem hefur þó farið minnkandi, og við greinum dálítið af hundum þar sem við finnum fyrir auknum áhuga.“

### *Fækkað alvarlegum erfðagöllum*

Sæmundur segir að bundnar séu vonir við að með þessu greiningartóli verði markvisst hægt að fækka alvarlegum erfðagöllum í sauðfé, eins til dæmis þeim sem veldur bógkreppu – sem er sjúkdómur sem veldur vansköpun í þroskun útlima á lömbum. „Nýhafið verkefni, sem er afurð foreldragreiningaverkefnisins, nýtist beint inn í leitina að erfðaþáttum bógkreppu. Þetta verkefni er styrkt af fagráði í sauðfjárrækt og er leitt af Charlottu Oddsdóttur, dýralækni á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði á Keldum. Í því verkefni er markmiðið að finna erfðaþátt sem veldur gallanum. Ef vel tekst til verður útkoma bógkreppuverkefnisins erfðamark sem hægt verður að nýta að útrýma gallanum í íslensku sauðfé. Við Eyþór verðum einnig með í því verkefni.“

Í niðurstöðum skýrslunnar er þess getið að ættfærslur langflestra einstaklinga sem voru skoðaðir hafi verið réttar. Því sé ekki ástæða til að ætla annað en að ættfærslur í Fjárvís séu yfirleitt rétt skráðar. Þó sé ekki hægt að fullyrða um ættskráningar almennt úr frá þessu verkefni þar sem notuð hafi verið sýni út frá völdum búum. /smh




## Heyin blaut á Snæfellsnesi eftir mikið vætusumar:

# Erfitt og leiðinlegt sumar að baki en allir eiga nóg hey

## – Nánast einhver væta upp á dag frá því í júní

**Þó það hafi verið veðurblíða í sumar víða um land, einkum á Norður- og Austurlandi, þá var því ekki að heilsa á Snæfellsnesi. Þar lentu bændur víða í erfiðleikum vegna rigninga og hey hröktust á túnum.**

„Staðan er ekki sérlega góð, en ég held að allir hafi náð að heyja að mestu leyti og séu vel heyjaðir þannig að það verða engin vandræði,“ segir Guðný Heiðbjört Jakobsdóttir, bóndi á Syðri-Knarrartungu í Beiðuvík í Snæfellsbæ.

Vætutíð hefur einkennt sumarið þar um slóðir og nánast einhver úrkoma verið upp á dag frá því um miðjan júlí. Grámi yfir öllu segir hún, þoka og skýjað, „þannig að það er dimmt yfir og ég hef þurft að kveikja ljós upp á hvern dag í allt sumar. Þetta er eiginlega mun ólíkindum. Ég man vel eftir rigningartíð að sumarlagi hér en aldrei eins og núna,“ segir hún.

Fyrst og fremst hefur tíðin verið mjög leiðinleg og heyskapur erfiður. „Þetta byrjaði með kuldatíð í vor og fram í júní en þá breytti um og rigningartíðin tók við og á henni er bara ekki neitt lát. Það hefur rignt hér eitthvað á hverjum sólarhring í alltof langan tíma, stundum lítið en stundum líka rosalega mikið. Við vorum að slá og rúlla í rigningu marga daga. Heyið sem fékkst fyrst í sumar er ljómandi gott en svo fer mesti glansinn af því þegar fór að líða á og það sem rúllað var undir það síðasta er frekar óspennandi, eiginlega hálffúlt,“ segir Guðný.




Eitthvað eiga bændur eftir að ná inn af há og nokkrir eru með grænfóður, en Guðný segir að grænfóðursstykkin séu svo gott sem ófær vegna bleytu, vart hægt að komast um flagið með tækin.

### *Algjört óþurrkasumar*

Undir það tekur Laufey Bjarnadóttir á Stakkahamri í Eyja- og Miklaholtshreppi en þar var farið um grænfóðursstykki nýverið þegar veður var þokkalegt en spá fram undan upp á rok og rigningu. Það var því að hrökkva eða stökkva og slapp til með slátt en náðist ekki að rúlla allt. Stykkið er í framræstri mýri og fór svo að dráttarvél festist og þurfti að kalla til stærri og öflugri tæki til að draga upp.



Vætutíð hefur einkennt veðurfarið á Snæfellsnesi sumarið 2021. Ekki endilega stórrigningar en alltaf einhver væta upp á hvern sólarhring frá því í júní. Flestir hafa náð inn ágætu magni en heyin eru blaut.
Mynd / Þórunn Hilma Svavarsdóttir

„Þetta verður örugglega eftirminnilegt,“ segir hún.

Laufey kveðst oft áður hafa upplifað vætusumur, en þetta hafi að því leyti verið ólíkt að engar stórrigningar hafi einkennt sumarið.

„Þetta var algjört óþurrkasumar má segja, það var ein átt í boði, suðvestanátt, og henni fylgir súld og þoka. Það var lítils háttar væta alla daga, endalaus ófriður,“ segir hún. Þá hafi gosmistur, sem iðulega var yfir svæðinu, sett strik í reikninginn að því leyti að ómögulegt var að lesa í veðrið líkt og áður.

Hún segir að nóg sé til af heyi eftir sumarið, það vanti ekki en það sé nokkuð blautt. Sem betur fer megi ýmsu bjarga með þeirri heyskapartækni sem í boði er um þessar mundir, „sem betur fer hefur tækni fleygt fram í þessum efnum, ég hefði ekki boðið í þetta fyrir tíma rúlluvélanna,“ segir hún en íblöndunarefni bjargi líka því sem bjargað verður. /MÞÞ



Samningur milli Skógræktarinnar og PCC á Bakka Silicon um kaup 2.000 rúmmetrum af timburbolum á ári næstu árum mun leiða til þess að auðveldara verður að fjármagna grisjun norðlenskra skóga. Verksmiðjan brennir kolum, koksi og timburkurli til að framleiða Kísilmálm. Til að framleiða 33.000 tonn af kísilmálmi á ári þarf um 60-66 þúsund tonn af kolum, 40.000 tonn af viðarspæni, auk koks og 52 megawött af raforku eða 456 gígawattstundir, samkvæmi minnisblaði fyrirtækisins.
Myndir / HKr.

## Skógræktin og PCC Bakki við Húsavík:

# Samningur um kaup á timbri úr norðlenskum skógum

**Samningur milli Skógræktarinnar og PCC á Bakka Silicon um kaup 2.000 rúmmetrum af timburbolum á ári næstu árin hefur verið undirritaður.**

Þreifingar hafa staðið yfir í nokkur misseri um möguleg kaup PCC á timbri frá norðlenskum skógareigendum. Fyrirtækið taldi í upphafi að einungis væri hægt að nota innfluttan við af lauftrjám í framleiðsluna á Bakka en fékk til prófana sýnishorn af íslensku timbri að því er fram kemur í tilkynningu.

„Þessi sýnishorn sýndu að hægt er að nota timbur af öllum helstu trjátegundum í íslenskri skógrækt. Í kísilveri eins og verksmiðju PCC á Bakka er mjög mikilvægt að forðast öll aðskotaefni, svo sem þungmálma og steinefni sem kunna að leynast í timbrinu.“ Timbrið sem kemur úr norðlenskum skógum er nægilega hreint til vinnslu á Bakka m.a. þar sem loftmengun er lítil hér á landi.



Sílikonverksmiðjan PCC Bakki Silicon er Bakkahöfða norðan við Húsavík.

### *Skógarnir verða verðmætari*

Auðveldara verður nú eftir samninginn að grisja norðlenska skóga jafnvel þó svo að timbursala til fyrirtækisins standi ekki að fullu undir kostnaði við grisjunina. Slík grisjun stuðlar að því að í skóginum standa áfram bestu trén sem mynda til framtíðar liðið verðmætara timbur. Þannig verða skógarnir verðmætari og eigendur fái meiri arð út úr þeim í fyllingu tímans.

Með því að nota innlent timbur í stað innflutts timburs eða kola í framleiðslu sinni dregur PCC úr umhverfisáhrifum starfsemi sinna. Minni flutningar á timbri leiða til minni losunar á hverja timbureiningu og ef íslenskt timbur leysir af hólmi innflutt kol eru áhrifin enn meiri. /MÞÞ

# Léttu þér störfin í sláturtíðinni



N1
**Vefverslun**
Skoðaðu úrvalið og skráðu þitt fyrirtæki



## Hnífur og stálbrýni

Giesser snyrti- og úrbeiningahnífur, millistífur, 15 cm. Giesser stálbrýni, 31 cm. Ómissandi í sláturtíðinni.



## Hárský

Blá hárský. Nauðsynlegur hreinlætisbúnaður í allri matvælavinnslu.

100 stk. í pakka. 10 pakkar í kassa.



## Olíuþolin svunta

Freyja olíuþolin síð svunta. Með breiðu hálsbandi og spennu. Efnið er olíu- og kuldaþolið. Földuð að neðan.




## Einnota nítril hanskar

Liprir einnota nítrilhanskar sem tryggja hreinlæti og verja hendurnar. Þykkt 3 mm. 10 pakkar í kassa.




## Dunlop stígvél

Dunlop Purofort professional stígvél eru hentug við margskonar aðstæður. Létt og með höggdeyfi í sóla, endast vel og auðvelt að þrífa þau.

Litur: Grænn. Stærðir: 37-48.



## Gólfskafa og álskaft

Skaftið er 153,5 cm að lengd og 0,58 að þyngd. Skafan er úr polypropylene, thermoplasti og gúmmíi. Má nota við hitastig frá -18°C til 80°C.

## Verslanir N1 um land allt

**Akureyri** s. 440 1420 • **Blönduós** s. 440 1339 • **Húsavík** s. 440 1448
**Höfn** s. 478 1940 • **Ísafjörður** s. 456 3574 • **Klettagarðar** s. 440 1330
**Ólafsvík** s. 436 1581 • **Patreksfjörður** s. 456 1245 • **Reyðarfjörður** s. 474 1293
**Reykjanesbær** s. 421 4980 • **Vestmannaeyjar** s. 481 1127

**440 1000** **n1.is**

N1 ALLA LEIÐ

ÁHUGALEIKHÚS Á ÍSLANDI

# Starfsemi áhugaleikhúsa kynnt til sögunnar

**Bandalag íslenskra leikfélaga, stofnað 1950, eru samtök áhugaleikfélaga á Íslandi sem eru milli 40–50 talsins.**


Hörður Sigurðarson, framkvæmdastjóri BÍL.

Bændablaðið hefur á umliðnum árum fjallað af og til um starfsemi áhugaleikfélaga á landinu. Í starfi þessara áhugamannafélaga tekur þátt fólk úr öllum starfsstéttum og þá ekki síst úr sveitum landsins. Þar sem þetta er mikilvægur og merkilegur þáttur í menningarlífinu á landsbyggðinni, þá hyggst blaðið reyna að hafa slíka umfjöllun með reglubundnari hætti á komandi mánuðum og misserum. Hefur því verið leitað eftir samvinnu við Bandalag íslenskra leikfélaga.

Ýmislegt hefur borið á góma hjá þeim yfir árin og alltaf er eitthvað um að vera, enda oft ástríðan sem um ræðir þegar áhugaleiklist á í hlut. Nú, í stuttu spjalli við Hörð Sigurðarson, formann BÍL, lætur hann vel af næstu mánuðum þótt Covid-veiran hafi stöðvað uppsetningar leiksýninga um stund.

Hörður á sjálfur rætur að rekja í Kópavoginn, foreldrar hans voru öflugir í Leikfélagi Kópavogs og var faðir hans einn af stofnendum leikfélagsins. Hann hefur því verið með annan fótinn á sviðinu frá því hann man eftir sér, auk þess, þegar hann eltist, tekið að sér leikstjórn víða um landið af og til.

„Ég hef leikstýrt víða á tímabilum, kynnst fólkinu í kringum landið sem er bæði skemmtilegt og fróðlegt, segir Hörður, og gaman að kynnast því hvernig hægt er að vinna með og við ólíkar aðstæður. Þörf fólks fyrir að skapa er alltaf hin sama og auðgun mannlífsins með ástríðu leiklistarinnar og því sem henni viðkemur. Þetta er miklu stærra batterí en bara að standa á sviði. Leikfélagið í samfélaginu er víða hjartað í félagslífinu. Sami hópurinn sér oftar en ekki um árshátíðir og annað slíkt og að hafa virkt félagslíf skiptir gríðarlegu máli fyrir samfélögin, þá sérstaklega minni samfélög.“

### *Víðtæk þjónusta bandalagsins*

Þótt áhugaleiklist hafi verið við lýði síðan á 19. öld er bandalagið sem slíkt stofnað árið 1950, enda viss hagur í því að stofna samtök. Aðstæður voru þannig um miðja tuttugustu öld að mjög erfitt var að verða sér úti um leikverk, förðunarvörur, leikmuni og annað sem viðkemur leikuppsetningu eða lýtur að leikverki.

Aðspurður segir Hörður að þarna hafi orðið til þessi samtök sem hafi nú vaxið töluvert og mættu í raun kallast þjónustumiðstöð í dag.

„Við erum með stærsta leikritasafn landsins, erum ekki bara að þjónusta áhugaleikhúsin, heldur flesta grunnskóla á landinu, framhaldsskólana auk þess að vera í góðu sambandi við stóru leikhúsin, þau fá oft ýmislegt hjá okkur, handrit eða annað. Hér er starfandi leikhúsbúð sem líka þjónustar mikið fleiri en bara leikhúsin, enda mjög víðtæk þjónusta sem við bjóðum upp á. Svo útvegum við sýningarleyfi og svona eitt og annað. Þetta er vítt svið sem snýr að því að koma upp leiksýningu.

Nú eru starfandi rúmlega 40 aðildarfélög, en þeim hefur farið fækkandi í gegnum áratugina. Voru 80 talsins fyrir um þrjátíu árum. Aðstæður og aðgangur að afþreyingu í dag er auðvitað allt öðruvísi en þá, til að mynda sjónvarp, net og annað en þetta fylgir þróun samfélagsins. Að auki hafa sveitarfélög víða sameinast, leikfélög stundum runnið saman í eitt, eða lognast út af því miður – fækkun á landsbyggðinni hefur þar komið til og sum leikfélög starfa bara annað hvert ár. Þau eru jafn mismunandi og þau eru mörg.“

### *Styrkveitingar ríkis*

„Annars má geta þess að ríkið veitir styrki til áhugaleiklistar. Það fer svo í gegnum okkur – við förum yfir umsóknir og gerum tillögur sem eru bara yfirleitt alltaf samþykktar.

Við köllum eftir félögum að sækja um, þau senda þá inn öll ný leikverk sem þau eru eða hafa áhuga á að setja upp, myndir af sýningum, ársskýrslur, reikninga og annað þannig að við höfum yfirsýn yfir slíkt.“

Og nú er að hafa samband ef áhugi er fyrir stofnun leikfélags eða uppsetningu sýningar! /SP

AÐALFUNDUR
LANDSSAMBANDS VEIÐIFÉLAGA 2021

Landssamband veiðifélaga minnir á áður auglýstan aðalfund sambandsins sem haldinn verður föstudaginn 8. október, kl. 11:00-15:00, í Bændahöllinni við Hagatorg í Reykjavík.

Óskað er eftir því að aðildarfélög sendi framkvæmdastjóra Landssambandsins tilkynningu um þátttöku á aðalfundinum sem allra fyrst. Vinsamlegast sendið tilkynninguna á netfangið gunnar@angling.is.

Nánari upplýsingar um dagskrá og þátttöku á fundinum er að finna á vef sambandsins á www.angling.is.

LV

FRÉTTIR


Fyrsta línan í nýrri kynslóð byggðalínu, Kröflulína 3, tengingin á milli Kröflu og Fljótsdals, hefur verið spennusett.
Mynd / Vefur Landsnets.

## Landsnet:

# Spennu hleypt á fyrstu línu í nýrri kynslóð byggðalínu

**Fyrsta línan í nýrri kynslóð byggðalínu, Kröflulína 3, tengingin á milli Kröflu og Fljótsdals, hefur verið spennusett.**

Línan á sér langa sögu og hefur undirbúningur staðið um langt skeið. Framkvæmdir hófust árið 2019 og var hún byggð við miklar áskoranir. Slæmt veður og heimsfaraldur settu mark sitt á framkvæmdina. Það var því stór dagur hjá Landsneti þegar spennu var hleypt á fyrstu línuna.

Kröflulína 3 fer um þrjú sveitarfélög: Skútustaðahrepp, Múlaþing og Fljótsdalshrepp. Lengd línunnar er 121 km og liggur hún að mestu samsíða Kröflulínu 2, frá tengivirki við Kröflustöð að tengivirkinu við Fljótsdalsstöð.

Meginflutningskerfi raforku sem liggur í kringum landið er í daglegu tali kallað byggðalínan. Hún samanstendur af 13 háspennulínum, alls 925 km að lengd, sem ná frá Brennimel í Hvalfirði, hring um landið og enda í Sigöldu.

Byggðalínan nálgast nú 50 ára aldurinn en áætlaður líftími raflína á Íslandi er um 50 ár og raforkunotkun hefur margfaldast frá því að hún var byggð – það var því kominn tími á endurnýjun, segir á vef Landsnets.

### *Bætir úr mörgum vanköntum*

Nýrri kynslóð byggðalínu er ætlað það hlutverk að bæta úr mörgum af þeim vanköntum sem hrjá meginflutningskerfið í dag. Hún verður rekin á hærra spennustigi, eða 220 kV í stað 132 kV, og byggð úr stálrörામöstrum sem þola betur óveður og ísingu og mun því auka afhendingaröryggi umtalsvert.

Útlit mastranna svipar til trémastra gömlu byggðalínunnar, þar sem þau eru byggð úr rörum en þau verða aftur á móti stærri og að sama skapi færri, þar sem lengra hafi verður á milli mastra. Hærra spennustig gerir það að verkum að hægt verður að flytja meiri raforku á milli landshluta og létta þannig á þeim flöskuhálsum sem kerfið býr við í dag.

Mun það hafa jákvæð áhrif á atvinnuuppbyggingu auk þess sem hægt verður að nýta betur núverandi orkuframleiðslumannvirki og vatnasvæði en mögulegt er nú.

### *Næstu áfangar*

Næsta lína í röðinni er Hólasandslína 3 á milli Hólasands í nágrenni Kröflu og Akureyrar en framkvæmdir við hana hófust á árinu 2020. Þar á eftir er Blöndulína 3 á milli Akureyrar og Blöndu sem er á áætlun 2023 og Holtavörðuheiðarlína 1 á milli Hvalfjarðar og Holtavörðuheiðar en áætlað er að byrja framkvæmdir við hana á fyrri hluta ársins 2024.

Síðasta línan er svo tenging á milli Holtavörðuheiðar og Blöndu sem er áætlað að hefja framkvæmdir við á síðari hluta ársins 2027 eða í byrjun árs 2028. /MÞÞ

## Sláturhús Norðlenska á Húsavík:

# Hafa getað valið úr umsóknum en nú vantar fólk

**„Staðan var þannig að það vantaði um 10 manns til starfa inn í sláturhúsið þegar sláturtíð hófst fyrr í haust,“ segir Jóna Jónsdóttir, starfsmannastjóri Norðlenska. Undanfarnar vikur hefur smám saman bæst við en enn vantar 4 til 5 starfsmenn til að sláturhúsið teljist fullmannað.**

„Við vitum ekki alveg hvað veldur, við fengum færri umsóknir núna en vanalega og fleiri hættu við á síðustu stundu. Yfirleitt höfum við getað valið úr fjölda umsókna en því var ekki að heilsa nú. Það er eins og ferðaviljinn hafi aðeins dalað,“ segir Jóna og vísar til erlendra starfmanna sem eru stór hluti þeirra sem vinna í sláturhúsi Norðlenska á Húsavík.

Starfsfólk hefur einkum komið frá Bretlandi, Póllandi, Slóvakíu, Tékklandi og Búlgaríu. Veltir Jóna fyrir sér hvort bólusetningarhlutfall í þeim löndum setji jafnvel strik í reikninginn. Óbólusettir sem ferðast til Íslands þurfa að sæta sóttkví í fimm daga og það gæti einnig haft sín áhrif á ferðaviljann.

### *Sóttust ekki mikið eftir störfum*

Jóna segir að jafnan sé þess gætt að halda ákveðnu hlutfalli af störfum fyrir Íslendinga en nú í haust hafi þeir ekki sóst mikið eftir störfum í sláturtíð.


Jóna Jónsdóttir, starfsmannastjóri Norðlenska.

„Við höfum verið að leita að fólki til starfa en það hefur ekki gengið neitt sérlega vel. Margir sem t.d. eru atvinnulausir og við heyrum í segjast ekki vilja binda sig í þetta stuttan tíma, tvo mánuði,ef eitthvað annað starf skyldi koma upp á meðan. Það er ýmislegt af þessu tagi sem setur strik í reikninginn og gerir að verkum að ekki næst enn að fullmanna sláturhúsið.“

Þá nefnir hún einnig að húsnæði takmarki ráðningar, það sé ekki endilega mikið um laust húsnæði í bænum fyrir aðkomufólk og því væri æskilegt að hafa fleiri sem búsettir eru á staðnum.

### *Gekk að ráða í lykilstörf*

Jóna segir að vel hafi gengið að ráða í lykilstörf en um sé að ræða almenn störf sem sinna þarf í sláturtíðinni. Í einhverjum tilvikum hafi þeir starfmenn sem starfa í húsinu allt árið verið færðir til og önnur verkefni látin bíða.

„Þetta rúllar alveg ágætlega hjá okkur,“ segir hún. Um 120 manns eru ráðnir aukalega til starfa hjá sláturhúsi Norðlenska í sláturtíð til viðbótar við þá 45 sem fyrir eru.

Áætlað er að slátra um 86 þúsund dilkum í sláturtíðinni nú í haust og segir Jóna að nú sé búið að slátra um 28 þúsund dilkum. Að meðaltali sé 2.350 dilkum slátrað daglega. /MÞÞ


MASSEY FERGUSON
Búvélar kynna
FRAMTÍÐIN FRÁ
MASSEY FERGUSON
Nýju 5S - 6S - 7S - 8S eru hannaðar
fyrir kröfuharða notendur
FL4722
MF 5S I 105 - 145 HÖ
MF 6S I 135 - 180 HÖ
MF 7S I 155 - 190 HÖ
MF 8S I 205 - 305 HÖ
reddot winner 2021
Við klæðskerasaumum vél eftir þínum þörfum
BÚVÉLAR
Austurvegur 69 - 800 Selfoss - Sími 480 0080
buvelar.is
MASSEY FERGUSON® is a global brand of AGCO Corporation.

FRÉTTIR




Íslandskort með nautgripabúunum sem hafa bæst við verkefnið Loftslagsvænn landbúnaður.

## Loftslagsvænn landbúnaður:

# Sérstök áhersla á fóðrun nautgripa

**Fyrir skemmstu bættust nautgripabændur við verkefnið Loftslagsvænn landbúnaður, alls 15 bæir.**

Fyrir eru 27 sauðfjárbú sem taka þátt, en verkefnið hóf göngu sína vorið 2020 með samningi stjórnvalda og Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML), Landgræðslunnar og Skógræktarinnar um að þróa leiðir til loftslagsvænni landbúnaðar – en verkefnið er hluti af aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum.

Berglind Ósk Alfreðsdóttir er verkefnastjóri þessa samstarfsverkefnis og segir hún að ánægjulegt sé að fá loks inn hóp öflugra nautgripabænda til þátttöku. „Nálgunin er sú sama og hjá sauðfjárbændum, þátttakendur gera aðgerðaáætlun og framfylgja henni. Einnig er sama skipulag og þátttakendur sitja tveggja daga grunnnámskeið þar sem við förum yfir praktísk og fræðileg atriði sem gera búskapinn loftslagsvænni. Svo verðum við með vinnustofur sem eiga að valdefla þátttakendur í að vinna með loftslagsmálin,“ segir hún.

### *Ástríða fyrir loftslagsvænni búskap*

„Aðgerðaáætlun hvers þátttökubús er áætlun um hvernig eigi að minnka losun gróðurhúsalofttegunda og auka kolefnisbindingu.

Til þess að vel takist til þurfa þátttakendur að hafa ástríðu og áhuga fyrir því að gera búskapinn sinn loftslagsvænni. Til að áætlanirnar verði gott verkfæri til þess að ná tilætluðum árangri notum við SMART-markmiðasetningu við gerð þeirra. En hún byggir á því að öll markmið sem sett eru séu skýr, mælanleg, aðgerðamiðuð, raunhæf og tímasett.

Fyrir nautgripahópinn verður aukin áhersla á fóðrun. Við fjöllum um ýmis bætiefni og almenna þætti í fóðrun sem hafa áhrif, svo sem fitumagn, meltanleika gróffóðurs, NDF og þurrefnisát. Þá verður fjallað um hvernig hægt er að nýta útreikninga í NorFor til að finna leiðir við að minnka metanlosun,“ segir Berglind. /smh

# Hjóla- og göngustígur á milli Hellu og Hvolsvallar?

**Nú er unnið að forkönnun á vegum Rangárþings ytra og Rangárþings eystra með Landsneti um að nýta fyrirhugaða jarðstrengslögn í hér-aðinu fyrir hjólastígalögn.**

Þá er hugsunin að nýta möguleikana í lagningu hjólastígs milli Hellu og Hvolsvallar samhliða lögninni. Tillaga er um að Rangárþing ytra taki þátt í starfshópi, til að kanna samlegðarhagkvæmni við framkvæmd göngu- og hjólastígs og jarðstrengslagnar, sem skili frumniðurstöðum nú í september. /MHH

## Búnaðarsambands Skagfirðinga:

# Kallar eftir viðbrögðum ráðherra í riðumálunum

**Stjórn Búnaðarsambands Skagfirðinga skorar á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að hraða vinnu við endurskoðun á reglum sem fjalla um kröfu niðurskurðar vegna riðu í sauðfé, bótafyrirkomulag og öllu regluverki sem að því snýr. Mjög mikilvægt er að þessi endurskoðun á regluverkinu verði þolendum niðurskurðar til hagsbóta. Síðan segir í áskoruninni:**

„Það liggur fyrir að núverandi bótafyrirkomulag bætir ekki með ásættanlegum hætti það tjón sem bændur verða fyrir. Má þar nefna að vinnufyrirkomulag bónda við hreinsun og uppbyggingu þess sem þarf að farga og endurbyggja er ekki metið með sanngjörnum hætti miðað við umfang vinnunnar. Eins eru bætur fyrir nýjan fjárstofn ekki nema tæpur helmingur af því sem markaðsverð er á líflömbum og verður að teljast óásættanlegt. Einnig væri eðlilegt að meta til bóta það tjón sem kvaðir um nýtingu jarðarinnar til lengri tíma er settar eftir að riða hefur komið upp.

Stjórn Búnaðarsambands Skagfirðinga leggur áherslu á að ráðuneytið beiti sér fyrir auknum rannsóknum og aukinni vinnu við leit að verndandi geni gegn riðu í íslenska sauðfjárstofninum. Nærtækast í þeim efnum væri til dæmis að fara strax í sýnatöku á öllu ásetningsfé á þeim svæðum sem í mestri hættu eru og auka um leið kröfur um verndandi arfgerð þess fjár sem flutt er inn á riðusvæðin við fjárskipti.“ /HKr.

# Tillaga að landbúnaðarstefnu fyrir Ísland kynnt í ríkisstjórn

## – Styrkjakerfi miðað við búsetu og óháð framleiðslugreinum

**Tillaga að landbúnaðarstefnu var kynnt í ríkisstjórn þriðjudaginn 14. september undir yfirskriftinni Ræktum Ísland.**

Þrjár breytur liggja stefnunni til grundvallar; landnýting, loftslagsmál og umhverfisvernd auk tækni og nýsköpunar.

Dregin eru fram tíu áhersluatriði; landnýting, landsskipulag og flokkun, fæðuöryggi, líffræðilegur fjölbreytileiki, umhverfisvernd, alþjóðleg markaðsmál, neytendur, fjórða iðnbyltingin, menntun, rannsóknir, þróun, og fjárhagsleg samskipti ríkis og bænda.




Lagðar eru til breytingar á áherslum í styrkjakerfi landbúnaðarins; að stutt verði við búsetu í sveitum óháð því hvaða framleiðslugrein er stunduð og aukin áhersla lögð á þátt jarðræktar og annarrar landnýtingar og landvörslu.

### *Lagt til að styrkjakerfi landbúnaðarins taki breytingum*

Í síðasttalda áhersluatriðinu eru lagðar til breytingar á áherslum í styrkjakerfi landbúnaðarins; að stutt verði við búsetu í sveitum óháð því hvaða framleiðslugrein er stunduð og aukin áhersla lögð á þátt jarðræktar og annarrar landnýtingar og landvörslu. „Fjárhagsleg samskipti ríkis og bænda ráðist áfram af samningum aðila til langs tíma og miði að því að útiloka kollsteypur og tryggi að ný markmið náist skref fyrir skref. Í öllum samningum sé leitast við að efla markaðsvitund bænda til að framleiðsla og þjónusta skapi sem stærstan hlut af heildartekjum þeirra. Hluti styrkja flytjist frá greiðslumarki og/ eða framleiðslu til annarra þátta án þess þó að skerða hvata til að viðhalda nægilegri mjólkur- og kjötframleiðslu. Fjárhagslegur stuðningur sé bundinn við þá sem hafa fasta búsetu í sveitum og stunda styrkhæfa starfsemi. Við ráðstöfun opinbers fjár eða aðrar aðgerðir til að efla stoðir landbúnaðar sé sérstaklega hugað að því að auðvelda kynslóðaskipti og nýliðun,“ segir í þessu áhersluatriði um fjárhagsleg samskipti ríkis og bænda.

### *Þriggja ára undirbúningsvinna*

Vinna við stefnumótunina hófst fyrir þremur árum í samráði við Bændasamtök Íslands, en um samstarfsverkefni stjórnvalda, bænda, neytenda og atvinnulífs var að ræða undir forystu samráðshóps um endurskoðun búvörusamninga.

„Í september 2020 skipaði ráðherra verkefnisstjórn um landbúnaðarstefnu fyrir Ísland sem lagði í maí sl. fram Ræktum Ísland! umræðuskjal um landbúnaðarstefnu fyrir Ísland. Skjalið var í kjölfarið birt á samráðsgátt stjórnvalda. Ráðherra, ásamt verkefnisstjórn, fór að því loknu í hringferð um landið og hélt tíu opna fundi þar sem hlustað var eftir viðhorfi fólks, hugmyndum og ábendingum um umræðuskjalið. Verkefnisstjórnin vann svo úr niðurstöðum þeirra ábendinga sem bárust. Áætlað er að stefnan verði lögð fyrir Alþingi sem þingsályktunartillaga á næsta þingi.

Björn Bjarnason, fyrrverandi ráðherra og þingmaður, og Hlédís Sveinsdóttir, ráðgjafi og verkefnastjóri, skipuðu verkefnisstjórn um landbúnaðarstefnu fyrir Ísland. Með henni störfuðu Bryndís Eiríksdóttir, sérfræðingur í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, og Sigurgeir Þorgeirsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri,“ segir í tilkynningu ráðuneytisins vegna kynningar stefnunnar.

Hægt er að nálgast landbúnaðarstefnuna Ræktum Ísland á sérstökum vef sem stofnaður hefur verið til kynningar á henni, www.landbunadarstefna.is. /smh

## Nýi miðbærinn á Selfossi:

# Gallerí Listasel staðsett beint á móti brúnni

**Ólöf Sæmundsdóttir leirlistamaður opnaði 8. júlí í sumar Galleríið Listasel í nýjum og glæsilegum miðbæ Selfoss. Hún selur þar eigin listmuni og hefur í umboðssölu listaverk eftir ýmsa þekkta íslenska listamenn.**

Ólöf leggur áherslu á að vera með einstaka og fjölbreytta listmuni. Hluti af rými gallerísins er ætlaður til sýninga og listamönnum býðst að leigja það í tiltekinn tíma. Gallerí Listasel er næst hringtorginu við brúna yfir Ölfusá og blasir við þeim sem koma akandi til Selfoss.

„Ég flutti á Selfoss fyrir rúmum þremur árum og hef stundað listsköpun mína þar í vinnustofu minni. Þegar ég hins vegar eygði tækifæri til þess að stofna til eigin rekstrar í nýja miðbænum þurfti ég ekki að hugsa mig tvisvar um,“ segir Ólöf.

„Ég heillaðist af verkefninu og hugmyndafræði þess, innblásinni af sögu okkar og menningu. Þegar nýi miðbæjarkjarninn er fullbúinn verður hann íslenskt svar við gömlum og notalegum evrópskum miðbæjum. Við og gestir okkar munum upplifa svipað andrúmsloft hér og þar en án þess að fara um langan veg. Munum svo að ferð til Selfoss er mun ódýrari og umhverfisvænni en flug til útlanda.“




Listagallerí á Selfossi: Gallerí Listasel, sem er til húsa í nýja miðbænum á Selfossi beint á móti Ölfusárbrú. Mynd / Aðsend

Ólöf ólst upp á Akureyri og er sérlega ánægð með að hafa fengið inni í húsnæði, sem er eftirmynd þekktrar byggingar þar í bæ á öldinni sem leið, „Hótels Gullfoss, að Hafnarstræti 100. Í húsinu voru líka verslanir kenndar við eigendur sína, Braun og Ryel. „Hótel Gullfoss var miðpunktur félags- og skemmtanalífs á Akureyri um árabil og því hafa til dæmis Akureyringar sérstaka ástæðu til að koma til Selfoss og virða fyrir sér eftirlíkingu af því fræga húsi, sem brann í mars 1945,“ segir Ólöf. /MHH

STEINSMIÐJA AKUREYRAR

# Hausttilboð

**Steinn og sökkull, grátt granít**
**Grafskrift og skrautmynd (efst)**
**Uppsetning á höfuðborgarsvæði, Norðurlandi, Akranesi og Borgarnesi**
**Frí sending um allt land**

**Tilboð 1**




Blómarammi - innanmál 45 cm

**Verð:**
**Sett eins og á mynd : 498.000**
**Sett án blómaramma : 398.000**
**Steinn : 298.000**

**Tilboð 2**




Blómarammi - 45 cm innanmál

**Verð:**
**Sett eins og á mynd : 585.000**
**Sett án blómaramma : 485.000**
**Steinn : 385.000**

**Tilboð 3**




**Verð:**
**Steinn með lugt: 240.000**
**Steinn : 195.000**




**Paradiso**




**Svartur**




**Grár**

**Tilboð 4 á meðan birgðir endast**
**Hægt að setja tvö nöfn**

**Verð: Sett eins og á mynd : 350.000**
**Steinn án aukahluta : 255.000**

**s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is steinsmidjaakureyrar.is**

NYTJAR HAFSINS

## Skelfiskframleiðsla á Íslandi:

# Saga væntinga og vonbrigða


Kjartan Stefánsson
kjartanst@simnet.is



Uppskera á kræklingi hjá Bláskel í Stykkishólmi. Louise Patrouix er ánægð með afraksturinn. Mynd / Símon Sturluson

**Skelfiskur hefur verið nýttur við Ísland um aldir. Um tíma voru skelfiskveiðar og vinnsla nokkuð mikilvægur þáttur í sjávarútvegi hér á landi. Miklar vonir voru bundnar við þessa grein en þær hafa brostið af ýmsum ástæðum.**

Víða um heim eru skelfiskveiðar og skelfiskrækt atvinnuvegur sem skilar miklum verðmætum enda margar skeljar eftirsótt lostæti. Heildarframleiðsla á skeljum (samlokum) í heiminum var fyrir nokkrum árum um og yfir 15 milljónir tonna á ári að verðmæti um 23 milljarðar dollarar, um 2.941 milljarður íslenskra króna. Þetta var um 14% af heildarverðmæti sjávarafurða í heiminum á þeim tíma.

Um 89% af skelfiskframleiðslunni er ræktun en veiðar á villtri skel er 11%. Um og yfir 100 skeljategundir eru nýttar í heiminum.

### *Þrjár skeljar nytjaðar*

Hér við land hafa aðallega þrjár skeljategundir verið nytjaðar, þ.e. hörpudiskur, kræklingur (bláskel) og kúskel (einnig nefnd kúfskel). Enn fremur hefur verið stunduð tilraunarækt á ostruskel í sjó í Skjálfanda. Því efni var gerð góð skil í síðasta tölublaði Bændablaðsins og ostran kemur því ekki við sögu hér.

Nytjar á skel eru í dag ekki svipur hjá sjón frá því sem var. Eitthvað er um það að fólk tíni kræklinga sér til matar í fjörum á þeim tímum sem eiturþörungar láta ekki á sér kræla. Einnig plægja stöku bátar fyrir kúskel til að nota kúfisk í beitu.

### *Hirtur til matar og beitu*

Áður en lengra er haldið er forvitnilegt að nefna nytjar á skel við Ísland hér áður fyrr og þar verður stuðst við hið merka ritverk „Íslenskir sjávarhættir“ eftir Lúðvík Kristjánsson.

Fyrr á öldum var skelfiskur einkum nýttur til beitu en eitthvað til matar. Litlar sem engar ritaðar heimildir finnast um skelfiskneyslu til forna. Í riti frá því um 1.700 eru skelfiskfjörur nefndar á allmörgum jörðum. Þar er aðallega rætt um beitarnotkun. Á stöku stað er sagt að kræklingur sé hafður til matar. Þá og á næstu öldum var skelin aðallega nýtt sem fæða í hörðum árum eða á þeim árstíma sem lítið var um fæðu. Þetta var þó misjafnt eftir svæðum. Kræklingur var helst nýttur fyrir vestan.

Kúfiskur var lítið hirtur til matar, hann þótti of seigur en bragðgóður.

### *Allt er betra en berir önglar*

Í dag heyrir til undantekninga að beita öngla á handfærum. Hér áður fyrr var fiskur hins vegar yfirleitt ekki veiddur á handfæri nema höfð væri beita. Allt er betra en berir önglar, segir máltækið.

Beitan var af ýmsum toga en skelbeitan var mikilvæg. Hægt var að týna kræklinginn eða öðuskel í fjöru og skelin var einnig sótt grunnt út með svokallaðri seiðahrífu. Erfiðara var að ná kúskelinni, sem liggur dýpra, en einkum var sótt í hana á 19. öld. Notuð var sú rekaskel sem gafst en hún var einnig vaðin uppi eða krækt í hana úr bátum. Seint á 19. öld komu plógar til sögunnar sem dregnir voru frá landi. Síðan var tekin upp flotplægin með frumstæðu spili um borð.

### *Hæfir skel kjafti*

Skeljar voru til ýmissa hluta nytsamlegar svo sem til að skammta mat og borða hann, einkum ef beiningarfólk bar að garði. Skelin var notuð til að gefa þeim slettu af spónamat. Langhungruðum þótti smátt betra en ekkert. Af þessu er komið orðatiltækið að lepja dauðann úr skel. Svo þegar beiningarfólk fékk lúnar skeljar til að spæna í sig matinn var stundum sagt að þar hæfði skel kjafti. Einnig má nefna að skeljar voru leikföng barna.

### *Hörpudiskurinn verðmætastur*

Hörpudiskur er verðmætasta skelin sem finnst við Íslandsstrendur. Veiðar hófust árið 1969 í Ísafjarðardjúpi. Árið eftir hófust veiðar í Breiðafirði sem síðan þá hefur verið mikilvægasta og nánast eina veiðisvæðið. Hörpudiskaflinn varð mestur 17.068 tonn árið 1985, þar af fengust 12.128 tonn í Breiðafirði. Stykkishólmur var höfuðstaður veiða og vinnslu.

Stofninum í Breiðafirði hnignaði um og eftir aldamótin uns hann hrundi. Hnignun stofnsins er talin hafa stafað af nokkrum þáttum. Þar vegur þungt hár náttúrulegur dauði sem rekja má til frumdýrasýkingar. Undanfarin ár hefur sýking verið í rénum en stofninn hefur ekki náð sér á strik.

Engar veiðar hafa verið stundaðar í Breiðafirði síðan árið 2003 að undanskildum tilraunaveiðum árin 2014 til 2019. Upplýsingar hér að ofan eru einkum fengnar úr gögnum frá Hafrannsóknastofnun. Stofnunin leggur til að heildarafli fiskveiðiárið 2021/2022 verði innan við 100 tonn alls á tveim svæðum í Breiðafirði.

Sem dæmi má nefna að útflutningsverðmæti hörpudisks árið 1999 nam rúmum 915 milljónum króna á verðgildi þess árs af tæplega 98 milljarða útflutningi allra sjávarafurða, eða tæpt 1% af heild. Til samanburðar var verðmæti humars 715 milljónir árið 1999.

### *Á brattann að sækja*

Kræklingur er veiddur og ræktaður til manneldis. Mörg undanfarin ár hefur nær öll uppskera selst á innanlandsmarkaði sem stækkaði mikið samfara fjölgun ferðamanna áður en kórónaveiran kom til sögunnar.

Kræklingarækt hefur af ýmsum ástæðum átt á brattann að sækja allt frá því að fyrstu alvöru tilraunir voru gerðar hér við land árið 1988. Miklar vonir voru bundnar við þessa nýju atvinnugrein í upphafi þessarar aldar.

Þegar mest var voru eitthvað á annan tug kræklingaræktenda á Íslandi. Þeim fækkaði fljótt en þrjú fyrirtæki héldu velli lengi vel sem stunduðu ræktun í Breiðafirði og Steingrímsfirði. Nú hafa þau einnig gefist upp.

Kræklingur er ræktaður á línum sem settar eru út í sjó. Kræklingslirfur setjast á þær síðla sumars eða að hausti. Ræktunartíminn er 2 til 3 ár uns markaðsstærð er náð. Fyrirtækin voru reyndar að mestu hætt að rækta skelina frá grunni en reiddu sig að miklu leyti á veiðar á villtri skel. Árleg framleiðsla við eðlilegar markaðsaðstæður hefur verið í kringum 100 tonn og þar af vel yfir helmingur villt skel, að því er fram kemur í skýrslu Matvælastofnunar (MAST) 2020.



Tilraunaveiðar á hörpudiski í Breiðafirði á Hannesi Andréssyni SH fyrir nokkrum árum.

### *Ævintýrið á enda*

„Ævintýrið er á enda. Covid reyndist okkur erfitt en kostnaður og vandkvæði við greiningu sýna gerðu þó útslagið,“ sagði Bergsveinn Reynisson hjá Nesskel á Króksfjarðarnesi í Breiðafirði í samtali við Bændablaðið. „Áður voru mælingar á þörungaeitri gerðar af aðilum hér heima en síðan var samið við vottunarfyrirtæki á Írlandi. Við þurfum að senda sýni út til að fá vottun um að skelin sé í lagi. Kostnaður við þetta er alltof mikill auk þess sem sýni hafa tafist í tolli á Írlandi. Ef vottorð koma seint höfum við misst af viðskiptum. Við gáfumst hreinlega upp. Ljóst er að kræklingarækt á ekki framtíð fyrir sér nema greining sýna verði flutt heim og til komi stuðningur hins opinbera til að gera það mögulegt,“ sagði Bergsveinn ennfremur.

### *Erfiður markaður fyrir kúskel*

Tilraunaveiðar á kúskel til manneldis hófust á Suðureyri árið 1987. Veiðin það ár var rúm 1.000 tonn. Árið 1988 veiddust 4.700 tonn en eftir það lögðust meiriháttar veiðar niður til ársins 1995.

Veiðar og vinnsla á kúskel hófust á Þórshöfn árið 1996. Vinnsla var stopul á árunum 1997 til 2001. Skelfiskskipið Fossá ÞH kom síðan nýsmíðað frá Kína árið 2001. Eftir það var kúskel unnin á Þórshöfn í talsverðum mæli en með nokkrum hléum vegna tregðu í sölu afurða. Haustið 2008 var veiðum og vinnslu hætt vegna markaðserfiðleika.

Á árunum 2001 til 2008 var veiði á kúskel á bilinu 450 til 14.430 tonn.

Mestum útflutningsverðmætum skilaði kúfiskurinn árið 2004, eða tæpum 200 milljónum króna.

## Drottning kúskeljanna

**Kúskel er stórmerkilegt dýr burtséð frá nytjum hennar í atvinnuskyni. Langlífasti einstaklingur sem fundist hefur í öllu dýraríkinu í heiminum er kúskel sem veiddist við Grímsey sumarið 2006.**

Skeljar sem veiddust þar voru aldursgreindar með því að telja árlegar vaxtarrendur þeirra. Flestar rendur fundust í einni kúskel sem fönguð var á lífi og reyndust þær vera 507. Hún hlaut nafnið Hafrún.

Rannsóknir á þessari skel og 28 öðrum kúskeljum frá Íslandsmiðum, sumar þeirra voru fangaðar sem skelin tóm löngu eftir að lífi þeirra lauk, hafa leitt í ljós að efnasamsetning þeirra veitir mikilsverðar upplýsingar um ástand sjávar undan norðurströnd Íslands frá ári til árs í meira en þúsund ár aftur í tímann. Á þessu er byggt svonefnt skeljatímatal sem er meðal annars mikilvægur grunnur til rannsókna á hlýnun jarðar.

Drottning kúskeljanna er óumdeilanlega Hafrún frá Grímsey. Hún veiddist sem sagt þegar 507 ár voru liðin frá klaki hennar árið 1499. Ekki hafa fundist gögn eða heimildir um langlífari einstakling í dýraríkinu. Þegar Hafrún var á lirfustigi var ýmislegt að gerast í heiminum og á Íslandi. Þá hafði Kólumbus siglt til Vesturheims örfáum árum áður. Hafrún byrjaði að mynda um sig kalkskel í tíð Gottskálks grimma Nikulássonar yfir Hólastifti, svo eitthvað sé nefnt.



Kúskelin Hafrún hefur eflaust mátt muna tímana tvenna. Hún var fönguð lifandi við Grímsey þegar hún hafði lagt 507 ár að baki.

Þessar upplýsingar um Hafrúnu er að finna í áhugaverðri grein í Náttúrufræðingnum frá 2017.

# Nú er tíminn til að **kalka**

Bjóðum upp á faglega þjónustu.

Tökum jarðvegssýni og túlkum niðurstöður.




## Tryggðu þér **kalk** fyrir haustið

- Kölkun skilar **20-50% bættri nýtingu** á áburði.
- Kölkun eykur endingu sáðgresis í túnum sem stuðlar að aukinni uppskeru og lystugra fóðri.
- Kölkun bætir jarðvegslíf sem bætir jarðvegsbyggingu.



### Sölumenn og löndunarstaðir

| | |
|---|---|
| Þorlákshöfn | Bergur Pálsson \| S: 894 0491 \| bergur@yara.is<br>Margrét Ósk Ingjaldsdóttir \| S: 868 6705 \| margreto@ss.is |
| Hvammstangi | Pétur Daníelsson \| S: 891 8626 \| petur@yara.is |
| Sauðárkrókur | Ingólfur Helgason \| S: 897 3228 \| ingolfur@yara.is |
| Akureyri | Benedikt Hjaltason \| S: 894 6946 \| benedikt@yara.is |
| Reyðarfjörður | Helgi Rúnar Elísson \| S: 860 2729 \| helgi.elisson@gmail.com<br>Jón Steinar Elísson \| S: 864 9301 \| jon@yara.is |
| Höfn | Bjarni Hákonarson \| S: 894 0666 \| bjarniha@yara.is |



Sláturfélag Suðurlands svf.
Fosshálsi 1, Reykjavík - 575-6000
yara@yara.is | www.yara.is

SS Síðan 1907

FRANZEFOSS MINERALS

LANDSJÁ

# Þakið þarf að festa og það kostar

**Líklega er skást við mannskepnuna að húmorinn er henni nærtækur jafnvel í alvarlegustu stöðu. Fimmaurabrandarar verða líka til um loftslagsbreytingar: Tvær plánetur hittust á vetrarbrautinni og önnur spurði: Hvernig hefurðu það? – Ég hef það nú heldur skítt, sagði hin, ég er með hinn vitiborna mann. – Oh, blessuð vertu, það líður fljótt hjá!, sagði sú fyrri.**



Kári Gautason.

### *Nýr veruleiki í veðurfari*

Síðustu ár hafa vísindamenn verið spurðir þegar einhverjar veðurfarslegar hamfarir dynja yfir hvort að þær séu af völdum loftslagsbreytinga. Svarið er iðulega hið sama, ekki sé hægt að segja til um hvort einstaka atburðir séu vegna þeirra en almennt séð valdi loftslagsbreytingar öfgum í veðurfari. Það hrannast hins vegar upp sönnunargögnin sem samantekin segja sína sögu. Sé bara litið til síðustu missera þá hefur sumarhiti á Norður- og Austurlandi verið með miklum ólíkindum. Meðalhitinn var mörgum gráðum hærri en vant er á Egilsstöðum og Akureyri bæði í júlí og ágúst. Þá hefur úrkoma verið svo lítil að það stefnir í hamfarir ef ekki tekur að rigna duglega áður en jörð frystir í haust. Það er álitaefni sem ég reikna með að sveitarfélög og þjóðaröryggisráð séu meðvituð um. Í vetur var svo þvílík úrhellisrigning á Austfjörðum að fjöllin skriðu niður í Seyðisfjörð með tilheyrandi eignatjóni. Mikil mildi að ekki varð mannskaði. Loðnan gufaði upp um tveggja ára skeið. Svona mætti lengi telja.

Veður geta verið válynd á Íslandi eins og við þekkjum. Samt hafa langvarandi þurrkar og vatnsskortur yfirleitt ekki verið vandamál í heilu fjórðungunum. Það er algjörlega nýr veruleiki. Allt eru þetta merki um að þær loftslagsbreytingar sem spáð hefur verið séu að raungerast. Það er ekki ómögulegt að bændur þurfi að bora eftir vatni og verða sér úti um vökvunarbúnað fari svo að reglulega komi þurrkasumur líkt og árið í ár.

### *Margt hægt að gera strax*

Svo maður snúi grænu hliðinni upp þá er margt hægt að gera til þess að sporna við og það þarf að byrja strax. Samstarfsverkefni bænda og stjórnvalda í verkefninu Loftslagsvænn landbúnaður lofar góðu en það þarf að útvíkka. Samhliða því að hefjast handa þarf að afla bættra gagna um aðstæður á Íslandi svo að það losunarbókhald sem stjórnvöld standa skil á sé sem réttast. Grundvallarástæða þessara loftslagsbreytinga er röskun mannsins á hinni löngu kolefnishringrás. Mannkynið hefur grafið upp og kveikt í þvílíkum ókjörum af kolum, olíu og gasi síðustu árhundruðin að væri því öllu safnað í einn haug myndi staflinn verða á stærð við heilu fjallgarðana. Röskun á stuttu kolefnishringrásinni, líkt og breytingar í landnotkun og þess háttar hefur hér minna að segja en skiptir þó máli. Þegar staðan er eins slæm og stefnir í að verði innan tíðar þá skiptir allt máli. Þegar þakið er að fjúka af fjárhúsunum þýðir ekki að segja að það nægi bara að bæta saumi í sums staðar. Það þarf einfaldlega að festa þakið.

### *Fram undan er barátta*

Íslenskir bændur vilja ekki láta sitt eftir liggja í þessari stóru áskorun. Tækifærin eru fjölmörg. Orkuskipti munu verða í landbúnaði rétt eins og annars staðar. Sjálfkeyrandi rafmagnsknúnar dráttarvélar eru handan við hornið, sem og metandrifnar. Aukin notkun tölvubúnaðar, dróna og gervigreindar bætir alla nýtingu aðfanga og gerir framleiðsluna skilvirkari. Gæta þarf að því að allur kostnaður sem bætt er við framleiðsluna til þess að ná meiri árangri í umhverfismálum er annaðhvort tekinn af afkomu bænda eða af neytendum í formi hærra matvælaverðs. Því skiptir höfuðmáli að fara í hagkvæmustu aðgerðirnar fyrst. Draga sem mest úr losun án þess að hækka matvælaverð úr hófi fram. Þar koma sjónarmið stjórnvalda við gerð næstu búvörusamninga til leiks. En ef stjórnvöld ætlast til þess að bændur kolefnisjafni greinina án þess að framlög til landbúnaðar verði aukin mun það hafa í för með sér annað af tvennu, versnandi afkoma bænda eða hækkandi matvælaverð. Það er engin leið framhjá þessu samhengi. Aðgerðir til að bæta árangur í loftslagsmálum munu hækka framleiðslukostnað. Spurningin er þá hvernig á að kosta aðgerðirnar? Og næsta spurning fylgir strax á eftir: Hver verður samkeppnisstaðan við innflutta framleiðslu? Bjartsýnisfólk gæti kannski svarað þessum spurningum með þeirri fullyrðingu að þegar hinn vitiborni maður á Íslandi hafi samið frið við sitt land, þá hafi bræður hans og systur annars staðar samið frið við plánetuna með aðgerðum í loftslagsmálum. Þá ætti samkeppnisstaðan ekki að versna hér. En þetta verður ekki af sjálfu sér. Fram undan er barátta, bæði heima og heiman.

*Kári Gautason,*
*sérfræðingur hjá BÍ*
*í úrvinnslu hagtalna*

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook

NYTJAR HAFSINS

# Markviss köst kolkrabba

**Kvenkyns kolkrabbar láta nú aldeilis ekki deigan síga ef þeim þykir að sér vegið. Þá sér í lagi ekki ef karltegundin sýnir óþarfa ágengni.**



Samkvæmt rannsókn sem gerð var undan ströndum Ástralíu og birtist í tímariti New Scientist hefur komið í ljós að þær gera sér lítið fyrir og kasta bæði skeljum, sandi og sjávargróðri í þá sem eru að ergja þær. Árásarhluturinn er fyrst geymdur eða falinn undir búk kolkrabbans sem svo eru snöggar að slengja armi um hlutinn og beita vatnskrafti til að kasta honum sem lengst, kröftugast og fastast í þann sem fyrir skotinu á að verða.

Fyrst var tekið eftir þessari hegðun árið 2015, en þá var ekki vitað fyrir víst hvort viðkomandi kolkrabbadömur stæðu í þrifum, væru að henda matarleifum eða slíku, en með myndbandsupptökum kom í ljós að þarna átti árásarhneigð sér einhverjar rætur.

Aukið myndefni síðan þá og ítarlegri greining hefur leitt í ljós að munur er á hreyfingum þeirra hvort sem ætlunin er að þrífa eða ráðast á karldýrin. Markviss köst eru greinileg og kom það sterklega í ljós árið 2016 þegar kvenkyns kolkrabbi kastaði sandi og þörungum ekki sjaldnar en tíu sinnum í kolkrabba af hinu kyninu sem gerði sig til við hana. Karldýrið reyndi í fjögur skipti að beygja sig og í tvígang færði hann sig til þegar hún gerði sig líklega til að kasta í hann.

Tekið var eftir því að kvendýrunum þótti hvað þægilegast að kasta sandi og miðaði ákveðið á svæði milli fyrsta og annars arms karlanna. Einnig köstuðu þær mun kröftugar en þegar þær voru að þrífa.

Þó vitað sé að margar dýrategundir eigi það til að kasta svo sem eins og handfylli af einhverju í aðrar dýrategundir þá er sjaldgæft að dýr velji hnitmiðað að kasta í meðlimi eigin tegundar.

Hvað varðar karlkolkrabbana hafa þeir enn ekki sést kasta neinu til baka, eða sýnt dæmi þess annars en að láta þetta yfir sig ganga – nema í eitt skipti þegar viðkomandi karlkolkrabbi kastaði skel illskulega til hliðar og skipti um lit. /SP

MAST Matvælastofnun ...frá heilbrigði til hollustu

# Átaks þörf vegna riðuveiki

**Vegna þess fjölda riðutilfella sem komið hefur upp í fé á Norðurlandi vestra á undanförnum misserum er ljóst að herða þarf baráttuna við sjúkdóminn. Um er að ræða alvarlegan sjúkdóm sem veldur fénu miklum þjáningum. Mikið tjón hlýst af riðuveiki bæði fyrir þá bændur sem lenda sjálfir í niðurskurði og þá sem þurfa að búa við ýmsar hömlur á búskap sínum vegna nágrennis við riðutilfelli. Jafnframt eru fjárútlát alls samfélagsins mikil vegna sjúkdómsins, m.a. vegna kostnaðar við skimun og bóta úr ríkissjóði vegna niðurskurðar.**




Átak með það að markmiði að útrýma riðu er því nauðsyn. Til þess að það markmið náist verða allir að hjálpast að. Árvekni fyrir einkennum, sýnataka úr fé sem drepst eða er lógað heima, rannsóknir á arfgerðum og útilokun á fé með áhættuarfgerðir til ásetnings eru nokkur af þeim atriðum sem bændur þurfa að hafa í huga. Sauðfjárbændur um allt land þurfa að vera á varðbergi og gera það sem í þeirra valdi stendur til að verjast riðusmiti.

### *Árvekni og sýnatökur*

Sama á við um riðu sem aðra smitsjúkdóma, að mikilvægt er að sýktar kindur uppgötvist sem fyrst svo hægt sé að gera ráðstafanir til að hindra frekari útbreiðslu smits. Bændur þurfa því að vera vel vakandi fyrir einkennum og tilkynna héraðsdýralækni um minnsta grun.

Mjög mikilvægt er að fá til rannsókna sýni úr fé sem drepst af einhverjum ástæðum eða er lógað heima. Það eru mun meiri líkur á að riðusmit sé í kind sem t.d. dregst upp, verður afvelta eða ferst af slysförum en öðrum kindum, jafnvel þó dæmigerð riðueinkenni hafi ekki verið til staðar. Bændur eru því hvattir til að tilkynna héraðsdýralækni um slíkar kindur og láta vita þegar til stendur að slátra fullorðnu fé heima. Rannsóknir á sýnum eru bændum að kostnaðarlausu.

Í hverri sláturtíð eru sýni tekin úr fé frá fjölmörgum bæjum. Á þessu hausti er áhersla lögð á að taka sýni úr kindum frá bæjum sem eru í nágrenni við bæi þar sem riða hefur greinst á síðustu árum og frá bæjum sem lent hafa í riðuniðurskurði og hafa tekið fé aftur. Ólíklegra er þó að finna riðu í sýnum úr heilbrigðu sláturfé en úr kindum sem af einhverjum ástæðum er lógað heima. Mikilvægi þess að tilkynna um slíkar kindur er því ítrekað.

Því miður er það svo að töluverðar líkur eru á fölskum neikvæðum niðurstöðum við rannsóknir á sýnum, þ.e.a.s. að ekki greinist riðusmitefni í þeim þó það sé til staðar í dýrinu. Þetta kemur m.a. til af því að það tekur langan tíma frá því að dýrið smitast þar til smitefnið finnst í nægilega miklu magni í heila til að rannsóknaraðferðir nemi það. Þetta þýðir að þó öll sýni sem tekin eru úr kindum frá tilteknu búi séu neikvæð þá getur riða samt sem áður verið til staðar. Bændur þurfa því eftir sem áður að vera vel á verði og gagnvart einkennum og tilkynna minnsta grun til héraðsdýralæknis.

### *Einkenni*

Þegar kind hefur smitast af riðuveiki geta liðið allt frá nokkrum mánuðum til fimm ára þar til hún fer að sýna einkenni. Oft koma einkennin frekar fram þegar dýrið verður fyrir streitu, eins og t.d. við smölun. Fyrstu einkenni riðu geta verið mismunandi og breytileg frá degi til dags. Í sumum tilvikum er um kláða að ræða; kindurnar klóra sér á haus, síðum, afturenda og víðar. Kláði sést þó ekki í öllum tilfellum, en flest riðusmitað fé svarar þó klóri í bak. Einkenni frá taugakerfi sjást hjá sumum; kindurnar verða óttaslegnar, óöruggar með sig, hrökkva við, titra, skjálfa og gnísta tönnum. Enn ein gerð einkenna er að kindurnar liggja mikið, bera fætur hátt og slettast til í gangi. Nánari upplýsingar um riðu og einkenni hennar má finna á heimasíðu Matvælastofnunar.

### *Arfgerðir*

Við erfðafræðilegar rannsóknir á sauðfé hefur komið í ljós að hin klassíska smitandi riða hefur ekki fundist í fé með tilteknar arfgerðir. Víða erlendis hefur þetta verið nýtt í baráttunni við riðuveiki með því að velja fé með þessar arfgerðir til ræktunar. Því miður hafa þær arfgerðir sem eru mest verndandi fyrir riðu ekki fundist í íslensku fé og því ekki hægt að nýta þessa þekkingu á sama hátt hér. Aftur á móti hafa sumir bændur lagt áherslu á að nota ekki fé með arfgerðir sem vitað er að eru næmastar fyrir smiti, svokallaðar áhættuarfgerðir. Á undanförnum misserum hefur arfgerð fjár á bæjum þar sem skorið hefur verið niður vegna riðu verið greind, allir hrútar sem teknir eru inn á sauðfjársæðingarstöðvar eru arfgerðagreindir og bændur hafa margir látið arfgerðagreina sitt fé. Það hefur því safnast töluverð þekking hvað þetta varðar og eru skipulagðar rannsóknir hafnar á þessu sviði á vegum Tilraunastöðvar HÍ í meinafræði að Keldum, Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins og einstakra bænda. Bændur eru hvattir til að nýta sér þessa þekkingu í ræktunarstarfinu og fylgjast með frekari rannsóknum á þessu sviði.


ÍSLENSKT LAMBAKJÖT
NÁTTÚRULEGT SÍÐAN 874
NÁTTÚRULEGA GOTT HAUST
MEÐ ÍSLENSKU LAMBAKJÖTI
Haustið gefur einstakt tækifæri til að njóta lambakjötsins eins og
það gerist allra best, ferskt og náttúrulega gott.
Skoðaðu uppskriftirnar á íslensktlambakjöt.is

FRÉTTASKÝRING

## Rannsókn Vörðu – rannsóknastofnun vinnumarkaðarins á stöðu fatlaðs fólks á Íslandi:

# Nær 80% fatlaðra í velmegunarlandinu Íslandi eiga erfitt með að ná endum saman

## – Einu virðist gilda hvort hægri-, vinstri- eða miðjuflokkar hafa komið að þessum málaflokki því staðan hefur versnað frá hruninu 2008

**Hörður Kristjánsson**
hk@bondi.is

**Rannsókn sem Varða – rannsóknastofnun vinnumarkaðarins gerði fyrir Öryrkjabandalag Íslands á stöðu fatlaðs fólks á Íslandi sýnir að staða stórs hluta þessa hóps er afar bágborin í velferðarríkinu Íslandi.**

Þrátt fyrir fögur fyrirheit þeirra sem ráðið hafa ferðinni bæði til hægri og vinstri í pólitík um áraraðir er ástandið enn grafalvarlegt og fjárhagsstaða fatlaðs fólks er í heildina greinilega mjög slæm. Í skýrslu um rannsókn Vörðu, sem gerð var af Margréti Einarsdóttur og Kristínu Hebu Gísladóttur, segir m.a.:

- Tæplega átta af hverjum tíu eiga erfitt, eða frekar erfitt með að ná endum saman.
- Sex af hverjum tíu geta ekki mætt óvæntum útgjöldum.
- Tæplega fjórir af hverjum tíu búa við skort á efnislegum gæðum. Í rannsókninni kemur fram að einstæðir fatlaðir foreldrar og einhleypt fatlað fólk stendur höllum fæti fjárhagslega.
- Tæplega níu af hverjum tíu einhleypum og einstæðum foreldrum eiga erfitt eða frekar erfitt með að ná endum saman.
- Um helmingur einstæðra foreldra og einhleypra býr við skort á efnislegum gæðum.
- Ríflega fjórir af hverjum tíu einstæðum foreldrum geta ekki veitt börnunum sínum eins næringarríkan mat og þeir vilja eða greitt kostnað vegna skipulagðra tómstunda.

### *Áhugaleysi í pólitíkinni*

Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður Öryrkjabandalagsins, sagðist í samtali við Bændablaðið lítil viðbrögð hafa fengið úr pólitíkinni önnur en frá frambjóðendum sem nú standa í kosningabaráttu. Lítið sem ekkert hafi gerst frá hruni til að bæta stöðuna sem hafi farið versnandi á síðustu 14 árum.

„Menn geta ekki endalaust ýtt þessum vanda á undan sér eins og gert hefur verið undanfarin ár. Þar hafa menn sett fram þann fyrirslátt að það þurfi að fara í umfalsverðar kerfisbreytingar til að hægt sé að laga stöðuna og bæta afkomu fatlaðs fólks.

Við höfum ítrekað upplýst stjórnvöld um stöðuna þó það sé kannski ekki fyrr en núna sem búið er að vinna könnun sem sýnir það sem við höfum verið að segja svart á hvítu. Menn verða að horfast í augu við vandamálið. Það er ekki hægt að ýta þessu endalaust til hliðar vegna þess að það sé óþægilegt. Það sem þarf að gerast er að menn viðurkenni vandann og ákveði að lagfæra stöðuna.

Við erum nú með örorkulífeyri sem er hundrað þúsund krónum lægri en lágmarkslaun, en örorkulífeyrir var jafn lágmarkslaunum 2007. Þarna hefur gliðnað gríðarlega á 14 árum. Það hafa verið hækkaðar atvinnuleysisbætur á þessum tíma, en menn skildu öryrkjana algjörlega eftir. Frá 2009 hefur staða öryrkja ekki verið leiðrétt þrátt fyrir gríðarlegt hagvaxtarskeið."







Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður Öryrkjabandalags Íslands.

### *Engin biðlund lengur eftir kerfisbreytingum*

Þuríður segir réttast að þeir sem ráði ferðinni í þessum málum taki strax ákvörðun um að þetta verði lagfært í einu skrefi. Þó fatlað fólk sé þolinmótt hafi það ekki endalausa biðlund eftir að farið sé í að einfalda kerfið. Þá séu allar stærðir þekktar varðandi öryrkja og algjör óþarfi að bíða með aðgerðir.

„Við höfum sýnt ótrúlega biðlund, seiglu, en nú finnst okkur algjörlega eðlilegt að menn taki nú þegar ákvörðun um úrbætur og setji t.d. fram nákvæma tímalínu um hvernig þessari stöðu verði breytt á næstu þrem árum. Við viljum að örorkulífeyrir verði í það minnsta hækkaður þannig að hann nái lágmarkslaunum í landinu. Einnig að dregið verði verulega úr skerðingum, þannig að fólk sem getur farið út á vinnumarkaðinn í kannski 25–50% vinnu eða hvað það yrði, lendi ekki í ógnarlegum skerðingum hjá Tryggingastofnun.

Það þarf vissulega að einfalda almannatryggingakerfið, en við eigum ekki að þurfa að bíða eftir slíkum kerfisbreytingum til að fá kjör fatlaðs fólks leiðrétt. Það þarf ekki að meta fólk öðruvísi inn í breytt almannatryggingakerfi."

### *Starfsgetumat úrelt hugmynd sem gengur ekki upp*

Þuríður segir að menn hafi m.a. falið sig á bak við innleiðingu á „starfsgetumati" sem hvergi hafi reynst til góðs í löndunum í kringum okkur og hafi verið mikið bitbein. Þetta sé hugmynd sem kom upp um síðustu aldamót og hafi verið ansi lífseig í íslenskri pólitík. Hún hafi hvergi gengið upp og sé úrelt hugmyndafræði.

### *Engin afsökun að gera ekki neitt*

„Ég held að menn séu búnir að átta sig á að þetta er ekki leiðin. Við erum bara um 360 þúsund manna þjóð og við þurfum ekki kerfi sem skapað er fyrir milljóna þjóðir. Við erum með vinnusamt og duglegt fólk sem líður fyrir það að geta ekki verið á vinnumarkaði. Því eru allar bjargir bannaðar. Fatlað fólk sem fæðist þannig, veikist eða slasast gerir þetta ekki að gamni sínu. Þeir sem geta úr þessum hópi vilja taka þátt á vinnumarkaði. Síðan eru þeir sem alls ekki geta unnið, þeir eru í langverstu stöðunni. Það verður að sjá til þess að það fólk hafi stuðning sem dugir til framfærslu. Það er engin afsökun að gera ekki neitt."

Þó við viljum ekki skrifa upp á það að fatlað fólk fari í gegnum starfsgetumat, þá er samt hægt að gera ýmislegt. Fyrst ætti að byrja á að laga það sem við vorum sammála um að þyrfti að gera. Það gengur ekki að láta fatlað fólk bíða endalaust og sitja á hakanum meðan menn tala lon og don um risavaxnar kerfisbreytingar. Slíkar breytingar verða ekki gerðar á einum degi.

Það er ekkert stórmál að laga þessa hluti. Þetta snýst um að menn viðurkenni vandann og vilji er allt sem þarf til að gera nauðsynlegar breytingar. Þá gengur heldur ekki að þingmenn sýni fordóma og tali niður til fatlaðs fólks. Maður gerir kröfu um að þeir vandi sig þegar þeir tala til svo viðkvæmra hópa og búi ekki til meiri fordóma en þegar eru til staðar," segir Þuríður Harpa Sigurðardóttir.

### *12% alls fatlaðs fólks þarf að reiða sig á mataraðstoð*

Í rannsókn Vörðu koma fram sláandi tölur sem sýna að meirihluti fatlaðra, eða 59% yngra fólks í hópi aðspurðra, þurfa að reiða sig á fjárhagsaðstoð frá ættingjum og vinum og 38% þeirra sem eldri eru, eða að meðaltali 41%. Þá þurfa 13% yngra fólks að reiða sig á aðstoð hjálparsamtaka og 6% eldra fólks. Einnig er umhugsunarvert í velmegunarlandinu Íslandi að 12% alls fatlaðs fólks þurfi að reiða sig á mataraðstoð. Ekki mældist marktækur munur á milli kynja en talsverður munur var eftir aldri fatlaðra.

### *Mikill meirihluti getur ekki mætt óvæntum útgjöldum*

Alls geta 62% fatlaðra ekki mætt óvæntum útgjöldum í sínu lífi. Þá hafa 23% ekki efni á kjötmáltíð annan hvern dag. Eins hafa 9% hvorki efni á að vera með síma eða sjónvarp og 5% hafa ekki efni á að kynda húsnæði sitt nægilega.

### *22% fatlaðra hefur ekki efni á að reka bíl*

Rætt hefur verið um að kolefnisskattar hafi komið illa við þá sem hafa lægst laun í landinu, fjölskyldufólk, aldraða og öryrkja sem oft eru líka með skerta hreyfigetu. Leiða má líkum að því að þessir skattar hafi m.a. áhrif á möguleika fatlaðra til að reka sinn eigin bíl. Í rannsókninni kom í ljós að í heild hafa 22% fatlaðra alls ekki efni á að reka bíl, þ.e. 30% yngra fólks og 21% eldra fólks.

### *Fjöldi barna fatlaðs fólks verður afskiptur í skólakerfinu*

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að 7% fatlaðs fólks með börn hafa ekki getað greitt leikskólagjöld. Þá geta 11% ekki greitt gjöld fyrir frístundir, 8% ekki skólagjöld í framhaldsskóla og 11% ekki fyrir skólabækur eða annan námskostnað.

Hrópandi er í okkar þjóðfélagi að 17% fatlaðra eiga ekki fyrir mat í skólanum og 30% eiga ekki fyrir kostnaði vegna skipulegra tómstunda. Eins eiga 12% ekki fyrir kostnaði vegna skólaferðalaga, 40% ekki fyrir nauðsynlegum fatnaði. Um 34% fatlaðra með börn á framfæri telja sig ekki geta boðið þeim eins næringarríkan mat og börnin er talin þurfa. Þá hafa 6% ekki peninga fyrir öðrum kostnaði barna sinna.

### *Slæm andleg og líkamleg heilsa*

Rannsóknin sýnir einnig að andleg og líkamleg heilsa fatlaðs fólks er í yfirgnæfandi tilvika slæm og flestir hafa þurft að neita sér um heilbrigðisþjónustu á einhverjum tímapunkti.

- Ríflega átta af hverjum tíu hafa neitað sér um heilbrigðisþjónustu.
- Sex af hverjum tíu hafa neitað sér um tannlæknaþjónustu.
- Þrír af hverjum tíu hafa neitað sér um almenna heilbrigðisþjónustu.
- Tæplega níu af hverjum tíu segja að kostnaður sé helsta ástæða þess að þeir hafi neitað sér um heilbrigðisþjónustu.

Þá kemur líka fram í rannsókn Vörðu að margir finna fyrir félagslegri einangrun og meirihluti finnur fyrir fordómum. Samt er talsverður vilji meðal fatlaðs fólks til að vera á vinnumarkaði, en heilsa þess er helsta fyrirstaðan.

- Tæplega sex af hverjum tíu segja mikilvægast að hækka örorkulífeyri og tengdar greiðslur þegar spurt er um breytingar á almannatryggingakerfinu.

### *Covid-19 hefur haft víðtæk áhrif á heilsu fatlaðra og fjárhagsstöðu*

Kórónuveirufaraldurinn hefur haft víðtæk árhrif á heilsu, líðan, daglegt líf og fjárhagsstöðu fólks. Faraldurinn hefur sýnt styrk samfélagsins en einnig afhjúpað veikleika þess. Öryrkjabandalag Íslands óskaði eftir að Varða – rannsóknastofnun vinnumarkaðarins framkvæmdi sambærilega könnun og stofnunin stóð fyrir á stöðu launafólks í upphafi árs (Margrét Einarsdóttir, Kolbeinn Hólmar Stefánsson og Kristín Heba Gísladóttir, 2021). Markmið könnunarinnar er að veita upplýsingar um stöðu fatlaðs fólks varðandi:

1. Fjárhag
2. Félagslega stöðu
3. Viðhorf til þjónustustofnana
4. Viðhorf til breytinga á almannatryggingakerfinu
5. Atvinnuþátttöku
6. Heilsufar

Könnunin var lögð fyrir í lok maí og byrjun júní 2021 og er aðferð hennar lýst í öðrum kafla. Í þriðja kafla er greint frá niðurstöðum könnunarinnar.

Niðurstöðukaflinn skiptist í nokkra kafla sem hver um sig fjallar um ákveðna þætti sem tengjast stöðu fatlaðs fólks.

Fyrsti niðurstöðukaflinn fjallar um lýðfræðilega samsetningu, annar kaflinn um fjárhagsstöðu, sá þriðji um heilsufar, fjórði kaflinn um félagslega einangrun og fordóma, sá fimmti um atvinnuþátttöku fatlaðs fólks og virkni og sjötti og síðasti kaflinn um viðhorf til þjónustustofnana og breytinga á þeim.

Allir þættir sem skoðaðir eru í niðurstöðunum eru greindir eftir kyni og aldri, fjárhagsstaðan er að auki greind eftir fjölskyldustöðu og félagsleg einangrun eftir því hvort þátttakendur búa einir eða með öðrum.

Í þeim tilvikum þar sem um sambærilegar niðurstöður er að ræða eru þær að auki bornar saman við niðurstöður úr könnun á högum öryrkja árið 2009 sem skoðaði stöðu fólks á örorkulífeyri, örorkustyrk og endurhæfingarlífeyri frá Tryggingastofnun 2010. Einnig við niðurstöður og gögn úr Lífskjararannsókn Hagstofunnar 2021 og spurningakönnun Vörðu sem lögð var fyrir félaga í aðildarfélögum ASÍ og BSRB í lok árs 2020.

Skýrsla Endurskoðunardómstóls Evrópu:

# Gagnrýni á ESB fyrir ómarkvissa aðstoð við bændur í kjölfar innflutningsbanns Rússa

**Evrópusambandið gerði víðtækar ráðstafanir til að styðja við bændur við truflanir sem urðu á mjólkurmarkaði á árunum 2014-2016. Viðbrögð ESB við banni Rússa á innflutningi á mjólkurvörum voru skjót í kjölfar viðskiptabanns sem ESB og NATO ríki settu á Rússa vegna yfirtöku Rússa á Krímskaga. Viðbrögðin hafa hins vegar reynst vera ómarkviss.**

Raunverulegar þarfir framleiðenda voru ekki metnar nægilega vel og aðstoð ekki veitt nægilega markvisst, að því er fram kemur í skýrslu Endurskoðunardómstóls Evrópu (European Court of Auditors - ECA) sem greint var frá fyrir skömmu á vefsíðu eureporter.



Evrópskir bændur hafa margsinnis lýst andúð sinni á stjórn landbúnaðarmála innan ESB og framkvæmd landbúnaðarstefnunnar CAP. Niðurlagning átatuga gamals kvótakerfis í mjólkurframleiðslu olli offramleiðslu og verðlækkunum á mjólk sem vakti sérstaka reiði bænda sem helltu niður mjólk víða um Evrópu. Vandræðagangur ESB við að aðstoða bændur eftir að Rússar settu innflutningsbann á landbúnaðarafurðir bættu svo ekki skap bænda.

### *Vandinn hófst með niðurlagningu 30 ára kvótakerfis í mjólkurframleiðslu*

Vandinn í ESB var í raun tvíþættur. Í fyrsta lagi varð gríðarleg offramleiðsla á mjólkurafurðum þegar kvótakerfi í mjólkurframleiðslu var endanlega aflagt 2015. Varað hafði verið við því að offramleiðsla yrði einmitt afleiðingin af því að leggja niður kvótakerfið sem verið hafði við lýði síðan 1984. Á það var ekki hlustað af hálfu stjórnvalda í Brussel. Kerfinu var komið á fót 2. apríl 1984 og var einmitt ætlað að sporna við offramleiðslu á mjólk og mjólkurafurðum.

Byrjað var að draga kvótakerfið saman árið 2009 og síðan var það endanlega aflagt 2015. Þetta hafði gríðarleg áhrif í megin mjólkurframleiðslulöndunum innan ESB, þ.e. í Þýskalandi, Frakklandi, Hollandi, Póllandi, Ítalíu og á Írlandi. Bændur höfðu uppi hávær mótmæli, en án árangurs.

### *Viðskiptabann ESB og innflutningsbann Rússa virkaði sem olía á eld*

Eftir að Evrópusambandið með stuðningi NATO-ríkja setti viðskiptabann á Rússa í kjölfar átaka í Úkraínu og yfirtöku Rússa á Krímskaga, settu Rússar innflutningsbann á evrópskar landbúnaðarvörur í ágúst 2014. Þetta bann hafði þau áhrif að landbúnaðarvörur fóru að hlaðast upp í Evrópu. Kom það ofan í áhrif vegna aukinnar mjólkurframleiðslu vegna niðurlagningar á mjólkurkvótakerfinu í ESB ríkjunum. Virkaði þetta sem olía á eld og varð veldisvöxtur í vanda evrópskra bænda sem að mati endurskoðenda var ekki tekið nægilega markvisst á að leysa. Eigi að síður er nú sagt að ESB hafi reynt að nýta þá reynslu sem það öðlaðist á árunum 2014-2016 til að bæta stjórnun sína á hugsanlegum framtíðaráföllum í mjólkurgeiranum.

### *Ekki brugðist markvisst við innflutningsbanni Rússa*

Í upphafi árs 2010 juku bændur í sumum aðildarríkjum ESB verulega mjólkurframleiðslu sína og nýttu sér hærra verð sem náði hámarki í byrjun árs 2014. Í ágúst 2014 bannaði Rússland innflutning á mjólkurvörum frá aðildarríkjum til að bregðast við refsiaðgerðum ESB vegna stöðunnar í Úkraínu og á Krímskaga. Á sama tíma hægðist á útflutningi landbúnaðarafurða ESB til Kína. Allir þessir þættir leiddu til ójafnvægis milli framboðs og eftirspurnar í öllum landbúnaðargreinum fram á mitt ár 2016. Sameiginleg landbúnaðarstefna ESB (CAP) á að vera með áætlanir til að draga úr áhrifum af slíkum orsökum. Þar á meðal auknar beingreiðslur til að koma á stöðugleika í tekjum bænda, aðgerðir á markaði sem kallast „öryggisnet" til að styðja við verð með því að fjarlægja umframframleiðslu tímabundið af markaði og sérstakar ráðstafanir til að vinna gegn óróa á markaði.

### *Verður að undirbúa betur í framtíðinni*

„Mjólkurframleiðsla er verulegur hluti af landbúnaðargeiranum í ESB og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, ásamt aðildarríkjum, fóru í ákveðnar aðgerðir til að styðja við tekjur bænda á meðan markaðsröskunin 2014-2016 stóð yfir," sagði Nikolaos Milionis, hjá Endurskoðunardómstól Evrópu sem ber ábyrgð á skýrslunni. „Það verður að vera betur undirbúið í framtíðinni ef bregðast á betur við hugsanlegum kreppum í greininni."

### *Skjót viðbrögð en mjög ómarkviss*

Endurskoðendur komust að þeirri niðurstöðu að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hafi brugðist skjótt við rússneska banninu. Eftir að ESB hafði áætlað magn vegna samdráttar í útflutningi á smjöri, osti og öðrum mjólkurvörum, gaf það út fyrsta aðgerðarpakkann í lok árs 2014. Fól hann í sér fjárhagslegan stuðning við bændur í Eystrasaltslöndunum og Finnlandi sérstaklega, en þau lönd urðu orðið verst úti.

Endurskoðendurnir benda hins vegar á að framkvæmdastjórnin hafi tekið lengri tíma að bregðast við undirliggjandi ójafnvægi á markaði. Framkvæmdastjórnin veitti um 390 milljónum evra fyrir bændur sem vildu sjálfviljugir draga úr framleiðslu í öllum ríkjunum innan ESB. Margir bændur höfðu þá þegar skorið niður mjólkurframleiðslu áður en þessi aðstoð kom til framkvæmda og höfðu tekið á sig mikinn skell.

### *Sjóðstreymisvandi í landbúnaði var stórlega vanmetinn*

Þrátt fyrir stöðugleikaáhrif af beingreiðslum sem nam um 35% hlutdeild af tekjum mjólkurbúa á árunum 2015 og 2016, stóðu mjólkurframleiðendur frammi fyrir sjóðstreymisvandamálum eftir skyndilega verðlækkun. Framkvæmdastjórnin leitaðist við að taka á þessu máli en hún mat það ekki umfang sjóðstreymisörðugleika kúabúa. Endurskoðendur komust að þeirri niðurstöðu að tiltæk úrræði voru ekki í takti við raunverulegar þarfir og átti stóran þátt í vandanum sem skapaðist. Aðildarríkin studdu óvenjulegar aðgerðir sem voru einfaldar í framkvæmd og völdu að dreifa fjármunum víða án tillits til hvort það skilaði árangri.

### *Ekkert varð af myndun neyðarsjóðs*

Til að fjármagna sérstakar aðgerðir sínar fyrir árin 2014-2016 íhugaði framkvæmdastjórnin að kalla eftir því að komið yrði á fót sérstökum „neyðarsjóði fyrir landbúnað". Það var þó ekki gert.

Endurskoðendurnir segja að framkvæmdastjórnin hafi þó reynt að læra af þeim mistökum sem gerð voru til að vera betur undirbúin undir kreppur í framtíðinni, sem gætu m.a. stafað af heimsfaraldri. Framkvæmdastjórnin hefur sérstaklega lagt til vegna áætlunar CAP fyrir árin 2021-2027 að kanna hugsanleg áhrif varasjóðs fyrir kreppur með því að gera aðstoðina sveigjanlegri. Hins vegar hefur það ekki metið nægilega áhrifin á það fyrirkomulag sem viðhaft er í hverju aðildarríkjanna fyrir sig, þó að þetta gæti hjálpað mjög til að koma í veg fyrir markaðstruflanir í framtíðinni, segja endurskoðendurnir. /HKr.

AUSA

SKOTBÓMULYFTARI AUSA T235H

EIGUM TIL Á LAGER

Lyftigeta: 2.300 kg | Lyftihæð: 5 metrar

Fjórhjóladrif og fjórhjólastýri

Einstaklega gott útsýni

Euro festingar með hraðtengi að framan




Hafðu samband við sölumenn

í síma 590 5100 eða á sala@klettur.is

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10

104 REYKJAVÍK / 590 5100 / klettur.is

KLETTUR

UTAN ÚR HEIMI



Border collie fjárhundurinn Ricky Hutchinson's Jo var sleginn á netuppboði í Wales í síðustu viku á 23.600 pund, eða sem nemur um 4,2 milljónum króna. Mynd / The Scottish Farmer

## Netuppboð á border collie fjárhundum:
# Skoskur karlkyns fjárhundur seldur á 4,2 milljónir króna

### – Í febrúar fór tíkin Kim á sem nemur 4,8 milljónum

**Í síðustu viku var nýtt met sett fyrir sölu á skoskum karlkyns fjárhundi á netuppboði í Dogellau í Wales. Þá fengust 23.600 pund, eða sem svarar tæpar 4,2 milljónir íslenskra króna, fyrir einn slíkan hund. Þetta er samt ekki hæsta verð sem fengist hefur fyrir þjálfaðan fjárhund í Wales.**



Hæsta verð sem fengist hefur fyrir border collie fjárhund á netuppboðum Dolgellau Auction Mart var fyrir tíkina Kim sem seldist í febrúar 2021 á 27.100 pund, eða sem nemur um 4,8 milljónum íslenskra króna.

Uppboðið fór fram á vegum Dolgellau Auction Mart uppboðshúsi Farmers Mart í Wales. Var þá boðinn upp border collie fjárhundurinn Jo Ricky Hutchinson's Jo frá Littledale, Lancaster sem seldist eins og fyrr segir á 23.600 pund.

Alls voru boðnir til sölu 187 fjárhundar, bæði þjálfaðir hundar og hvolpar. Meðalverðið á þeim var 4.745 pund, eða sem svarar tæpum 842 þúsund íslenskum krónum og seldust um 80% hundanna.

*Fyrsta netuppboðið í maí 2020*

Farmers Mart hélt sitt fyrsta uppboð á netinu í maí 2020 þegar Covid-19 áhrifanna gætti sem mest. Hefur salan á slíkum uppboðum síðan aukist jafnt og þétt og hvert sölumetið slegið af öðru. Á árinu 2002 voru haldin fjögur netuppboð og seldir samtals 226 vinnuhundar (fjárhundar). Var meðalverðið á þeim hundum 3.200 pund, eða um 568 þúsund krónur.

*Border collie tík seld á 4,8 milljónir*

Í febrúar síðastliðinn fékkst svo hæsta verð sem greitt hefur verið fyrir þjálfaða border collie tík, eða 27.100 pund. Það samsvarar rúmum 4,8 milljónum íslenskra króna miðað við gengið í síðustu viku. Þessi tík, sem heitir Kim, var tæplega 12 mánaða gömul þegar hún var seld nokkrum dögum fyrir fyrsta afmælisdaginn sinn. Þjálfari hennar, Dewi Jenkins, sagði hana vinna jafn vel og þjálfaðir þriggja ára gamlir fjárhundar. Gilti þá einu hvort hún var látin reka sauðfé eða nautgripi.

Það var bóndi í Staffordsskíri sem keypti tíkina. Þó Jenkins hafi velsku sem móðurmál, þá þjálfar hann hundana á ensku. Það hefur gefið honum möguleika á að selja þá til Bandaríkjanna, Noregs, Belgíu, Frakklands og Írlands.

*Hvolpur seldur á 1,9 milljónir*

Í júní síðastliðinn var svo annað met slegið þegar þriggja mánaða hvolpur af border collie kyni var seldur á 10.600 pund, eða tæpar 1,9 milljónir króna. /HKr.

# Kornuppskera Rússa í ágústlok var komin í 90,3 milljónir tonna

**Áhersla Rússa á að auka kornframleiðslu gengur vel samkvæmt fréttatilkynningu landbúnaðarráðuneytis Rússlands. Þann 31. ágúst höfðu bændur uppskorið 90,3 milljónir tonna af korni.**



Kornrækt virðist ganga vel í Rússlandi þetta árið og meira land lagt undir ræktun en 2020.

Korn og belgjurtir hafa verið þreskt af 33,1 milljón hekturum stærra landi en í fyrra. Búið var að þreskja um 65,6 milljónir tonna af hveiti í lok ágúst af 21,8 milljónum hektara. Þá hafa bændur náð í hús 16,2 milljónum tonna af byggi og 90 þúsund tonnum af maís.

Framleiðsla sólblómafræja nemur 196,9 þúsund tonnum, repju 1,3 milljónum tonna og sojabauna um 63,3 þúsundum tonna. Þá hefur sykurrófuuppskeran numið 2 milljónum tonna fram til ágústloka. Að auki hafa landbúnaðarfyrirtæki og býli tekið upp 783,9 þúsund tonn af kartöflum og 1,2 milljón tonn af grænmeti í útiræktun.

Nokkur svæði hafa þegar hafið sáningu fyrir vetraruppskeru 2022 og hefur þar verið sáð í 2,4 milljón hektara. /HKr.



Eitt af kúabúum EkoNiva-APK í Rússlandi.

## Rússar hafa verið með stórátak í mjólkurframleiðslu á undanförnum árum:
# Hefur skilað 25,6% framleiðniaukningu á tíu árum

**Landbúnaðarráðuneyti Rússlands hefur lagt áherslu á aukna þróun í mjólkurframleiðslu í landinu undanfarinn áratug sem farin er að skila umtalsverðum árangri.**



Rússar eru að auka sína mjólkurframleiðslu jafnt og þétt og framleiddu 32,2 milljónir tonna á síðasta ári.

Tæknileg og tæknileg nútímavæðing stuðlar að aukinni búfjárframleiðslu segir á vefsíðu landbúnaðarráðuneytisins. Samkvæmt tölum Statista framleiddu Rússar 32,2 milljónir tonna af mjólk á árinu 2020. Það var aukning upp á 1,8 milljónir tonna á milli ára. Framleiðslan var 29,9 milljónir tonna árið 2013 og fór í fyrsta sinn yfir 30 milljónir tonna á árinu 2017 og hefur síðan vaxið jafnt og þétt. Samkvæmt tölum Dairy Global töldust mjólkurkýr í Rússlandi vera samtals rúmar 8 milljónir þann 1. júlí 2020. Var þá búist við að kúm fækkaði talsvert vegna hagræðingar fram á yfirstandandi ár og jafnvel niður í 6,5 milljónir gripa.

*Meðalnyt var 4,6 tonn árið 2019*

Meðalnyt mjólkurkúa á öllum búum í Rússlandi með sín 24 kúakyn var 4,6 tonn á árinu 2019 og hafði þá aukist milli ára um 3,4%. Miðað við kúafjölda og framleiðslu í fyrra minnkaði meðalnytin aftur og þá niður í rúm 4 tonn. Miðað við áætlanir um hagræðingu fækkun kúa samfara bættri ræktun og aukinni framleiðslu er samt gert ráð fyrir að meðalnytin hækki umtalsvert á árinu 2021. Til samanburðar má nefna að hæsta meðalnyt á Íslandi á árinu 2020 var á bænum Búrfelli í Svarfaðardal, eða tæp 8,6 tonn.

*Framleiðni hefur aukist um 25,6%*

Meira en tvö þúsund ný ræktunarbú mjólkurkúa hafa ýmist verið endurnýjuð eða byggð ný á síðustu tíu árum að sögn landbúnaðarráðuneytisins. Lögð hefur verið áhersla á nútímavæðingu með bættri tækni í mjólkurframleiðslunni um allt land. Þá hafa meira en 792 þúsund nýjar nautgriparæktunarstöðvar verið settar á fót. Þetta hefur leitt til þess að framleiðni kúa í Rússlandi hefur aukist um 25,6% að sögn ráðuneytisins.

*Með kýr af 24 ólíkum stofnum*

Til að bæta enn frekar eiginleika mjólkurkúa er frekari þróun innlendra ræktunarstöðva nauðsynleg að mati ráðuneytisins. Í dag er staðan þannig að kúabú reiða sig á 24 ólíka stofna mjólkurkúa, bæði af innlendum og erlendum uppruna. Til að flýta þróun í greininni hefur ríkið verið með margvíslegar stuðningsaðgerðir vegna ræktunarstarfsemi.

*Hafa keypt þúsundir kvíga frá ESB löndum*

Hafa Rússar á undanförnum árum m.a. lagt áherslu á kaup á mjólkurkúm frá ríkjum Evrópusambandsins í þúsundatali samkvæmt fréttum Bloomberg. Sem dæmi keyptu Rússar um 45 þúsund kvígur frá ESB löndum á árinu 2019 fyrir um 100 milljónir evra.

*Þýska fyrirtækið Ekosem-Agar með sterk ítök í rússneskum landbúnaði*

Reyndar eiga erlendir fjárfestar mikil ítök í rússneskum landbúnaðarfyrirtækjum. Þar má nefna Ekosem-Agar sem er með höfuðstöðvar í Walldorf í Þýskalandi og er með eignarhald í rússneska mjólkurframleiðslufyrirtækinu EkoNiva Group. Var Ekosem-Agar/EkoNiva-APK t.d. stærsti einstaki mjólkurframleiðandinn í Rússalandi á árinu 2019 með 659.000 tonn af mjólk. Réðu fyrirtækin þá yfir 599.000 hektara ræktarlandi. Framleiðslan var komin í 925.000 tonn á árinu 2020 samkvæmt heimasíðu EkoNiva-APK. Nautgripir á vegum fyrirtækisins voru þann 17. júlí 2021 samtals 212.800 skepnur og þar af 110.000 mjólkurkýr. UM 99% af mjólkurframleiðslu EkoNiva er seld á markaði sem hágæðavara í Rússlandi. Fjölmörg framleiðslufyrirtæki eru í samstarfi við EkoNiva, eins og Danone Group, Tulskiy Molochny Kombinat OJSC og Liskinskiy Gormolzavod LLC. Þá fer hluti af mjólkinni frá EkoNiva líka til ostaframleiðslu Hochland.

*Bæta upplýsinga- og gagnavinnslu*

Að auki vinnur rússneska landbúnaðarráðuneytið að uppsetningu á upplýsingakerfi ríkisins fyrir búfjárrækt. Þar verður áhersla lögð á bætta gagnavinnslu um ræktunargripi og þar stuðst við evrópskt regluverk og gæðamat. Gert er ráð fyrir að kerfið verði komið í gagnið árið 2025. /HKr.

Sérsniðin þjónusta að þínum þörfum
ALLT FASTEIGNASALA

Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is

Páll Þorbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.
Sími: 560-5501
Netfang: pall@allt.is

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Spilling hækkar skattana þína.
Heiðarleiki **ekkert kjaftæði**

**PÍRATAR**
**25. SEPTEMBER**




LANDSBANKINN.IS

### Steinunn Grímsdóttir:

# Gleðin fólgin í því að gleðja aðra

**Gaman er að segja frá því að hún Steinunn Grímsdóttir, meinatæknir, göngugarpur og dyggur lesandi Bændablaðsins, tók þá ákvörðun fyrir nokkru að dreifa blaðinu í nærliggjandi hús, enda í því að finna bæði alþýðlegt og fjölbreytt lesefni sem flestir ættu að geta lesið sér til ánægju.**

Blaðamaður fór á stúfana og spjallaði við þessa brosmildu, hressu og skemmtilegu konu og hún segir svo frá.

„Það vildi þannig til að við hjónin náðum okkur alltaf í blaðið þegar það kom út og þar sem við búum í þjónustuíbúðum voru nokkrir nágrannar sem spurðu mig hvort mögulega væri hægt að kippa eintaki með fyrir sig. Þannig á tímabili var ég að sækja fyrir sjö til níu manns að staðaldri. Ég tel það ekkert eftir mér.

Veistu, það er fullt af fólki hérna sem styðst við göngugrind eða hjólastól, sem kemst ekki sjálft – þannig það skiptir mig engu þó ég sæki nokkur í viðbót.

Það er stór hópur fólks sem er hrifið af blaðinu, sumir elska krossgátuna, og allir geta fundið sér eitthvað. Þetta vatt upp á sig og við bættust heilmargir, eða næstum því fimmtíu manns!“ segir Steinunn hlæjandi og sýnir mér lista þar sem nöfn íbúa og íbúðanúmer eru vandlega skrifuð niður. „Þetta er bara skemmtilegt enda hef ég kynnst fullt af fólki fyrir vikið.“

*Aldur er bara tala á blaði*

Steinunn gengur talsvert mikið, ef til vill að vinna upp liðinn tíma, en að eigin sögn gat hún ekki gengið vegna liðagigtar í tuttugu ár.

Eftir að taka fæðuna í gegn, taka meðal annars út papriku, epli, appelsínur, vínber, rauðvín og annað sem mælist „súrt“ þegar kemur að pH-gildi líkamans, þá hleypur hún um rétt eins og unglingur.

„Þegar ég varð sjötug gáfu börnin mín mér úr sem telur skrefin og ætli ég gangi ekki 14–16 þúsund skref daglega að meðaltali. Hef þó farið upp í 20 þúsund!“

En ég lenti nú aldeilis í því í einni gönguferðinni. Þá var ég á gangi með nágrannakonu minni – sem varð mér til lífs því hjartað stoppaði og ég féll og höfuðkúpubrotnaði. Nágrannakonan bjargaði lífi mínu og hringdi beint á 112 enda tímaspursmál þegar svona kemur fyrir.“

*Bros að launum*

„En ég held ótrauð áfram, mikið er um langlífi í minni ætt þó við eigum það líka til að vera hrakfallabálkar og ég er þakklát fyrir þá góðu heilsu sem ég bý við. Eins og ég segi alltaf; aldur er bara tala á blaði og að vera hraustur er ekki sjálfsagt.

Nú hef ég oft verið spurð að því hvort ég fái laun fyrir að bera svona út Bændablaðið en ég segi – ég fæ ekki peninga, ég hef engan áhuga á því – en fullt af fallegum brosum og þakklæti! Mér finnst það miklu meira virði.“

Steinunn er hin hressasta, telur dreifinguna ekki eftir sér, enda upplagt að sameina hana reglubundnum gönguferðum sínum og hafa nágrannarnir ákaflega gaman af. Þarna má segja að haldist í hendur iðkun heilsusamlegs lífernis, bæði á sál og líkama. Eitthvað sem allir ættu að hafa í fyrirrúmi enda stór hluti hamingjunnar að gleðja aðra, jafnframt því að hugsa vel um sjálfan sig. /SP



Steinunn kampakát með listann góða.

### Netsamfélag ætlað einstaklingum á einhverfurófi:

# Aukin félagsfærni með aðstoð Autcraft

**Tengslamyndun er nauðsynleg, að kunna samskipti við veröldina í kringum sig og að skynja sig sem hluta af heild.**

Mikil áskorun við slíkt, áskorun við félagslega tilveru, slæm upplifun og viðbrögð einstaklinga er eitthvað sem hefur verið tekist á við í gegnum tíðina og greint sem raskanir á einhverfurófi.

Einhverfa er samheiti hegðunareinkenna, sem tengjast truflun á taugaþroska og koma í ljós fyrst á leikskólaaldri. Einhverfu er ekki hægt að greina með lífeðlisfræðilegum prófum en er heldur greind með þroskaprófum og beinni athugun á atferli manneskjunnar. Innan einhverfurófsins má finna meðal annars Aspergersheilkennið sem er ódæmigerð einhverfa, en þroskaröskun engu að síður.

*Félagsleg samskipti*

Algengt er meðal einhverfra einstaklinga að geta til félagslegra samskipta er skert og fylgir oft vanlíðan; þunglyndi og/eða kvíði.

Skynáreiti, að lesa í aðstæður eða annað fólk er þeim erfitt og því er mikilvægt að viðkomandi mæti skilningi, fái einstaklingsmiðaðan stuðning og aðlögun athafna og aðstæðna.

Ýmsir þættir líkt og félagslíf, tækifæri til náms og aðrar félagslegar aðstæður skipta miklu máli fyrir virka þátttöku einstaklinga í lífinu, líkt og hjá öðrum, og því sjálfsagt að mæta þeim með skilningi.

*Tölvu- og byggingarleikurinn Minecraft kemur sterkur inn*

Minecraft gengur út á að byggja mannvirki úr kubbum þar sem spilarinn skapar og vinnur innan þrívíddarheima sem myndaðir eru úr miklum fjölda mynstraðra kubba. Leikurinn sem slíkur hefur ekkert sérstakt markmið, en þó er innbyggt í hann hvatakerfi. Þessi skemmtilegi tölvuleikur virðist höfða vel til einhverfra einstaklinga, hægt er að byggja sinn eigin heim án utanaðkomandi áreita ef vill, leikurinn er ekki kvíðavaldandi og undir eru spilaðir rólegir klassískir tónar.

Árið 2013 ákvað vefhönnuður að nafni Stuart Duncan að bæta um betur og setti upp Minecraft netþjón, eingöngu ætlaðan einstaklingum með einhverfu og fjölskyldum þeirra. Honum að óvörum óskuðu mörg hundruð manns eftir að fá að vera með í því sem hann kallar „Autcraft“ og státar nú samfélagið af að minnsta kosti 8.000 meðlimum.

*Netsamfélag býður upp á tjáskipti*

Autcraft er, eins og gefur að skilja, ekki eins og hvert annað netsamfélag heldur aðstoðar það einhverf börn og einstaklinga að æfa félagslega færni. Þarna er leið til að tjá sig og eiga samskipti án þess álags sem getur orðið í mannlegum samskiptum og ekki þörf á að lesa í líkamlega tjáningu, svipbrigði eða augnsambönd meðspilara sinna. Félagslegu samskiptin eru þarna einungis yfir lyklaborðið og heyrnartólin.

*Aukin félagsfærni*

Virkni Autcraft vakti athygli og fylgst var með leikmönnum þess yfir netið vegna rannsóknar um mögulega félagsfærni sem þarna átti sér stað. Í kjölfar rannsóknarinnar kom í ljós að þarna tengdust aðilar vináttuböndum, tjáðar voru tilfinningar svo sem gleði yfir leiknum en einnig kvíði eða sorg yfir vandamálum raunveruleikans.

Forstöðukona PEERS Clinic við háskólann í Kaliforníu, Elizabeth Laugeson, sem kennir ungum fullorðnum með einhverfu hvernig á að byggja upp sambönd – telur að ganga í samfélag á borð við Autcraft sé gott skref í áttina að því að minnka félagslegan kvíða og tilheyra samfélagi. Auðvitað er heimur Minecraft ekki sambærilegur við raunheima en þó má kynnast því hversu öflug og mikilvægt félagslegt umhverfi er.

Að tilheyra hópi sem miðast við sameiginlegt áhugamál, í góðu og hvetjandi umhverfi, hefur mikil og góð áhrif á líðan. Þeir sem forvitnir eru um Autcraft geta heimsótt síðuna www.autcraft.com og fengið frekari upplýsingar. /SP


Tölvuleikurinn Minecraft nýtur mikilla vinsælda víðs vegar um heiminn.






# Framkvæmdasjóður ferðamannastaða auglýsir eftir umsóknum um styrki fyrir árið 2022

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða fjármagnar framkvæmdir á ferðamannastöðum og ferðamannaleiðum í eigu eða umsjón sveitarfélaga og einkaaðila

## Sjóðnum er heimilt að fjármagna framkvæmdir er snúa að:

- *Öryggi ferðamanna.*
- *Náttúruvernd og uppbyggingu.*
- *Viðhaldi og verndun mannvirkja og náttúru.*
- *Fjármögnun undirbúnings- og hönnunarvinnu sem er nauðsynleg vegna áðurgreindra framkvæmda.*

## Sjóðnum er ekki heimilt:

- *Að bera rekstrarkostnað af mannvirkjum og vegna náttúruverndarsvæða eða annarra ferðamannastaða.*
- *Að fjármagna framkvæmdir sem eru á landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum.*

## Gæði umsókna

*Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér vel þau lög og reglur sem um sjóðinn gilda og vanda umsóknir sínar í hvívetna. Umsækjendum er bent á að kynna sér gæðaviðmið sjóðsins sbr. gæðamatsblað ásamt frekari upplýsingum um sjóðinn, skilyrði lánveitenda og umsóknarferlið, sem finna má á vefsíðu Ferðamálastofu* ***www.ferdamalastofa.is/umsoknir.***

### Hvar ber að sækja um

Umsóknum skal skilað rafrænt í gegnum island.is en hlekkur á umsókn er á vefsíðu Ferðamálastofu www.ferdamalastofa.is/umsoknir.

### Umsóknarfrestur

Umsóknartímabil er frá og með 27. september til kl. 13 þriðjudaginn 26. október. Umsóknir sem berast eftir þann tíma koma ekki til álita.

**Ferðamálastofa**
Icelandic Tourist Board

Geirsgötu 9, 101 Reykjavík
Hafnarstræti 91, 600 Akureyri

www.ferdamalastofa.is

upplysingar@ferdamalastofa.is

Þórhallur - effekt.is

LÍF & STARF

## Vítamín náttúrunnar:

# Leitið ekki langt yfir skammt

**Þegar haldið er í daglegu gönguferðina sem er svo holl okkur öllum, er ekki fjarri að taka með sér pokaskjatta með það fyrir augum að sanka að sér vítamínum. Náttúran er nefnilega yfirfull.**



***Söl*** eru ein næringarríkasta tegund sjávarjurta sem má finna hérlendis. Þau eru rík af próteini, járni og flúori auk þess að innihalda meðal annars joð sem er gott fyrir skjaldkirtilinn. Einnig má nefna A, E og C vítamín, kalín sem er mikilvægt heilbrigðu taugakerfi, fosfór sem hefur áhrif á upptöku úr meltingarvegi og svo magnesíum, B6 og B12 vítamín sem stuðla að eðlilegri starfsemi tauga og ónæmiskerfisins og hafa þannig áhrif bæði á geð og streitustig.

***Rabarbari*** eða tröllasúra veita ríkulega af kalki eða rúm 100 mg í einum bolla. Að auki inniheldur jurtin lutein sem er gott fyrir augu, húð og vel af K vítamíni sem hjálpar til við eðlilega beinmyndun í líkamanum og hægir á beinhrörnun með því að draga úr kalktapi. Rauði liturinn er svo vegna andoxunarefnanna sem eru nauðsynleg fyrir líkamann.



***Túnsúra*** sem er betur þekkt undir nafninu hundasúra (þó þær séu víst einungis af sömu ætt, Rumex acetosa og Rumex acetosella) er talin afar áhrifarík við losun bjúgmyndunar auk þess að örva og styrkja lifrina. Hún er góð við lystarleysi, hægðatregðu og gyllinæð auk þess að innihalda ríflegan skammt af vítamínum á borð við A-, B- og C-vítamína. (C-vítamín hjálpar til að mynda bandvef (kollagen) sem er mikilvægur fyrir vöxt æða, beina og tanna, og græðslu sára.



***Kerfill*** hefur verið talinn draga úr bólgum auk þess að olía eða te sem unnin hafa verið úr honum hafa róandi áhrif. Ber jurtin bæði lykt og bragð af anis, eða lakkrísbragði. Kerfill inniheldur mikið magn B vítamína auk A, C og E vítamína (E vítamín hafa góð áhrif á hjarta- og æðakerfið með því að hindra oxun á fitu í líkamanum) auk þess sem kerfill er nokkuð ríkur af andoxunarefnum.



**Rabarbari eða tröllasúra veita ríkulega af kalki, eða rúm 100 mg í einum bolla. Stilkur rabarbarans er mikið notaður í sultugerð, rabarbarasúpu og stundum einnig í saft- og víngerð.** Myndir / Wikipedia, BBR, VH, KVS.




Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook



***Birkilauf*** hafa í áraraðir verið þekkt fyrir að hraða efnaskiptum og losa vatn úr líkamanum, draga úr bólgum og afeitra líkamann. Blöð trésins, sem innihalda einnig mikið af C vítamíni, hafa auk þess verið notuð við sýkingum í þvagfærum, en þau hafa jákvæð áhrif á nýru, þvagblöðru og þvagrás. Sumir vilja einnig kalla þetta töfralyf þar sem önnur notkun hefur falið í sér meðhöndlun liðagigtar, hárloss og húðútbrota.



***Sólber*** eru hvað ríkust af C vítamíni allra tegunda. Í þeim eru hvorki meira né minna en tæp 350 prósent af ráðlögðum dagskammti. Að auki innihalda þau A, B og E vítamín, andoxunarefni og trefjar. Þau má svo nota í hinar ýmsu sultur, saftir, þeytinga eða bara eins og þau eru best, beint af greininni!

***Sveppir*** innihalda ýmiss konar bætiefni og sjálfsagt er að athuga tegundirnar eftir tínslu enda munur á innihaldi eftir gerð. Í þeim má almennt aðallega finna D vítamín, (D-vítamín gerir líkamanum kleift að nýta kalk og fosfór til að byggja upp bein með því að auka upptöku kalks og fosfórs frá þörmum) þó nokkuð af B2 vítamíni, fólasín, kalíum sem stuðlar að eðlilegri vökvaflóru í líkamanum, smávegis af trefjum og kopar. Selenium finnst í afar ríkum mæli í sveppum en þeir gegna mikilvægu hlutverki fyrir ónæmiskerfið og frjósemi hjá karlmönnum auk þess sem það er talið vinna gegn myndun krabbameinsfrumna.



**Kúalubbi er algengur ætisveppur sem myndar svepparót með birki. Hann getur orðið tæplega 20 cm að hæð og finnst víða um land frá júní til október.**



***Furubarr*** eða te furubarrs öllu heldur, er tilvalinn drykkur til að auka daglega orku. Í furunálum má finna mikið magn A vítamíns sem hefur jákvæð áhrif á hár, húð og sjón. Best er að tína nálarnar og skola við heimkomu áður en þær eru settar í sjóðandi vatn. Eftir nokkrar mínútur er vökvinn síaður og þá má njóta tesins. Hægt er að bragðbæta teið með sykri, hunangi eða jafnvel kanil ef bragðið þykir sérstakt. Þess má geta að stafafura er eitt algengasta skógræktartréð á Íslandi, alla jafna notað sem jólatré. /SP

# ERNU Á ÞING !

Erna Bjarnadóttir hagfræðingur hefur unnið fyrir íslenskan landbúnað í fjölda ára. Hún er einn helsti sérfræðingur landsins í þessum mikilvæga málaflokki.

Erna hefur m.a. sérhæft sig í tollvernd og innflutningi búvara. Í ljós hefur komið að verulega hefur vantað á eftirfylgni og eftirlit með milliríkjasamningum og innflutningi búvara. Það hefur valdið bændum tjóni.

Þeir stjórnmálamenn sem gerðu samninga við ESB árið 2015 og síðast Bretland 2020 segjast nú ætla að endurskoða þá, eftir að hafa haft fjögur ár til þess að bregðast við vandanum.

KJÓSUM RAUNVERULEGAN OG ÖFLUGAN TALSMANN LANDBÚNAÐARINS Á ALÞINGI.

Ding, ding, ding
Ernu á þing !

**X-M**

*Miðflokkurinn Suðurkjördæmi*







**11.900.000** kr.

# GEYMSLUR VIÐ HVERAGERÐI

ALLT fasteignasala kynnir vandaðar 43,1 fermetra geymslur við Hveragerði (Vorsabæ 3) á afgirtri lóð með rafstýrðu rafmagnshliði tengdu síma. Geymslubilin eru rúmgóð með góðu aðgengi við þjóðveginn. Nú er gott tækifæri að tryggja sér sitt eigið afþrep eða hinn fullkomna dótakassa.



**Upplýsingar gefa**
Kristinn Sigurbjörnsson Sími: **560-5502 kristinn@allt.is**
og Jóhann Halldórsson Sími: **560-5514 jh@allt.is**



ALLT FASTEIGNASALA

**Sími 560 5505    allt@allt.is    allt.is**

Nemar á matreiðslubraut Menntaskólans í Kópavogi á ferð í Þingeyjarsýslu:

# Verkefnið er að bæta nýtingu og meðferð hráefnis frá landbúnaði í nærumhverfinu



**Margrét Þóra Þórsdóttir**
mth@bondi.is

**Nemar á matreiðslubraut Menntaskólans í Kópavogi lögðu land undir fót í byrjun mánaðarins, héldu norður í Þingeyjarsýslu og kynntu sér eitt og annað um matvæli og matvælaframleiðslu, m.a. vannýtt hráefni í sveitarfélögunum Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppi og prófuðu að vinna með þau.**

Matreiðslubrautin er þátttakandi í Nora verkefni þar sem einnig eru innanborðs Matarskemman á Laugum og Nýsköpun í norðri auk þátttakenda frá Færeyjum og Grænlandi. Verkefnið snýst um bætta nýtingu og meðferð hráefnis frá landbúnaði til matargerðar í nærumhverfi. Nemarnir spreyttu sig á matargerð úr þingeysku hráefni og var frambjóðendum í Norðausturkjördæmi boðið að bragða á því sem þeir reiddu fram.

Nemendurnir sáu um rétt dagsins í hádeginu á tveimur veitingastöðum á svæðinu, Kaffi Borgum í Mývatnssveit og Dalakofanum í Reykjadal, en bæði eru þessi hús þekkt fyrir að bjóða úrval rétta úr nærumhverfi sínu. Þá kynntu nemarnir sér hlutun og hagnýtingu á stærri skrokkum af sauðfé, 30 til 35 kílóa gripum.

„Það var mál manna að hagur beggja af þessu verkefni sé augljós og vonandi verður þar framhald á,“ segir Pétur Snæbjörnsson, sem stýrir tilraunaverkefni Matarskemmunnar á Laugum.

### *Eftirminnileg matarupplifun*

Matseld fór þannig fram að nemar skiptu sér upp í hópa, þrír í hverjum, og fengu allir hópar hráefniskörfu með ýmsu vannýttu efni, svo sem sauðakjöti og haugarfa auk hefðbundnara hráefnis eins og rótargrænmeti, rabarbara og fleira. Allir fengu sama hráefnið en hver hópur hafði frjálsar hendur um meðhöndlun þess.

„Skemmst er frá því að segja að þetta unga og hugmyndaríka fólk kom með afar skemmtilegar nálganir á það sem þau höfðu til ráðstöfunar og buðu gestum upp á eftirminnilega matarupplifun,“ segir Pétur.

### *Frambjóðendum boðið í mat*

Sveitarstjórnir Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps sem standa að Nýsköpun í norðri buðu fulltrúum framboða til Alþingis í hádegisverð á Kaffi Borgum í Mývatnssveit, en tilgangurinn var að sögn Péturs sá að ræða vannýtt hráefni, hringrásarhagkerfið, tengsl mataruppruna og skólastarfs og áherslur sveitarstjórnarmanna í sameinuðu sveitarfélagi til framtíðar. Þessi tvö sveitarfélög sameinast í eftir næstu sveitarstjórnarkosningar. Öll framboð í Norðausturkjördæmi, utan tveggja, Sjálfstæðisflokks og Flokks fólksins þáðu boðið. Kynntir voru möguleikar aukinnar verðmætasköpunar í landbúnaði með bættri nýtingu hráefnis og aukinni notkun á hráefni sem framleitt er í héraði á nærsvæði upprunans.

### *Ferðamenn á svæðinu þurfa á annað tonn af matvælum á dag*

„Möguleikarnir hafa breyst til muna undanfarinn áratug með fjölgun ferðamanna. Ætli Þingeyingum hafi ekki fjölgað um 50% á dag að meðaltali og öll sú aukning eru neytendur sem flestir hverjir hafa áhuga á að neyta þess sem heimamenn framleiða og neyta sjálfir. Þetta er veruleg aukning, upp á líklega um 3.000 manns á dag að meðaltali, og þarf sá fjöldi á annað tonn af matvælum hvern dag. Þannig að það eru sannarlega möguleikar fyrir hendi í þessum efnum sem ekki voru til staðar áður þegar gestafjöldinn var ekki nema fjórði partur af því sem nú er eða þaðan af minna,“ segir Pétur, en raunar sé um árstíðabundnar gestakomur að ræða og því sveiflukennda eftirspurn, en hún sé til staðar.




MK-nemar við Dalakofann.







Skrokkar hlutaðir í sundur af mikilli einbeitingu.



Sveitarstjórnir Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps, sem standa að Nýsköpun í norðri, buðu fulltrúum framboða til Alþingis í hádegisverð á Kaffi Borgum í Mývatnssveit, en tilgangurinn var m.a. sá að ræða vannýtt hráefni til matargerðar.







Nemendurnir sáu um rétt dagsins í hádeginu á tveimur veitingastöðum á svæðinu, Kaffi Borgum í Mývatnssveit og Dalakofanum í Reykjadal, en bæði eru þessi hús þekkt fyrir að bjóða úrval rétta úr nærumhverfi sínu.

### *Regluverkið hindrar oft nýsköpun í atvinnulífi*

Pétur segir tækifærin felast í aukinni framleiðslu hvers konar, kjöti, fiski, ræktun, úrvinnslu og dreifingu í héraði. Stjórnvöld þurfi að búa svo um hnútana að gildandi regluverk skapi ekki óþarfa hindranir og sé gagnsætt og einfalt í framkvæmd.

„Það er gömul saga og ný og hefur verið sýnt fram á með rannsóknum að regluverk hins opinbera hindrar oft nýsköpun í atvinnulífinu með íþyngjandi skilyrðum og flóknum eftirlitsferlum. Það dugar ekki bara að tala um nýsköpun og setja inn í stefnuáætlanir, það þarf að skapa


MK-nemar skoða reykkofa.










Hráefnið sem nemarnir notuðu til að töfra fram glæsilega rétti sína var af ýmsum toga.

rétta umhverfið. Einnig þurfa að koma til viðeigandi hvatar þannig að einstaklingar og félög sjái sér hag í því að hefja starfsemi af því tagi sem hér um ræðir, skapa tekjur af eignum sínum sér og sínum til lífsviðurværis og bæta þar með búsetuskilyrði,“ segir Pétur.

### *Uppfæra „úreltan“ mat*

MK-nemar fóru í kynnisferðir um héraðið báða dagana sem þeir voru á svæðinu. Þeir komu við hjá Sigrúnu Hringsdóttur í Lundarbrekku í Bárðardal en hún verkar kryddjurtir, býr til berjasýróp og nýtir sveppi svo dæmi séu tekin. Einnig var tekið hús á Guðrúnu Tryggvadóttur í Svartárkoti og vinnsla þeirra skoðuð, ekki síst reykhúsið, sem er í rúmlega hundrað ára gömlum torfkofa. Nemendur kynntu sér einnig ostagerð í Vogafjósi, sem er ein sú elsta sinnar tegundar hér á landi, en ostur sem þar er framleiddur er seldur í þeirra eigin veitingahúsi.

Ingi Hafliði Guðjónsson matreiðslumeistari fræddi nemendur um „úreltan“ mat, þ.e. mat sem áður fyrr var algengur en hefur fallið úr tísku í nútímanum. Dæmi um slíkan mat segir Pétur m.a. vera sviðasultu, lifrarpylsu, kindakæfu og margt fleira, en allt er þetta matur sem skapar lítil sem engin verðmæti til bænda nú. Nemendur fengu það verkefni með sér heim að taka rétti af þessu tagi og uppfæra til nútímahorfs á verklegum æfingum í skólanum. „Það verður virkilega gaman að sjá hvað kemur út úr því, hvernig t.d. nýjasta uppfærslan á sviðasultu verður, því það er svo að það þarf að uppfæra matinn reglulega og laga að eftirspurn, tískustraumum og þörf,“ segir Pétur.

Tilboðsmarkaður 1. nóvember 2021 með **greiðslumark í mjólk**

Markaður fyrir greiðslumark mjólkur verður haldinn þann 1. nóvember næstkomandi.

Að hámarki er hægt að óska eftir 50.000 lítrum til kaups á hverjum markaði, eða alls 150.000 lítrum árlega.

Tilboðum um kaup og sölu greiðslumarks skal skila rafrænt á afurd.is. Opnað verður fyrir tilboð þann 24. september 2021.

**Tilboðsfrestur rennur út á miðnætti 10. október nk. Allar nánari upplýsingar um markaðinn má finna á www.afurd.is og www.anr.is**

**Stjórnarráð Íslands**
Atvinnuvega-og nýsköpunarráðuneytið

STRÚKTÚR

Nú á allt að seljast. Eigum þessa lengd á lager.
Litað bárujárn
Þykkt: 0,60 mm
Breidd: 1045 mm
Klæðir: 988 mm
3.600 kr m² m/vsk.
**40% afsláttur meðan birgðir endast**
**2.160 kr m² m/vsk**




**RAL 9005 Svart**
Lengd: 4.800 mm
Plata = 4,8 * 0,988 = 4,74 m2

Nánari upplýsingar hjá sölumönnum.

STRÚKTÚR ehf | Bæjarflöt 9 | 112 Reykjavík | struktur@struktur.is | Sími: 588 6640

**Bændablaðið**
*Smáauglýsingar 56-30-300*

Husqvarna®

**HÁ verslun ehf tók við umboði Husqvarna byggingavörum á Íslandi þann 11. júní.**

- **Steinsagir**
- **Kjarnaborvélar**
- **Jarðvegsþjöppur**
- **Sagarblöð**
- **Kjarnaborar**



*Husqvarna K970*
*15,5 cm sögunardýpt*



*Husqvarna K3600*
*Vökvasög*
*Sögunardýpt 27cm*

**Þjónustuverkstæði og varahlutir**

HÁ VERSLUN

**Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur**
**Opið mán. - fös. kl. 8-17.**
**S. 588-0028**
**haverslun@haverslun.is**
**haverslun.is**

**LEITUM TIL FAGMANNA**

**Ætíð skal leita aðstoðar fagmanna við uppsetningu á rafbúnaði eða við breytingar á rafmagni í útihúsum.**

Leikmenn eiga ekki að vinna við rafmagn – það er bæði ólöglegt og hættulegt.

*Kynntu þér leiðbeiningaefni um öryggi og vinnuvernd í landbúnaði á* bondi.is

Búum vel
ÖRYGGI • HEILSA • UMHVERFI

ER ÞITT BÚ ÖRUGGUR OG GÓÐUR VINNUSTAÐUR?



## Sýrnes í Aðaldal:

# Hampurinn óx hratt í hitabylgjunni

## – Markaður fyrir afurðir á byrjunarreit og lítið til af tækjum til að koma uppskeru í hús



**Margrét Þóra Þórsdóttir**
mth@bondi.is

**„Ég sáði smávegis af Finola hampi í fyrra á hálfgerðum berangri bara til að vita hvort þessi planta gæti lifað.**

Það er skemmst frá því að segja að hann lifði, varð um einn metri á hæð og kom með dálítið af blómum,“ segir Ragnar Þorsteinsson, bóndi í Sýrnesi í Aðaldal.

Hann hélt áfram nú í byrjun sumars og 1. júní sáði hann í gamlan skjólgóðan kálblett og setti á hann skít. Í blettinn sáði hann hálfum fræskammti af Finola og smávegis af Felina 32 og síðan fullum skammti af Hvítsmára.

Sumarið byrjaði ekki vel hvað veðurfar varðar, frekar kalt var framan af og þegar vika var af júlí voru hæstu plöntur um það bil 7 sentímetrar á hæð. Þá hófst hitabylgjan fræga sem stóð vel fram í september og segir Ragnar að í ágústlok hafi Fiona plönturnar verið orðnar um 180 sentimetra háar og Felina plöntur um 260 sentímetrar á hæð.

„Blómvöxtur á Finola er mjög góður en lítill sem enginn á Felina en það er hávaxnara kvæmi, með svera stöngla. Við höfum mest verið að tína blóm sem verða nýtt í CBD olíur og te,“ segir Ragnar.

### *Kannar hvort uppskera verði næg svo ræktun standi undir sér*

Þorsteinn Snævar Benediktsson, bruggari hjá Húsavík öl, prófaði að brugga bjór úr þeim hampi sem kom á markað í byrjun september og fékk það góðar viðtökur að framhald verður á þeirri framleiðslu. Ragnar segir að markaður fyrir hampafurðir sé á byrjunarreit og lítið sem ekkert sé til af tækjum í landinu til að koma uppskeru í hús.

„Við höfum boðið fólki að koma og kynnast hampinum og taka hann upp til eigin nota án endurgjalds og það hafa nokkrir nýtt sér það en grunnhugmyndin snerist fyrst og fremst um að kanna hvernig hampur kemst af í íslenskri veðráttu og hvort uppskera verði næg til þess að ræktun á honum geti staðið undir sér,“ segir Ragnar.



**Hampurinn óx vel í hitabylgju sumarsins, Ragnar Þorsteinsson á Sýrnesi er hér innan um hampinn.**
Myndir / Ragnar Þorsteinsson



**Í ágústlok voru Fiona plönturnar orðnar um 180 sentímetra háar og Felina plöntur um 260 sentímetrar á hæð.**




**Þorsteinn Snævar Benediktsson, bruggari hjá Húsavík öl, prófaði að brugga bjór úr þeim hampi sem kom á markað í byrjun september og voru viðtökur góðar svo framhald verður á.**



**Ragnar Þorsteinsson á Sýrnesi hóf tilraun í fyrra með því að sá smávegis af Finola hampi á hálfgerðum berangri til að vita hvort plantan lifði. Það gerði hún og nú í byrjun sumars sáði hann fleiri tegundum í skjólgóðan kálgarð.**

### *Hampurinn smellpassar í bjórframleiðsluna*

Þorsteinn Snævar stofnaði Húsavík öl 2017 og hefur að sögn alla tíð verið forvitinn um náttúruna og leitast við að nýta alls kyns ber og jurtir, eins og kerfil, hvönn og blóðberg, í sínar afurðir með góðum árangri. Hann var því ekki lengi að hugsa sig um þegar Ragnar hafði samband og bauð honum að prófa að brugga úr hampi og stökk strax til. Bjórinn sem hann bruggaði er „West coast Ipa“ og fær bjórinn að njóta sín í bjórstíl þar sem beiskja, sæta og malt vinna saman.

„Að mínu mati smellpassar hampurinn þar inn með grösuga undirtóna og örlítið jurta-eftirbragð. Ég var örlítið smeykur við að olíurnar í hampinum hefðu neikvæð áhrif á froðumyndun en það varð ekki.

Ég er alsæll með þessa tilraun, bjórinn hefur fengið mjög góðar viðtökur svo það verður gaman að þróa þetta verkefni áfram,“ segir Þorsteinn.

*/MÞÞ*



LÍF & STARF



Gunnar umvafinn hampi Garðyrkjuskólans í Hveragerði.

Waldorfskólinn Sólstafir:

# Framhald sjálbærni-lotu Sólstafa

**Nú fyrr í sumar vöktum við hér hjá Bændablaðinu athygli á sjálfbærnilotu 6.–7. bekkjar Waldorfskólans Sólstafa – en þá gróðursettu nemendur og kennarar um 2.500 plöntur af iðnaðarhampi.**

Ætlunin var, og er enn, að gera hampsteypu pitsuofn svo hægt væri að baka föstudagspitsuna úti á skólalóðinni. (www.bbl.is/folk/lif-og-starf/med-fostudagspitsuna-i-bigerd)

Vonast var til að plönturnar sem forræktaðar voru í skólanum og gróðursettar í Skammadal héldu velli og myndu ná að minnsta kosti 1–2 m að hæð. Allt kom þó fyrir ekki vegna úrhellisrigningar, roks og kulda sem dundi á þeim fyrstu vikurnar og því varð allhressilegur uppskerubrestur snemma sumars.

***Hampfélagið kemur til aðstoðar***

Þeir félagar Johan Andersson og Gunnar Dan Wiium, sem standa fyrir sjálfbærnilotunni, höfðu þó áttað sig á að slíkt gæti gerst, og í samvinnu við Hampfélagið var farið ásamt kvikmyndatökuliði í Garðyrkjuskólann í Hveragerði þar sem þeir, fyrir hönd Sólstafa, fengu gefna um 20 m² af 3–4 metra háum iðnaðarhamp.

Hampfélagið stendur að gerð heimildarmyndar um ræktun iðnaðarhamps á Íslandi og hefur kvikmyndatökuliðið verið á ferð víða um landið þar sem slík framleiðsla á sér stað.

Óx þessi gróskulegi hampur, sem Sólstafir fengu, upp af yrki sem er sérstaklega hannað með nýtingu stilka/trefja í huga – en það hentar verkefni sjálfbærnilotunnar einmitt einstaklega vel.

***Tréníð aðskilið trefjunum***

Aðspurður sagði Gunnar: „Nú stendur yfir þurrkun á hampinum í kjallara skólans, því næst fer vinna af stað, til að aðskilja trefjarnar og tréníð. Trefjarnar eru ysta lag stilksins sem við munum nota í textíllotur með Brynhildi Þórðardóttur handverkskennara á meðan tréníð, sem er stökkara og kurlast í minni einingar, verður notað í gerð trefjaplata fyrir smáföndur, útskurð, skartgripi, pappír og síðast en ekki síst, pitsuofn.“ Gaman er að fylgjast með ferlinu hjá krökkunum sem nú eru í 7.8,– bekk, og eru margir hverjir mjög spenntir fyrir næsta skrefi, sem er að steypa pitsuofninn ...og baka pitsur.

Við hlökkum til að koma aftur í heimsókn og smakka! /SP



Johan tekst á við hampplönturnar, sem nú er verið að þurrka í kjallara skólans.




Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300



## Katla frá Hemlu II er hæst dæmda kynbótahross ársins 2021:

# Vel hestaður fagurkeri



Anja getur að sönnu verið stolt af hryssunni sinni Kötlu, sem er ekki bara hæfileikabúnt heldur glæsileg á velli. Hún hlaut m.a. einkunnina 9 fyrir höfuð og prúðleika. Myndir / Nicki Pfau



Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is

**Anja Egger-Meier er svissneskur hrossaræktandi íslenska hestsins sem hefur einstaklega gott auga fyrir gæðingum ef marka má hesteign hennar. Hryssan hennar, Katla frá Hemlu II, er hæst dæmda kynbótahrossið á Íslandi í ár.**

Katla er undan heiðursverðlaunastóðhestinum Ský frá Skálakoti og Spyrnu frá Síðu. Ræktendur hennar eru Anna Kristín Geirsdóttir og Vignir Siggeirsson en Anja keypti hana árið 2019.

„Ég sá Kötlu fyrst á Landsmóti hestamanna árið 2016. Þá var hún fjögurra vetra gömul. Ég heillaðist af hreyfingamýktinni í henni og reyndi að fá hana keypta, en hafði ekki erindi sem erfiði fyrr en þremur árum síðar,“ segir Anja.

Á þessu Landsmóti keypti hún hins vegar tvær aðrar ungar hryssur af kynbótabrautinni sem hafa síðan þá sannað sig sem stólpagæðingar. Þetta eru Harpa Sjöfn frá Hvolsvelli og Viðja frá Hvolsvelli, sem hlaut 9,00 fyrir hæfileika sem reyndist hæsti hæfileikadómur ársins 2019. En aftur að Kötlu.

### Katla einkunnagjöf

| Sköpulag | | | Hæfileikar | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Höfuð | 9,00 | Vel opin augu - Skarpt/þurrt - Bein neflína | Tölt | 9,00 | Léttstígt - Góð fótlyfta - Skrefmikið - Rúmt - Takthreint |
| Háls/herðar/bógar | 9,00 | Mikil reising - Hátt settur - Hvelfdur | Brokk | 8,50 | Há fótlyfta - Skrefmikið - Hvelfd yfirlína - Takthreint |
| Bak og lend | 8,00 | Afar öflug lend | Skeið | 9,00 | Rúmt - Skrefmikið - Sniðgott - Taktgott |
| Samræmi | 9,00 | Fótahátt - Sívalvaxið - Hlutfallarétt | Greitt stökk | 8,50 | Góð skreflengd - Rúmt |
| Fótagerð | 8,50 | | Hægt stökk | 8,50 | Góð skreflengd - Takthreint |
| Réttleiki | 7,50 | Afturf.: Nágengir | Samstarfsvilji | 9,50 | Mikil framhugsun - Þjálni - Yfirvegun |
| Hófar | 8,00 | | Fegurð í reið | 9,00 | Há fótlyfta - Góð reising - Góður höfuðburður |
| Prúðleiki | 9,00 | | Fet | 8,50 | Góð skreflengd - Takthreint |
| **Sköpulag** | **8,56** | | **Hæfileikar** | **8,88** | |
| **Aðaleinkunn** | **8,77** | | Hægt tölt | 9,00 | Há fótlyfta - Skrefmikið - Mjúkt |
| Hæfileikar án skeiðs | 8,86 | | | | |
| Aðaleinkunn án skeiðs | 8,76 | | | | |

### Fjölhæfur listagæðingur

Anja segir Kötlu sérstakan karakter, hún sé mjög kurteis, yfirveguð og samstarfsfús. Undir það tekur Árni Björn Pálsson, þjálfari hryssunnar.

„Katla er listagæðingur frá náttúrunnar hendi. Að mörgu leyti endurspeglar hún það sem við erum að leita að í ræktun íslenska hestsins. Hún er stór og glæsileg í byggingu, framhá og með mikla útgeislun. Svo er hún einstaklega fjölhæfur gæðingur.“

Katla hlaut í aðaleinkunn 8,77. Þar af hlaut hún 8,56 fyrir sköpulag og 8,88 fyrir hæfileika. Þar af hlaut hún einkunnina 9,0 fyrir tölt, skeið, hægt tölt og fegurð í reið og 9,5 fyrir samstarfsvilja.

Kostir Kötlu hafa svo endurspeglast í góðum árangri á keppnisbrautinni að undanförnu. Þannig hlutu þau Árni Björn og Katla einkunnina 7,73 í forkeppni Fimmgangs F1 á Íslandsmótinu í hestaíþróttum í sumar sem mun vera hæsta einkunn í forkeppni í ár.

Að sögn Önju mun Katla vera í þjálfun hér á landi fram yfir næsta Landsmót.



Katla er bæði rúm, þjál og yfirveguð. Hún er jafnvíg á tölt og skeið en hér fer hún fallega undir eiganda sínum.

### Framúrskarandi hestagull

Anja hefur verið forfallinn hrossaræktandi í sautján ár. Hún er mikill fagurkeri sem heillast af útgeislun, fallegu höfuðlagi og gangmýkt í hrossum.

Anja segist vilja rækta falleg gæðahross og hestakostur hennar er ekki af verri endanum. Meðal hrossa í hennar eign eru stóðhestarnir Draupnir frá Stuðlum og Ódinn vom Habichtswald, sem hún á í sameign með Frauke Schenzel á Kronshof. Auk fyrrnefndra gæðingshryssa segist hún halda mikið upp á Þórhildi frá Hamarsey og Lýdíu frá Eystri-Hól, báðar hryssur með einkunnina 9,5 fyrir tölt.

### Góður aðbúnaður mikilvægur

Hún segist heimsækja hrossin sín á Íslandi reglulega. Samstarf hennar við hrossaræktendur og þjálfara nær þó víða um Evrópu, þannig vinnur hún mikið með Frauke Schenzel á Kronshof í Þýskalandi auk þeirra Markus Albrecht í Sviss og Bjarna Jónassonar bæði í Sviss og á Íslandi að ónefndu farsælu samstafi hennar við Árna Björn Pálsson. Hrossin hennar séu því víða.

„Ég tel afar mikilvægt að hrossunum líði vel, að þeim sé búinn góður og rúmur aðbúnaður þar sem þau eru, hvort sem það er í þjálfun eða úti í haga,“ segir Anja.

Hún er dugleg við að ríða út og nefnir þrjú eftirlætis hross í reiðtúrum. „Það er tvímælalaust Katla, svo stóðhesturinn Ódinn vom Habichtswald og hryssan Úlfhildur frá Strönd, en hún er með 9,5 fyrir tölt og ég er með hana heima í Sviss.“





**SVFR leitar að veiðisvæðum, sér í lagi fjölskylduvænum svæðum þar sem kynslóðirnar geta veitt saman.**

Við horfum til ár- og vatnasvæða með góðri veiðivon, sérstaklega svæða þar sem bæði börn og fullorðnir geta notið sín. Ef þörf er á aðstöðu, t.a.m. veiðihúsi, er félagið reiðubúið í samtal um að koma að þeirri uppbyggingu.

Allar hugmyndir eru vel þegnar, þær skal senda á framkvæmdastjóra SVFR, Sigurþór Gunnlaugsson, í tölvupósti á sigurthor@svfr.is. Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu félagsins í síma 568 6050.

SVFR var stofnað 1939 og er traustur samstarfsaðili. Tilgangur félagsins er m.a. að styrkja stöðu stangaveiði sem almenningsog fjölskylduíþróttar. Lykilþáttur í þeim tilgangi er að efla áhuga barna og unglinga á stangaveiði með fræðslu og góðu aðgengi að ár- og vatnasvæðum.


Bændablaðið Næsta blað kemur út 7. október

## Hacking Austurland:

# Áskoranir leystar varðandi bláu auðlindina




**Lausnamótið Hacking Austurland, sem er hugmyndasamkeppni þar sem keppt er í þróun lausna fyrir bláu auðlindina, verður haldið 30. september til 2. október.**

Þetta er þriðja lausnamótið (e. hackathon) af þessu tagi sem haldið er, en áður hefur verið haldið Hacking Hekla á Suðurlandi og Hacking Norðurland.

Markmið þeirra er að efla frumkvöðlastarf og sköpunarkraft á svæðunum og þannig stuðla að nýjum verkefnum og viðskiptatækifærum.

### *Öflugt frumkvöðlastarf á Austurlandi*

Hacking Austurland er ætlað að vekja athygli á því öfluga frumkvöðlasamfélagi sem er á Austurlandi. Útkoman úr lausnamótinu getur verið stafræn lausn, vara, þjónusta, verkefni, hugbúnaður, vélbúnaður, markaðsherferð, eða annað í þeim dúr.

### *Aukin verðmætasköpun í sjávarútvegi*

Á lausnamótunum er unnið að því að þróa lausnir fyrir ákveðnar þematengdar áskoranir og að þessu sinni eru þær eftirfarandi:

- Hvernig getum við aukið verðmætasköpun í sjávarútvegi með því að nýta tækni og nýjar aðferðir á skapandi hátt?
- Hvernig getum við leitt saman sjávarútveg og landbúnað með því markmiði að stuðla að betri nýtingu afurða í báðum greinum?
- Hvernig getum við skapað einstaka matarupplifun með því að tengja saman sjávarútveg og ferðaþjónustu?
- Hvernig getum við stuðlað að því að hægt sé að kaupa beint frá báti?

### *Frumuræktun og sjálfbær sauðfjárrækt*

Á mótinu Hacking Hekla á Suðurlandi bar verkefnið Ómangó sigur úr býtum, sem snýst um framleiðslu á suðrænum ávöxtum með frumuræktun, og á Hacking Norðurland sigraði hugmyndin Grænlamb – keldhverfskt kjöt af algrónu landi – sem snýr að framleiðslu á vörumerki fyrir sjálfbæra sauðfjárrækt.

Hægt er að skrá sig til leiks allt þar til keppni hefst þann 30. september á vefnum www.hackinghekla.is.

/smh





VDO
Tunguháls 19
110 Reykjavík
S. 588-9747

VDO Offroad Line

KS Bílaverkstæði

Kjarninn
KS bílaverkstæði
550 Sauðárkróki
S. 455-4570 /4 55-4572

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001
Áhugaverðar jarðir
JARDIR.IS
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

HUGUM AÐ HAUGNUM
HAUGTÆKI TILBÚIN TIL AFHENDINGAR!



7.990.000 + vsk.
HI-SPEC TD-R 3000
13.600 lítra - 8" sjálfvirkur áfyllibúnaður - Beygjur á aftari hásingu - 60km/h öxlar - o.fl.



4.190.000 + vsk.
HI-SPEC SA-R 2600
12.200 lítra - Niðurteknir öxlar - 8" sjálfvirkur áfyllibúnaður - o.fl.

Nánari upplýsingar gefur sölufulltrúi vélasviðs í síma **480 5600** eða í netfanginu **landstolpi@landstolpi.is**



1.590.000 + vsk.
**HI-SPEC** - Keðjudreifari



659.000 + vsk.
**STORTH** - Haughræra - 4,6m



1.160.000 + vsk.
**STORTH** - Haugdæla - 6" 2,1-2,7 þrítengi

LANDSTÓLPI
Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600
Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
480 5610
www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is

LÍF & STARF

### Ævintýralegar trjákynbætur Þorsteins Tómassonar:

# Kynbætt rautt birkiyrki í útrás



Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is



Þorsteinn hefur í hartnær 40 ár stundað kynbætur á íslensku birki. Hér er hann við rauðblaða birki sem nýtist í víxlanir. Mynd / ghp

**Á næsta ári hefst sala á rauðblaða birkiyrkinu Hekla í Finnlandi. Mun það vera í fyrsta sinn sem trjátegund kynbætt á Íslandi er tekin til ræktunar erlendis. Þorsteinn Tómasson, plöntuerfðafræðingur og fyrrverandi forstjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, hefur um langa tíð unnið að erfðarannsóknum og kynbótum í birki. Hann hefur ýmislegt til málanna að leggja um mikilvægi kynbóta á plöntum.**

Síðsumars fékk tíðindakona Bændablaðsins að sötra á kaffi í garði Þorsteins og fræðast um birkikynbætur sem hann hefur stundað í hartnær 40 ár. Ástæðan var fregn sem henni barst til eyrna af útflutningi á nýju íslensku trjáyrki til Finnlands, sem henni fannst nokkuð galin. Fregnin reynist rétt en áður en Þorsteinn sagði mér frá því áréttaði hann mikilvægi plöntukynbóta og rannsókna, sem er honum hugleikið.

„Það er full ástæða til að hrósa Bændablaðinu fyrir tímabæra umræðu um hvernig staðið skuli að erfðarannsóknum og ræktun á helstu nytjaplöntum sem við byggjum landbúnað okkar á, þar með talið trjárækt. Í orðinu ræktun felast kynbætur samanber hið þrautræktaða séra Guðmundarkyn sem Bjartur í Sumarhúsum hafði svo miklar mætur á. Erfðarannsóknir og kynbætur í búpeningi landsmanna skila stöðugum og miklum árangri en hann bliknar þó í samanburði við þær hlutfallslegu hækkanir og framfarir sem við getum náð í trjárækt ef við einhendum okkur í þær. Í öðru lagi er okkur brýn nauðsyn að efla þessa starfsemi til að mæta þeim áskorunum sem felast í miklum og ögrandi breytingum sem eru að verða í ræktunarskilyrðum vegna hraðfara loftslagsbreytinga, samfara því að efla landbúnað og skógrækt sem hluta af hagvörnum landsins.“

***Skógrækt er Íslendingum kær***

Framan af starfsferli sínum sinnti Þorsteinn aðallega grasakynbótum og rannsóknum á byggi.

„Þegar ég kom til starfa á Rannsóknastofnun landbúnaðarins árið 1970 var kal mikið vandamál og lítið úthald sáðgrasa í túnum bænda. Þannig beindist athyglin mest að kynbótum helstu grastegunda og frærækt þeirra í upphafi en síðar efldist kornræktin og nauðsynlegar kynbætur á byggi. Árið 1985 urðu þau vatnaskil á mínum starfsferli að ég gerðist forstjóri RALA en áhuginn á faginu svo og áhuginn á skógrækt urðu snar þáttur í frístundastarfi mínu. Skógræktaráhugi virðist reyndar vera nánast innbyggður í Íslendinga þar sem liðlega 80% þjóðarinnar styður aukna skógrækt. Uppbygging ungmennafélaga í upphafi síðustu aldar og aðkoma hreyfingarinnar að ræktun lands og lýðs ásamt hvatningu stórskálda þjóðarinnar og leiðtoga eiga sinn þátt í þeirri stöðu.“

Hann sá tækifæri í því að efla erfðarannsóknir og kynbótastarf á birki sem fyrirmynd gagnvart öðrum tegundum.

„Margar ástæður liggja til þess. Birkið er eina trjátegundin sem myndar samfellt skóglendi á Íslandi. Landið býður upp á margvíslega sérstöðu til ræktunar miðað við flest þau svæði þar sem við sækjum erfðaefni af öðrum trjátegundum svo sem varðandi jarðvegsgerð, veðurfar og nýtingu svo eitthvað sé nefnt. Birki er einnig að finna á langflestum þessara



Hér má sjá fjögur systkini, kynbótaplöntur. Móðirin er svonefnt hengibirki sem er mun öflugra tré en ilmbjörkin og faðirinn er Hekla. Blendingsþróttur er mikill, hæðin um 170 cm frá sáningu í mars síðastliðnum. Mynd / ghp



Grænt birkilauf verður gult í haustlitum, dumbrautt verður rautt. Mynd / ÞT

sömu svæða þannig að niðurstöður rannsókna á því gætu orðið leiðbeinandi um þær tegundir. Að auki má nefna að birki er mjög breytilegt og kynslóðabil þess stutt og því þarf ekki að bíða lengi eftir að sjá árangur af kynbótastarfi. Hugmyndin var að slíkt rannsókna- og þróunarstarf gæti veitt leiðsögn um árangur sem mætti ná í öðrum trjátegundum. Að lokum má nefna vinsældir tegundarinnar meðal Íslendinga,“ segir Þorsteinn.

***Gróðurbótafélagið og tilurð yrkisins Embla***

„Bjarni Helgason jarðvegsfræðingur var samstarfsmaður minn á RALA en hann lauk doktorsprófi frá háskólanum í Aberdeen. Bjarni var öflugur skógræktarmaður og efndi til margra áhugaverðra tilrauna á jörðinni Hagavík við Þingvallavatn. Við ræddum oft sameiginleg áhugamál í skógrækt og það leiddi síðar til þess að stjórn Skógræktarfélags Íslands sem Bjarni sat í óskaði eftir því að ég héldi fyrirlestur um erfðarannsóknir og kynbætur trjáa á aðalfundi félagsins að Laugum í Sælingsdal sumarið 1983. Ég valdi að gera íslenska birkið að miðlægu viðfangsefni í fyrirlestrinum.“

Fyrirlestrinum var vel tekið og í framhaldi af honum bauð stjórn Skógræktarfélags Reykjavíkur Þorstein til fundar í Fossvogsstöð að undirlagi Þórðar Þorbjarnarsonar borgarverkfræðings.

„Þar var rætt með hvaða hætti félagið gæti komið að útfærslu þeirra hugmynda sem ég kynnti í fyrirlestri mínum að Laugum. Þetta varð upphafið að farsælu samstarfi um ræktun kynbótatrjáa og afkvæmarannsóknir. Síðar tók félagið við rekstri vefjaræktarstofu undir stjórn Þuríðar Ingvadóttur en sú mikilvæga starfsemi er því miður ekki lengur rekin í landinu. Síðsumars árið 1985 gerist svo það að Óli Valur Hansson garðyrkjuráðunautur lagði í mikinn leiðangur til Alaska við fjórða mann til að safna erfðaefni til skógræktar, landgræðslu og garðyrkju á svæðum sem ekki hafði verið safnað á áður. Úrvinnsla úr því safni sem fjórmenningarnir komu með frá Alaska var mikið verkefni sem að mestu var unnið af stórum hópi sjálfboðaliða frá ýmsum stofnunum, félagasamtökum og fyrirtækjum. Vilhjálmur Lúðvíksson, sem á þeim tíma var framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs, tók að sér að samræma starfið. Í þessum fjöruga samstarfshópi sem tók að nefna sig Gróðurbótafélagið lagði ég fram verkáætlun um kynbætur birkis.“

Afurð þess er yrkið Embla, fyrsta og eina kynbætta íslenska trjáyrkið sem búið er til úr alíslenskum efnivið.

***Yrkin Embla og Kofoed***

Verkefnið snerist um að kynbæta birkið og ná fram hærra hlutfalli af stæðilegri trjám en hægt er að gera ráð fyrir með sáningu fræs sem safnað er í íslenskri náttúru. Þegar birkifræi er sáð er almenn reynsla sú að breytileikinn er mikill, tré, kræklur og runnar. Þessu vildu Þorsteinn og félagar breyta.

Byrjað var á því hafa uppi njósnir um falleg tré á Stór-Reykjavíkursvæðinu, taka af þeim greinar og græða þær á nýja rót. Síðan voru trén gróðursett eftir ákveðnu skipulagi þannig að allar fræmæðurnar fengju sama frjógjafa. Afkomendahóparnir nýttust síðan í samanburðartilraunir sem lögðu grunn að vali á bestu fræmæðrunum sem mynda yrkið Embla. Í dag er Embla mikið notuð, t.a.m. er velflest birki sem notað er í almenningsrými í Reykjavík af því yrki.

„Á þessum tímapunkti fannst mér rétt að það yrði eign Skógræktarfélags Íslands og Garðyrkjufélags Íslands sem stutt höfðu verkefnið. Félögin sömdu svo við Skógræktina um frærækt og viðhaldskynbætur á yrkinu. Skógræktin lagði upphaflega til aðstöðu til frræktar á Tumastöðum. En í dag hefur verkefninu verið hætt. Það er því engin formleg frærækt á Emblu í dag þrátt fyrir yfirburði yrkisins í samanburðartilraunum sem er miður. Í dag er frærækt á Emblu eingöngu stunduð í takmörkuðum mæli í gróðurhúsi í garðyrkjustöðinni Mörk.

Þar þróaði Þorsteinn nýtt yrki



Finnski garðplöntuframleiðandinn Leif Blomqvist hefur hafið framleiðslu á Heklu. Trén fara á markað þar á næsta ári. Hér sést hann innan um breiðu af Heklutrjám í uppvexti. Mynd /Leif B.



Hekla er í víðtækri prófun víða um land og taka um 100 manns þátt í henni. Flest trén vaxa mjög vel og er metið 85 cm sumarvöxtur. Hér sést Þröstur skógræktarstjóri sáttur með sína Heklubjörk. Fagurhvítur Emblustofn sést í bakgrunni. Mynd /Þröstur Eysteinsson



Garðyrkjustöðin Mörk hefur frá upphafi lagt fram ómetanlega aðstöðu til birkikynbótanna. Hér sést Guðmundur Vernharðsson við kynbótaplöntur sem sumar hverjar koma til nota næsta vor. Mynd /ÞT



Dumbrauður litur Heklubjarkarinnar verður efalaust garðaprýði í náinni framtíð. Mynd ghp

þar sem hann notaði norskt birki með víxlunum við Emblubirki. Gæði þess yrkis voru ljós þegar Skógrækt ríkisins fagnaði hundrað ára afmæli árið 2010.

„Því fannst mér tilvalið að nefna það Kofoed til heiðurs þessari mikilvægu stofnun og fyrsta skógræktarstjóra landsins,“ segir Þorsteinn.

### *Rauða birkið frá Finnlandi og tilurð Heklu*

Á sjöunda áratugnum fannst sérstæð rauðblaða björk í nánd við bæinn Oulu í Finnlandi. Í fyrstu eru laufblöðin græn en breytast svo og verða dumbrauð. Hún vakti áhuga og hefur verið seld í ræktunarstöðvum á Norðurlöndunum. Guðmundur Vernarðsson í Mörk og Ólafur Njálsson í Nátthaga fengu leyfi til að flytja inn ellefu vefjaræktaðar plöntur af þessari tegund og af þeim fékk Þorsteinn eina.

„Finnar töldu að plantan væri geld og því ekki hægt að fjölga henni öðruvísi en með vefjarækt og því eru öll trén af sömu arfgerð. Niðurstaðan af ræktun þessara ellefu trjáa er að ekkert þeirra þrífst við íslenskar aðstæður og flestar eru dauðar. Ég lagði mig eftir að skoða þessi tré á Norðurlöndum þegar færi gafst og sá að á þeim uxu fræreklar, að vísu lélegir. Ég bað vini í Skandinavíu að safna fræi af plöntunni og áskotnaðist fræ frá fimm stöðum. Fræið gaf heilmargar plöntur og var helmingur þeirra rauður en hinn helmingurinn grænn. Það er því ljóst að þessi rauði eiginleiki stýrist af einum ríkjandi erfðavísi. Þannig munu grænu trén eingöngu gefa græna afkomendur en rauð planta mun gefa rauða og græna til helminga. Þessi rauði og græni erfðahópur reyndist mun betri til ræktunar á Íslandi en upprunalega finnska yrkið og með því að nota besta tréð til áframhaldandi kynbóta og víxlunar við tré af Kofoed yrkinu batnaði ræktunarhæfnin enn verulega og er Hekla ein arfgerð úr þeim áfanga. Frjó af Heklu hef ég svo notað í víxlunum við birki frá meðal annars Rússlandi og Asíu og fyrstu vísbendingar um árangur eru ævintýralegar en það verður tilefni í aðra umfjöllun.“

### *Rauðblaða birkið flytur „heim“ til Finnlands*

Maður er nefndur Leif Blomqvist og rekur garðplöntustöð í nánd við Oulu í Finnlandi. Leif hefur lagt sig sérstaklega eftir að bjóða upp á yrki sem henti til ræktunar garðplantna á norðlægum slóðum og lagt áherslu á harðgerð yrki af berjategundum. Hann hefur og skrifað vinsælar bækur um þá iðju og hlotið opinberar viðurkenningar. Leif hefur selt margvíslegar garðplöntur til Íslands.

„Í tengslum við það hélt hann fyrirlestur á vegum Garðyrkjufélags Íslands fyrir nokkrum árum en ég sat þá í stjórn þess. Ég sýndi honum hvað ég væri að gera og hann lýsti áhuga á að fá að prófa framleiðslu á eftirlætis trénu í safninu til sölu í Finnlandi og á öðrum norðurlöndum. Ég sendi honum grein af trénu og yrkinu var fjölgað með vefjarækt. Ég nýtti tækifærið og pantaði í leiðinni framleiðslu á örplöntum til ræktunar hér. Landbúnaðarráðuneytið og MAST veittu heimild til innflutningsins þar sem plönturnar eru framleiddar í gerilsneyddu umhverfi á rannsóknastofu. Áður en erfðaefnið fór til Finnlands varð ég að velja því nafn og kaus að kalla það Heklu til að minna væntanlega kaupendur á upprunann auk þess sem nafnið tengist vitaskuld rauðum lit eldgosa.“

Leif hefur lýst því að Hekla hafi áhugaverða sérstöðu miðað við upprunalega rauða birkið sem lagði Heklu til litinn á laufinu, bæði í lit og ræktunareiginleikum en sala þess hefst næsta vor.

### *Prófanir á Heklu á Íslandi*

Áður en ný yrki eru sett á markað er rétt að reyna þau við margvíslegar aðstæður til að sanna ræktunarhæfni þeirra.

„Á RALA og nú á Landbúnaðarháskóla Íslands eru margvísleg plöntuyrki prófuð og á grundvelli niðurstaðna er gefinn út listi yfir þau yrki sem mælt er með. Þetta er mikilvæg þjónusta við landbúnaðinn þar sem miklir fjármunir fara í súginn ef röng sáðvara er notuð. Skógræktin leggur út margvíslegar tilraunir með trjátegundum en margar þeirra eru þannig að endanlegur dómur fellur seint. Einu samanburðarrannsóknir með birki sem Emblu yrkið var hluti af stóðu lengi áður en ágæti þess var staðfest. Af þessum ástæðum leitaði ég leiða að fá afgerandi mat á gæðum Heklu fljótt og ákvað að nota mér mikinn og jákvæðan áhuga sem mætt hefur þessari vinnu í birkinu. Úr vefjaræktuðu örplöntunum af Heklunni hafði ég náð að framrækta um 300 plöntur og naut þar góðrar aðstöðu í ræktunarstöð Reykjavíkurborgar. Kann ég Auði Jónsdóttur rekstrarstjóra og hennar samstarfsfólki miklar þakkir fyrir. Vorið eftir fengu ríflega hundrað manns tvær plöntur hver til ræktunar víða um land gegn því að skila upplýsingum um þrif þeirra. Afföll eru smávægileg og vöxtur víðast frábær,“ segir Þorsteinn.

Metið virðist eiga Pétur Halldórsson, kynningarstjóri Skógræktarinnar, sem gróðursetti eina plöntu í garð sinn á Akureyri þar sem hún óx 85 sentímetra í sumar og er mjög limfögur.

„Að auki má nefna að móðurtrénu sem stendur í garði okkar hefur ekki orðið misdægurt í sex ár. Það standa því góðar vonir til að álykta að hér sé komið yrki sem glatt geti garðeigendur og garðyrkjustjóra sem vilja lífga upp á gróðurrækt sína með þessu sérstæða dumbrauða yrki,“ segir Þorsteinn.

### *Plöntukynbætur nauðsynlegar*

Plöntukynbætur eru að sögn Þorsteins hluti af hagvörnum landsins og þær þarf að efla. Aðlaga þarf efnivið að breyttu veðurfari og bregðast við hlýnun.

„Núverandi fjármögnunarkerfi rannsókna gerir þetta starf mjög erfitt af því að verkefnið þarf að vera stöðugt í gangi til langs tíma í senn þó sjálfsagt sé að endurskoða það með jöfnu millibili. Í skógrækt búum við yfir mikilli auðlegð í óhemjumiklu og breytilegu erfðaefni af mörgum tegundum sem Skógræktin og margir áhugamenn hafa safnað og er í ræktun víða um land. Í birkikynbótunum er sýnt fram á miklar framfarir í árangri ræktunar og þeim má einnig ná og ekki síður í mörgum þessara innfluttu tegunda. Flestar þjóðir eru með hagvarnaráætlanir en lítið fer fyrir þeim hjá okkur. Kæruleysi hefur einkennt afstöðuna til þessa en umræðan um bættar hagvarnir er að aukast sem er vel. Óábyrg er notkun hins óskiljanlega hugtaks „framandi ágeng tegund“. Notkun þess hugtaks hefur leitt til þess að sumir hafa ályktað að við séum skuldbundin til þess að rækta einungis skóglendi með erfðaefni úr birkikjarri. Þá gleymist að maður og búpeningur hans hafa gerbreytt erfðasamsetningu birkis þannig að lágvaxið kræklótt kjarr sem kann að vera fallegt ásýndar er allt annað en það sem óx um landnám. Nægir að geta þess er Hjalti Skeggjason lét byggja haffært skip úr íslensku timbri í Þjórsárdal í lok tíunda aldar og sigldi til Noregs. Áhugavert væri að sjá íslenska skipasmiði leika það eftir með þeim trjám sem nú má finna í íslensku skóglendi, jafnvel þar sem öflugustu birkitrén vaxa nú. Nýlega hefur ríkisstjórn samþykkt svonefnda Bonn-áskorun og sett markið á að íslenskt birki þeki 5% af landinu. Það væri mjög misráðið að notast eingöngu við fræ úr kjarri sem oft kallast staðarbirki. Slíkir skógar skila litlum nýtanlegum afurðum, binda takmarkað magn kolefnis og eru erfiðir yfirferðar, sannkallað ótræði svo vitnað sé í orðnotkun Hákonar Bjarnasonar, fyrrverandi skógræktarstjóra.“




# Afstaða framboða til landbúnaðarmálefna



Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is

**Stjórnmálaflokkarnir sem eru í framboði í alþingiskosningum næstu helgi virðast vera frekar sammála þegar kemur að nokkrum meginaðgerðum landbúnaði í hag á komandi kjörtímabili.**

Þau vilja öll beita sér fyrir skilvirkum leiðum til að bændur geti tekið virkan þátt í verkefnum tengdum loftslagsmálum. Öll vilja þau styðja betur við landbúnaðarrannsóknir og tæknivæðingu í landbúnaði, auka jarðrækt og lækka verð á raforku til garðyrkjubænda og flest nefna breytingu á styrkjaumhverfinu sem forsendu fyrir bættum hag bænda.

Þetta kom meðal annars fram í viðtölum við fulltrúa allra stjórnmálaflokka sem eru í framboði fyrir alþingiskosningar 2021 á landsvísu og nálgast má á Hlöðunni, hlaðvarpi Bændablaðsins. Allir viðmælendur fengu sendan sama spurningalista með 15 spurningum. Svör þeirra endurspegla þær stefnur og skoðanir sem þau og þeirra flokkar ætla að beita sér fyrir á næsta kjörtímabili.

Hér verður tæpt á svörum viðmælenda við spurningum um hvaða aðgerðum, bændum í hag, framboðin hyggjast beita sér fyrir á næsta kjörtímabili.



*Ásthildur Lóa Þórsdóttir, oddviti Flokks fólksins í Suðurkjördæmi*

Sóknarfæri eru mörg og við styðjum við nýsköpun framsækinna og hugmyndaríkra bænda. Á hinn bóginn er það staðreynd að við búum í fámennu og harðbýlu landi þannig að landbúnaður mun alltaf þurfa stuðning, eins og raunin er í kringum okkur.

Við eigum að líta á styrki til bænda eins og laun annarra stétta sem hlúa að framtíðinni, eins og t.d. kennara, hjúkrunarfræðinga og listamanna.

Við eigum ekki að horfa á þetta eins og bændur séu einhver baggi á samfélaginu. Það er ekki rétt. Þeir eru að vinna fyrir okkur. Þeir eru að tryggja okkur matvæli.

Við viljum að búvörukerfið verði endurskoðað frá grunni, þannig að afurðaverð skili sér til bænda mun betur en nú er. Það er vinna sem bændur þurfa að koma að í samvinnu við ríkið. Það hlýtur að vera allra hagur að framleiðsluverð með sanngjarnri álagningu bænda skili sér til neytenda án þess að milliliðir maki krókinn um of. Fækkun milliliða er augljós leið til að lækka verð til neytenda.

Flokkur fólksins leggur áherslu á samvinnu við bændur í öllum aðgerðum sem snúast um landbúnað og kjör þeirra. Það þarf að efla og styðja við nýsköpun í landbúnaði í nánu samráði við bændur sjálfa. Einnig þarf að tryggja samfellu í verði til bænda þannig að stéttin búi við stöðugleika. Svo þarf að lækka orkuverð til bænda. Orkuverð til bænda á aldrei að vera hærra en orkuverð til stóriðjunnar.



*Sigurður Ingi Jóhannsson, oddviti Framsóknar í Suðurkjördæmi*

Það liggja tækifæri í því að hætta að líta á loftslagsvanda sem vanda landbúnaðar og landnýtingar heldur sjá sóknarfæri þar, auka tekjur landbúnaðarins og byggða um allt land í gegnum þær aðgerðir sem við þurfum að grípa til.

Við viljum breyta lögum um samkeppnisumhverfi og auka heimildir til frelsi til athafna. Jafnframt að koma til með einhvern nýstárlegan öðruvísi stuðning við fjölbreyttari landnýtingu og landnot í því skyni að bæði kolefnisbinda en líka framleiða vöru sem skortur er á á Íslandi. Heimila þarf afurðastöðvum aukið samstarf í anda þess sem er hjá mjólkurframleiðendum og að frumframleiðendur hafi meiri rétt til samstarfs og samvinnu. Heimila þarf athafnafrelsi fyrir bændur í kjötgeiranum, heimila slátrun og vinnslu að undangengnum ákveðnu áhættumati og hugsanlega námskeiðum og leyfum.

Við stefnum að því að segja upp tollasamningnum við Evrópusambandið vegna forsendubrests. Annars vegar vegna þess að við á Íslandi höfum eiginlega ekki nýtt neitt af þeim sóknarfærum sem landbúnaðurinn sóttist eftir þegar samningurinn var gerður upphaflega og hins vegar sú staðreynd að Bretland er farið út, með sín 15% af markaðnum. Núverandi ríkisstjórn kallaði eftir endurskoðun á samningnum, en til þess að draga Evrópusambandið að borðinu þá verðum við að segja honum upp. Það er það sem við ætlum að gera.



*Guðmundur Franklín Jónsson, oddviti Frjálslynda lýðræðisflokksins í Reykjavíkurkjördæmi norður*

Ég er búinn að marka mér skýra stefnu hvað þarf að gera peningalega séð. Mér finnst bændur ekki fá nógu mikið fyrir vinnuna sína.

Ég vil koma upp sjóði og hafa hann inni í Seðlabankanum og innkalla allar skuldir bænda, alveg sama hvar þær eru. Þeir geta komið með allar skuldir inn og við umpökkum þeim í lán sem eru mun ódýrari á miklu lægri vöxtum, bara um 1% og óverðtryggð.

Við erum með svo stórt lífeyrissjóðskerfi, þar eru 6.200 milljarðar kr. og þá vantar fjárfestingar á Íslandi. Seðlabankinn gæti selt þessi skuldabréf til lífeyrissjóðanna, öll í einum pakka. Bændur gætu farið inn í þennan sjóð og fengið ódýrari lán á lágum vöxtum, óverðtryggðum og fengið eins og þeir þurfa. Þannig að þessi sjóður yrði stór og mikill og ríkið yrði að koma með mótframlag í hann.

Ég vil draga úr milliliðunum en til þess að byrja með þá myndum við auka framlög til bænda um 10-20% sem færi beint á lögbýlin sem þyrftu þá aámóti að skapa t.d. eitt ársverk. Mikilvægt er að bændurnir sem búa á lögbýlunum myndu algjörlega ráða því í hvað þeir myndu nota peningana.



*Erna Bjarnadóttir, 2. sæti í Suðurkjördæmi fyrir Miðflokkinn*

Það þarf með einhverjum ráðum að auka tekjur margra bænda. Ég horfi fyrst og fremst til þess að taka til í tollverndinni og millríkjasamningum.

Það þarf að stoppa í tollverndina hér og þar, tollar á kjöti voru lækkaðir gagnvart Evrópusambandinu um 40% árið 2007 og þetta er komið þangað að hún varla heldur lengur. Aðgangsheimildir í formi tollfrjálsra kvóta fyrir Evrópusambandið inn á íslenskan markað eru hlutfallslega margfaldar á við það sem íslenskir bændur hafa inn á markað Evrópusambandsins. Þetta tel ég að þurfi að taka allt til endurskoðunar.

Síðan er fjölmargt sem þarf að líta á gagnvart landbúnaði hér innanlands. Það eru mjög áhugaverð verkefni í gangi hjá BÍ varðandi loftslagsmál og bindingu kolefnis. Þar eru tækifæri fyrir íslenska bændur sem stjórnmálin og Alþingi þurfa að styðja við. Síðan þarf að kynna gæði íslenskra landbúnaðavara, taka á í innkaupastefnu hins opinbera þannig að íslenskur landbúnaður fái réttar áherslur þar. Hægt er að skapa bændum ný tekjutækifæri t.d. með kolefnisbindingu og öðru því tengt. Þar þarf ríkið að koma til aðstoðar, skilgreina markmið, skilgreina hvernig binding fer fram, þannig að bændur geti aflað sér tekna sem eru með viðurkenndum aðferðum.



*Magnús D. Norðdahl, oddviti Pírata í Norðvesturkjördæmi*

Það mætti hugsa sér að lögfest sé einhver lágmarksframfærsla bænda og þeirra sem vinna í landbúnaði, í ætt við borgaralaun. Við viljum leggja mikla áherslu á nýsköpun.

Við þurfum að auka frelsi þannig að bændur geti gert annað og meira en nú er gert, en samt sem áður fengið styrki til þess. Við sjáum bara hvað er verið að gera utan styrkjakerfis í dag, þar sem bændur eru í berja- og baunarækt, kornrækt, rækta hunang og hamp. Alls konar svið nýsköpunar í landbúnaði eru því utan styrkjakerfis. Ef við hugsum okkur að þetta væri allt inni í því kerfi þá væri hægt að sjá mikla framþróun í þessum iðnaði, okkur öllum til heilla.



*Valgarður Lyngdal Jónsson, oddviti Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi*

Við höfum engan áhuga á að draga úr fjárframlögum til landbúnaðar á Íslandi en teljum tímabært að ráðast í róttæka endurskoðun á landbúnaðarkerfinu í góðu samráði við bændur. Stuðningurinn við landbúnaðinn verður að fagna fjölbreytileikanum á sterkari hátt en nú er. Markmiðið hlýtur að vera að nýta styrki hins opinbera vel, gera það með það fyrir augum að auka frelsi og bæta hag bænda og neytenda, stuðla að nýsköpun og fjölbreytni, til dæmis aukinni grænmetisrækt og umhverfisvænni matvælaframleiðslu.

Ég held að eitt af því sem þarf að gera til að bæta afkomu bænda sé að auka frelsi þeirra og að hverfa frá því að einskorða styrkjakerfið í landbúnaði við tvær framleiðslugreinar. Það er tími til kominn að hugsa það upp á nýtt, skoða hvort væri ástæða til að styrkja fleiri landbúnaðar- og atvinnugreinar sem fólk hefur áhuga á að stunda í sveitum landsins, einfaldlega með því að styðja fólk til búsetu. Bændur hafa margir sýnt mikla hugvitssemi við að fullvinna sjálfir sínar vörur, selja beint frá býli, og við höfum séð hvað skýrar upplýsingar um hreinleika og uppruna vörunnar skipta miklu máli. Það þarf að gera bændum kleift að nýta eigið hugvit til framfara og að þróa eigin framleiðslu.

## Örspurningar til framboðanna

| | Flokkur fólksins | Framsókn |
|---|---|---|
| Á að gera sömu kröfur til innfluttra og innlendra matvæla? | já | já |
| Á að setja skýrari kröfur um upprunamerkingar matvæla í mötuneytum og á veitingastöðum? | já | já |
| Á að færa málefni skógræktar og landgræðslu undir Landbúnaðarráðuneytið? | já | já |
| Sérð þú fyrir þér sjálfsstætt Landbúnaðarráðuneyti? | já | já |
| Á að niðurgreiða raforku til garðyrkjubænda? | já | já |
| Á að vernda íslenska matvælaframleiðslu með tollum á innflutt matvæli? | já | já |
| Er möguleiki að gera skógrækt á Íslandi hluta af framleiðslu bænda? | já | já |
| Á að auka stuðning við nýliðun í landbúnaði? | já | já |
| Á ríkið að koma inn með sérstaka styrki/fjárveitingar vegna skrefa í átt að kolefnishlutleysi í landbúnaði? | já | já |
| | | |

# ALÞINGISKOSNINGAR 2021



*Haraldur Benediktsson, 2. sæti í Norðvesturkjördæmi fyrir Sjálfstæðisflokkinn*

Afkoma í kjötgreinum verður að vera betri til að viðhalda framleiðsluvilja. Ég horfi til þess að það sé hægt að ná meiri hagkvæmni með samstarfi milli afurðastöðvanna. Við verðum að átta okkur á því að það hefur orðið grundvallarbreyting á íslenskum búvörumarkaði. Við erum ekki lengur lokaður innlendur markaður, heldur erum við í samkeppni við miklu stærri markað erlendis. Því verður að skapa matvælaiðnaði og úrvinnslu á landbúnaðarvörum, sem er ein stærsta iðngrein á Íslandi, eðlileg samkeppnisskilyrði.

Það er það sem hefur vantað upp á á undanförnum árum. Það mun algerlega ráða framtíð kjötgreina hér á landi, hvernig okkur tekst að breyta þessari umgjörð á næstu árum. Til viðbótar við það eru sóknarfæri í að gera búskapinn hagkvæmari og skilvirkari. Þar horfi ég ekki síst á eflingu RML og þjónustu við bændur, meiri rekstrarráðgjöf og rannsóknir í landbúnaði sem og til loftslagsmála. Íslenskur landbúnaður á að vera hluti af því verkefni. Íslenskur landbúnaður getur verið búbót, það er hægt að kaupa ákveðna þjónustu af bændum í loftslagsmálum sem mér finnst að eigi að flétta með eðlilegum hætti við byggðastefnu og/eða landbúnaðarstefnu.



*Guðmundur Auðunsson, oddviti Sósíalista í Suðurkjördæmi*

Við lítum svo á að það þurfi að stokka upp styrkjakerfið. Staðarlandbúnaðurinn er að breytast, við erum að færast frá því að vera hreinir kjötframleiðendur, yfir í meiri grænmetisræktun og með hækkandi hitastigi þá eru möguleikar á kornrækt sem myndi minnka innflutning, sérstakleg á dýrafóðri. Styðja þarf við framleiðslu garðyrkjubænda með niðurgreiðslu á raforku.

Við viljum vinda ofan af milliliðakerfinu sem við teljum að sé að taka alltof mikið út úr kerfinu. Auka þarf aðgengi að ódýru lánsfé. Það þarf að vera með einhvers konar stuðningssjóð, lánasjóð á vegum ríkisins. Við sjáum fyrir okkur að það væri hægt að setja á fót nýsköpunarsjóð sem hægt væri að ganga að, ekki bara varðandi umhverfisvernd, þar sem bændur geti nálgast fjármagn til að koma fram með nýjungar. Við teljum að bændur hafi sýnt það og muni sýna það að þeir geta aðlagast nýjum tímum.



*Axel Sigurðsson, 5. sæti í Suðurkjördæmi fyrir Viðreisn*

Við erum ekki sammála því að standa þurfi vörð um núverandi afkomu bænda. Í fyrra settum við tvö Evrópumet sama dag, bændur fengu lægsta afurðaverðið og neytendur hæsta verð. Það er óboðlegt fyrir bændur og neytendur. Við viljum breyta þessu og ætlum að gera það.Við ætlum að gera það með framsýni, með auknum tækifærum fyrir bændur til að framleiða fjölbreyttari og hagkvæmari vöru. Við ætlum að auka fjölbreytnina og innri samkeppni meðal bænda þannig að þeir geti selt betur og nær til neytenda. Við ætlum að tryggja aukinn sveigjanleika til að mæta breyttum kröfum sem neytendur eru að kalla eftir. Við ætlum að aðstoða bændur að nálgast markaðinn betur svo þeir geti svarað kalli neytenda eftir breyttum landbúnaðarafurðum.

Við viljum auðvelda bændum að hámarka sína eigin afkomu með aukinni vinnslu og auknum sveigjanleika í framleiðslu með einföldun á íslensku reglugerðarverki. Við ætlum að umbreyta búvörusamningnum úr framleiðslutengingu og yfir í umhverfisvænni framleiðslu. Við ætlum að leggja aukið fé til útiræktunar.

Við viljum leggja aukna áherslu á lífrænan landbúnað. Við viljum leggja aukna áherslu á hringrásarhagkerfið og sjálfbærni og við viljum sjá mikið meira fé renna í jarðræktarstyrki. Við viljum leggja aukna áherslu á möguleika til heimavinnslu.



*Bjarkey Olsen, oddviti Vinstri grænna í Norðausturkjördæmi*

Það hefur ekki verið skýrt hver stefna ríkisins er en nú eru komin drög að lLandbúnaðarstefnu sem er mjög mikilvægt fyrsta skref. Þar er m.a. talað um að draga úr framleiðslutengingu stuðningsins en auka hann við fasta búsetu, auk þess að efla jarðræktarstyrki.

Við þurfum að bæta afkomu og efla innlenda framleiðslu og styðja við ræktun á fleiri tegundum, t.d. í grænmeti.

Við þurfum að tryggja að bændur fái raforku á viðunandi verði þannig að þeir geti haft einhvern arð af því sem þeir eru að gera. Við þurfum líka að skapa afurðastöðvunum stöðu til þess að vera í samstarfi í sama mæli og við sjáum í nágrannalöndunum okkar.

Við hljótum að geta gert slíkt hið sama og þetta hefur verið gert í mjólkuriðnaðinum. Við verðum að tryggja nauðsynlega aðkomu bænda að lausnum í loftslagsmálum, að þeirra framlag til loftslagsmarkmiða skapi þeim tekjur þannig að þeir sjái hag sinn í því.




## Afstaða x21 á Hlöðunni

**Viljir þú fræðast um áherslur framboðanna í landbúnaðarmálum ættir þú að leggja hlustir við þáttaröðina Afstaða x21 á Hlöðunni, hlaðvarpi Bændablaðsins. Þar má finna ítarleg viðtöl við fulltrúa hvers framboðs sem varpa ljósi á áherslumál stjórnmálaflokkanna þegar kemur að landbúnaði.**

**Öll þáttaröðin er nú aðgengileg á vefsíðu Bændablaðsins og á öllum helstu streymisveitum.**

### Spurningarnar sem viðmælendur fengu:

**1. Markmið bæði bænda og ríkis virðast vera skýr: Að standa vörð um afkomu bænda og tryggja sem hagkvæmast verð fyrir neytendur. Eruð þið sammála þessum markmiðum? Hvernig sérðu fyrir þér að unnið sé að þeim og ná meiri árangri í því en verið hefur?**

**2. Hvaða leiðir sérð þú til að bæta afkomu bænda?**

**3. Hvaða aðgerðum, bændum í hag, hyggst flokkurinn þinn beita sér fyrir á næsta kjörtímabili?**

**4. Hvernig á fyrirkomulag opinbers stuðnings til landbúnaðar að vera háttað?**

**5. Hvernig á ríkið að styðja við umhverfisstefnu bænda?**

**6. Hver er stefna flokksins gagnvart tollvernd á landbúnaðarafurðir?**

**7. Hvernig sér þinn flokkur fyrir sér að tryggja samkeppnishæf rekstrarskilyrði bænda?**

**8. Hvernig á að tryggja að framleiðsla innlendra og innfluttra matvæla lúti sömu kröfum?**

**9. Hvaða áherslur mun flokkurinn beita sér fyrir við mótun landbúnaðarstefnu?**

**10. Hvernig vill þinn flokkur tryggja búsetu á landsbyggðinni? Telur þú að afkoma í landbúnaði hafi áhrif á búsetu?**

**11. Hver á stefna ríkisins að vera með búsetu á ríkisjörðum?**

**12. Hvernig sér flokkurinn fyrir sér að auka nýliðun í landbúnaði?**

**13. Hvernig sér flokkurinn fyrir sér að styðja við tæknivæðingu í landbúnaði?**

**14. Hver er afstaða flokksins þíns til landbúnaðarrannsókna?**

**15. Hvernig á að tryggja fæðuöryggi í landinu?**

**16. Nú kostar það 55 milljarða að framleiða 210.000 tonn af búvörum, miðað við tölur síðasta árs. Þar af lagði ríkið 13 milljarða kr. í beinan stuðning. Ef bændum er falið að setja eitthvert hlutfall af þeim styrkjum sem þeir fá í dag í að ná árangri í umhverfismálum, hvernig sérðu fyrir þér að kostnaður bænda við að vera umhverfisvænni verði dekkaður?**

| Frjálslyndi lýðræðisflokkurinn | Miðflokkurinn | Píratar | Samfylking | Sjálfstæðisflokkurinn | Sósíalistaflokkurinn | Viðreisn | Vinstri græn |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| já | já | já | já | já | já | já | já |
| já | já | já | já | já | já | já | já |
| nei | já | já | já | já | pass | nei | nei |
| já | já | já | já | nei | já | já | nei |
| já | já | já | já | já | já | já | já |
| já | já | já | nei | já | já | nei | já |
| já | já | já | já | já | já | já | já |
| já | já | já | já | já | já | já | já |
| já | já | já | já | já | já | já | já |
| | | | | | | | |



Útiræktunin í Narfaseli er stunduð á fjórðungi úr hektara lands, en stefnan er að tvöfalda það fyrir næsta ár. Hafnarfjall í baksýn. Myndir / smh

## Narfasel er nýtt garðyrkjubýli undir Hafnarfjalli:

# Fundu jarðnæði sem var ekki í boði í Sviss

**Á bænum Narfaseli, undir Hafnarfjalli í Borgarfirði, hafa svissnesku hjónin Laurent og Lola Balmer sest að og stunda þar grænmetisræktun úti og inni í gróðurhúsi. Þau fluttust til Íslands snemma á síðasta ári og hafa reist sér íbúðarhúsnæði, geymslu og lítið kornsíló á landinu – auk veglegs 450 fermetra gróðurhúss.**

Þau hófu ræktun strax á fyrsta ári á Íslandi, brutu fjórðung úr hektara lands til metnaðarfullrar útiræktunar en ræktuðu sérstök tómatayrki, ýmsar tegundir af salati, kúrbít, kryddjurtir, spírur og fleira undir gróðurhúsaplasti.

### *Meira jarðnæði í Sviss ekki í boði*

Fyrir áttu þau fimm ára farsæl garðyrkjuár að baki í Sviss, en áttu þar ekki kost á því jarðnæði sem þau sóttust eftir. Þau fóru því að svipast um eftir hentugum aðstæðum í öðrum löndum til að setjast að og komust að þeirri niðurstöðu að Ísland myndi passa þeim fullkomlega. „Ég er menntaður í hefðbundinni búfræði og sjálfmenntaður í garðyrkju, ég er einnig með tæknifræðimenntun, sem hefur komið að góðum notum hér við húsbyggingar," segir Laurent. „Til að fjárhagsáætlun okkar gangi upp þurfum við að gera eins mikið sjálf og við mögulega getum – og ég hef til dæmis að langmestu leyti sjálfur teiknað, hannað og reist þennan húsakost okkar.

Við vorum með farsælt garðyrkjufyrirtæki í Sviss sem við seldum og svo fengum við hagstætt lán frá einkaaðila í Sviss," segir Laurent þegar hann er spurður um hvernig þau hafi fjármagnað þetta ævintýri á Íslandi.

„Fyrsta árið einbeitum við okkur að þeim tegundum sem við höfum náð góðum árangri með í Sviss – og við erum komin með fimm svín sem við ætlum að nota til kjötframleiðslu. Við fengum þau í mars og vorum fyrst í stað með þau inni í gróðurhúsinu en hleyptum þeim svo út þegar veður leyfði en við erum með gott landrými fyrir slíkan búskap, því landið er alls um 28 hektarar."



Laurent og Lola Balmer eru svissneskir garðyrkjubændur sem settust að undir Hafnarfjalli á síðasta ári. Hector, yngsti sonur þeirra, er hér með þeim á mynd.



Frá sveitaversluninni í Narfaseli. Mynd / Narfasel

### *Áskorun garðyrkjubænda undir Hafnarfjalli*

Laurent játar að búferlaflutningarnir séu heilmikil áskorun fyrir fjölskylduna og sömuleiðis hafi hann heyrt miklar sögur um að „veðrið undir Hafnarfjalli" geti verið þolraun fyrir garðyrkjubændur. „Við vitum nú að gróðurhúsið okkar þolir í það minnsta hviður upp á 32 metra á sekúndu, en það er við því að búast að plastið gefi sig ef hér koma mjög miklar hviður. Þá verður að öllum líkindum bara tjón á plasti, því við smíðina á sjálfri grindinni á gróðurhúsinu var gert ráð fyrir að hún þyldi mikinn vind.

Við leggjum upp úr því að vera ekki með varnarefni í okkar ræktun, hvorki skordýra- eða illgresiseitur. Það kostar auðvitað meiri handavinnu en við teljum að það sé vel þess virði. Við erum með smá hita hér í gróðurhúsinu, en við viljum til dæmis í tómataræktuninni að vöxturinn á aldinunum sé ekki of hraður. Við sækjumst eftir meiri bragðgæðum en almennt er í boði, sem við fáum með vali á tilteknum yrkjum. Við ræktum líka beint í jarðveginum sem ég tel að skipti máli varðandi bragðið."

Laurent segir að þau hafi fengið mjög góðar móttökur á Íslandi, bæði frá nágrönnunum – sem hafa lagt hönd á plóginn – og svo streyma viðskiptavinirnir til þeirra um hverja helgi, en þau reka litla sveitaverslun við íbúðarhúsið sitt. „Við erum mjög ánægð með viðtökurnar sem vörurnar okkar hafa fengið. Við sendum líka til sveitunga okkar einu sinni í viku; í Borgarnes á Hvanneyri og á Akranes."

### *Byrjuðu á spíruræktun*

Eitt af fyrstu verkunum hér var að byrja ræktun á skjólbeltum. Við settum niður um 4.500 trjáplöntur á síðasta ári. Við hófum svo í febrúar ræktun á spírum – til dæmis ertu- og radísuspírur – og svo bættust tegundir við jafnt og þétt fram á sumar. Það eru veitingastaðir hér í nágrenni okkar sem kaupa mest af spírunum," segir Laurent sem vonast til að geta ræktað innandyra eitthvað fram á vetur. „Svo verðum við auðvitað með talsvert grænmeti úr útiræktuninni í geymslum sem við seljum yfir allt árið, eins og hvítkál, rauðkál, gulrætur og kartöflur," bætir hann við.

„Helsta verkefnið fyrir næsta ræktunarár er að tvöfalda útisvæðið og við munum leggja sérstaka áherslu á framboð grænmetis sem er árstíðabundið.

Þá er líka stefnan að vinna úr uppskerunni okkar og framleiða vörur eins og súrkál og fleira í þeim dúr í litlu framleiðslueldhúsi sem við erum að koma okkur upp," segir Laurent að lokum um verkefnin næstu vikur og mánuði. /smh

XF

Flokkur Fólksins

# Eflum byggð bætum mannlíf!

**Flokkur Fólksins vill stórefla innviði og bæta grunnþjónustu við landsmenn svo að hér verði betra að búa.**

**Heilbrigðismál:** Öfluga þjónustu í heimabyggð; biðlista burt; nýtum fullbúnar skurðstofur!

**Samgöngur:** Flýtum framkvæmdum við vegi og jarðgöng og tvöföldun brúa; örugga nettengingu og farsímatengingu um land allt!

**Sjávarútvegur:** Kvótann aftur heim; frjálsar handfæraveiðar; fullt verð fyrir aðgang að auðlind þjóðarinnar!

**Landbúnaður:** Styðjum við öflugan og fjölbreyttan landbúnað til hagsbóta fyrir bændur og neytendur; tryggjum hreinar íslenskar gæðavörur og fæðuöryggi í landinu!

**Orkumál:** Afhendingaröryggi rafmagns verði aukið, m.a. með raflínum í jörð; komum á þriggja fasa rafmagni um land allt!

**Mannsæmandi lífskjör:** Hækkum skattleysismörk í 350.000 kr. á mánuði; afnemum skerðingar á atvinnutekjum eldri borgara, öryrkja og námsmanna!



**Settu X við F – fyrir þína framtíð!**

# Flokkur Fólksins er andvígur frumvarpi um Hálendis

Við hjá Flokki fólksins styðjum ekki takmarkanir á ferðafrelsi almennings innanlands til að njóta eigin náttúru. Hálendið er unaðsreitur sem má ekki stofnanavæða í formi þjóðgarðs með tilheyrandi ráðherraræði á kostnað almannaréttar og almannahagsmuna. Við treystum heimamönnum í nærliggjandi sveitarfélögum vel til að halda utan um hálendismálin.

Það hafa ekki allir efni á utanlandsferðum og ekki síst þess vegna er gríðarlega mikilvægt að almenningur hafi greiðan aðgang að þessari endurnærandi paradís hálendisins án gjaldtöku. Íslendingar hafa notið hennar lengi, til dæmis innan vébanda útivistarfélaga, og almennt gengið vel um. Við treystum þessu fólki til að njóta hálendisins, virða það áfram og vernda í senn.



# þjóðgarð

**Aðför að lýðræði**

Römm forsjárhyggja, boð og bönn einkenna frumvarp VG um Hálendisþjóðgarð. Í þeim skilningi má halda því fram að frumvarpið vegi að lýðræði í landinu. Frumvarpið felur í sér að yfir 30% af Íslandi eru hrifsuð af kjörnum sveitarstjórnafulltrúum og færð í hendur forstjóra þjóðgarðsins sem heyrir beint undir ráðherra, með tilheyrandi geðþóttaákvörðunum.

Vegna þessara stóru galla og margra fleiri erum við hjá Flokki fólksins andvíg frumvarpi VG um Hálendisþjóðgarð.



### Skýrslu skilað til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um tækifærin í orkutengdri matvælaframleiðslu:

# Tækifærin fjölmörg á sviðum yl- og kornræktar

**Á vegum Orkídeu, sem er samstarfsverkefni um nýsköpun í matvælaframleiðslu á Suðurlandi, var gefin út áfangaskýrsla í sumar um tækifæri Íslands í orkutengdri matvælaframleiðslu að beiðni sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.**

Í skýrslunni kemur fram að tækifæri eru á ýmsum sviðum; meðal annars ylrækt, próteinframleiðslu, kornrækt, frumuræktun, eldi sjávar- og vatnadýra – auk möguleika í matvælavinnslu.

Orkídea samstarfsverkefni var komið á fót síðla árs 2020. Verkefnið er í eigu Landvirkjunar, Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga og Landbúnaðarháskóla Íslands. Auk þess styrkti sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið stofnun verkefnisins með framlagi árið 2020.






Sveinn Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri Orkídeu og Helga Gunnlaugsdóttir, rannsókna- og þróunarstjóri Orkídeu.

*Útflutningur á hágæðamatvælum*

Höfundar skýrslunnar eru þau Sveinn Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri Orkídeu og Helga Gunnlaugsdóttir, rannsókna- og þróunarstjóri Orkídeu.

Varðandi ylræktina segir Sveinn að ódýr raforka sé frumskilyrði ylræktar til útflutnings en sömuleiðis styðji jarðhiti við hagkvæmni ylræktar á Íslandi.

„Útflutningur á hágæðamatvælum sem ætlaðar eru vel borgandi sessmörkuðum [e. niche markets] er fýsilegur kostur. Þá má einnig nefna að breytingar sem fela í sér styttingu á flutningstíma gefa aukna möguleika á útflutningi matvæla“ segir Sveinn. „Svo má einnig nefna nýja próteingjafa,“ bætir Helga við. „Við teljum líklegt að markaður fyrir fóðurprótein framleitt á sjálfbæran hátt, til dæmis vegna fiskeldis, aukist mikið á næstu árum, bæði hérlendis og erlendis. Sömuleiðis mun slík próteinframleiðsla verða nýtt til manneldis í auknum mæli, til dæmis með framleiðslu á smáþörungum og skordýrum. Slík fóður- og matvælaframleiðsla hentar vel í grænum iðngörðum.“

*Tækifæri í hefðbundinni kornrækt og erfðabreyttri*

Helga segir enn fremur að í skýrslunni sé lögð áhersla á aukna kornrækt, til fóðurs og manneldis. „Kornrækt til manneldis er mjög takmörkuð hérlendis en tækifærin eru augljóslega til staðar. Íslensk kornrækt notar nánast engin varnarefni sem gefur aukna möguleika á útflutningi á sessmarkaði. Það er hins vegar skortur á miðlægri kornvinnslu; til dæmis þurrkun og mölun sem háir þróun í greininni.

Framboð á hagstæðum lánum og aukin fyrirgreiðsla opinberra aðila myndi auðvelda innviðauppbyggingu á sviðinu.

Þá felur ræktun erfðabreyttra korntegunda í sér mikla möguleika fyrir íslenska kornrækt, til að framleiða sérhæfð prótein til dæmis fyrir lyfjageirann, matvælaframleiðslu og fæðubótarefni.“

*Möguleikar í fiskeldi á landi*

„Enn eru miklir möguleikar í fiskeldi því auk sjókvíaeldis er mikill áhugi á að auka landeldi meðal fiskeldisfyrirtækja. Landeldi býður upp á stýrðar aðstæður, stöðuga framleiðslu, minni sjúkdómahættu og minni umhverfisáhrif. Landeldi er hins vegar orkukræft og krefst aðgengis að raforku á hagstæðu verði. Landeldi nýtur líka góðs af fjölbreyttum auðlindastraumum grænna iðngarða,“ segir Sveinn.

„Við megum heldur ekki gleyma því að ein af hindrunum fyrir útflutningi á matvælum frá Íslandi er að flutningstími ferskvöru á erlenda markaði takmarkast af geymsluþoli. Matvælavinnsla sem eykur geymsluþol og dregur úr þyngd býður upp á aukna útflutningsmöguleika auk þess sem flutningur verður ódýrari. Til dæmis má með frostþurrkun varðveita bragðgæði og næringargildi matvæla. Frostþurrkun er orkufrek vinnsluaðferð en gæti verið miðlæg í ákveðnum landshlutum og þá nálægt tengipunktum raforku og/eða jarðgufu og útflutningsgáttum.“

*Hagstætt verð og aðgengi að raforku*

Sveinn segir að það gefi auga leið að orkutengd matvælaframleiðsla sé háð aðgengi og hagstæðu verði á raforku. „Stór hluti rafmagnsverðs í dreifbýli er vegna flutnings og dreifingar. Til að ná niður þessum kostnaði er lagt til að stjórnvöld fari í ítarlega kortlagningu og ákvörðun á bestu staðsetningu tengipunkta háspennu raforku í dreifbýli og ýti þannig undir stofnun grænna iðngarða eða klasa sem nýta orku og auðlindir á hagkvæman hátt. Þessir tengipunktar eru til og þá þurfum við að styrkja með betri innviðum. Annars staðar eru aðrar kjöraðstæður til dæmis ódýrt land, heitt og kalt vatn og aðgengi að útflutningsgáttum en tengipunkta vantar til dæmis á Suðurlandi. Að okkar mati er þetta mikilvægasta verkefni stjórnvalda núna og forsenda þeirra tækifæra sem við teljum upp í skýrslunni.“

Skýrsluna má nálgast á vef Orkídeu, orkidea.is. /smh

---

### Gefa almenningi innsýn í starfsemi fiskeldis á landsbyggðinni:

# Fyrsta fræðslumiðstöð landsins um fiskeldi hefur verið opnuð í 101 Reykjavík

**Lax-Inn er ný fræðslumiðstöð fiskeldis á Grandagarði í Reykjavík, sem var opnuð formlega 10. september. Þar er nú hægt að kynna sér starfsemi fiskeldis með beintengingu myndavéla bæði í land- og sjóeldi á landsbyggðinni ásamt ýmsu öðru fræðsluefni um þessa atvinnugrein.**

Það er Sigurður Pétursson, sem er stofnandi og eigandi nýja fræðslusetursins, en þetta mun vera fyrsta fræðslusetrið um fiskeldi á Íslandi sem kynnir framleiðslu, tækni og afurðir úr íslensku laxfiskaeldi.



Sigurður Pétursson, stofnandi Lax-Inn og Katrín Unnur Ólafsdóttir, verkefnisstjóri Lax-Inn. Katrín segir nýju fræðslumiðstöðina hafa fengið mjög góð og jákvæð viðbrögð. Mynd / Aðsend

*Frá hrogni til fisks á disk*

„Við leggjum áherslu á fræðslu um hvernig fiskeldi við íslenskar aðstæður fer fram, frá hrogni til fisks og alla leið á disk neytenda. Heildarferli framleiðslunnar er lýst, til dæmis hvernig jarðvarmi og græn raforka eru nýttar og hagstæðar umhverfisaðstæður í landeldi einnig með gegnumstreymi og hringrásarkerfi. Frætt er um áframeldi í sjó, en það er gert við köldustu aðstæður sem þekkjast í laxfiskaeldi í heiminum. Öllu framleiðsluferlinu eru gerð ítarleg skil, hvað einkennir gæði afurða og umhverfisáhrif framleiðslunnar rakin. Áhersla er lögð á kynningu á eldistækni íslenskra fyrirtækja sem eru mjög framarlega á heimsvísu í tæknilausnum bæði í eldi og framleiðslu,“ segir Sigurður.

*Fremstir í bleikjueldi og laxeldi á landi í heiminum*

„Íslendingar eru í dag fremstir í bleikjueldi og laxeldi á landi í heiminum en saga þess er löng hér á landi. Elstu rituðu heimildir um fiskeldi við land ná aftur til landnámsaldar þegar laxfiskar voru fluttir úr ám í tjarnir til þess að eiga mat allt árið. Hvergi á heimsvísu er stundað jafn mikið eldi Atlantshafslaxaseiða í tengslum við seiðasleppingar í ár. Bleikjueldið er það stærsta á heimsvísu og er mesta framleiðsla á lax í landeldi hér á landi. Þá hefur hlutfallslegur vöxtur sjóeldis á laxi verið mestur við Íslandsstrendur á síðustu árum. Í fyrra varð lax næststærsta útflutningstegund sjávarafurða á eftir þorski. Íslensk tæknifyrirtæki hafa náð mjög langt á heimsvísu í tæknitengdu eldi eins og Vaka ehf., sem og vinnslu eldisafurða, og nægir þar að nefna Marel, Völku og Skaginn 3X,“ segir Sigurður.

*Tengsl við atvinnugreinina*

Sigurður hefur víðtæka menntun og reynslu úr land- og sjóeldi laxfiska (bleikju, silung og laxi) og komið að ýmsum nýsköpunarverkefnum á sviði laxaræktunar. Lax-Inn er í samstarfi við fjölmarga aðila sem munu kynna starfsemi sína í þessu nýja fræðslu- og nýsköpunarsetri. Verkefnisstjóri Lax-Inn er Katrín Unnur Ólafsdóttir, véla- og iðnaðarverkfræðingur.

*Fræðslumiðstöð fiskeldis*

„Tilgangur fræðslumiðstöðvarinnar er að „opna“ glugga að starfsemi fiskeldis hér á landi, uppfræða og vekja áhuga almennings á sjálfbærri matvælaframleiðslu atvinnugreinarinnar. Enn fremur er markmiðið að miðla þekkingu um stöðu og framþróun í tækni eldisferilsins og gera upplýsingar um umhverfisþætti aðgengilega. Að lokum er markmiðið að gera tækifærin sem byggja á mikilli tækniþróun og nýsköpun sýnileg,“ segir Katrín Unnur. Allar nánari upplýsingar um nýju fræðslumiðstöðina er að finna á heimasíðunni www.lax-inn.is. /MHH

LÍF & STARF



Íbúar Bakkafjarðar komu saman til fundar á dögunum og fóru yfir stöðu verkefnisins „Betri Bakkafjörður“, sem staðið hefur yfir undanfarin misseri. Fundurinn var vel heppnaður og fjölmennur.

# Betri Bakkafjörður

## – Fræðslu og umhverfismál í brennidepli

**Íbúar Bakkafjarðar komu saman til fundar á dögunum og ræddu málefni byggðarlagsins. Fundarefni var staða verkefnisins „Betri Bakkafjörður“, sem staðið hefur yfir undanfarin misseri. Fundurinn var vel heppnaður og fjölmennur.**

Gunnar Már Gunnarsson, verkefnisstjóri Betri Bakkafjarðar, fór yfir málin, það sem þegar hefur verið gert og þau verkefni sem eru í höfn hjá verkefnisstjórn. Ýmis verkefni eru í vinnslu, s.s. verkefni sem ber heitið Tanginn og fleiri sem hafa fengið styrki, en alls hafa 23 verkefni fengið styrki og er um að ræða fjölbreytt verkefni sem styrkja eiga byggð á Bakkafirði.

Þá kynnti Kristján Þ. Halldórsson tilurð samfélagssáttmála sem lagður hefur verið fram á milli íbúa við Bakkaflóa, Langanesbyggðar og ríkisins vegna byggðar við Bakkaflóa. Sáttmálinn er í samræmi við skýrslu nefndar fulltrúa fimm ráðherra um málefni Bakkaflóa, sveitarstjórnar Langanesbyggðar og ráðherra sveitarstjórnarmála.

*Ekki urðað nema út þennan áratug*

Jónas Egilsson, sveitarstjóri í Langanesbyggð, fór einnig yfir sáttmálann en tillaga um hann kom fram á árinu 2017 eftir gagnrýni íbúa sem komið var á framfæri við sveitarstjórn. Hún tók við verkefninu og tengdi saman þá sem taka þátt í því.

Nefndi Jónas sérstaklega tvö mál í sáttmálanum, fræðslumál og framtíð þeirra á Bakkafirði og umhverfismál. Í þeim málaflokki má nefna að gera má ráð fyrir að urðun á Bakkafirði verði ekki haldið úti nema út þennan áratug og ljóst að grípa þarf til úrræða í tíma. Ýmsar lausnir eru í skoðun, m.a. meiri flokkun. Vinnu við sáttmálann er ekki lokið, frekari umræður við íbúa eru eftir og þeirra stofnana sem koma að gerð hans. */MÞÞ*



Veðrið hefur leikið við heimamenn í Norðurþingi í sumar.

## Norðurþing:

# Góð aðsókn í sundlaugar

**Aðsókn hefur verið einkar góð í sundlaugar Norðurþings í sumar.**

Veðrið hefur leikið við heimamenn og fjöldann allan af íslenskum og erlendum ferðamönnum sem sótt hafa svæðið, en þeir voru sérlega duglegir að nýta sér sundlaugarnar á góðviðrisdögum.

Þrjár sundlaugar er í Norðurþingi, á Húsavík, Raufarhöfn og í Lundi. Í Lund komu yfir 3.000 gestir og á Húsavík komu 11.454 gestir, sem er met frá upphafi talninga.

Í sundlauginni á Raufarhöfn var gestafjöldi á pari við síðasta sumar. */MÞÞ*













## María Hjálmarsdóttir, verkefnastjóri í markaðsmálum hjá Austurbrú:

# Sumarið 2021 á Austurlandi fer örugglega í sögubækurnar

Margrét Þóra Þórsdóttir
mth@bondi.is


Sólsetur í Vopnafirði. Mynd / Jessica Auer

**„Það er óhætt að fullyrða að þetta sé ein mesta törn sem við höfum upplifað í ferðaþjónustunni á Austurlandi síðustu 20 árin eða svo. Sumarið 2021 á Austurlandi fer örugglega í sögubækurnar," segir María Hjálmarsdóttir, verkefnastjóri í markaðsmálum hjá Austurbrú.**

Sumarið var einkar líflegt og mikill fjöldi fólks á ferðinni. Einstök veðurblíða vikum saman dró ferðalanga austur en þar er líka margt að sjá og skoða. Markaðsátakinu Fimm ferðaleiðir var hleypt af stokkunum í byrjun sumars og gaf góða raun.

„Þrátt fyrir kuldakast í upphafi sumars, þar sem einna helst leit út fyrir að ekkert yrði af sumri hér á Austurlandi, er það okkar tilfinning að ferðatíðin hafi farið fyrr af stað en t.d. í fyrrasumar. Íslendingar voru komnir á kreik fyrr en vant er og erlendir ferðamenn fóru strax í byrjun sumars að láta sjá sig á ný. Einmuna veðurblíða tók við eftir kuldakastið og stóð yfir í allt sumar, með sannkallaðri Spánarstemningu, þannig að fyrir sólþyrsta landsmenn var Austurland hinn fullkomni áfangastaður í sumar. Margir sem komu í fyrra komu aftur í sumar og eins voru Austfirðingar sjálfir duglegir að ferðast innan landshlutans," segir María.


María Hjálmarsdóttir, verkefnastjóri í markaðsmálum hjá Austurbrú.


Kajak á Lagarfljóti. Mynd / Þráinn Kolbeinsson

### *Fjölda- og tekjumet slegin*

Hún segir að þeir sem stundi ferðaþjónustu í fjórðungnum kvarti eðlilega ekki þegar boðið er upp á hitabylgju nánast upp á hvern dag. Sem dæmi hafi öll fjölda- og tekjumet verið slegin hjá baðstaðnum vinsæla Vök Baths. Á tímabilinu frá því seinni hlutann í júní og fram í ágúst hafi öll tjaldsvæði verið full fyrir austan.

„Veður hefur mikið að segja en það er líka fólk á ferðinni til að skoða fjölmarga og fallega staði í náttúrunni og það kemur hvernig sem viðrar," segir María. Hún bætir við að vissulega hafi þetta verið mikil vinnutörn fyrir þá sem stunda ferðaþjónustu, yfir vofði óvissa varðandi heimsfaraldurinn og hvert hann myndi leiða. Af þeim völdum var staðan sú að mörgum gekk ekki nægilega vel að ráða inn starfsfólk og eigendur því oft að sinna öllum störfum.

### *Komum stöðunum og kennileitunum betur á kortið*

Í sumar var hleypt af stokkunum markaðsátaki þar sem kynntar voru fimm ferðaleiðir á Austurlandi og var markmiðið að gefa ferðamönnum, íslenskum jafnt sem erlendum, góðar hugmyndir að lengri eða styttri ferðum og dægradvöl í landshlutanum. Leiðirnar eru Fljótsdalshringurinn, Við ysta haf, Flakkað um firði, Austurströndin og Um öræfi og dali, fjölbreyttar leiðir þar sem er að finna eitthvað við allra hæfi.

„Við höfum stundum verið að berjast við það að Austurland sé frekar viðkomustaður en áfangastaður í augum ferðamanna á leiðinni milli Jökulsárlóns og Mývatns. Þessar ferðaleiðir sem við kynntum í sumar eru viðbragð við því og við fengum mjög góð viðbrögð, ferðaleiðakortið okkar var mjög vinsælt og margir greinilega sem nýttu sér að fara þessar leiðir," segir María en helstu og þekktustu náttúruperlur Austurlands hafi mikið verið heimsóttar og eins hafi fólk verið tilbúið að kanna nýja staði.

„Þetta er stór landshluti og margir spennandi staðir fyrir ferðamenn að skoða, hvort heldur þeir eru Íslendingar eða útlendingar. Með því að bjóða upp á þessar ferðaleiðir var ætlunin að koma stöðunum og kennileitunum betur á kortið, einfalda ferðalöngum sem leið eiga um landshlutann að finna þá og upplifa."


Vitinn í Neskaupstað. Mynd / Jessica Auer


Á góðri stund í Vallanesi. Mynd / Gunnar Freyr Gunnarsson

### *Fjölbreyttar gönguleiðir*

María segir að haustið líti ágætlega út líka og hafi komið mörgum í ferðaþjónustunni á óvart, einkum í ljósi þeirra samkomutakmarkana sem settar voru í kjölfar fjórðu bylgju faraldursins síðla sumars.

„Það virðist sem bókanir séu fínar fram eftir hausti og við höfum einnig heyrt af auknum áhuga á Austurlandi fyrir svokallaðar hvataferðir og hópeflisferðir af öllu tagi," segir hún. Bætir við að haustin séu að margra mati fallegasti árstíminn og veður hafi verið milt fram eftir undanfarin ár. Austurland sé kjörinn áfangastaður fyrir fólk sem vill prófa gönguleiðir af ýmsu tagi, en slíkar skipta tugum ef ekki hundruðum í fjórðungnum.

„Austurland hefur undanfarin ár verið að hasla sér völl sem eitt vinsælasta göngusvæði landsins, þar sem finna má gönguleiðir við allra hæfi, langar, stuttar, léttar og erfiðar, allt eftir því hvað hentar hverjum og einum."

### *Áfangastaður allt árið*

María nefnir líka matarauð Austurlands, sem sé ríkulegur og veitingastaðir hafi verið duglegir að nýta sér þá fjölbreyttu framleiðslu sem finna má í landshlutanum í sína matargerð. Þar má nefna hreindýr, sem er einkennandi fyrir landshlutann, lamb, fisk og villibráð. Náttúran gefi líka ríkulega af sér, berjaspetta hafi til að mynda verið með ólíkindum mikil í haust og vitað að margir hafi nýtt sér það.

„Þegar líður á veturinn opnast möguleikar á útivist í tengslum við skíðamennsku, en við bjóðum upp á tvö frábær skíðasvæði. Einnig eru hjá okkur menningartengdir viðburðir sem draga að sér ferðafólk.

„Það vantar því alls ekki afþreyingu á svæðið og Austurland hefur alla burði til að vaxa og dafna sem áfangastaður allt árið um kring," segir María.



Erlendir nemendur í Gró Sjávarútvegsskóla. Eftir vel heppnaðan dag var gengið að hrauninu í Nátthaga á Reykjanesi. Myndir / Hafrannsóknastofnun

# Nemendur frá 17 löndum í Sjávarútvegsskólanum

**„Gró Sjávarútvegsskóli“, sem starfar undir hatti UNESCO, hefur fengið nema að nýju eftir árs hlé vegna Covid-19. Þetta er stærsti hópur sem komið hefur á vegum skólans og eru nemarnir víðs vegar að og koma frá 17 löndum, segir í tilkynningu frá Hafrannsóknastofnun.**



Haraldur Einarsson að fræða nemendur um veiðarfæri.

Þriðjudaginn 14. september var hefðbundinn dagur brotinn upp og farin vettvangsferð í Tilraunaeldisstöðina að Stað við Grindavík þar sem starfsmenn stöðvarinnar, þeir Matthías, Agnar og Tómas, tóku á móti hópnum og kynntu fyrir honum starfsemina. Stöðin vakti mikinn áhuga og útskýrðu starfsmennirnir hin ýmsu verkefni sem þar eru unnin. Fólkið var mjög áhugasamt og spurði mikið út í starfsemina. Auk starfsmanna Sjávarútvegsskólans, þeirra Stefáns, Agnesar og Zaw, var Haraldur Einarsson veiðarfærasérfræðingur með í för og leiddi fólk í allan sannleika um ólík veiðarfæri og virkni þeirra við netaverkstæðið í Grindavík. Saltfisksetrið í Grindavík var einnig skoðað og farið lauslega yfir sögu og þróun fiskveiða á Íslandi. Að lokum var gengið að hrauninu í Nátthaga á Reykjanesi.

/MHH

# Umhverfisátak í Borgarbyggð

**Borgarbyggð er í heilmiklu umhverfisátaki í haust með aðstoð endurvinnslufyrirtækisins Hringrásar, sem aðstoðar við hreinsunarátakið í dreifbýli með því að útvega gáma undir brotajárn, íbúum að kostnaðarlausu.**

Efni sem heimilt er að setja í gáma er bílflök og annað almennt brotajárn, ryðfrítt stál og ál, rafgeymar, rafmótorar og hjólbarðar. Almennt er gert ráð fyrir að ekki líði nema einn dagur frá því að komið er með gám og þar til hann er fjarlægður. Borgarbyggð tekur við beiðnum um þjónustu á heimasíðunni www.borgarbyggd.is, í síma 433 7100 eða á póstfangið borgarbyggd@borgarbyggd.is. Frestur til að senda pöntun er til 15. október 2021.

/MHH

# Fallið frá því að fækka flugferðum til og frá Vopnafirði

**Vegagerðin lagði nýverið til breytingu á flugi til Vopnafjarðar og Þórshafnar þar sem fækka átti flugferðum úr fimm í þrjár á viku.**

Sveitarstjórnir Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps mótmæltu þessari fyrirhuguðu breytingu harðlega og nú hefur svo farið að Vegagerðin hefur fallið frá breytingunni.

Fyrir liggur minnisblað frá Vegagerðinni um breytingar á flugi til og frá Vopnafirði og Þórshöfn vegna fyrirhugaðs útboðs á flugleiðinni Akureyri-Vopnafjörður-Þórshöfn-Akureyri, sem gert verður í haust.

/MÞÞ

# Nýtt hjúkrunarheimili í Vík

**Nýlega undirrituðu Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra og Einar Freyr Elínarson, oddviti Mýrdalshrepps, viljayfirlýsingu um byggingu nýs hjúkrunarheimilis á Ránarbraut 3 í Vík.**

Nýja heimilið mun leysa af hólmi þau 15 hjúkrunarrými, sem eru á Hjallatúni og ef vel tekst til gætu framkvæmdir hafist á árinu 2023. „Nú ríður á að íbúar sýni samstöðu um verkefnið og að fylgi því þétt eftir svo við getum loksins flutt starfsemina í glæsilegt nýtt hjúkrunarheimili sem við getum öll verið stolt af,“ segir Einar Freyr.

/MHH


## Styrkir til rannsókna- og þróunarverkefna **búgreina**

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um styrki til rannsókna- og þróunarverkefna í garðyrkju, samkvæmt VIII. kafla reglugerðar nr. 1273/2020 um stuðning við garðyrkju- og þróunarverkefna í sauðfjár- og nautgriparækt, samkvæmt VIII. kafla reglugerðar nr. 430/2021 um almennan stuðning í landbúnaði.

Fjármunum til þróunarverkefna er ætlað að styðja við kennslu, rannsóknir, leiðbeiningar og þróun í greinunum svo sem ráðgjafar-, kynningar-, rannsókna- eða tilraunaverkefni sem og, vöruþróunar- og endurmenntunarverkefni. Fagráð hverrar búgreinar veitir umsögn um allar umsóknir sem berast í þróunarsjóð hennar.

Umsókn skal skila rafrænt á mínum síðum (eyðublaðavef) Stjórnarráðsins. **Sérstök umsókn** er fyrir hverja búgrein þ.e. garðyrkju, nautgriparækt og sauðfjárrækt og umsækjendur eru beðnir að gæta að því.

### Umsóknarfrestur er til og með 1. október 2021.

Nánari upplýsingar veitir starfsfólk skrifstofu landbúnaðarmála í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Senda má fyrirspurnir á tölvupóstfang anr@anr.is

**Stjórnarráð Íslands**
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

**Bændablaðið** *Smáauglýsingar 56-30-300*



## ÞJÓNUSTUMAÐUR

**Bústólpi óskar eftir að ráða öflugan aðila í þjónustudeild DeLaval með starfsstöð á Akureyri.** Við leitum að starfsmanni sem hefur brennandi áhuga á að veita góða þjónustu, er lausnamiðaður, úrræðagóður og hefur áhuga á tækni. Vinna starfsmannsins fer að mestu fram á sveitabæjum og fylgja starfinu því nokkur ferðalög um landið.

### Hæfniskröfur

- Þjónustulund
- Jákvæðni og hæfni í samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Þekking á landbúnaði er kostur
- Iðnmenntun eða reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Bílpróf er skilyrði

### Helstu verkefni og ábyrgð

Þjónusta við **DeLaval** mjaltaþjóna ásamt öðrum DeLaval tæknibúnaði og þátttöku í uppsetningum mjaltaþjóna. Starfið er því afar fjölbreytt og spennandi og býður upp á góða möguleika á að vaxa í starfi í ört stækkandi deild.

**Umsóknarfrestur er til og með 10. október 2021.**
Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda. **Sækja skal um á www.mognum.is**. Nánari upplýsingar veitir **Sigríður Ólafsdóttir**; **sigga@mognum.is**.

Bústólpi
HJARTAÐ Í ÍSLENSKUM LANDBÚNAÐI

**Bústólpi** starfrækir fóðurverksmiðju á Oddeyrartanga á Akureyri ásamt því að reka verslun með vörur sem tengjast landbúnaði. Bústólpi er þjónustuaðili DeLaval á Íslandi. Hjá Bústólpa starfa 24 manns. Bústólpi hefur verið valið framúrskarandi fyrirtæki 11 ár í röð af Creditinfo.

Bústólpi ehf - fóður og áburður • Oddeyrartanga • 600 Akureyri • bustolpi@bustolpi.is • Sími 460 3350 • www.bustolpi.is

UTAN ÚR HEIMI

## Suðurhluti Kína:

# Bjórdrykkja fyrri alda

**Samkvæmt vefsíðu Smithsonian uppgötvuðust nýverið, í borginni Qiaotou í suðurhluta Kína, merki bjórdrykkju sem átti sér stað fyrir 9.000 árum síðan.**

Dreggjar, ef svo má kalla, í drykkjarílátum fundust nálægt gröf tveggja beinagrinda og áætlað er að þarna hafi syrgjendur verið að drekka skál hinna dauðu.

Nánar tiltekið var um svokallaða „Hu-potta“ að ræða, ílát með löngum hálsi eða flöskur síns tíma sem innihéldu sterkju, steingerðar plöntuleifar auk myglu og gers. Slíkt bendir til þess að í Hu-pottunum hafi verið áfengur drykkur, en þessir pottar voru vinsæl ílát undir áfenga drykki.

### *Verðmæti landsins*

Við nánari rannsókn komust fornleifafræðingar að raun um að þarna var um að ræða örlítið gerjaðan og sætan drykk, meðal annars búinn til úr hrísgrjónum og sjálfsagt skýjaðan á litinn þó ekki hafi verið um að ræða bjór á borð við IPA bjór þann sem við þekkjum í dag.

Verðmæti bjórsins hefði hins vegar verið þó nokkuð á sínum tíma, en fornleifafræðingar ákvarða verðmæti matvæla að hluta til með því hversu erfitt hafi verið að safna innihaldsefnunum, eða framleiða.

Miðað við erfiði þess að safna efnunum sem þurfti í bjórinn, svo og bruggunarferlið sem fólst í gerð bjórsins, bendir allt til þess að þarna hafi verið um að ræða lið í greftrunarathöfn þar sem mikið bar við.


Dæmi um Hu-pott.

### *Mygluð munaðarvara*

Í dag er mikil hrísgrjónaframleiðsla í Qiaotou, sem hófst þó ekki fyrr en fyrir um 7.000 árum síðan. Því er álitið að hrísgrjónin sem notuð voru í bjórnum hafi ef til vill verið munaðarvara og svo, sem áhugavert er, er ekki endilega talið að þeir sem stóðu að þessum görótta drykk hafi upphaflega ætlað honum að verða áfengum. Það gæti nefnilega verið að fólk hafi sparað við sig hrísgrjónin – sem þá var munaður, en mygluðu með tímanum, sem gerði reyndar bjórinn sætari og áfengari.

Þessi bjórframleiðsla Qiaotou var þó ekki sú fyrsta í heiminum en íbúar á svæði Miðjarðarhafsins notuðu hveiti, hafra og bygg í sitt bjórbrugg, sem er frá því fyrir 13.000 árum síðan.

### *Áfengi hefur áhrif á félagsleg sambönd*

Ekki kemur á óvart sú tillaga vísindamanna að framleiðsla (og þá væntanlega drykkja) áfengra veiga gæti hafa hjálpað til við að byggja upp félagsleg sambönd og mögulega hvatt til aukins samstarfs til forna.

Að auki geti þetta hafa verið þáttur í því að samfélög hrísgrjónaræktar þróuðust smám saman á næstu 4.000 árum og eru nú afar stór þáttur í menningunni. */SP*

## Finnskt stríðskvár:

# Þegar miðaldatilveran réð ríkjum

**Í áratugi, eða síðan árið 1968, hefur verið talið að í um það bil 1.000 ára gamalli gröf í suðurhluta Finnlands, Suontaka, hafi verið lagður til hinstu hvílu stríðsmaður, eða kona öllu heldur, öflugur og virtur einstaklingur sem gegndi mikilvægu hlutverki í framlínu bardaga.**

Einstaklingurinn var klæddur kvenlegum fatnaði, en hlutir í Suontakagröfinni voru frá miðaldartíma Finnlands, milli 1050 og 1300. Þar var að finna kvenskartgripi auk sverða, eitt með bronsfestu sem venjulega er kennt við karla.


Finnsk bardagasverð.

Nú hefur hins vegar komið í ljós að stríðsmaðurinn sem um ræðir var líffræðilega karlmaður. Því var álitið að mögulega hefði þessi manneskja verið virtur einstaklingur með óhefðbundna kynvitund, vegna þess að bæði skartgripir og vopn voru grafin með honum.

Kynvitund getur verið margs konar. Sumt fólk upplifir sig sem karla, aðrir sem konur og sumir upplifa sig sem blöndu af hvort tveggja og eru þá kynsegin. Mannkynið hefur yfir aldirnar upplifað mismunandi kynvitund og hafa menningarhópar fyrri alda oft viðurkennt kven- og karllægar hliðar hverrar manneskju sem eina. Ættbálkar indíána eiga sér til dæmis margir „tveggja anda“ meðlimi sem velja þá að leggja áherslu á kven- eða karllæga hlið sína þó hún samræmist ekki því kyni sem viðkomandi var úthlutað við fæðingu. Víðs vegar um heiminn má finna hliðstæða hópa, svo sem *hijras* á Indlandi, *muxes* í Mexíkó, *mahu* og *raerae* á Kyrrahafssvæðinu og svona mætti lengi telja.

Fornleifafræðingum tókst að nema örlítið magn af erfðaefni úr stríðsmanninum og kom í ljós að þarna var um að ræða manneskju, fæddri með auka X litning. Einkenni þess hjá karlmönnum í dag er þekkt sem Klinefelter heilkennið. Lýsir það sér meðal annars í óvanalega stórum brjóstum, smáum kynfærum, ófrjósemi og gisnum hárvexti – en flestir karlmenn sem fæðast með Klinefelter-heilkenni eru ógreindir alla ævi.

Með aukinni tíðni legvatnsprófana á meðgöngu hefur þessi litningagalli fundist og má þá grípa til viðeigandi testósterónmeðferðar þegar viðkomandi hefur aldur til.

Þar sem kynvitund fylgir upplifun einstaklings af sjálfum sér má telja að finnski stríðsmaðurinn hafi í raun verið kynsegin, ekki fundið sig í sínu líffræðilega kyni og hvorki flokkað sjálfan sig sem karl né konu.

Vopn og skartgripir lita þá tillögu. Vert er þó að taka fram að það er alls ekkert samasemmerki á milli þess að vera kynsegin og hafa Klinefelter heilkennið.

Kynsegin fólk vill semsé hvorki flokka sig sem karl né konu heldur hvorugkyn eða bæði í einu. Að vera kynsegin er því í raun hugtak sem nær yfir fólk sem skilgreinir kyn sitt utan tvíhyggju kynjakerfisins og kjósa sumir þeirra einstaklinga að notað séu í þeirra garð kynhlutlaus persónufornöfn á borð við hán í stað hann eða hún. Orðið kvár er svo ókyngreint nafnorð um fullvaxta manneskju á meðan orðið stálp á við þá sem yngri eru. Þannig er nú það. */SP*


**Finnska stríðskvárið liggur hér í hinstu hvílu, satt lífdaga.**
Teikning / Veronika Paschenko

## Bandaríkin á gráu svæði:

# Neyðarástand vegna reykmengunar

**Um miðjan ágúst síðastliðinn kviknuðu skógareldar nálægt Cosumnes-ánni í Norður-Kaliforníu og hófu hæglátlega för sína milli borganna Omo Ranch og Grizzly Flats. Heldur fór eldsumfangið að færast í aukana tveimur dögum síðar vegna aukins vindhraða á svæðinu og á nokkrum dögum óx það úr tvö þúsund hekturum í tólf þúsund.**

Víðátta eldhafsins hefur nú vaxið með hraði bæði til norðurs og austurs, að þjóðvegi 50, sem hefur verið lokað þar á slóðum, og í átt að vatnasvæði bæjarins Tahoe, þar sem fólk nýtur sólbaðs á sumrin og iðkar skíði að vetrarlagi.

En svona eldsumbrot eru því miður ekkert einsdæmi í Bandaríkjunum þessa dagana þó með sérkennilegra lagi sé að horfa á eldglæringarnar lýsa upp skíðalyftur í brekkum skíðasvæðis Tahoe.

Íbúar borgarinnar Gardnerville í nágrenni Tahoe hafa þurft að þola reykmettað umhverfi síðastliðna mánuði, enda eins og annars staðar, ná afleiðingar skógarelda víðar en bara á tilgreindum svæðum.

Borgarstjórn Gardnerville kom íbúum Tahoe til aðstoðar með uppsetningu neyðarskýla sem nú eru yfirfull og þurfa margir frá að hverfa.

Reykhafið berst allvíða og er viðbót við mikla reykmengun sem nú gætir yfir alla vesturströndina, en samkvæmt fréttasíðu CNBC er áhrifa elda, sem eiga sér stað frá Kaliforníu til Kanada, vart alla leið yfir til austurstrandar Bandaríkjanna.


Áhöfn flugvélar beitir duftslökkvitæki.

### *Loftslagsbreytingar hafa áhrif á veðurfar*

Vegna skógareldanna sem plaga vesturhluta Bandaríkjanna, yfir þetta 50.000 hektara landsvæði frá Kaliforníu til Kanada má semsagt greina afleiðingar reyksins í borgum austurstrandarinnar líkt og New York, New Jersey og Pennsylvaníu. Sögulegir þurrkar sem hafa herjað á vesturhlutann vegna loftslagsbreytinga auðvelda eldsíkveikjur og í suðurhluta Oregonríkis, þar sem eldhafið hefur gleypt eitt og sér um 16.000 hektara lands, eru afleiðingarnar þær að myndast hafa aðstæður svo mikils hita og orku að breytt geta veðurfari.

Í kanadísku borginni British Columbia hefur neyðarástandi verið lýst yfir, eftir að skógareldar þar á svæðinu teljast um 300 talsins. Reykur og aska sem berast frá svæðinu hafa orðið til þess að yfirvöld hafa þurft að senda út heilsufarsviðvaranir alla leið til miðbiks Bandaríkjanna. Loftgæðaviðvörun hefur þegar borist frá Minnesota vegna þessa og í New York eru loftgæði komin langt fyrir neðan venjuleg mörk.

Hafa heilbrigðisyfirvöld um land allt nú lagt til að á svæðum sem glíma við reykmengun skal útivist haldið í lágmarki. Loftgæði í nálægum borgum, þar á meðal Philadelphia og Boston, eru einnig komin fyrir neðan eðlileg mörk og þær, ásamt Washington og Baltimore, eru nú á gráu svæði hvað varðar skaðsemi andrúmslofts.

### *Náttúruleg hringrás*

Skógareldar, sem eru vanalega partur af náttúrulegri hringrás, virðast því miður, ef gefinn persónuleiki, vera að ganga af göflunum. Hlutverk þeirra, að grynnka á vexti og þéttingu skóga – með það fyrir augum að þau tré sem eftir verða nái að njóta sín betur – hefur nú snúist upp í að brenna allt til kaldra kola, hvað sem fyrir verður.

Bandaríkin eru ekki ein um þessa hryggð. Skógareldar hafa, eins og náttúran býður, geisað reglulega um heimsálfurnar. Afríka, Asía, Evrópa og Ástralía eru þar ekki undanskildar – og þó hér sé fjallað stuttlega um stöðu Bandaríkjanna er staða mengunar og ágangs elda ekki síðri annars staðar.

### *En hvað er hægt að gera?*

Þessi spurning hefur brunnið á vörum margra og hafa Kaliforníubúar, meðal annarra unnið ötullega að hugmyndum að úrræðum. Eins og staðan er í dag hafa þeir virkjað slökkvilið sín í notkun hátæknilegra verkfæra, til að mynda slökkviefna í duftformi, dróna sem fylgjast með landsvæðum í eldhættu eða í bruna og símaforritum sem gefa til kynna viðvaranir, kort yfir eldsvæði og flóttaleiðir.

En það sem hefur reynst vænlegasta forvarnarlausnin er líka sú elsta og þar til nýlega var lítið fram hjá henni. Að berjast gegn slæmum eldi með góðum eldi. Eða, í raun, að stjórna brunanum með því að brenna eldfimt efni sem næst skógareldunum, svo sem tré, gróður eða annað og hefta þannig útbreiðsluna. Þannig eru skógareldarnir rændir því súrefni eða eldsneyti sem þeir þurfa, til að halda áfram vexti sínum, sem í kjölfarið minnkar til muna.

Það er ósk manna að vel takist til með virkni þessarar hugmyndar og ekki fari illa – eins og árið 2000 þegar yfirvöld þjóðgarða nálægt bænum Los Alamos í New Mexico tóku sig til og ætluðu að hefta útbreiðslu skógarelda með þessari aðferð, en kveiktu hins vegar í og eyðilögðu heimili yfir 400 fjölskyldna í staðinn. Reyndar áttu vindhviður og þurrkar hlut í eyðileggingunni, en þarna er dæmi um að aðgát skal höfð þegar eldur á í hlut. */SP*

LÍF & STARF

## Húnavatnshreppur:

# Kanna hug íbúa til sameiningar við Blönduós

**Sveitarstjórn Húnavatnshrepps hefur ákveðið að kanna hug íbúa sveitarfélagsins til þess hvort hefja skuli sameiningarviðræður við Blönduósbæ.**

Hafi íbúar áhuga á að sameiningarviðræður fari fram, er stefnt að því að íbúar beggja sveitarfélaga kjósi um sameiningu þeirra í byrjun árs 2022 með það fyrir augum að kosið yrði til nýrrar sveitarstjórnar í maí 2022.

Frá þessu er greint á heimasíðu Húnavatnshrepps og þess getið að áður en til kæmi færi fram almenn kynning. Íbúar geta sent sveitarstjórn spurningar sem verður svarað á vefsíðu sveitarfélagsins.

Kosið verður á kjörstað alþingiskosninga að Húnavöllum frá kl. 11 til 19 á laugardag, 25. september. Kosið verður utankjörfundar á afgreiðslutíma skrifstofu sveitarfélagsins og þeir sem eru á sjúkrastofnun geta óskað eftir þátttöku með því að senda beiðni. /MÞÞ




# Jón garðyrkjustjóri í Múlaþingi

**Jón Kristófer Arnarson hefur verið ráðinn garðyrkjustjóri Múlaþings. Hann er Austfirðingum að góðu kunnur, bjó og starfaði í fjórðungnum um árabil.**

Jón hefur síðustu 14 ár starfað við Garðyrkjuskóla Landbúnaðarháskóla Íslands sem kennari, verkefnastjóri og brautarstjóri. Áður var hann m.a framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Eyfirðinga, framkvæmdastjóri Barra á Egilsstöðum, forstöðumaður Ræktunarstöðvar Reykjavíkurborgar ásamt ýmsum öðrum störfum tengdum garðyrkju. /MÞÞ


Jón Kristófer Arnarson.

## Blönduós:

# Stækkun hafin á gagnaveri

**Framkvæmdir við stækkun gagnavers Etix Everywhere Borealis á Blönduósi eru hafnar. Um er að ræða byggingu á nýju húsi sem hannað er til að hýsa fjölbreyttar þarfir viðskiptavina gagnaversins á öruggan og umhverfisvænan máta. Munu snjallnetslausnir verða nýttar til að tryggja rekstraröryggi og auka nýtni orkuflutnings.**

Gert er ráð fyrir að framkvæmdum við stækkun verði lokið í árslok. Áætlanir félagsins gera ráð fyrir frekari stækkun á komandi árum að því er fram kemur í frétt á vef Húna. Þar segir einnig að gagnaverið á Blönduósi sé eina stóra gagnaverið sem rekið er utan suðvesturhorns landsins.

Þar er haft eftir Birni Brynjólfssyni, framkvæmdastjóra félagsins, að það hafi bjargfasta trú á að Blönduós sé einstakt svæði til uppbyggingar á gagnaversþjónustu. Samspil nágrennis og landfræðilegra þátta við Blönduvirkjun, ásamt framsýni og stefnu sveitarfélagsins, gerir svæðið eitt það besta sem völ er á fyrir slíka uppbyggingu að sögn Björns. Hann bætir við að Ísland sé góður staður fyrir þá sem leiti að öruggum og umhverfisvænum gagnaverslausnum. /MÞÞ


Tvær nýjar flokkunarstöðvar hafa verið settar upp á Höfn í Hornafirði.

## Höfn í Hornafirði:

# Nýjar flokkunarstöðvar

**Í sumar var komið upp tveim flokkunarstöðvum á Höfn í Hornafirði, við Miðbæ og á Óslandshæð.**

Stöðvarnar eru hugsaðar fyrir ferðamenn og aðra vegfarendur sem eiga leið hjá. Boðið er upp á losun á óflokkuðu sorpi, endurvinnanlegu plasti, pappír, pappa og málmum og skilagjaldskyldum dósum og flöskum. Á vefsíðu sveitarfélagsins kemur fram að þess sé vænst að vel verði tekið á móti þessari viðbót við sorpþjónustuna á Höfn, fólk flokki rétt og að vel verði gengið um. /MÞÞ









# Fjár- og stóðréttir haustið 2021

**Fjár- og stóðréttir verða með öðrum brag en fyrri ár vegna kórónuveirufaraldursins.**

Vegna smitvarna og fjöldatakmarkana eru allir hvattir til að kynna sér vinnulag á hverjum stað áður en haldið er til rétta.

Upplýsingar um viðbætur og leiðréttingar sendist á netfangið smh@bondi.is. Uppfærslur á listanum eru gerðar jafnóðum og er að finna á bbl.is.

/TB



## Stóðréttir haust 2021

| | |
|---|---|
| Auðkúlurétt við Svínavatn, A.-Hún. | laugardaginn 25. sept. kl. 16.00 |
| Árhólarétt (Unadalsrétt) við Hofsós, Skag. | föstudaginn 24. sept. |
| Deildardalsrétt í Deildardal, Skag. | föstudaginn 24. sept. |
| Laufskálarétt í Hjaltadal, Skag. | laugardaginn 25. sept. |
| Melgerðismelarétt í Eyjafjarðarsveit | laugardaginn 2. okt. kl. 13.00 |
| Tungurétt í Svarfaðardal, Eyf. | laugardaginn 2. okt. kl. 13.00 |
| Unadalsrétt (Árhólarétt) við Hofsós, Skag. | föstudaginn 24. sept. |
| Undirfellsrétt í Vatnsdal, A.-Hún. | laugardaginn 25. sept. kl. 9.00 |
| Víðidalstungurétt í Víðidal, V.-Hún. | laugardaginn 2. okt. kl. 11.00 |
| Þverárrétt í Eyjafjarðarsveit | laugardaginn 2. okt. kl. 10.00 |
| Þverárrétt í Vesturhópi, V.-Hún. | laugardaginn 25. sept. kl. 12.30 |

## Helstu fjárréttir í Landnámi Ingólfs Arnarsonar haustið 2021

| | |
|---|---|
| Kjósarrétt í Kjós | seinni réttir sun. 3. okt. kl. 15.00 |
| Krýsuvíkurrétt v. Suðurstrandarveg | laugardaginn 25. sept. kl. 13.00 |
| Selvogsrétt í Selvogi, Árn. | sunnudaginn 26. sept. kl. 9.00 |
| Þórkötlustaðarétt í Grindavík | seinni réttir lau. 2. okt. |

Samkvæmt fjallskilasamþykkt fyrir Landnám Ingólfs Arnarsonar nr. 775/2020 eru seinni leitir tveim vikum síðar. Hafa skal í huga að tímasetningar leita og rétta geta breyst, einkum vegna veðurs.





## Fjárréttir haust 2021

### Suðvesturland

| | |
|---|---|
| Kjósarrétt í Kjós | seinni réttir sun. 3. okt. kl. 15.00 |

### Vesturland

| | |
|---|---|
| Bláfeldarrétt í Staðarsveit, Snæf. | laugardaginn 25. sept. |
| Brekkurétt í Norðurárdal, Mýr. | seinni réttir sun. 26. sept. |
| Brekkurétt í Saurbæ, Dal. | seinni réttir sun. 3. okt. kl. 13.00 |
| Fellsendarétt í Miðdölum, Dal. | aðrar réttir sun. 26. sept. kl. 14.00, þriðju réttir sun. 3. okt. kl. 14.00 |
| Flekkudalsrétt á Fellsströnd, Dal. | seinni réttir lau. 2. okt. |
| Fljótstungurétt á Hvítársíðu, Mýr. | seinni réttir lau. 25. sept. |
| Gillastaðarétt í Laxárdal, Dal. | seinni réttir sun. 3. okt. kl. 16.00 |
| Grafarrétt í Breiðuvík, Snæf. | laugardaginn 25. sept. |
| Grímsstaðarétt á Mýrum, Mýr. | aðrar réttir mán. 27. sept. kl. 14.00, þriðju réttir mán. 4. okt. |
| Hítardalsrétt í Hítardal, Mýr. | aðrar réttir 26. sept. kl. 16.00, þriðju réttir mán. 4. okt. |
| Hólmarétt í Hörðudal, Dalabyggð | aðrar réttir sun. 26. sept. kl. 10.00 |
| Kirkjufellsrétt í Haukadal, Dal. | seinni réttir lau. 2. okt. |
| Klofningsrétt í Beruvík, Snæf. | laugardaginn 25. sept. |
| Mýrdalsrétt í Hnappadal | þriðjudaginn 21. sept. kl. 16.00, seinni réttir sun. 10. okt. kl. 16.00 |
| Núparétt í Melasveit, Borg. | seinni réttir lau. 25. sept. |
| Oddsstaðarétt í Lundarreykjadal, Borg. | seinni réttir sun. 3. okt. kl. 10.00 |
| Ósrétt á Skógarströnd, Dal. | föstudaginn 1. okt. kl. 10.00 |
| Rauðsgilsrétt í Hálsasveit, Borg. | seinni réttir sun. 3. okt. kl. 14.00 |
| Skarðsrétt, Skarðsströnd, Dal. | seinni réttir sun. 3. okt. kl. 14.00 |
| Skerðingsstaðarétt í Hvammsveit, Dal. | seinni réttir sun. 3. okt. kl. 13.00 |
| Svarthamarsrétt á Hvalfj.str., Borg. | seinni réttir sun. 3. okt. |
| Svignaskarðsrétt, Svignaskarði, Mýr. | aðrar réttir mán. 27. sept., þriðju réttir mán. 4. okt. |
| Vörðufellsrétt á Skógarströnd, Dal. | seinni réttir sun. 10. okt. kl. 13.00 |
| Þverárrétt í Þverárhlíð, Mýr. | þriðju réttir mán. 27. sept. kl. 10.00 |
| Ölkeldurétt í Staðarsveit, Snæf. | laugardaginn 25. sept. |

### Vestfirðir

| | |
|---|---|
| Bræðrabrekka, heimarétt, Bitrufirði, Strand. | seinni réttir 2. okt. |
| Eyrarrétt á Eyri í Kollafirði, Reykhólahreppi, A-Barð. | seinni réttir lau. 2. okt. |
| Hjarðardalsrétt í Hjarðardal í Dýrafirði | laugardaginn 25. sept. & sun. 26. sept. Seinni réttir sun. 10. og mán. 11. okt. |
| Kinnarstaðarrétt í Reykhólahr., A-Barð. | seinni réttir sun. 3. okt. |
| Kirkjubólsrétt í Steingrímsfirði, Strand. | seinni réttir sun. 3. okt. kl. 14.00 |
| Kirkjubólsrétt við Kirkjuból í Engidal í Skutulsfirði | laugardaginn 25. sept. |
| Króksfjarðarnesrétt í Reykhólasv., A-Barð. | seinni réttir 2. okt. |
| Miðhús í Kollafirði, Strand. | seinni réttir sun. 3. okt. kl. 17.00 |
| Minni-Hlíð í Hlíðardal, Bolungarvík | seinni réttir lau. 25. sept. |
| Skeljavíkurrétt í Steingrímsfirði, Strand. | seinni réttir lau. 25. sept. kl. 16.00 |
| Staðarrétt í Steingrímsfirði, Strand. | seinni réttir sun. 3. okt. kl. 14.00 |

### Norðvesturland

| | |
|---|---|
| Auðkúlurétt við Svínavatn, A.-Hún. | seinni réttir mán. 27. sept. kl. 13.00 |
| Beinakeldurétt, A.-Hún. | seinni réttir mán. 27. sept. kl. 13.00 |
| Undirfellsrétt í Vatnsdal, A.-Hún. | mán. 27. sept. kl. 11.00 |

### Mið-Norðurland

| | |
|---|---|
| Reykjarétt í Ólafsfirði | fös. 1. okt. |

LÍF & STARF

## Ólína Þóra Friðriksdóttir og Eiríkur Jónsson:

# Gifting í Tungnaréttum

**Þau Ólína Þóra Friðriksdóttir og Eiríkur Jónsson, sem búsett eru á bænum Gýgjarhólskoti í Biskupstungum, tóku heldur betur skemmtilegt tvist á réttardaginn 11. september síðastliðinn, en öllum að óvörum bundust þau heitböndum í Tungnaréttum, umkringd sínum nánustu.**

Parið, sem hefur verið saman í sex ár, tryggðu sér prestinn með stuttum fyrirvara og laumuðu fréttunum að börnum sínum og öðru heimilisfólki, en ákváðu að leyfa uppátækinu að koma öðrum skemmtilega á óvart.

Réttardagur í hverri sveit, sem alltaf er hátíðisdagur, rann upp sæmilega bjartur og fagur, lítils háttar rigning og milt veður meðan réttað var en meðan á athöfninni stóð birti yfir. Börn Ólínu og Eiríks, sem eru uppkomin, voru viðstödd auk góðra vina fjölskyldunnar sem taka árlega þátt í réttunum og tímasetningin því tilvalin.

Þótt fyrirvarinn hafi verið skammur gekk allt að óskum, athöfnin var létt og skemmtileg og brúðarmarsinn sömuleiðis. Viðstaddir söngmenn í réttunum tóku sig nefnilega til og sungu „Fyrr var oft í koti kátt", hátt og snjallt, er séra Sveinn Valgeirsson hafði lokið athöfninni. Þá var nestinu gerð góð skil, fé rekið heim og sólin skein sínu skærasta þegar nálgast var Gýgjarhólskot og glaðst var yfir mat og drykk er heim var komið.

Réttardagurinn, sem á sérstakan stað í huga og hjarta margra Íslendinga, mun nú vera þeim hjónum enn hjartfólgnari og með réttu enda ekki á hverjum degi sem lofast er undir heiðum himni. /SP






Ólína Þóra Friðriksdóttir og Eiríkur Jónsson eru aldeilis lukkuleg eftir góðan dag sem mun verða lengi í minnum hafður. Hringarnir eru sérstök smíð, unnir úr vatnsfittings, afar fallegir og hannaðir af Eiríki. Ólína pússaði þá svo lítillega og lakkaði svo þeir væru hæfilega grófir.



Ólína og Eiríkur voru gefin saman af Sveini Valgeirssyni, vini þeirra hjóna, og nutu svo brúðarskálarinnar, sem var eðalfínt skoskt viskí.



Dásamlega fallegar hnallþórur glöddu gesti eftir athöfnina.

Magnús Leópoldsson, lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17 · 201 Kópavogi · Sími 550 3000 · Fax 550 3001
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is · www.fasteignamidstodin.is



Fasteignamiðstöðin Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi s. 550 3000 er með **til sölu sumarhús til flutnings.**
Húsið eru staðsett í Fljótstungu í Hvítársíðu.
Vegna skipulagsbreytinga á að selja þetta hús til flutnings. Stærð húss er um 33fm auk svefnlofts sem er um 9 fm. Húsið er byggt 2000-2001 það hefur verið notað allt fram á þennan dag. Það er vel byggt og er ástand á því ágætt.
**Nánari upplýsingar í síma 550 3000 eða á netfangið magnus@fasteignamidstodin.is**

ÍSFELL



VINNUFATNAÐUR
Úrval af vinnu- og regnfatnaði, stígvélum og öryggisskóm.
Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna!
isfell.is • sími 5200 500 Þekking og þjónusta

Wendel
HILLTIP
VETRARBÚNAÐUR
Finnsk gæði sem henta vel fyrir íslenskar aðstæður
Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík
551 5464 / wendel.is





Skrifað hefur verið undir samning um lagningu göngu-, hjóla- og unaðsstígs í Vaðlareit sem er í eigu Skógræktarfélags Eyfirðinga. Myndin er tekin eina ljúfa og liðna stund í reitnum. Myndir / Skógræktarfélag Eyfirðinga.



Skógarhöggsmenn Skógræktarfélags Eyfirðinga að störfum.

## Skógræktarfélag Eyfirðinga og Svalbarðsstrandarhreppur:

# Samningur um lagningu göngu-, hjóla- og unaðsstígs um Vaðlareit

**Skrifað hefur verið undir samning um lagningu göngu-, hjóla- og unaðsstígs í Vaðlareit sem er í eigu Skógræktarfélags Eyfirðinga.**

Stígurinn mun liggja eftir endilöngum Vaðlareit, samtals um 2,2 kílómetra, en í þessum áfanga verður farið frá jarðgöngum í norðri að væntanlegum Skógarböðum í suðri. Í framhaldi er fyrirhuguð tenging til Akureyrar sem og frekari stígalagning norður Svalbarðsstrandarhrepp.

Verkið verður unnið í samvinnu Svalbarðsstrandarhrepps, Vegagerðarinnar, Norðurorku og Skógræktarfélags Eyfirðinga, sem mun sjá um fellingu og að fjarlæga tré sem þurfa að víkja fyrir stígalögn. Stígurinn er 3,5 metra breiður og malbikaður, undir honum verða lagðar vatnslagnir sem flytja munu heitt og kalt vatn frá Vaðlaheiðargöngum til Akureyrar auk þess að tryggja Skógarböðunum sem nú rísa í suðurhelmingi skógarins vatn til sinnar starfsemi.

### *Stórbætir aðgengi að perlum skógarins*

Jafnframt því að þjóna umferð gangandi og hjólandi vegfarenda mun stígurinn stórbæta aðgengi að perlum skógarins sem eru ófáar og auðvelda mjög alla umhirðu hans. Síðast en ekki síst gerir hann fleiri samfélagshópum kleift að njóta náttúrunnar og bæta heilsu sína t.d. þeir sem teljast fótafúnir, glíma við fötlun, elli, skert þrek eða annað sem til trafala er. Þá er fyrirhugað að útbúa þrjá áningarstaði við stíginn þar sem lúnir geta hvílt sig, hægt er að njóta útsýnis, samskipta við samferðafólk, upplifa náttúruna, listviðburði og fræðast um hina merkilegu sögu skógarins

Svalbarðsstrandarhreppur og Skógræktarfélagið hafa sammælst um að þróa með sér samstarf um þjónustu við stíginn „og erum við full tilhlökkunar að vinna með því dugmikla fólki að mikilvægu lýðheilsuverkefni sem í senn verður sannkölluð sveitarprýði," segir í frétt á Facebook-síðu Skógræktarfélagsins.

### *240 þúsund trjám plantað í Vaðlareit*

Árið 1936, fyrir 85 árum síðan, hóf Skógræktarfélag Eyfirðinga skógrækt í Vaðlareit og hefur plantað þar alls um 240.000 trjám. Auk algengari trjátegunda sem við þekkjum úr skógrækt má þar einnig finna fágætar tegundir líkt og hlyn, álm, síberíuþin, hvítþin, alaskasýprus, eik, hrossakastaníu hæruöl og svo framvegis og skógarfururnar sem lifðu af lúsafaraldur á 6. áratugnum eru nú margar hverjar mikilfenglegir risar og afar verðmæt minnismerki í íslenskri skógræktarsögu.

### *Byggjum á þessum grunni*

„Fyrir okkur sem fögnum í dag er líka vert að þakka sporgöngufólkinu, félagsmönnum sem fyrir 85 árum hrintu af stað skógræktarverkefni á tímum þar sem nánast enginn ræktaður skógur var til í landinu, landeigendum sem lögðu okkur til land af ótrúlegri framsýni og allra þeirra þúsunda sjálfboðaliða sem lagt hafa hönd á plóg með draum um betra Ísland að leiðarljósi. Á þessum verðmæta grunni byggjum við í dag og eyfirskt samfélag á eftir að njóta um ókomna tíð," segir Skógræktarfólkið enn fremur.

/MÞÞ



Glæsileg skógarfura í Vaðlareit.



Góð stund í blómlegum Vaðlareit.




UTAN ÚR HEIMI



Pólitíkusar um allan heim virðast hver um annan þveran vera að stökkva á þann vagn þar sem vetnisvæðing er eins konar töfraorð um lausn á þeirri hamfarahlýnun sem sögð er yfirvofandi. Skiptir þá engu máli þó þjóðir þeirra hafi litla sem enga getu til að framleiða vetni með vistvænum hætti.

# ESB hefur tekið ákveðna stefnu í vetnisvæðingu

## – Þótt getu skorti til að framleiða „grænt“ vetni

**Búist er við að vetni muni gegna lykilhlutverki í kolefnishlutlausu hagkerfi framtíðarinnar. Varðar það samgöngur, iðnað, húshitun og geymslu á orku. Iðnaðar-, rannsókna- og orkumálanefnd Evrópuþingsins (ITRE) samþykkti frumkvæðisskýrslu um vetnisstefnu ESB í mars 2021.**

Evrópusambandið hefur því tekið ákveðna stefnu í að stórefla vetnisframleiðslu og notkun. Þar er samt takmörkuð geta til að framleiða vetni með endurnýjanlegum orkugjöfum og þess vegna hafa þjóðir eins og Þjóðverjar verið að horfa til Íslands. Íslenska þjóðin gæti mögulega hagnast á því í framtíðinni svo lengi sem hún heldur yfirráðum sínum yfir vatns- og jarðhitaorkuauðlindunum.

Í þessari samþykkt kemur fram að vetni sem framleitt er með raforku sem unnin er með endurnýjanlegum orkugjöfum sé enn ekki eins samkeppnishæf og vetni framleitt úr jarðgasi. Nokkrar rannsóknir sýna að ESB orkukerfi, sem inniheldur verulegt hlutfall af vetni og endurnýjanlegum lofttegundum (metangasi) væri hagkvæmara en það sem byggir á framleiðslu með grænni orku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum.

Rannsóknir og nýsköpun í iðnaði í vetnisinnleiðingu er forgangsverkefni ESB og fær verulegt fjármagn frá ESB með rammaáætlunum rannsókna. Vetnisverkefninu er stjórnað af sameiginlegu fyrirtæki um vetni og vetnisrafala (FCH JU), sem er samstarf opinberra og einkaaðila studd af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.

Vetnisstefna ESB, sem samþykkt var í júlí 2020, miðar að því að flýta fyrir þróun vinnsluaðferða á vetni. Nær öll aðildarríki ESB viðurkenna mikilvægi hlutverks vetnis í innlendri orkunýtingu og til að standast loftslagsáætlanir 2021–2030. Um helmingur ríkjanna hefur skýr vetnistengd markmið, sem beinast fyrst og fremst að samgöngum og iðnaði. Ráðið samþykkti niðurstöður um vetnismarkað ESB í desember 2020, með áherslu á endurnýjanlegt vetni fyrir kolefnislosun, endurheimt og samkeppnishæfni. */HKr.*

# Stærsta vetnisráðstefna heims haldin í október

## – Mun standa samfellt í 24 klukkutíma á netinu

**Vetnið og umræða um vetnisþróunina tröllríður nú teikniheiminum. Þann 8. október næstkomandi verður haldin í Þýskalandi stærsta vetnisráðstefna heims, Hydrogen Online Conference (HOC), sem fram fer á netinu í 24 klukkustundir samfellt.**

Ráðstefnan fer fram á ensku og þar munu taka þátt leiðandi sérfræðingar iðnfyrirtækja og úr opinbera geiranum. Yfir 30 manns munu halda þar erindi og yfir 100 framleiðendur munu kynna sínar vörur. Þá munu yfir 10.000 sérfræðingar í vetnisiðnaði taka lifandi þátt í ráðstefnunni á netinu í yfir 150 löndum. Ráðstefnuhaldarar lofa að engar leiðinlegar „PowerPoint“ kynningar verði til að trufla þátttakendur. Allt sem sagt verði á ráðstefnunni miði að raunverulegu notagildi. Greint verði frá árangursríkum aðferðum í vetnistækninni og metnaðarfyllstu markmiðunum. Áhugasamir geta nálgast upplýsingar á https://hydrogen-online-conference.com/, eða í síma +49 7195 90439-00, eða með því að senda póst á contact@mission-hydrogen.de */HKr.*

Messe Bremen-sýningarhöllin í Þýskalandi:

# Helstu birgjar í Evrópu sýna vetnistækni

**Hydrogen Technology Expo Europe er ráðstefna og sýning sem haldin verður 20.-21. október næstkomandi í Messe Bremen sýninga- og ráðstefnuhöllinni í Þýskalandi.**

Í kynningu ráðstefnunnar segir að henni sé ætlað að vera lausnardrifinn vettvangur sem muni fjalla um þróun nýrrar tækni til að sigrast á tæknilegu áskorunum sem mæta innleiðingu vetnis fyrir staðbundna notkun og í farartæki.

Ráðstefnan mun eingöngu fjalla um háþróaða tækni fyrir vetnis- og vetnisrafalaiðnaðinn (Hydrogen Fuel cells). Viðburðurinn mun sameina alla vetnisverðmætakeðjuna til að einbeita sér að því að þróa lausnir og nýjungar fyrir notkun vetnis, skilvirka geymslu og dreifingu á vetni.

Meira en 90 fyrirlesarar víða að úr heiminum munu halda ræður og yfir 2.000 þátttakendur munu koma saman til að ræða og sjá nýjustu tækni, verkfræðilausnir, háþróað efni, framleiðslutæki, innviði, prófunar- og matstæki sem og þjónustu. Einnig hvernig eigi að koma vetni á markað sem hreinni, endurnýjanlegri orku. Þá munu yfir 100 fyrirtæki sýna vörur sínar í aðalsýningarsal ráðstefnunnar. Nánar má lesa um þetta á hydrogen-worldexpo.com */HKr.*

HYDROGEN Technology EXPO EUROPE 20-21 OCT 2021 / MESSE BREMEN / GERMANY


Höfum opnað vefverslun
rafmark.is



RAFVÖRUMARKAÐURINN
Við Fellsmúla | Reykjavík | Sími: 585 2888 | rafmark.is



Bændablaðið Næsta blað kemur út 7. október



AJ Power

ALLAR STÆRÐIR AF AJ RAFSTÖÐVUM

Opnar stöðvar | Stöðvar í húsi
Stöðvar í gám | Aukabúnaður eins og sjálfvirkur skiptirofi og fleira | Öflug og góð þjónusta



Gerðu kröfur - hafðu samband við Karl í síma 590 5125 og kynntu þér þína möguleika.

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10
104 REYKJAVÍK / 590 5100 / klettur.is
KLETTUR

## Það sem hafa þarf bak við eyrað er farið er í sveppamó:

# Áhugafólk getur óhikað tínt sér til matar

**Þó nokkuð er um sveppatínslu fólks hér á landi þegar líða tekur að hausti og gæta þarf þess að ganga í verkið áður en jörð frystir.**

Vinsælastir eru kúalubbi og lerkisveppir, sem má finna víða auk þess sem kantarellur þykja spennandi, en þær eru heldur fágætari. Leggja margir land undir fót til að finna það hnossgæti sem ferskir sveppir eru, en hins vegar er nóg að skreppa rétt út fyrir borgarmörkin og skiptir þá litlu hvort haldið er í Hvalfjörð eða nálægt Bláfjöllum.

*Næringarríkt góðgæti*

Sveppir eru próteinríkir auk þess að innihalda mikið af B-vítamínum, kalíum og járni og því er vert að kynna sér íslenska matsveppi.

Auk áðurtalinna sveppa þykja furusveppir góðir þó fjarlægja þurfi himnuna af hatti sveppsins áður en hans er neytt. Furusveppur finnst víða um land og þá oft nálægt byggð. Kóngssveppur er annar, oft kallaður ætilubbi, og líkt og kantarellan oft falinn undir gróðri. Kóngssveppurinn er ekki sérstaklega algengur á Íslandi, en þó stór og góður matsveppur sem getur orðið nokkur kg að þyngd.

*Aðgát skal höfð ...*

Gæta verður þess að tína sveppi ekki í bleytu, heldur degi eða helst nokkrum dögum eftir rigningu því þá skemmast þeir síður. Einnig skal gæta þess að setja þá ekki í plastpoka þar sem þá er frekari hætta á rotnun, en nota frekar körfu eða pappakassa þegar verið er að tína.

Mælt er með að finna sér unga sveppi fremur en eldri vegna hættu á lirfum, auk þess sem best er að tína sveppi við ung tré. Þegar sveppur er tekinn upp skal taka neðst um stafinn og snúa upp á hann um leið og hann er tekinn, skera svo burt skemmdir og þrífa sem best. Þegar heim er komið er best að skera sveppina í sneiðar, steikja og frysta.

(Ofantaldir eru allt sveppir sem mynda sveppagró við aðrar plöntur. Það þýðir í raun að þeir búa nálægt öðrum plöntum, líkt og heiti lerki- og furusveppa bendir til og fá næringu sína frá þeim.)

*Áhugamenn við tínslu*

Kitty Von-Sometime er mikil áhugamanneskja um þá næringu sem náttúran gefur okkur og þar með talið sveppi. Hún fór í sveppamó á dögunum í nærumhverfi höfuðborgarinnar og tíndi þar heil ósköp eins og sjá má.

Kitty kannast við helstu íslensku tegundirnar og nýtir sér upplýsingar af netinu í hvívetna. Víða má finna netsíður er varða íslenska sveppi, þá til dæmis www.floraislands.is, marga hópa má finna á Facebook og þar fram eftir götunum. Í Englandi, þar sem hún ólst upp, var mikið um tínslu sveppa. Tegundirnar þar eru mun fleiri auk þess sem eitraðar tegundir geta verið keimlíkar þeim sem ekki bera í sér eitur, annað en hérlendis, og því er þar stuðst við þrenns konar staðfestingu ef svo má segja.

„Þar sem ég ólst upp,“ segir Kitty, „er reglan sú að stuðst er við munnlega heimild þeirra sem þekkja til, leitast er eftir upplýsingum á netinu og að auki úr bókum. Þá ætti að vera hægt að neyta sveppanna án tiltölulegra vandkvæða.

Á Íslandi er ég mjög hrifin af kóngasveppum og svo kantarellum sem ég rakst á eitt skiptið á Vestfjörðum. Ég nýti sveppina í bæði grænmetisrétti og súpur og geng að sjálfsögðu frá þeim um leið og heim er komið. Steiki þá bæði, frysti og þurrka og á í frystinum töluvert magn sem nýtist lengi.

Fólk í kringum mig er einnig gjarnt á að þjóða mér af sínum feng ef því þykir það eiga umfram en neysla þess býður upp á – enda er ég alls ekki hlynnt matarsóun og þigg því slíkt með þökkum.“ /SP





Kitty lagði leið sína rétt út fyrir bæinn og fann þar heilmikið af sveppum, meðal annars kúalubba og furusveppi, sem nú eru í þurrkun og verða frystir innan skamms. Matarmiklar súpur og sósur má gera úr þeim auk þess sem þeir þykja góð viðbót við pottrétti. Upplagður haustmatur semsé!



Furusveppir eru vinsælir en gæta þarf þess að draga slímhúðina af hattinum áður en matreitt er úr honum vegna hættu á meltingartruflunum við átu.



Myndarlegur og vel með farinn sveppur sem bragðast örugglega vel þegar á diskinn er komið.



Bragð kantarellusveppa þykir minna á apríkósur og er hann einn fárra sveppa sem skordýr eru lítt hrifin af. Auðvelt er að þurrka hann og frysta.



Handfylli af ferskum sveppum má finna rétt fyrir utan höfuðborgina.



Kóngasveppi líkt og aðra skal tína sem ferskasta og helst óskemmda. Nokkuð er um að sniglar og skordýr séu fyrri til að gæða sér á þeim.



Lerkisveppur lifir í samlífi með lerki og þykja afar bragðgóðir bæði í súpur og sósur.

UTAN ÚR HEIMI



## Matargerðarlist Ítala til forna:

# 10 tonn af mannaskít varpa ljósi á sannleikann

**Þegar við hugsum um ítalskan mat sjáum við fyrir okkur safaríkar og matarmiklar rauðar sósur, heimagert pasta og pitsur skreyttar basilikku, mozzarellaosti og ferskum tómötum.**

Gnocci með bragðmiklum ostum, lasagna, hvítlauksbrauð, ólífur ... Reyndar er þetta þó allt matur frá Suður-Ítalíu, sem á sér í raun ekki langa sögu, heldur er arfleifð matarvenja innflytjenda sem settust þar að á sínum tíma. Hvað varðar aðra innflytjendur komu tómatar til dæmis ekki til landsins fyrr en árið 1548, náðu í raun ekki vinsældum fyrr en í byrjun 18. aldar og sósa úr tómötum leit fyrst dagsins ljós í lok hennar, eða um 1790. Var lengi talið að tómatar tengdust banvænum næturskugga, væru eitraðir og því ekki ætlaðir til neyslu.

Ítalskur matur í grunninn er því ekki hin girnilega litaþrenning sem við þekkjum svo vel, rautt, grænt og hvítt. Samfélag Etrúra á öldum áður – sem staðsett var í héraði sem nú þekkist sem Toskana – höfðu meðal annarra sitt að segja hvað varðar matarmenningu Ítala. Undir áhrifum frá uppskriftum Rómverja voru Etrúrar hrifnir af svokölluðum vínberjakökum, gerðum úr steinum og hýði þeirra berja sem áður höfðu verið notuð í víngerð. Þessu var blandað við heilhveiti, kúmín, anís og ricotta ost. (Sem allmargir vilja benda á að er ekki ostur heldur afurð sem myndast við ostaframleiðslu). Vínberjakökurnar, sem minntu helst á lítil rúnstykki, voru áhugaverð blanda sætu og salts auk þess að vera seigar með stökkri skorpu. Annað brauðtengt sem þekktist hjá Etrúrum var það sem kallað var mensa – útflatt kringlótt brauð sem vætt var með leifum þess sem varð eftir á diskum fólks við máltíðir og gjarnan gefið þrælum eða hundum. Etrúrar neyttu einnig skrautlegri matar svo sem fisks sem kryddaður var með aspas, kjúklingabaunasalats með kúmeni, fennel og ávaxtasírópi, grófra svínapylsa sem reyktar höfðu verið í heyi og geita-ostakökur bragðbættar með hunangi og lavender.

Aukinn áhugi hefur verið á matarvenjum til forna og hafa vísindalegar framfarir í þeim efnum vaxið gífurlega á síðustu árum þegar kemur að því að greina og bera kennsl á innihald þeirra matarleifa sem fundist hafa. Efnafræðingar geta nú greint örsmáar fituagnir sem finnast á yfirborði fornra potta og gera þeim kleift að sjá greinarmun á kjöti og jurtafitu og jafnvel frá af hvaða dýri kjötið var. Erfiðara hefur verið að bera kennsl á fisk, vegna þess hve hratt hann brotnar niður, en í dag geta vísindamenn, fornleifa- og efnafræðingar ákvarðað hvaða fisktegundir fólk neytti, úr sýnum á stærð við títuprjónshöfuð.

Samkvæmt vefsíðu the Economist, gladdist sami hópur ákaflega árið 2011 þegar fundust 10 tonn af vel varðveittum mannaskít í gryfju sunnan við Napólíborg Ítalíu. Varðveislan varð vegna eldgoss Vesúvíusar sem átti sér stað árið 79 eftir Krist og gjöreyðilagði nærliggjandi borgir; Pompei, Stabiae og Herculaneun. Eftir ítarlega yfirferð og greiningu fundust í mannaskítnum merki þess að íbúar Napólí hefðu borðað fjölbreytt mataræði sem meðal annars innihélt fíkjur, fenniku og ígulker, auk eins af grunnatriðum ítalskrar matargerðar í dag – ólífum.

Samhliða miklum áhuga á matarvenjum hefur þótt spennandi að elda og endurskapa forna rétti, enda þó nokkuð til af uppskriftum frá öldum áður. Sem dæmi má nefna gerð gerjaðrar ítalskrar fiskisósu, en í uppskriftinni, sem er frá þriðju öld, var sérstaklega tekið fram að blanda vökvans og fiskinnyflanna sem áttu að gerjast þyrfti að standa úti í sólinni í sjö daga og í framhaldinu skyldi hræra í því daglega yfir þriggja vikna skeið. Áhugamenn rannsókna tókust á við þetta verkefni og eftir þær aðfarir kom skemmtilega á óvart að sólbökuð og rotnuð fiskinnyfli bragðast víst mæta vel og vökvinn líkastur taílenskri fiskisósu, fremur en því sem nútímamanneskjur tengja bragðtónum Ítalíu. Taílensk fiskisósa, í dag að minnsta kosti, er hins vegar lögur ansjósa, salts og vatns sem er látinn gerjast í allt að tvö ár. Sem er nú heldur lengri tími en til forna. /SP

Röggi ehf.
Þjónusta við iðnaðinn
Trésmíðavélar, sagarblöð, handfræsitennur, fræsihausar, borar, viðgerðarefni, sporjárn, rennijárn, ,útskurðarhnífar, demantsblöð



Smiðshöfða 12 · 110 Reykjavík · sími 586 8000 · verslun@roggi.is · www.roggi.is

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





• Stuttur afhendingartími
• Hágæða íslensk framleiðsla
• Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
• Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VÞ HURÐIR
Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook

KJARNABORVÉLAR - GÓLFSAGIR - VEGGSAGIR - KJARNABORAR - STEINSAGARBLÖÐ



# Góð aðsókn á Eyfirskan safnadag



Hér er Hörður Geirsson, sem vinnur á Minjasafninu, að þeyta skífum – gamall plötusnúður. Myndir / Margrét Þóra.




**Eyfirski safnadagurinn var haldinn á dögunum en þann dag opna fjölmörg söfn á Eyjafjarðarsvæðinu dyr sínar og bjóða gesti velkomna að skoða söfnin endurgjaldslaust.**

Alls tóku að þessu sinni 15 söfn þátt í Eyfirska safnadeginum og voru þau staðsett hvarvetna í Eyjafirði.

„Aðsóknin var góð og við erum ánægð með viðtökur, það var ekki annað að sjá en fólk kunni vel að meta það sem í boði var,“ segir Haraldur Þór Egilsson, safnstjóri Minjasafnsins á Akureyri.

Eyfirski safnadagurinn hefur verið haldinn frá árinu 2007 og segir Haraldur Þór að í fyrstu hafi ekki annað staðið til en að halda daginn í þetta eina skipti.

Hann gekk hins vegar svo ljómandi vel að ákveðið var að endurtaka leikinn árið á eftir „og síðan hefur þessi dagur verið árlegur viðburður nema hvað við þurftum að aflýsa á síðasta ári vegna heimsfaraldursins,“ segir hann.

Eyfirski safnadagurinn hefur alltaf verið haldinn á sumardaginn fyrsta og markað upphafið að sumarstarfsemi safnanna, en nú var hann færður yfir á haustið, líka vegna stöðu faraldursins í vor.

„Við erum bara glöð yfir að hafa getað haldið upp á daginn,“ segir Haraldur Þór.

*/MÞÞ*



Hinn frægi saxófónn Finns Eydal prýðir sýninguna.



Vöruhjólið var í fullri notkun til ársins 1999. Náttfaramenn á Siglufirði gáfu Mótorhjólasafni Íslands hjólið.



Grétar Ingvarsson gítarleikari sem nú er látinn átti þennan hljómsveitarfatnað.



Mobylette skellinaðra.



WDK Whermacht mótorhjól sem höfðu á þessum tíma yfir sér rómantískan blæ, en þurftu gjarnan mikið viðhald.



Vespur hafa alltaf notið vinsælda.



Gestum Minjasafnsins gefst kostur á að spreyta sig í trommuleik. Hér er Úlfar að prófa.



Finna má farartæki af ýmsum toga.



Þarna má sjá flugmann framtíðarinnar skemmta sér hið besta þó sjálfsagt hafi henni ekki tekist að komast á loft nema í huganum í þetta skiptið.







Sýningin Tónlistarbærinn Akureyri var opnuð í fyrrasumar og hefur hlotið góðar viðtökur. Hér má sjá auglýsta dansleiki með þekktum akureyrskum hljómsveitum, Hljómsveit Ingimars Eydal og Skriðjökla.



Benson Gyrocopter, sem flogið var samtals í 65 klukkutíma og 50 mínútur. Síðasta flugið var 25. maí árið 1975 en í því flugi datt hreyfillinn af og hafnaði úti í sjó.




Tónlist hefur alltaf leikið stóran þátt í hjörtum landsmanna.

TÆKNI & UMHVERFISMÁL




# Umhverfisvæn haglaskot

**Eftir 10 ára rannsóknir og þróun hefur spænska fyrirtækið Bioammo skráð einkaleyfi á framleiðslu nýrra, umhverfisvænna haglaskota sem nú eru komin á markað og hafa vakið mikla athygli um allan hinn vestræna skotveiðiheim síðustu misserin.**




Eftir töluverðu er að slægjast með að losna við plasthylkin. Hefðbundin haglaskot, framleidd úr plasti, brotna niður á um 450 árum. Bioammo skotin brotna hins vegar niður í náttúrunni á um tveimur til þremur árum.

***Mikið af skothylkjum verða eftir í náttúrunni***

Virkir veiðikortshafar á Íslandi eru á milli 15.000 og 20.000. Gefum við okkur að hver veiðimaður skjóti 200 æfinga- og veiðiskotum árlega eru skilin eftir þrjár til fjórar milljónir forhlaða og talsvert magn skothylkja í náttúrunni á ári hverju.

Skothylki og forhlöð í venjulegum haglaskotum eru úr plasti. Í stað plasts eru skothylki og forhlöð Bioammo skotanna framleidd úr efnum unnum úr jurtaríkinu sem brotna niður í náttúrunni á um tveimur til þremur árum. Niðurbrotið er hreint og lyktarlaust þar sem skothylkin og forhlöð eyðast fyrir tilstuðlan náttúrulegra örvera, sveppa og þörunga og breytast í hreinan, lífrænan úrgang. Þess má geta að Bioammo fékk nýsköpunarverðlaun í Evrópu í ár.

Veiðihornið er með umboð fyrir Bioammo á Íslandi. Ef menn vilja frekari upplýsingar um þessi „náttúruvænu“ haglaskot má finna þær á vefsíðunni www.Bioammo.es og auðvitað hjá umboðinu. */HKr.*







Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 7. október



Á FAGLEGUM NÓTUM

# Íslensk mjólkurframleiðsla 101

**Næstkomandi laugardag munum við kjósa til Alþingis að nýju og stefnir í töluverða endurnýjun þingmanna. Við í hagsmunagæslu bænda fáum margar spurningar um starfsumhverfi mjólkurframleiðslunnar frá frambjóðendum, enda getur það virst ansi óárennilegt fyrir leikmann að setja sig inn í kerfið þar sem ólíkir angar þess tvinnast saman í eina heild.**


Herdís Magna Gunnarsdóttir.

Íslensk mjólkurframleiðsla er í stöðugri þróun sama á hvaða svið greinarinnar er litið. Í dag er framleidd mjólk á 523 bæjum hringinn í kringum landið og þó svo framleiðendum hafi fækkað í gegnum tíðina hefur hlutfallsleg fækkun milli svæða haldist nokkuð jöfn. Í núverandi kerfi er söfnunarskylda á markaðsráðandi afurðastöð og flutningsjöfnunarkerfi sem hvort tveggja er grundvallarforsenda þess að halda uppi framleiðslu í öllum landshlutum.

Mjólkurframleiðsla á Íslandi er ansi tæknivædd miðað við önnur ríki og í árslok 2019 voru lausagöngufjós með mjaltaþjóni orðin algengasta tegund fjósa hérlendis og hlutfall mjólkur sem kom frá mjaltaþjónum tæp 56% af heildarinnvigtuninni, sem er að öllum líkindum heimsmet. Aukin tæknivæðing hefur ekki einungis jákvæð áhrif á starfsumhverfi bænda heldur er framleiðsla hverrar kýr meiri í lausagöngufjósum en básafjósum og eykst enn frekar með mjaltaþjóni. Framleiðsla hverrar mjólkurkýr hefur aukist um rúm 50% á 30 árum og eykst með hverju ári. Við þurfum því færri gripi til að standa undir meiri framleiðslu.

### *Framleiðslustýring*

Árið 2019 kusu mjólkurframleiðendur um hvort kvótakerfi í mjólkurframleiðslu skyldi afnumið. Tóku tæplega 90% kúabænda þátt og vildu tæplega 90% þeirra halda kvótakerfinu en rúm 10% sögðust vilja afnema það. Var það svo lögfest með endurskoðun búvörusamninga seinna sama ár.

Fyrir hvert ár er gefið út heildargreiðslumark, oftast kallað kvóti, sem byggist á söluspá þess árs. Þannig er komið í veg fyrir bæði skort á mjólk og óhóflega umfram framleiðslu. Mjólk sem framleidd er umfram greiðslumark, oft kölluð umframmjólk, er skylt að flytja út.

Heildargreiðslumarkið hefur haldist í 145 milljónum lítra undanfarin ár en hafði þá vaxið hratt á árunum þar á undan. Þegar heildargreiðslumark hækkar eða lækkar skiptist breytingin hlutfallslega niður á greiðslumarkshafa á sama hátt og greiðslumark síðasta árs. (Sjá töflu 1)

Hver bóndi á ákveðið magn greiðslumarks sem gefur lágmarksverð frá afurðastöð fyrir framleiðsluna innan þess sem og að hluti beingreiðslna er greiddur út á greiðslumarkið. Mjólk framleidd utan greiðslumarks gefur bæði af sér lægri beingreiðslur og að það er ekki greitt fyrir hana lágmarksverð heldur verð sem ákveðið er af afurðastöð og miðar við skilaverð í útflutningi. Það er því hagur bænda að eiga greiðslumark fyrir sem mestri af sinni framleiðslu hverju sinni. Þá er einnig 100% framleiðsluskylda sem þýðir að bændur fá ekki fullar beingreiðslur nema með því að framleiða að fullu uppí greiðslumarkið sitt. (Sjá töflu 2)

### *Viðskipti með greiðslumark*

Bændur geta keypt sér greiðslumark í gegnum miðlægan kvótamarkað þar sem allir sitja við sama borð. Markaðurinn byggist upp á jafnvægisverði milli kaup- og sölutilboða og þá fara öll viðskipti fram á sama verði. Í dag er þó hámarksverð á markaði sem nemur þreföldu afurðastöðvaverði. Hefur verð á mörkuðum frá því hámarksverð tók gildi ávallt numið því verði. Nýliðar hafa forgang í 5% af því magni sem er í boði hverju sinni. Helsta áskorunin í dag er lítið framboð en mikil eftirspurn eftir greiðslumarki. Neikvæða hlið þess er sú að bændum sem hafa stækkað bú sín reynist erfitt að fá kvóta og þar með fullnýta sína framleiðsluaðstöðu en jákvæða hliðin er sú að framleiðsluvilji er mikill og fólk vill vera í greininni.

Síðastliðin 20 ár hefur hlutfallsleg skipting greiðslumarks eftir landshlutum ekki breyst mikið. Þó hafa tveir landshlutar, Suðurland og Norðurland vestra, verið yfir landsmeðaltalinu í vexti greiðslumarks síðustu árin. Höfuðborgarsvæðið var með hraðan vöxt framan af en síðan hefur það dregist aftur úr, en hafa ber í huga að þar er magnið ekki mikið. Frá 2005 hafa Vestfirðir dregist áberandi aftur úr öðrum landshlutum í vexti greiðslumarksins.

### *Opinber verðlagning*

Verðlagsnefnd búvara er skipuð og starfar eftir ákvæðum búvörulaga. Hún ákveður afurðaverð til búvöruframleiðenda og verð búvara í heildsölu, en síðustu ár hafa verðákvarðanir nefndarinnar eingöngu varðað mjólkurframleiðslu. Þar er ákveðið heildsöluverð á m.a mjólk, smjöri, osti og dufti. Verðlagsnefnd ákveður einnig lágmarksverð til bænda. Landssamband kúabænda og Bændasamtök Íslands hafa ítrekað óskað eftir uppfærðum verðlagsgrunni kúabúa sem nýttur er við útreikninga innan nefndarinnar, enda er núverandi grunnur yfir 20 ára gamall og þarfnast sárlega uppfærslu.

| Tafla 1 | | |
|---|---|---|
| **Ár** | **Heildargreiðslumark** | **Heildarframleiðsla** |
| **2011** | 116,0 | 124,8 |
| **2012** | 114,5 | 125,2 |
| **2013** | 116,0 | 123,0 |
| **2014** | 125,0 | 133,6 |
| **2015** | 140,0 | 146,1 |
| **2016** | 136,0 | 150,4 |
| **2017** | 144,0 | 151,2 |
| **2018** | 145,0 | 152,5 |
| **2019** | 145,0 | 151,8 |
| **2020** | 145,0 | 151,2 |

*Heimild: SAM*





**Viðskipti með greiðslumark.** Mynd / Úr Skýrslu RHA


**Úr mjólkurstöð MS á Selfossi. Mjólkursamsalan er langsamlega stærst afurðastöðva á Íslandi. Aðrar afurðastöðvar hafa náð að hasla sér völl á íslenskum mjólkurmarkaði þó að hlutdeild þeirra sé töluvert minni.** Mynd / HKr.

### *Mjólkurvinnsla*

Auðhumla er samvinnufélag í eigu um 500 mjólkurframleiðenda um land allt og hefur það hlutverk að safna allri mjólk frá félagsmönnum sínum og umbreyta í mjólkurafurðir með aðkomu sinni að Mjólkursamsölunni ehf.

Auðhumla er móðurfélag Mjólkursamsölunnar ehf. með 80% eignarhlut til móts við 20% eignarhlut Kaupfélags Skagfirðinga svf.

Mjólkursamsalan er langsamlega stærst afurðastöðva á Íslandi. Aðrar afurðastöðvar hafa náð að hasla sér völl á íslenskum mjólkurmarkaði þó að hlutdeild þeirra sé töluvert minni. Mjólkursamlag KS, Arna, Bio bú og Rjómabúið Erpsstöðum eru þar stærstar og auk þess er talsverður fjöldi lítilla heimavinnslna sem bændur framleiða mjólkurvörur úr hluta af eigin framleiðslu.

Söfnun, meðferð og vinnsla mjólkur er flókið og kostnaðarsamt ferli og í mjólkurvinnslu er veruleg stærðarhagkvæmni. Vegna þessa geta verið talsverðar tæknilegar aðgangshindranir fyrir nýja vinnsluaðila.

Vænsta leiðin til að ýta undir samkeppni í mjólkurvinnslu væri væntanlega að auðvelda einstaklingum að hefja slíkan rekstur. Söfnunarkerfi hrámjólkur og dreifingarkerfi mjólkur til smárra vinnslustöðva sem hefur verið byggt upp af Auðhumlu og stýrt af MS hafa lækkað þær tæknilegu aðgangshindranir sem felast í mjólkurvinnslu.

***Margt í kerfinu ýtir undir og auðveldar starfsemi smærri vinnsluaðila eins og að:***

- Minni aðilar hafa hvorki móttöku- eða söfnunarskyldu á mjólk frá bændum og geta því pantað án skilyrða og takmarkana það magn mjólkur sem hentar þeirra vinnslu hverju sinni algjörlega óháð mismunandi framleiðslu bænda eftir árstíðum.

| Tafla 2 | Beingreiðslur út á greiðslumark | | Afurðastöðvaverð | | Samtals | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Ár** | **Greiðslumarksmjólk** | **Umframmjólk** | **Greiðslumarksmjólk** | **Umframmjólk** | **Greiðslumarksmjólk** | **Umframmjólk** |
| **2017** | 30,9 | 17,4 | 87,40 | 51,98* | 118,3 | 69,38 |
| **2018** | 31,8 | 17,9 | 88,40* | 36,98* | 120,2 | 54,88 |
| **2019** | 32,6 | 18,4 | 90,48 | 29,25* | 123,08 | 47,65 |
| **2020** | 31,2 | 16,7 | 95,72* | 25,25* | 126,92 | 41,95 |

**Afurðastöðvaverð breyttist yfir árið, meðalverð per.ltr. yfir árið*
*Heimild: Reiknað út frá fjárlögum hvers árs og uppgjöri SAM*

- Minni aðilar hafa aðgang að úrvals hrámjólk án þess að hafa þörf eða skyldu til að leggja í kostnað við tækni og aðstöðu til prófunar og gæðaeftirlits hrámjólkur frá bændum.
- Minni aðilar þurfa ekki að tryggja framboð allra vörutegunda allt árið um kring.
- Allar vinnslustöðvar fá hrámjólk á sama opinbera verði frá afurðastöð.
- Smærri vinnslustöðvar þurfa ekki að greiða sérstaklega fyrir flutning að vinnslustöð sinni en fjarlægðir í dag geta farið upp í 600-950 km, báðar leiðir.
- Til að létta undir með smærri vinnsluaðilum gefur Auðhumla smærri vinnsluaðilum hverjum um sig afslátt upp á fyrstu 300.000 lítrana sem þær vinna.

***Samanburður við önnur ríki***

Ef við lítum til fyrirkomulags annarra landa má sjá að svipað kerfi þekkist víða. Í Noregi er TINE langstærsti aðilinn á markaði og var lengi vel eini aðilinn. Í dag sér fyrirtækið um söfnun og dreifingu u.þ.b. 95% allrar framleiddrar mjólkur í landinu og árið 2016 framleiddi fyrirtækið um 80% af öllum mjólkurvörum í Noregi. Í Svíþjóð er Arla stærsta fyrirtækið og er umfang þess um 70% af mjólkurmarkaðinum í landinu en þau safna mjólk frá um 2.800 kúabúum. Þar á eftir kemur Skånemejerier EF, sem er í eigu franska fyrirtækisins Lactalis, með 10-20% markaðshlutdeild. Það fyrirtæki safnar mjólk frá um 300 kúabúum á Skáni og Suður-Svíþjóð. Bæði í Noregi og Svíþjóð eru svo minni afurðafyrirtæki sem kaupa hrámjólk af stóru fyrirtækjunum, en hafa val um að safna mjólkinni sjálf, líkt og hérlendis.

***Undanþáguheimild – Hagur bænda og neytenda***



Í 71. grein búvörulaga er afurðarstöðvum í mjólkuriðnaði veitt undanþága frá ákvæði í samkeppnislögum sem felst í því að þeim er þar gert heimilt að sameinast, gera með sér samkomulag um verkaskiptingu milli mjólkursamlaga að því er varðar framleiðslu einstakra mjólkurvara og hafa með sér annars konar samstarf til þess að halda niðri kostnaði við framleiðslu, geymslu og dreifingu mjólkurafurða.

Markmiðið með stofnun sameinaðs félags afurðastöðva undir nafni Mjólkursamsölunnar var einmitt að ná niður vinnslu- og dreifingarkostnaði til hagsbóta fyrir bændur og neytendur. Í lok síðasta árs var gefin út skýrsla, sem unnin var af Hagrannsóknum sf., um þróun og hagræðingu í mjólkurvinnslu á Íslandi á árunum 2000-2018. Þar hefur verið sýnt fram á að hagræðingaraðgerðir í mjólkuriðnaðinum, sem mögulegar voru vegna þessarar undanþágu, skili nú ávinningi sem nemur 2-3 milljörðum króna á ári, sem skilar sér til bænda í formi hærra afurðaverðs og neytenda í formi lægra vöruverðs.

Í umræðu um innlenda mjólkurframleiðslu er stundum talað eins og undanþáguheimildir í matvælaframleiðslu séu eitthvað sér íslenskt uppátæki. Samkvæmt skýrslu Lagastofnunar HÍ 2020 um undanþágur frá samkeppnisreglum er varða samstarf búvöruframleiðenda í ljósi EES/ESB-réttar segir að víðtækar undanþágur gildi fyrir framleiðendur landbúnaðarvara í Noregi og innan ESB. Í norsku landbúnaðarstefnunni er lögð áhersla á að samkeppnishæfni framleiðenda landbúnaðarafurða verði meiri starfi þeir í stórum rekstrareiningum. Í ESB hefur landbúnaðarstefnan forgangsáhrif gagnvart samkeppnisreglum og framkvæmdastjórn ESB leggur mikla áherslu á stækkun rekstrareininga.

Í ljósi þessa er erfitt að skilja umræðu um að afnema íslenskar undanþáguheimildir þegar í nágrannalöndum okkar má jafnvel finna víðtækari undanþáguheimildir fyrir landbúnaðarvörur.

Ef 71. grein búvörulaga yrði afnumin þyrfti væntanlega að endurskoða allar þær miklu hagræðingaraðgerðir sem mjólkuriðnaðurinn hefur farið í gegnum á síðustu árum og taka eitthvað af þeim til baka. Það myndi leiða af sér minna hagræði sem síðan skilar sér að öllum líkindum annað hvort eða bæði í hærra verðlagi og lægra verði til bænda.

***Kerfi sem virkar***

Sem dæmi um hvernig kerfið tengist allt saman er ljóst að erfitt væri að halda úti söfnunarskyldu ef ekki væri framleiðslustýring, enda væri þá nokkuð mikið lagt á herðar afurðastöðva að taka við ótakmörkuðu magni mjólkur. Sama myndi gilda um lágmarksverð til framleiðenda ef það takmarkast ekki við ákveðið magn. Þó að sé erfitt að móta hið fullkomna kerfi þá hefur núverandi kerfi verið þróað í á annan áratug og er í stöðugri þróun og aðlögun að síbreytilegum aðstæðum. Það er óhætt að segja að ekkert annað fyrirkomulag býður uppá betri nýtingarmöguleika fjárfestinga en þá sem eru til staðar í núverandi kerfi. Það eykur hagræðingu í greininni sem skilar sér svo í lægra vöruverði til neytenda. Ef núverandi kerfi lognast út af þá má ætla að það bitni helst á þeim búum sem eru langt frá mjólkurafurðastöðvum og hætta yrði á að mjólkurframleiðslan færist á fá bú á ákveðnum svæðum.

Það verður að segjast að umhverfi mjólkurframleiðslunnar í dag er til fyrirmyndar. Hagræðingaraðgerðir og umhverfi framleiðslunnar hafa skilað sér í lægra verði til neytenda og sanngjörnu verði til mjólkurframleiðanda. Þó svo að stærsta afurðastöð landsins, sem er í eigu bænda, þyki stór aðili á markaði hérlendis verðum við að horfast í augu við þá staðreynd að svipað fyrirkomulag er í löndunum í kring um okkur og MS er lítið peð í samanburði við stærri fyrirtæki nágrannalandanna. Í rauninni er ótrúlegt að smáþjóð á eyju í Atlantshafi geti haldið uppi svo öflugri matvælaframleiðslu og boðið uppá jafn gott vöruúrval og raun ber vitni. Því skulum við ekki fórna „af því bara“.

***Herdís Magna Gunnarsdóttir***
*formaður kúabænda*

VÍKURVAGNAR EHF.
MIKIÐ ÚRVAL KERRUVARAHLUTA
RAFMAGNSBÚNAÐUR
BREMSUR
BEISLI
DEKK
LJÓS
LED LJÓS



VÍKURVAGNAR EHF.
STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI
Víkurvagnar ehf. – Hyrjarhöfði 8. – 110 Reykjavík
Sími 577-1090 – www.vikurvagnar.is – sala@vikurvagnar.is

limtrevirnet.is
FALLEGAR HURÐIR SEM ÞÚ GETUR TREYST
Traustar bílskúrs- og iðnaðarhurðir frá Lindab og Krispol



Áratugareynsla við íslenskar aðstæður
Uppsetning í boði á hurðum og viðbótarbúnaði
Stuttur afgreiðslutími og fjölbreytt úrval
Margir litir og fylgihlutir í boði
skoðaðu úrvalið limtrevirnet.is
LímtréVírnet
Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350 | Netfang: sala@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnes

Ábúendur á Höfða í Grýtubakkahreppi:

# Reisa vorhús til að skýla lambfé í vorhretum

**„Þetta verður fínt skjól," segir Ásta F. Flosadóttir en hún og Þorkell Pálsson, bændur á Höfða í Grýtubakkahreppi, hafa reist svonefnt vorhús, skýli fyrir lambfé til nota svo ekki þurfi að hýsa allan skarann inni í fjárhúsi þegar vorhretin ganga yfir.**

Ásta segir þau hafi dundað við verkefnið í hjáverkum, en húsið er 12 metrar á lengd og 5 á breidd. Gert er ráð fyrir að um það bil 80 kindur geti leitað skjóls í húsinu. Hún segir að miðað sé við að gefa fyrir utan húsið, „en ef í harðbakkann slær verður hægt að gefa inni," segir hún.

***Fyrirmyndin austan úr Þistilfirði***

„Við höfum lengi verið að velta þessu fyrir okkur, en við sáum svona hús í Þistilfirði, m.a. hjá Sigurði í Holti og Eggerti í Laxárdal, en þar hafa þau komið að góðum notum þegar kalt er að vorlagi," segir Ásta.

„Það er ekki óalgengt að snjói hér um slóðir í maí og því fylgir næturfrost og kuldi. Það er því gott að hafa aðstöðu þar sem lambfé getur leitað skjóls. Það er oft þröngt að hafa allt fé inni yfir sauðburðinn á vorin og mikil vinna og umstang," segir Ásta, en planið er að reisa annað svipað vorhús á öðrum stað á jörðinni síðar.



Ásta F. Flosadóttir, bóndi í Höfða, er ánægð með vorhúsið og segir að annað svipað verði reist síðar.



Yfirsmiðurinn Helgi Jökull Hilmarsson og Þorkell Pálsson spá í næstu skref í framkvæmdum.



Efniviður í húsbygginguna kemur héðan og þaðan, m.a. má þar finna gamla aflagða rafmagnsstaura úr Bárðardal.

***Efniviðurinn héðan og þaðan***

Hún segir að þau hafi fyrir nokkru byrjað að viða að sér efni, en segja má að útsjónarsemi, nýtni og endurvinnsla hafi verið þeim Höfðahjónum efst í huga við framkvæmdina. Þau fengu langa rafmagnsstaura sem RARIK var að taka niður í Bárðardal og víðar, 12 metra langa staura sem ákvarða lengd hússins. Þá var verið að gera við þak á Grenivíkurskóla og þar fengu þau einnig efnivið og sömuleiðis þegar gamla kaupfélagsbúðin á Grenivík var rifin. Þakið er fengið úr þeirri byggingu. Þau notuðu einnig timbur úr fjárhúsum sínum, m.a. slitnar spýtur úr króm. „Það má segja að þaksaumurinn sé dýrasti pósturinn í byggingunni," segir Ásta. */MÞÞ*





Sigurður Einar Þorkelsson, „litli bóndinn á bænum", aðstoðaði foreldra sína við byggingu vorhússins.





Vorhúsið er hugsað fyrir lambfé sem skýli þegar vorhretin ganga yfir. Gert er ráð fyrir að um 80 kindur geti leitað skjóls í húsinu.



## Nemendagarðar byggðir á Flateyri:

# Metaðsókn að Lýðskólanum

### – 25 ár frá því síðast var byggt íbúðarhúsnæði á Flateyri

**Við skólasetningu Lýðskólans á Flateyri nýlega tilkynnti Ásmundur Einar Daðason félags- og húsnæðismálaráðherra um 134 milljóna stofnframlag Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar til byggingar nemendagarða á Flateyri.**

Verður þetta í fyrsta sinn frá árinu 1997 sem íbúðarhúsnæði er byggt á Flateyri. Hönnun húsanna er þegar hafin og verða þau framleidd erlendis og flutt á staðinn með skipi næsta vor. Yrki, arkitektar eru hönnuðir bygginganna. Um er að ræða 14 stúdíóíbúðir í tveimur samtengdum húsum sem rísa munu við Hafnarstræti og verða hluti af götumynd og ásýnd staðarins. Við hönnun húsanna verður þess gætt að þau falli að staðaranda Flateyrar.

„Þetta voru miklar gleðifréttir, stór áfangi í stuttri sögu skólans og mikil viðurkenning á okkar starfi,“ segir Runólfur Ágústsson, formaður stjórnar Lýðskólans.

„Nú brettum við upp ermar og stefnum að því að þessi hús verði tilbúin við næstu skólasetningu að ári.“

***Met aðsókn að skólanum***

„Aðsókn að skólanum hefur aldrei verið meiri og við þurftum að hafna fleirum en teknir voru inn. Nú hóf 31 nemandi nám við Lýðskólann á tveimur brautum þar sem önnur leggur áherslu á listir og sköpun en hin útivist, umhverfi og sjálfbærni,“ segir Katrín María Gísladóttir skólastjóri.

„Við hlökkum til skólaársins með nýjum hópi nemenda. Bygging nemendagarða gerir okkur kleift að taka inn 40 nemendur á næsta ári eins og við höfum stefnt að allt frá upphafi. Þetta eru gleðifréttir, bæði fyrir skólann og Flateyri, og skýrt merki um þau miklu samfélagslegu áhrif sem skólinn hefur hér.“ /MHH



**Nemendur Lýðháskólans á Flateyri hafa aldrei verið eins margir eins og í vetur enda met aðsókn að skólanum.** Mynd/ Aðsend



**Flateyri stúdentaíbúðir: 14 stúdíóíbúðir verða í tveimur samtengdum húsum, sem byggð verða við Hafnarstræti á Flateyri.**
Mynd / Yrki arkitektar og Bjarni Sveinn Benediktsson.



**Flateyri. Mynd / HKr.**



**Frá undirritun samstarfssamningsins þriðjudaginn 21. september. Frá vinstri: Sigríður Björk Guðjónsdóttir ríkislögreglustjóri, Kristín Helga Markúsdóttir, framkvæmdastjóri stjórnsýslu og þróunar hjá Samgöngustofu, Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri Vegagerðarinnar.**

# Meðalhraðaeftirlit til að auka umferðaröryggi

**Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra staðfesti þriðjudaginn 21. september nýjan samstarfssamning Vegagerðar, Samgöngustofu og Ríkislögreglustjóra um sjálfvirkt hraðaeftirlit með löggæslumyndavélum.**

Markmið samningsins er að fækka banaslysum og alvarlega slösuðum í umferðinni með markvissu hraðaeftirliti á völdum stöðum á þjóðvegum landsins.

Helstu nýmæli eru að framvegis verður hægt að nýta myndavélar til að sinna meðalhraðaeftirliti á þjóðvegum, en unnið hefur verið að undirbúningi þess á undanförnum árum. Slíkur búnaður hefur verið settur upp og prófaður, m.a. á Grindavíkurvegi og Norðfjarðarvegi. Meðalhraðamyndavélar verða komnar í gagnið á næstu mánuðum.

Kerfið virkar þannig að þegar ekið er inn í geisla myndavélar á einum stað má meðalhraðann þar til ekið er fram hjá myndavél á hinum enda eftirlitskaflans ekki fara yfir uppgefinn hámarkshraða.

„Ég hef lagt ríka áherslu á umferðaröryggi í ráðherratíð minni. Aðeins með markvissum aðgerðum og fræðslu mun okkur takast að fækka slysum í umferðinni. Sjálfvirkt hraðaeftirlit með myndavélum hefur reynst vel á þjóðvegum landsins, í það minnsta til að minna okkur sjálf á að virða hraðamörk. Við höfum trú á að með nýju meðalhraðaeftirliti verði hægt að fækka hraðakstursbrotum og auka umferðaröryggi enn frekar enda hefur slíkt meðalhraðaeftirlit gefið góða raun í nágrannalöndum okkar,“ segir Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

Samningurinn er gerður á grundvelli umferðaröryggisáætlunar sem er hluti af samgönguáætlun fyrir árin 2020–2034.

Lögreglustjóraembættið á Vesturlandi sér um umsýslu og úrvinnslu gagna úr myndavélum í umboði Ríkislögreglustjóra. Vegagerðin greiðir á samningstímanum ígildi tveggja stöðugilda á ári til að annast verklega framkvæmd við úrvinnslu sekta og kostnað vegna tæknimála, samtals að hámarki 15 milljónir króna á ári. /HKr.

TIL SÖLU TIL SÖLU TIL SÖLU TIL SÖLU TIL SÖLU TIL SÖLU

Rafmögnuð Tækifæri

HIMOINSA
Rafstöðvar og ljósamöstur



Himoinsa er alþjóðlegur framleiðandi á rafstöðvum og er hluti af Yanmar samsteypunni.

Rúko hefur unnið með Himoinsa í að aðlaga framleiðslu rafstöðva sem koma til Íslands að íslensku veðurfari og krefjandi aðstæðum.

Við eigum gott úrval af þriggja fasa rafstöðvum og ljósamöstrum á lager. Hægt er að sérpanta rafstöðvar af öllum stærðum og gerðum til þess að mæta séróskum.

RÚKO Vinnuvélar

ruko@ruko.is | ruko.is | 534 6050

Heimsborgarinn Anna frá Moldnúpi:

# Athafnakona og ferðalangur



Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is

**Þó hún teljist ef til vill ekki til þekktustu skáldkvenna Íslands er ekki annað hægt að segja en að Sigríður Anna Jónsdóttir frá Moldnúpi hafi leynt skemmtilega á sér, og þá á fleiri hátt en einn.**

Anna, eins og hún var kölluð, fæddist í Gerðakoti undir Vestur-Eyjafjöllum árið 1901, Skaftfellingur að ætt en fluttist ung að árum með foreldrum sínum í bæinn Moldnúp. Var haft eftir henni að undir Eyjafjöllum byggi besta fólk á Íslandi því hvergi skini sólin bjartar auk þess sem fátæklingar liðu þar aldrei skort.

Móðir hennar varð ekki langlíf, og ólst Anna, elst þriggja systkina, upp undir handleiðslu föður síns, sótti með honum sjóróðra auk hefðbundinna starfa en mat hún hvað helst hversu menningarlegt uppeldi hann reyndi að veita þeim systkinum – auk þess sem sjálfstæði Önnu var haft í hávegum. Svipað og ástatt var hjá mörgum börnum á þessum tíma var skólasókn stopul, en naut Anna þó tveggja mánaða farkennslu veturna 1911-1915 auk þess sem hún meðtók auðveldlega það sem fyrir augu og eyru bar.

### *Námskeið Sigrúnar Blöndal*

Anna var fljót að tileinka sér önnur tungumál og náði meðal annars góðu valdi á ensku, þýsku og dönsku, eða þannig að hún gat gert sig vel skiljanlega. Á unglingsárunum sótti hún fimm vikna námskeið í vefnaði hjá frú Sigrúnu Blöndal, sem var afar virt á því sviði fyrir þekkingu sína og handbragð. Sú mæta kona var meðal annars handavinnudómari á Landsýningunni í Reykjavík árið 1930, samdi kennslubók í vefnaði árið 1932 og sótti ótrauð þing norræna heimilisiðnaðarfélaga erlendis. Frumkvöðull á sínu sviði og má segja að frú Sigrún Blöndal hafi staðið að endurreisn íslensks heimilisiðnaðar. Að auki var hún ein stofnenda Húsmæðraskólans á Hallormsstað. En jæja.

Anna naut afar góðs af vefnaðarnámskeiðinu, fékk lof fyrir listileg vinnubrögð og átti eftir að vefa margan strangann næstu árin sér til hagnaðar. Lítið stóð henni til viðbótar hvað varðaði skólagöngu fyrr en hún var farin að nálgast þrítugt, en árið 1929 settist Anna hnarreist á skólabekk Alþýðuskólans á Laugarvatni.

Í kjölfarið vaknaði í henni einhver ævintýralöngun og hélt hún því til Reykjavíkur í fyrsta skipti ævinnar, árið eftir. Þar leigði Anna ofnlausa og ískalda herbergiskytru, að eigin sögn, og las námsefni sér til stúdentsprófs sem hún hafði mikinn hug á að þreyta hjá Lærða skólanum. Prestnám heillaði, en ekki tókst betur en svo að samspil náms og vinnu varð Önnu ofviða.

Einhvern veginn fór það þannig, eins og segir í viðtali Morgunblaðsins árið 1952,



Anna var bæði greind og vel máli farin, enda stóð hún fáum á sporði þegar kom að því að viðra skoðanir sínar.

*„Ég varð að leggja allan lestur á hilluna í þrjú ár. Ég virtist öll vera af mér gengin. Höfuðið gerði verkfall og taugarnar sömuleiðis.“*

Anna ílengdist hins vegar í Reykjavík og eftir að hafa náð sér sæmilega tók hún til við barnakennslu auk almennrar byrjunarkennslu almennings í ensku.

Ekki þótti henni það þó gefa nóg í aðra hönd og óf því og seldi vefnað næstu árin eða til ársins 1945 þegar annar handleggur hennar fór illa í lömunarveiki.

Lömunarveikisfaraldurinn sem þá lagðist á almenning, einn nokkurra síðan árið 1924, var eðlilega mörgum til ama – en ekki var farið að bólusetja við slíku fyrr en árið 1956.

### *Ingimar Jónsson?*

Anna lét þó aldrei bilbug á sér finna þó ýmislegt bjátaði á. Jafnframt því að hokra hálflömuð í höfuðborginni stóð hún í bréfastríði við Sverri nokkurn Kristjánsson, sagnfræðing og mann á svipuðum aldri. Þau virtust hafa lúmskt gaman af að kýta opinberlega, en meðal annars í ársbyrjun árið 1943 skrifar Sverrir í Þjóðviljann, þar sem hann vill meina að sú manneskja sem kallar sig Önnu frá Moldnúpi sé ekki til heldur komi viðkomandi fram undir dulnefni.

Hann vísar í lesendahorn Alþýðublaðsins sem kallað er „Hannes á horninu“ – að þar spyrji bréfritarar Hannesar hver í kapp við annan, hver þessi manneskja sé.

(Sverrir) *„… Sagt er, að Hannes gangi nú hnugginn um holt og mó, leggjandi eyrun við freðinn svörðinn, ef verða mætti að í einhverjum hólnum heyrðist „Hó, hó og hæ, hæ, Hannes ei veit hvað ég heiti, ég heiti?“Vesalings litli Hannes, ef ófreskja drægi hann nú inn í Moldnúp. Af því að mér er vel við Hannes vil ég ráðleggja honum að segja við Önnu þegar hún kemur, á sumardaginn fyrsta: Ekki vænti ég að þú heitir Ingimar?“*

### *Gilitrutt, réttmætur fulltrúi alþýðunnar*

Á móti skrifar Anna í Þjóðviljann tveimur dögum síðar, telur sér skylt að uppræta þennan misskilning og þvo allan grun af bæði Ingimar, *(sem er Ingimar Jónsson, skólastjóri við Gagnfræðaskóla Reykjavíkur)* sem og af öðrum mætum mönnum bæjarins.

Hins vegar skemmtir hún sér yfir kaldhæðni örlaganna þegar Sverrir líkir henni við Gilitrutt.

(Anna) *„Hitt virðist aftur á móti undarleg kaldhæðni örlaganna, að hinn sagnfróði maður hittir hér á að líkja mér við Gilitrutt, og er það hér fyrst, sem ég heyri þig fara með reglulega staðreynd. Ég er nefnilega gamall vefari undan Eyjafjöllum, eins og Gilitrutt þjóðsagnanna.“* Og klykkir út, í lok greinar: *„ ..að ef þú þurfir að þreifa á til að sannfærast, skaltu heimsækja mig á vefstofu mína, Sjafnargötu 12, og þá muntu sjá, að það er ekki Ingimar, heldur bara ég, Sigríður Anna Jónsdóttir frá Moldnúpi.“*

Gaman væri að vita hvort Sverrir hafi gert sér ferð á Sjafnargötuna, en alkunna var að hann taldi besta ráðið til þess að sigrast á freistingum – væri að falla fyrir þeim. Í minningargrein kom fram að hann væri allt í senn;

*„… sagnfræðingur og bókmenntamaður, orðræðumaður og rithöfundur, kommúnisti og fagurkeri, rómantíker og raunsæismaður, gleðimaður og þjóðfélagsgagnrýnandi …“*

Sverrir var þó ekki eini maðurinn sem Anna skiptist á skoðunum við yfir samfélagsmiðla og háði hún ritdeilur við aðra þjóðþekkta menn. Anna hafði sterkar skoðanir og taldi þær vel mega heyrast þó hún tilheyrði ekki hinni æðri þjóðfélagsstétt. Sem fulltrúi alþýðunnar leist henni svo á að hún hefði jafnan rétt til að koma skoðunum á framfæri og voru það meðal annars réttmæt málefni sveitunga sinna og annarra utanbæjarmanna.

### *Út vil ek*

Anna var bæði málefnaleg og greind og stóð fast á sínu. Lærdómsfús og forvitin að venju auk þess sem löngunin til að víkka sjóndeildarhringinn blundaði alltaf undir niðri. Kom enda að því, að henni tókst að safna sér fyrir utanlandsferð, þá á fimmtugsaldri en henni fannst hún þurfa hressingar við. Óvanalegt var á þessum tíma að konur í hennar stöðu geystust eitthvert út fyrir landsteinana en Anna lét ekkert stöðva sig þegar hún hafði tekið ákvörðun.

Út skyldi hún. Og það gerði hún vorið 1947, fyrst hringinn í kringum Ísland og þá áleiðis til Danmerkur. Eftir það ævintýri tók hún sig til, skrifaði og gaf út á eigin kostnað bókina „ Fjósakona fer út í heim“ árið 1950, auk þess að sjá um sölu á doðrantinum. Fjósakona fer út í heim, sem er rúmlega 450 síðna bók, hefur notið mikilla vinsælda bæði hérlendis og erlendis en hún var þýdd á ensku árið 2010 undir nafninu *„A Dairymaid Travels the World.“*



Anna í Englandi með vinkonu sinni og gestgjafa, frú King, á leið í spássitúr.



„Ponnar á beit í útjaðri Lyndhurst.“ (Tekið úr bókinni Ást og demantar).

### *Sætir, feitir strákar*

Í kjölfar Danmerkurferðarinnar tekst Önnu að nurla saman fyrir utanlandsferð árið eftir til Frakklands, svo fimm ferða innan Vestur-Evrópu til viðbótar – auk þeirrar síðustu, sem var til Bandaríkjanna árið 1964. Þá komin á sjötugsaldur.

Anna hreifst af menningu þeirra landa sem hún heimsótti, skoðaði kirkjur og söfn af miklum móð auk þess sem hún sætti færi á að kynnast innfæddum. Tók hún upp bréfaskriftir við nokkra nýja erlenda vini og héldust þau bönd ævina út. Bjartsýni og æðruleysi litaði ferðir hennar og má finna skemmtilegar og hnyttnar lýsingar á því sem fyrir augu bar. Þrátt fyrir reglulega peningaþurrð tókst Önnu ætíð að komast leiðar sinnar og hafa í sig og á enda með óbærilega trú á sjálfið, með guð sinn að leiðarljósi.

Anna var einhvern veginn aldrei við karlmann kennd þó tilvera þeirra hafi síður en svo farið fram hjá henni. Lýsingar hennar á hinu kyninu, þá sérstaklega eftir utanlandsferðir, er eitthvað sem hún smjattar á og lýsir fjálglega *„… sætir og feitir með stór brún augu …“*

Þó eiga þeir ekki alltaf upp á pallborðið hjá henni þessir útlensku, ens og kemur fram í bókinni Ást og Demantar.

*„ Í svipinn stórþótti mér við allt karlkyn og ég hugsaði með mér, mikið get ég nú verið vitlaus að halda að það þýði að brosa sakleysislega og frjálslega, við þessum skepnum, eins og þetta væru einhverjar göfugar verur.“*

### *Heimsborgarinn Anna*

Anna, sem hóf feril sinn sem ferðalangur um miðjan aldur, tók á sama tíma einnig upp feril rithöfundar af mikilli alvöru og gaf út bók eftir hverja ferð. Sá hún fyrir sér að lífga upp á tilveru þeirra sem heima sætu, en þó er haft eftir henni að ekki hafi hún í raun yndi af að skrifa. Hún ætti hins vegar mjög létt með það, verst væri að saman færi ekki alltaf hugur og hönd og hún, óafvitandi, væri stundum byrjuð að krota næsta orð á blaðið áður hið fyrra væri komið niður. Urðu bækur hennar sjö talsins, en síðasta bók, sem gefin var út árið 1972, innihélt endurminningar hennar um föður sinn.

Þegar öllu er á botninn hvolft er einhvern veginn ekki hægt annað en að hugsa til hennar með aðdáun, handskrifandi mörg hundruð síður minninga sinna um útlöndin auk þess að standa keik á skoðunum sínum og lífssýn. Safna fyrir utanlandsferðum og útgáfukostnaði til viðbótar við að hafa í sig og á. Ímynd hinnar íslensku alþýðukonu, einstæðings sem samt nýtur þess hispurslaust að skreppa og skoða heiminn.

Sigríður Anna Jónsdóttir frá Moldnúpi lést svo södd lífdaga þann 28. september árið 1979, en eftir hana standa eftirfarandi bækur:

1950 Fjósakona fer út í heim
1952 Förukona í París
1954 Ást og demantar
1957 Eldgamalt ævintýri
1961 Ég kveikti á kerti mínu.
1970 Tvennar tíðir
1972 Í gengin spor



LESENDARÝNI

# Norska leiðin er íslenskum landbúnaði mikilvæg

**Ég hef látið setja upp norsku leiðina í skipuriti Noregs gagnvart landbúnaði og íslenskum bændum. Þá set ég fram hugmynd að skipuriti fyrir nýtt landbúnaðar- og matvælaráðuneyti í anda norsku leiðarinnar.**

Stjórnmálamenn og forystumenn flokka hafa í kosningabaráttunni komið til móts við þau sjónarmið að landbúnaðinn verði ,,að frelsa úr skúffunni“ í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Ræktum Ísland er víðfeðm skýrsla eða opin bók um framtíðarsýn sem Björn Bjarnason vann ásamt Hlédísi Sveinsdóttur. Skýrslan tekur því miður ekki á stærsta málinu, sem er hvernig umgjörð stjórnsýslu landbúnaðarins verði að breytast til að landbúnaður á Íslandi geti tekið til varna og sótt fram. Norðmenn gera sér hins vegar vel grein fyrir mikilvægi landbúnaðarins í fæðu- og matvælaöryggi landsmanna sem og að vera grunnatvinnuvegur í dreifðum byggðum landsins.

Ég hef sett upp skipurit með norsku leiðinni sem gæti verið mikilvægt plagg í þeirri endurskipulagningu sem verður að eiga sér stað hér á landi.

Allt frá 2007 þegar landbúnaðurinn var settur með sjávarútvegi saman í ráðuneyti hafa verið teknar ákvarðanir sem ganga í berhögg við alla umræðu um fæðu- og matvælaöryggi. Á þessum 13 árum hafa verið stigin óheillaspor sem hafa gert



Guðni Ágústsson.

landbúnaðinn áhrifalausan við ríkisstjórnarborðið. Sjávarútvegurinn er hinn sterki atvinnuvegur okkar með allt sitt á hreinu hjá ríkinu með öflugar stofnanir eins og Hafrannsóknastofnun og Fiskistofu. Á sama tíma hefur öll þjónusta við landbúnaðinn verið skert með markvissum hætti og dregið úr stuðningi ríkisins við landbúnað. Að lokum hvet ég bændaforystu og forystumenn stjórnmálaflokkanna að bretta upp ermar og endurskipuleggja alla umgjörð landbúnaðarins til að hann megi sækja fram til að efla byggð í landinu og íslenska matvælaframleiðslu.

*Guðni Ágústsson*











Smáauglýsingar 56-30-300
Hafa áhrif um land allt!

Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði

Bændablaðið
Kemur næst út 7. október

trésmíðavélar, bílalyftur, loftpressur, bílavörur, verkfæri, dælur, súluborvélar, lyftibúnaður, rennibekkir, bandsagir

allt fyrir bílskúrinn....




Beta

IÐNVÉLAR

SMIÐJUVEGI 44-46
sími 414-2700
sala@idnvelar.is
www.idnvelar.is

rakatæki, sogbúnaður, legupressur, slönguhjól, 3d prentarar, sagarblöð, járnsmíðavélar, suðuborð, handverkfæri

LESENDARÝNI

# Að lifa með reisn


Oddný G. Harðardóttir.

**Ísland er ríkt land og hér á að vera best í heimi að búa, eldast og eiga gott ævikvöld. Því miður á það ekki við um alla þá sem eldri eru hér á landi.**

Allt of margir eldri borgarar og öryrkjar verða að draga fram lífið á lífeyri sem er langt undir lágmarkslaunum.

Munur á kjörum þeirra sem þurfa að treysta á greiðslur frá Tryggingastofnun og launamanna á lægstu launum, er nú tæpar 90 þúsund krónur á mánuði. Bilið breikkar ár frá ári vegna þess að lífeyrir hækkar ekki í takti við lægstu laun.

Í þessum hópi sem er haldið fátækustum á Íslandi eru eldra fólk og öryrkjar. Og það er pólitísk ákvörðun.

Þó að í þessum hópi séu eldri borgarar af báðum kynjum og vandamálið jafn slæmt þegar litið er á hvern einstakling fyrir sig, þá er erfitt að horfa fram hjá því að kynbundinn launamunur hefur ekki aðeins áhrif á laun kvenna þegar að þær eru ungar. Hann hefur áhrif á öll réttindi sem þær ávinna sér á vinnumarkaði. Konur fá lægri orlofsgreiðslur en karlar og lægri lífeyri og margar hafa gert hlé á veru á vinnumarkaði vegna barneigna. Þess vegna eru konur líklegri til að búa við fátækt á efri árum.

Ef við höfum manndóm í okkur til að skipta þjóðarkökunni með réttlátari hætti þá getum við auðveldlega bætt kjör eldra fólks. Það er engin reisn yfir þjóð sem heldur öldruðum og öryrkjum á allra verstu kjörunum, neðan við fátækramörk.

Samfylkingin ætlar að breyta þessu og sjá til þess að lífeyrir verði aldrei lægri en lægstu laun. Við ætlum líka að fjórfalda frítekjumark lífeyrissjóðsgreiðslna, úr 25 þúsund krónum á mánuði í 100 þúsund krónur og þrefalda frítekjumark atvinnutekna úr 100 þúsund krónum á mánuði í 300 þúsund krónur.

Með mannsæmandi eftirlaunum og lífeyri, sveigjanlegri starfslokum og einfaldari útreikningum aukum við líkur á að fólk geti í raun varið rétt sinn og lifað með reisn ævina út.

***Kjósið Samfylkinguna 25. september – það borgar sig.***

***Oddný G. Harðardóttir**, skipar 1. sæti Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi.*







# Vörslumenn landsins: Bændur


Sigurður Ingi Jóhannsson

**Það sárnaði mörgum ummæli um að sauðfjárbúskapur væri hobbí en kannski eðlilegt að það virðist svo því starfið umlykur alla hans tilveru: Starfið er lífið sjálft. Það er enginn bóndi til án ástríðu. Þessi mikli áhugi og ástríða má þó ekki vera afsökun fyrir því að bæta ekki kjör bænda. Okkur stjórnmálamönnum ber skylda til þess að búa bændum betri skilyrði til að þróa búskap sinn og skapa aukin verðmæti.**

Framsókn á uppruna sinn í sveitum landsins og hefur sú taug aldrei slitnað. Við í Framsókn skiljum að búskapur er ekki eins og hver önnur atvinnugrein. Búskapur er það sem hefur viðhaldið byggðum hringinn í kringum okkar fallega land. Faraldurinn hefur haft mikil áhrif á okkur öll en eitt af því jákvæða sem ég sé við hann er að aldrei fyrr hefur sókn Íslendinga í að ferðast um eigið land verið meiri. Því fylgir aukinn skilningur á því að við erum ein þjóð og Reykjanesbrautin suður á flugvöll ekki eina þjóðbrautin. Nú trúi ég því að tilfinningin um að við höfum öll svipaða hagsmuni, hvar sem við búum á landinu. Við þurfum öll á hvert öðru að halda.

Það sem hefur líka gerst með yngri kynslóðum og þeirri miklu umræðu sem hefur verið um loftslagsmál og heilbrigði almennt er að fleiri bera meiri virðingu fyrir þeirri mikilvægu atvinnugrein sem er fóstruð í sveitum landsins. Bændur hafa frá landnámi verið vörslumenn landsins og náttúrunnar og hafa á síðustu árum sýnt stöðugt meiri ábyrgð í því hlutverki. Íslenskir neytendur, við öll, getum líka verið ákaflega þakklát að íslenskur landbúnaður er með sérstöðu í heiminum hvað varðar notkun sýklalyfja. Þá sérstöðu verðum við að vernda.

Verkefnin sem snúa að landbúnaðinum eru mörg brýn. Við í Framsókn viljum að frumframleiðendum verði heimilað samstarf eins og víðast hvar í Evrópu og að afurðastöðvum í kjöti verði heimilað samstarf líkt og í mjólkurframleiðslu. Við teljum mikilvægt að tollasamningi við ESB verði sagt upp og hann endurnýjaður vegna forsendubrests, ekki síst vegna útgöngu Breta úr sambandinu. Það er einnig brýnt að tollaeftirlit verði hert svo innlendir framleiðendur búi við eðlileg samkeppnisskilyrði.

Á því kjörtímabili sem nú er að renna sitt skeið hefur mikið verið rætt um miðhálendisþjóðgarð. Framsókn setti strax í upphafi fyrirvara í þeirri vinnu því að í málum sem snerta svo stóran hluta landsins verður að stíga varlega til jarðar. Í byrjun árs þegar frumvarpið leit dagsins ljós setti þingflokkur Framsóknar fyrirvarana aftur fram. Það hafa fáir bændur gleymt því mikla stríði sem var háð í hinum svokölluðu þjóðlendumálum.

- Styrkja þarf kaflann um hefðbundnar nytjar og tryggja fyrir fram að núverandi nytjaréttarhafar geti starfað með óbreyttum hætti.
- Bera verður virðingu fyrir eignarhaldi bænda og ekki síður skipulagsvaldi sveitarfélaga.
- Nauðsynlegt er að viðurkenna og setja inn í lagatexta að byggja þurfi upp vegi t.a.m. Kjalveg
- Tryggja þarf frjálsa för almannaréttar. Þannig að gangandi, hjólandi, ríðandi og akandi geti ferðast eins og nú um hálendið án takmarkana.
- Tryggja verður að leggja megi leggja raflínur og eða jarðstrengi innan marka til að tengja nýjar virkjanir og til endurnýjunar, viðhalds og styrkingar flutningskerfisins til framtíðar.

Framsókn stendur við fyrirvarana sem settir voru fram við frumvarp um miðhálendisþjóðgarð.

Nú er göngum og réttum að ljúka víða um landið. Fram undan eru kosningar – og sláturtíð. Ég óska eftir stuðningi þínum, lesandi góður, í kosningunum þ.e.a.s., og hlakka til að taka slátur með stórfjölskyldunni þegar ryk stjórnmálanna verður sest.

***Sigurður Ingi Jóhannsson**, formaður Framsóknar og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.*

# Það er best að kjósa XD


Guðrún Hafsteinsdóttir.

**Í gegnum alla sögu Sjálfstæðisflokksins hefur flokkurinn alltaf staðið með bændum. Á því verður engin breyting á minni vakt.**

Það sem stendur upp úr heimsóknum mínum um kjördæmið er þessi framsýni og athafnakraftur sem einkennir bændur. Þar er engan bilbug að finna, þrátt fyrir að þeirra rekstrarumhverfi og samkeppnisstaða sé á köflum erfið. Í mér eiga bændur samherja. Ég undrast mjög hvernig önnur framboð, einkanlega á vinstri vængnum, tala niður íslenskan landbúnað í stað þess að taka mark á framvarðarsveit bænda. Ég vil vinna þétt með fólkinu sem er að rækta Ísland í stað þess að láta báknið tefja uppbyggingu atvinnugreinar sem er og verður undirstaða íslensks þjóðlífs. Það má nefna að sífellt er verið að leggja auknar kröfur til bænda bæði hvað varðar aðbúnað dýra, sem og umhverfismál. Þar strandar ekki á bændum að standa sig vel.

Ég tek undir þá kröfu að íslenskir bændur sitji við sama borð og kollegar þeirra í Evrópu. Innflutningur á landbúnaðarvörum og tollar á þeim er málaflokkur sem fáir stjórnmálamenn hafa tileinkað sér og því skortir oft skilning á þeim skilyrðum sem íslenskur landbúnaður býr við. Það vill svo til að ég þekki ágætlega til slíkra mála í gegnum störf mín í fyrirtæki okkar fjölskyldunnar. Tollar eru ekkert endilega sérstakt áhugamál fyrir íslenska bændur ef ekki væri fyrir þá staðreynd að tollum á landbúnaðarafurðir er beitt í nær öllum viðskiptalöndum Íslands.Það að flytja hingað inn niðurgreiddar erlendar vörur, án tolla, getur sett íslenskan landbúnað í erfiða stöðu. Samningsstaða okkar Íslendinga í viðskiptasamningum er að minnsta kosti ekki sterk á meðan svona er. Þessu þarf að sýna skilning og hafa til hliðsjónar við undirbúning nýrra búvörusamninga. Þar er nauðsynlegt að búa svo um hnútana að matvælaframleiðsla á Íslandi geti eflst enn frekar og að bændur gegni áfram lykilhlutverki í fæðuöryggi þjóðarinnar.

Mér hefur fundist ánægjulegt að fylgjast með framsýni innan greinarinnar á svo mörgum sviðum. Ég horfi mjög til aukinnar þekkingar sem þar er að skapast með það að markmiði að landbúnaður verði áfram meginstoð íslensks hagkerfis. Þar er að myndast grunnur að uppbyggingu í nýsköpun sem nýtist til framtíðar. Sem væntanlega fyrsti þingmaður kjördæmisins heiti ég því að taka að fullu þátt í slíku uppbyggingarstarfi.

**Atkvæði greitt XD á kjördag er atkvæði til stuðnings íslenskum landbúnaði.**

***Guðrún Hafsteinsdóttir**, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi.*



LESENDARÝNI

# Bændur skipta sköpum fyrir framtíð okkar sem þjóðar

**„Bóndi er bústólpi“ heyrði ég sagt sem barn og það leikur enginn vafi á sannleiksgildi þessara orða því að íslenskur landbúnaður er ein af meginstoðum samfélagsins.**

Á síðasta ári kom upp veira í heiminum sem setti hann allt að því á hliðina og við erum ekki enn búin að bíta úr nálinni með afleiðingar kórónuveirunnar. Einn dag breyttist allt, öllum að óvörum. Þannig er það með áföll og slys, þau gera almennt ekki boð á undan sér.

Ef eitthvað þessu líkt gerðist í matvælaframleiðslu heimsins, gæti það skipt sköpum fyrir afkomu okkar sem þjóðar að við værum sjálfbær í matvælaframleiðslu og gætum séð okkur öllum fyrir nægum mat.

Við þurfum að vona það besta en vera viðbúin því versta og þess


Ásthildur Lóa Þórsdóttir.

vegna getum við ekki tjaldað til einnar nætur í þessum efnum. Við verðum að horfa til framtíðar og vera viðbúin áföllum.

*Hagsmunir neytenda og bænda fara saman*

Þó bændur séu sjálfstæðir atvinnurekendur, má segja að þeir séu í vinnu hjá okkur öllum, ríkinu, við að framleiða fæðu fyrir þjóðina. Að sönnu er hægt að kaupa margt frá útlöndum, en viljum við sem þjóð vera upp á það komin? Eðli málsins samkvæmt geta bændur á Íslandi ekki keppt við stór verksmiðjubú hjá milljónaþjóðum og þar verðum við sem samfélagið sem nýtur góðs af, að koma inn og verja afkomu þeirra.

Flokkur fólksins styður bændur en vill á sama tíma að búvörukerfið verði endurskoðað frá grunni þannig að afurðaverð skili sér til þeirra sjálfra mun betur en nú er. Það er vinna sem bændur þurfa að koma að í samvinnu við ríkið.

Það hlýtur að vera allra hagur að framleiðsluverð með sanngjarnri álagningu bænda skili sér til neytenda, án þess að milliliðir maki krókinn um of. Fækkun milliliða er augljós leið til að lækka verð til neytenda.

Við eigum að stefna að útflutningi lífrænna og umhverfisvænna ávaxta og grænmetis og markaðssetja undir merkjum hreinleika. Til þess að svo geti orðið þarf orkuverð til bænda að lækka verulega. Orkuverð til bænda ætti aldrei vera hærra en orkuverð til stóriðjunnar.

*Bændur vinna fyrir okkur öll*

Við hjá Flokki fólksins styðjum fjölbreytt framboð á landbúnaðarvörum til hagsbóta fyrir bændur og neytendur. Sóknarfæri í landbúnaði eru mörg og við styðjum við nýsköpun framsækinna og hugmyndaríkra bænda. Á hinn bóginn er það staðreynd að við búum í fámennu og harðbýlu landi þannig að landbúnaður mun alltaf þarfnast stuðnings, eins og er raunin í flestum löndum í kringum okkur.

Við eigum að líta á styrki til bænda á sama hátt og við lítum á laun annarra stétta sem hlúa að framtíðinni, eins og t.d. kennara, hjúkrunarfræðinga og listamanna.

Bændur eru lífæð samfélagsins, þeir sjá okkur fyrir fæðu og í framtíðinni getur það skipt sköpum fyrir afkomu okkar sem þjóðar. Sýnum þeim og störfum þeirra virðingu og stuðning.

***Ásthildur Lóa Þórsdóttir***
*formaður Hagsmunasamtaka heimilanna og oddviti Flokks fólksins í Suðurkjördæmi*

# Miðflokkurinn og landbúnaðurinn

**Fyrir u.þ.b. þremur mánuðum tók ég ákvörðun um að bjóða krafta mína til setu á Alþingi. Ég hef lengi brunnið fyrir málefnum landbúnaðarins og starfað fyrir bændur allan minn starfsferil. Á síðasta ári réðst ég til starfa hjá Mjólkursamsölunni og tókst á hendur ásamt fleirum að rannsaka eftirlit með innflutningi á svokölluðum jurtaostum. Leikurinn barst fljótt víðar og í stuttu máli hefur komið í ljós að ekki bara tollaeftirliti var verulega áfátt.**

Svo annað dæmi sé nefnt þá er nú orðið ljóst að bændur hér á landi þurfa að lúta mun strangari samkeppnisreglum en bændur á meginlandi Evrópu. Þessi aðstöðumunur veldur íslenskum bændum miklum búsifjum og er ljóst að stjórnarflokkarnir hafa hér brugðist elsta atvinnuvegi landsins.

Ég hef síðan átt samtöl við marga þingmenn auk fleiri í þjóðfélaginu. Þar á meðal bauð ég nokkrum þingmönnum að koma á minn fund og fá yfirferð um brotakennt eftirlit með innflutningi á jurtaostum í von um að þeir myndu ganga til liðs við bændur og okkur sem vinnum fyrir þá. Sá stjórnmálaflokkur sem gaf sig fyrst fram, óskaði eftir sérstakri umræðu um málið og lagði fram skýrslubeiðni til Ríkisendurskoðunar var Miðflokkurinn. Sami flokkur lagði fram ítarlega þingsályktun um landbúnað og reyndi að fá Alþingi til að samþykkja að ekki yrðu boðnir út tollkvótar fyrir kjöt á yfirstandandi ári. Þess í stað hafa tollkvótar fyrir búvörur verið auknir með nýjum samningi við Bretland. Það er í raun ótrúlegt að hlýða nú á þá sem gerðu allt til að kæfa málflutning Miðflokksins í vetur, segjast nú ætla


Erna Bjarnadóttir.

að segja þessum samningum upp eða endurskoða þá.

Þegar leið á veturinn kom traustur bændahöfðingi af Suðurlandi að máli við mig og hreyfði þeirri hugmynd að ég færi í framboð fyrir Miðflokkinn í stærsta landbúnaðarhéraði landsins sem ég var þá nýflutt í. Mér þótti hugmyndin þá fremur „brött“ fyrir mig þar sem ég á ekki ættir að rekja í kjördæmið. Á saman tíma hóf ég afskipti af öðru máli þar sem augljóst „stjórnsýsluslys“ hafði orðið við að skimanir fyrir tilteknum krabbameinum hjá konum fluttust frá Krabbameinsfélagi Íslands til opinberra stofnana. Í báðum þessum málaflokkum reyndi fyrst og fremst á að halda sig við málefnin og knýja á um að stjórnvöld fylgdu sínum eigin leikreglum eins og stjórnsýslulögum og upplýsingalögum.

Eftir nokkra umhugsun fann ég að brennandi löngun til að láta meira til mín taka náði yfirhöndinni. Niðurstaðan varð svo að sækjast eftir 2. sæti á lista Miðflokksins í Suðurkjördæmi sem síðar varð svo raunin.

Ég vil nota tækifærið og þakka öllum sem ég hef hitt og hafa tekið á móti mér ásamt öðrum frambjóðendum fyrir viðtökurnar undanfarið. Þetta ferðalag hefur verið einkar lærdómsríkt og ánægjulegt. Ég hef leitast við að hafa málefnin í fyrirrúmi og fylgja því eftir að farið væri að settum leikreglum, milliríkjasamningar virtir og rétt staðið að upplýsingagjöf til almennings. Ég óska því nú eftir stuðningi kjósenda við mig til að fylgja þessum málum og fleirum, sem varða landbúnað og hag almennings, í stærsta ræðupúlti landsins.

***Erna Bjarnadóttir**,*
*skipar 2. sæti á lista Miðflokksins í Suðurkjördæmi*

# Jöfnum búsetuskilyrði og réttum hlut sjávarbyggða

**Jöfn búsetuskilyrði í landinu er grundvallarréttur allra landsmanna. Val á búsetu á landsbyggðinni á ekki að vera val um skerta þjónustu, skert búsetuskilyrði og lífsgæði.**

*Jöfn búsetuskilyrði í takt við nútímann*

Fjölbreytt atvinnulíf er styrkasta stoð allrar byggðar. Það ásamt nauðsynlegum innviðum á borð við nútímasamgöngur og öflugt fjarskiptasamband, ásamt góðri heilbrigðisþjónustu og menntun, sem stenst samanburð við SV-hornið, er réttmæt krafa íbúa landsbyggðarinnar.

Fiskeldi hefur hjálpað byggð við sjávarsíðuna, eldið verður hér til frambúðar og er það vel. Verðmætasköpun er mikil í greininni, svo að nemur milljörðum í útflutningsverðmæti. Ekki er gott að hafa öll eggin í einni körfu og mikilvægt að máttarstólpar lítilla samfélaga á landsbyggðinni séu margir og atvinnufrelsi sem mest.

Öflugar strandveiðar með frjálsum handfæraveiðum eru ein slík stoð og eiga sér langa sögu líkt og hefðbundinn landbúnaður. Byggð í blóma er grundvöllur öflugrar ferðaþjónustu.

*Veiðiréttur sjávarbyggðanna*

Í hafinu undan ströndum Íslands eru ein gjöfulustu fiskimið í heimi. Sjálf gullkista Íslendinga. Þessa auðlind hafa forfeður okkar nýtt frá því land byggðist. Mikilvægt er að svo verði án óþarfa takmarkana kvótakerfisins á atvinnufrelsi. Kvótakerfið var sett til verndar fiskistofnum og handfæraveiðar á krók ógna ekki fiskistofnum.

Íbúar sjávarbyggðanna eiga nýtingarrétt til fiskimiðanna undan ströndum byggðanna, eins og t.d. á Vestfjörðum. Þar hefur byggð frá landnámi byggst á fiskveiðum og landbúnaði, aðallega sauðfjárrækt. Þannig er það í dag og mun verða í framtíðinni. Takmarkanir stjórnvalda á veiðum undan ströndum sjávarbyggðanna eru skerðing á búseturétti íbúa þeirra. Þetta er saga íbúa um allt norðvestanvert landið og um allt land.

*Árangur kvótakerfisins er enginn – aðgerð gegn sjávarbyggðum*

Sagt er að leiðin til Heljar sé vörðuð góðum áformum. Þannig var það fyrir sjávarbyggðirnar með kvótakerfinu sem komið var á til bráðabirgða árið 1984. Aflamark í þorski var þá lækkað í 220.000 tonn til að byggja upp þorskstofninn, sem eru sömu veiðiheimildir og í dag. Árangurinn er enginn!

Örfáir útgerðarmenn náðu með tímanum til sín æ meira aflamarki og skeyttu litlu um búsetu og afkomuöryggi fólksins í sjávarþorpunum. Sér í lagi á þetta við um Vestfirði sem hafa orðið hart úti vegna kvótakerfisins, þrátt fyrir að auðugustu fiskimið heims liggi þar fyrir utan.

Þegar Vestfirðir voru sérstakt kjördæmi komu héðan stjórn-


Eyjólfur Ármannsson.

málamenn sem stóðu í ístaðinu, en eftir að Vestfirðir urðu hluti af stærra kjördæmi virðist hafa orðið breyting á. Heiðarleg undantekning á þessu var Frjálslyndi flokkurinn en ég var í framboði fyrir flokkinn í alþingiskosningunum árið 2003. Síðan þá, eða 18 árum síðar, hefur ekkert breyst. Kvótakerfið er óbreytt og sjávarbyggðunum hefur enn hnignað og íbúum fækkað. Slíkt hefur orðið hlutskipti landsbyggðarinnar.

*Til hvers var barist?*

Krafa sjávarbyggðanna um aukið aðgengi þeirra að fiskimiðunum er sterk, sögulega sterk. Frá verum til vélbáta, vertíðarbátum til togara.

Tímaritið Ægir tók viðtal árið 2002 við stríðshetju okkar úr síðustu tveimur þorskastríðum, Guðmund Kjærnested, undir fyrirsögninni „Til hvers var barist?“.

Guðmundi rann spillingin til rifja og sagði m.a.: „Ég segi fyrir mig, að ég hefði ekki staðið í þessari baráttu öll þessi ár ef ég hefði getað ímyndað mér að staðan yrði svona nokkrum árum síðar“ og vísaði til þess að hann væri síður en svo sáttur við núgildandi fiskveiðistjórnunarkerfi. Guðmundur benti á að með sambjöppun aflaheimilda hefðu minni sjávarbyggðir orðið meira og minna kvótalaus.

Þorskastríðin voru háð með framtíðarhagsmuni íslensku þjóðarinnar í huga. Í mörg hundruð ár voru úti fyrir fjörðum erlendar skútur og síðar mörg hundruð erlendra togara, sem veiddu margfalt á við okkur. Fyrr á öldum voru Íslendingar fátæk þjóð en íslenskir sjómenn, vermenn Íslands, sóttu hart á misstórum bátum til að færa björg í bú og hættu ósjaldan lífi sínu. Þetta voru forfeður okkar og ég ber verðskuldaða virðingu fyrir þeim. Við ættum öll að gera það.

Mikilvægt er að réttur íbúa sjávarbyggðanna til að nýta sjávarauðlindina sé endurreistur og varinn. Það heldur landinu öllu í byggð og er þjóðhagslega hagkvæmt.

*Eflum strandveiðar með frjálsum handfæraveiðum*

Flokkur fólksins vill láta þjóðina og íbúa sjávarbyggðanna njóta auðlinda sinna! Við viljum nýja nýtingarstefnu fiskimiðanna þar sem auðlindir okkar eru sameign þjóðarinnar en ekki einkaeign fárra útvalinna.

Við munum beita okkur fyrir því að íbúar sjávarbyggða njóti aukins réttar til að nýta sjávarauðlindina með jákvæðum áhrifum á sjávarplássin víðs vegar um land. Við ætlum að stórefla strandveiðar og gera handfæraveiðar frjálsar. Veiðar á krók ógna ekki fiskistofnum við Ísland og á því að gefa frjálsar. Kvótakerfið var sett á til verndar fiskistofnun og á einungis að ná til þeirra veiða sem geta stofnað fiskistofnum í hættu svo gætt sé meðalhófs.

Mikilvægt er að íslenskar fjölskyldur geti lifað af fiskveiðum. Öflugri smábátaútgerð getur hleypt nýju lífi í sjávarbyggðirnar og styrkt stoðir atvinnulífs í þeim og orðið forsenda fjölbreyttara atvinnulífs.

Flokkur fólksins krefst þess að þjóðin fái fullt verð fyrir sameiginlegan aðgang að auðlindum hennar til hagsbóta fyrir land og þjóð.

Flokkur fólksins styður lögfestingu ákvæðis um þjóðareign á auðlindum í stjórnarskrá, m.a. til að tryggja að sjávarauðlindin sé sameign þjóðarinnar en ekki í einkaeign fárra útvalinna.

***Eyjólfur Ármannsson***
*Höfundur skipar 1. sæti á F-lista Flokks fólksins í NV-kjördæmi.*

LESENDARÝNI


Högni Elfar Gylfason.

# Kjósum íslenskan landbúnað

**Í aðdraganda alþingiskosninga er aðeins farið að ræða málefni íslensks landbúnaðar frá fleiri sjónarhornum en hagsmunum innflytjenda matvöru. Stjórnmálamenn geysast um héruð til að koma sínum sjónarmiðum og stefnumálum á framfæri við kjósendur í von um atkvæði þeirra. En hvað hefur gerst á kjörtímabilinu sem er að líða sem hefur haft áhrif á hagsmuni og afkomu bænda og matvælaframleiðslu í landinu?**

- Innflutningur kjöt- og mjólkurvara hefur verið aukinn um mörg hundruð tonn eftir stækkun tollasamnings við Evrópusambandið.
- Flutt hafa verið inn hundruð tonna af ostum á fölskum forsendum þess efnis að það séu jurtaostar. Nú liggur fyrir úrskurður yfirskattanefndar um að hér hafi í einhverjum tilvikum verið um mjólkurost að ræða.
- Þess eru dæmi að flutt hefur verið inn beinlaust kjöt sem ranglega hefur verið skráð sem kjöt á beini, en það þýðir að mun lægri tollar eru greiddir af vörunni.
-
- Afurðaverð til sauðfjárbænda sem lækkaði um í kringum 40% fyrir fáeinum árum má án vafa að einhverju leyti rekja til mikils innflutnings á kjöti, en lagfæring þess hefur látið á sér standa og verð til íslenskra sauðfjárbænda er á pari við það sem lægst gerist í Evrópu.
- Afurðaverð hefur ítrekað verið lækkað til nautgripabænda. Þetta má án vafa rekja til vaxandi innflutnings á nautakjöti.
- Afkoma afurðastöðva og úrvinnsluaðila kjöts og mjólkurafurða á landinu hefur hlotið mikinn skaða af miklum innflutningi og samkeppni við erlenda framleiðendur sem eru svo stórir að þeir gætu framleitt á fáeinum dögum ársneyslu allra Íslendinga.
- Merkingareglugerð sem tekin var upp frá Evrópusambandinu og tilgreinir hvernig upprunamerkja skuli matvæli gengur alltof skammt í að upplýsa neytendur um hvaðan hráefnið í vörum sem boðnar eru til sölu í verslunum er upprunnið, né heldur tekur hún á því vandamáli að matur sem seldur er í mötuneytum og veitingahúsum virðist ríkisfangslaus með öllu og sjaldnast sagt nokkuð frá uppruna hráefna máltíða þar. Allt þetta virðist vera hannað til að hjálpa innflytjendum að blekkja neytendur til að halda að þeir séu að kaupa innlendar landbúnaðarafurðir.

Hvað er til ráða til að rétta af uppsafnaðan halla íslenskrar landbúnaðarframleiðslu og koma henni í eðlilegt horf eftir niðurdrepandi kjörtímabil sem er að líða? Kjörtímabil þar sem Sjálfstæðisflokkur í broddi fylkingar með stuðningi Vinstri grænna og Framsóknarflokks hefur lagt alla áherslu á hagsmuni íslenskra innflytjenda landbúnaðarvara og stórkaupmanna sem stjórna stærstum hluta dagvörumarkaðar á Íslandi undir sérstökum verndarvæng Samkeppnisstofnunar og reyndar líka íslenskra tollayfirvalda sem virðast hafa lagt sig í líma við að vera ekki fyrir innflytjendum.

Eins og mál standa í dag er einungis einn flokkur í framboði til Alþingis sem virkilega ber hag íslensks landbúnaðar og matvælaframleiðslu fyrir brjósti. Flokkur sem hefur sett fram trúverðuga og vel framkvæmanlega landbúnaðarstefnu (https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-eftir-thingum/ferill/?ltg=151&mnr=42). Flokkur sem sýnt hefur að hann gerir það sem hann segist ætla að gera. Miðflokkurinn er sá flokkur sem ætlar að koma íslenskum landbúnaði og matvælaframleiðslu aftur á þann stall sem hann á skilið og sem þjóðin á skilið. Þannig mun þjóðin stórauka fæðu- og matvælaöryggi sitt með nægum heilnæmum matvælum úr íslenskri náttúru í stað þess að treysta á að aðrar þjóðir sjái okkur fyrir mat í öllum aðstæðum sem upp geta komið til frambúðar.

Ég bið ykkur, bændur, búalið og aðrir, sem viljið veg íslenskrar matvælaframleiðslu og íslenskrar landsbyggðar sem mestan og bestan um ykkar stuðning í alþingiskosningunum sem fram fara 25. september næstkomandi. Ef þið verðið upptekin þennan dag bið ég ykkur að fara og kjósa utan kjörfundar svo atkvæði ykkar glatist ekki.

**Setjum X við M fyrir íslenskar sveitir og íslenska matvælaframleiðslu.**

***Högni Elfar Gylfason***
*frambjóðandi Miðflokksins í 5. sæti í Norðvesturkjördæmi.*

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300


Ari Trausti Guðmundsson.

# Kvatt með þakklæti í huga

**Í haust verða liðin nærri sex ár frá því ég hóf að starfa með VG að framsæknum baráttumálum og þá til að byrja með að undirbúningi alþingiskosninga. Þar á undan var ég óháður stjórnmálasamtökum í áratugi. Hef nú setið bæði í stjórnarandstöðu og stjórn og verið fullur orku og hugmynda allan þann tíma.**

Árin, sem verða fjögur í stjórnarstöðu, með setu í tveimur fastanefndum (utanríkis- og umhverfis/samgöngu/sveitarstjórnarnefnd, þar sem varaformaður), í einni alþjóðanefnd sem formaður (um norðurskautsmál) og sem formaður Þingvallanefndar, auk þess að vera með í að endurskoða alþjóðastarf Alþingis og forma nýja norðurslóðastefnu, hafa verið gefandi og árangur stjórnarsamstarfsins sannarlega vegferðarinnar virði. Hann kemur fram sem framfarir, er gagnast almenningi og t.d. einyrkjum í hefðbundum atvinnugreinum. Sama má segja um umbætur í mjög mörgum málaflokkum, svo sem í samgöngu-, mennta- og heilbrigðismálum, þótt alloft hafi verið þörf á stærri eða róttækari félagslegum og umhverfistengdum umbótaskrefum. Í landi samsteypustjórna er aðeins fær leið málamiðlana til breytinga og þar við situr í bili.

Mér hefur verið heiður að því að starfa með samherjunum í þingflokki VG, öðrum félögum hreyfingarinnar og fólki innan og utan VG um allt land. Það á vissulega líka við um samskipti við fjölmarga í hinu stóra Suðurkjördæmi, t.d. bæjar- og sveitarstjóra, kjörna fulltrúa, forsvarsmenn félaga, stofnana og fyrirtækja og fólk flest, eins og sagt er. Raunar í öllum öðrum kjördæmum að vissu marki. Sannarlega hefði ég kosið að hafa meiri tíma til ferða utan höfuðborgarinnar og reyndi að bæta úr því með greinaskrifum, fésbókarfærslum og símtölum.

*Næg verkefni*

Þessum leiðangri mínum á pólitískum háfjöllum lýkur þann 25. september nk. Auðvitað er eftirsjá að fjölbreyttu starfi þingmannsins á stofnun sem er styrkur grunnur þess þingbundna lýðræðis sem við höfum valið samfélaginu. Ég hef stundað fjölbreytta atvinnu, í 5 til 15 ára skorpum, nema hvað margs konar skrif, allt frá ljóðum og blaðagreinum til skáldsagna og fræðibóka, hafa enst áratugum saman, ásamt jarð- og náttúruvísindum, og fræðslustarfi meðal almennings í útvarpi og sjónvarpi. Nú er komið að því að enda veruna á Alþingi til þess að sinna ýmsum verkefnum og áhugamálum sem áttu hug minn þar til ég var kosinn á þing. Vissulega mun ég einnig sakna starfsumhverfisins þar og margra samstarfsmanna, jafnt meðal þingmanna sem frábærra starfsmanna, og góðra kunningja, ásamt starfi að málaflokkum eins og norðurslóðamálum, raunvísindum, ferðamálum, orkumálum, samgöngumálum, almannavörnum, margvíslegum umhverfismálum og nýsköpun en til þess hef ég líka vettvang utan þings. Í málefnum landbúnaðarins langar mig til að leggja lið í umhverfis- og loftslagsmálum, við eflingu byggða utan þéttbýlis, í nýsköpun og menntamálum, við að flýta orkuskiptum og með því að mæla fyrir stóraukinni matvælaframleiðslu til útflutnings, svo það helsta sé nefnt.

Ég þakka mikið vel öllum, sem ég hef átt alls konar samskipti við vegna þingstarfanna, fyrir þau og skrefin með mér, jafnt utan þings sem innan og um land allt.

***Ari Trausti Guðmundsson***
*Höfundur er fráfarandi þingmaður VG.*

# „Að skreppa upp á hrepp“

**Hreppar hafa verið við lýði á Íslandi í meira en þúsund ár. Þeir voru komnir til sögunnar fyrir kristnitöku. En þeim fer nú mjög fækkandi á Íslandi. Við sameiningar sveitarfélaga hafa orðið til mörg falleg nöfn þar sem endingunni „hreppur“ er sleppt. Til dæmis Norðurþing, Hörgársveit og Fjallabyggð.**

En ef til vill er ákveðin eftirsjá í þessu góða nafni „hreppur“. Samband íslenskra sveitarfélaga gæti jafnvel heitið „Hreppasamband Íslands“. Hreppur merkir einfaldlega sveitarfélag.

Hvers vegna hefur þetta gamla og góða orð „hreppur“ fallið úr tísku? Svarið er augljóst sýnist mér. Orðið hefur á undanförnum öldum lent í neikvæðri umræðu. Orð eins og „hreppparígur“, „hreppaflutningar“ og „hreppsómagi“ hafa sett það í neikvætt samhengi. Að auki tengja margir þetta orð við fámenna og gamaldags byggð í sveitum.


Einar Örn Thorlacius.

Einn kostur við orðið „hreppur“ hefur þó alveg gleymst. Það er hversu þjált það er í samsetningum. Og það vill svo til að ég hef reynslu af hvort tveggja. Snemma á þessari öld var ég fyrst sveitarstjóri í sveitarfélagi sem hafði endinguna „hreppur“ í nafni sínu. Þegar ég lét af störfum þar tók ég við sem sveitarstjóri í öðru sveitarfélagi sem hafði endinguna „sveit“ í sínu nafni.

Í fyrrnefnda sveitarfélaginu töluðum við um hreppsfána, hreppsbílinn, hreppsnefndina að ógleymdri hinni stórkostlegu setningu „að skreppa upp á hrepp“ , þ.e. að skreppa á hreppsskrifstofuna.

Í síðarnefnda sveitarfélaginu var þetta öllu flóknara. Þar töluðum við um sveitarfélagsfánann, bíl sveitarfélagsins, sveitarstjórn og við skruppum upp á skrifstofu sveitarfélagsins.

Sannleikurinn er sá að gamla orðið „hreppur“ hefur ákveðna kosti fram yfir orðið „sveitarfélag“ í daglegu tali. Íbúar hreppanna, þeirra sem eftir standa, mættu ef til vill hafa þetta í huga við komandi sameiningar þegar ákveða skal nafn á hið nýja sveitarfélag. Eða bara á hinn nýja hrepp.

***Einar Örn Thorlacius***
*Höfundur er fyrrv. sveitarstjóri.*

LESENDARÝNI

# Ræktum Ísland – löngu tímabær stefnumörkun

**Oft er spurt hver sé stefnan í landbúnaðarmálum. Stefna í landbúnaðarmálum hefur ætíð verið til staðar, hana má að uppistöðu finna í löggjöf sem gildir um landbúnaðarmál, og í þeim samningum sem samtök bænda og ríkisvaldið gera á hverjum tíma. Þetta er mikilvægt að hafa í huga – en breið umræða í samfélaginu um gildi landbúnaðar og framtíðarsýn hefur skort í talsverðan tíma.**

Við afgreiðslu Alþingis á búvörusamningum 2016, var það eindreginn vilji þingsins að á gildistíma þeirra samninga, sem þá voru til afgreiðslu, yrði farið í heildarstefnumótun fyrir atvinnugreinina.


Haraldur Benediktsson.

Stefnumótun sem skýrði hlutverk og gildi landbúnaðar fyrir þjóðina. En ekki síst til eflingar á atvinnugreininni sjálfri og hvernig hún verður að fá að þróast í takt við samfélagsbreytingar.

Þá tíð sem ég var formaður Bændasamtaka Íslands kom oft til umræðu mikilvægi að geta horft til langs tíma. Landbúnaður er atvinnugrein, sem byggir á langtíma hugsun og skipulagi. Það var áþreifanlegt í samningagerð við ríkisvaldið, á þeim tíma að skorti á langtíma hugsun frá hendi stjórnvalda. Í raun vorum við að styðjast við stefnumörkun löggjafar sem var sett til að takast á við offramleiðslu á ýmsum búvörum.

En rammaði síður inn önnur tækifæri eða fjölbreyttara hlutverk landbúnaðar. Sú stefnumörkun og umræða er loksins orðin að veruleika og mér til efs að nokkurn tíma hafi íslenskur landbúnaður verið í betri færum að marka skýra sýn á framtíðina.

Bændur eru þessa dagana að fá sent ritið Ræktum Ísland, sem er einmitt afrakstur vinnu sem staðið hefur allt þetta kjörtímabil. Ræktum Ísland er stefnumörkun sem byggir á þátttöku fjölda fólks, hún er mótuð af þeim sem hafa þekkingu og innsýn í landbúnað og samfélagið allt.

Kjarninn í stefnunni er að byggja sveitir Íslands, með öflugum og framsæknum landbúnaði. Framleiðslu á mat, nýtingu lands, varðveislu lands og sókn til betri lífskjara fyrir bændur. Öflugra samband bænda og neytenda og ekki síst uppfærslu á starfsumhverfi afurðastöðva.

Stefnumótun sem bætir enn við þá ánægjulegu og mikilvægu þróun sem orðið hefur á síðustu árum, að byggð í sveitum hefur verið að eflast og styrkjast.

Ég hvet lesendur til að kynna sér efni Ræktum Ísland. Þar er sett fram í 22 atriðum vel skilgreind og skýr markmið um sókn til sterkari landbúnaðar á Íslandi.

*Haraldur Benediktsson*

# Leyfum námsfólki að afla aukatekna – án lánaskerðinga!

**Við hjá Flokki fólksins látum okkur varða um hag námsfólks í framhaldsskólum.**

Það er í senn ósanngjarnt og ástæðulaust að skerða námslán eða skera þau niður ef námsmenn vinna með sínu námi. Það er ekki verið að gefa þeim peningana, þetta eru lán sem þeir endurgreiða að fullu á vöxtum. Svo það kostar ríkið ekkert að fella niður þessa reglu.

***Brjótum múra – bætum kjörin!***

Þessu viljum við breyta og til þess liggja nokkrar ástæður:


Kolbrún Baldursdóttir.


Tómas A. Tómasson.

1. Það er hvetjandi fyrir námsfólk að finna að samfélagið vill greiða götu þess við krefjandi aðstæður.
2. Námslánin eru ekki hærri en svo að viðkomandi þarf að lifa meinlætalífi og spara hverja krónu sem er ósanngjarnt. Námsmenn eiga ekki að þurfa að hokra!
3. Fólk, sem vinnur með námi, greiðir skatta og skyldur af tekjunum svo að ríkið græðir líka.
4. Að mega ekki vinna frjálst með námi getur skapað biturð gagnvart ríkisvaldinu sem er óþarfi.
5. Námsfólk hefur gott af því að fara út fyrir boxið og kynnast alls konar starfsumhverfi. Það er dýrmæt reynsla sem fylgir því út í lífið.
6. Það bráðvantar gott starfsfólk í aukavinnu og hlutastörf t.d. á veitingahúsum, skemmtistöðum, hótelum og alls kyns þjónustufyrirtækjum sem eru með mismunandi álagstíma.
7. Allir græða, námsfólk fær aukakrónur og atvinnurekandinn fær gott starfsfólk!

***Fólkið fyrst – svo allt hitt!***

***Tómas A. Tómasson,*** veitingamaður og oddviti Flokks fólksins í Reykjavíkurkjördæmi norður.
***Kolbrún Baldursdótti**r, sálfræðingur og borgarfulltrúi, skipar 2. sæti á framboðslista Flokks fólksins í Reykjavíkurkjördæmi norður.*

Loftslagsáskorunum í landbúnaði:

# „Klósett"-þjálfun kálfa



**Þýskir og nýsjálenskir vísindamenn hafa nú þróað æfingakerfið MooLoo fyrir kálfa til að kenna þeim, eins og lítil börn, að fara á „klósettið".**

Með því að þjálfa kálfa í að létta af sér þvagi á sértilgreindum stöðum, getur það komið sterkt inn í umhverfis- og loftslagsáskoranir í landbúnaði. Í náttúrunni brotnar þvag úr nautgripum niður í ammoníak og köfnunarefnisoxíð. Ammoníakið getur stuðlað að loftmengun og staðbundnum umhverfisvandamálum en köfnunarefnisoxíð stuðlar að hlýnun jarðar. Þar að auki stuðlar hin hefðbundna aðferð kúa til að létta af sér þvagi til lélegs umhverfis innanhúss í fjósum.

Þjálfunin gekk út á að láta kálfana halda í sér fram að ákveðnum tímapunkti. Þetta viðbragð byrjar með frumum í þvagblöðruveggnum sem skráir að þvagblaðran teygist þegar hún fyllist. Þessar frumur senda merki til svæðis í hryggnum sem síðan senda skilaboð til vöðvanna í kringum þvagblöðruna til að kreista og opna. Þetta ferli gerist sjálfvirkt og því er það skilgreint sem viðbragð. Þegar við kennum litlum börnum að pissa í klósett eða í kopp kennum við þeim í raun að nota meðvitund til að taka stjórn á og hnekkja á þessu viðbragði. Nú hefur vísindamönnunum tekist að kenna kálfum slíkt hið sama.

***Kálfar eru lærdómsfúsir***

Vísindamennirnir segja jafnframt að losunin sé meiri á sveitabæjum þar sem kýrin hefur meira pláss til að hreyfa sig. Þá kemur upp sú þversögn að með betri dýravelferð þá eru stærri umhverfisvandamál. Síðustu ár hafa vísindamennirnir skoðað ólíkar aðferðir til að ná stjórn á því hvar kýrnar létta á sér. Þeir hafa komist að því að kálfar geta lært það sama og lítil börn, nefnilega að læra að fara á klósettið.

Gerð var tilraun með 16 kálfa en í fyrstu stóðu þeir í bás og fengu að launum sætindi í gegnum lúgu í hvert sinn sem þeir tæmdu blöðruna til að þeir tengdu það að losa þvag við jákvæða upplifun. Tíu af þeim sextán kálfum sem nýttir voru í tilraunina lærðu athöfnina strax. Næsta skref var að kenna kálfunum að létta af sér á réttum stað en þá voru þeir leiddir í gegnum gang og inn í bás og ef þeir léttu á sér í básnum fengu þeir verðlaun líkt og áður en ef þeir léttu á sér á ganginum var þeim refsað með þriggja sekúndna kaldri sturtu. Hér voru 11 af 16 kálfum sem lærðu rétta viðbragðið strax. Þetta sýnir, að mati vísindamannanna, að hægt er að kenna kálfum hvar þeir létta á sér og getur því verið mikilvægt tæki loftslagsstjórnunar í landbúnaði. Þeir bentu einnig á að rannsóknir hafa sýnt að um 80% af þvagi getur dregið úr losun ammoníaks um 56%. Það eru þó fleiri aðferðir til að safna saman kúahlandi, eins og ein sem er stjórnað af handlegg vélmenna, sem vann nýsköpunarverðlaun á stóru landbúnaðarsýningunni EuroTier á þessu ári. */nrk-ehg*


**Bændablað** Smáauglýsingar 56-30-300
*Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði og lögbýli á Íslandi*
**Næsta blað kemur út 7. október**

**Lífræn hreinsistöð**




- Fyrirferðalítil fullkomin sambyggð skolphreinsistöð
- Uppfyllir ýtrustu kröfur um gæði hreinsunar
- Engin rotþró eða siturlögn 25 ára ábyrgð
- Tæming seyru á þriggja til fimm ára fresti
- Engir hreyfanlegir hlutir
- Stærðir frá 6 – 55 persónueiningar

WPL Diamond

IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

GARÐYRKJUSKÓLINN Á REYKJUM



Haustlitirnir eru yndislega fallegir.

# Haustgróðursetning

**Margir standa í þeirri kolröngu trú að þegar haustar eigi að forðast garðvinnu eins og heitan eldinn.**

Það er af og frá. Haustið er einmitt tíminn þegar fagfólk í garðyrkju fer á stúfana og gróðursetur alls konar plöntur enda er þetta fagfólk, veit sínu viti og framkvæmir eftir því.

### *Græða marga daga*

Haustgróðursetning plantna getur farið fram allt þar til jörðin er orðin svo gaddfreðin að ekki er nokkur einasti möguleiki á að stinga niður skóflu. Ýmsir kostir eru við það að koma plöntum í jörðina á haustin. Plönturnar, sem annaðhvort eru komnar í haustlit eða búnar að fella blöð, eru komnar í dvala og það skiptir þær ákaflega litlu máli hvort dvalartíminn fer fram inni í gróðrarstöð eða úti í garði.

Síðustu hlýju daga haustsins nýta plönturnar til að setja út rótakerfi og undirbúa sig þannig fyrir næsta sumar en ræturnar geta haldið áfram vexti á meðan jarðvegurinn er hæfilega hlýr.

Næsta vor lifna þær samviskusamlega um leið og frost fer úr jörðu og sólin tekur að hækka á lofti og ef plönturnar eru þá á beði ná þær að koma sér vel fyrir og jafnvel hefja vöxt, áður en garðeigandinn er kominn í gróðursetningarstuðið. Þannig græða þær marga daga og jafnvel nokkrar vikur á endanlega vaxtarstaðnum og geta glatt garðeigandann enn lengur en ella.

### *Um að gera að nýta sér haustið*

Það fer nú varla framhjá nokkrum manni að haustið er gjarnan votviðrasamt, miklu blautari árstíð en vorið og upphaf sumars og er það mikill kostur fyrir nýgróðursettar plöntur því ekki þarf að hafa áhyggjur af vökvuninni, veðurguðirnir sjá um það fyrir ræktendur.

Ungar plöntur sem gróðursettar eru að vori eiga oft erfitt uppdráttar vegna þurrkatíðar og vökvunarskorts. Með haustgróðursetningu er vökvunarþátturinn ekki eins krítískur. Að sjálfsögðu þarf að útbúa haustgróðursettar plöntur með áburði eins og aðrar plöntur og er best að setja vel af búfjáráburði eða moltu með plöntunum.

Sá áburður brotnar hægt niður yfir veturinn en með hækkandi hitastigi að vori hefst niðurbrotið og áburðurinn verður aðgengilegur plöntunum. Um vorið má líka alveg skvetta nokkrum áburðarkornum með plöntunum ef garðeigandinn telur þörf á því, miðað við jarðvegsgerð og plöntutegund.

Garðyrkjustöðvar eru oft með opið hjá sér langt fram eftir haustinu og um að gera að nýta sér þennan möguleika, skutla niður í garðinn nokkrum runnum, trjám eða fjölæringum um leið og haustlaukarnir eru settir niður. Það er ávísun á að næsta sumar verði litríkt og blómlegt.

*Guðríður Helgadóttir*





Á FAGLEGUM NÓTUM



Mjólkurframleiðsla í Indlandi er sú lang umsvifamesta í heimi og eru kýrnar þar nánast alltaf handmjólkaðar.

# Enn eykst heimsframleiðsla mjólkur

Snorri Sigurðsson
snsig@arlafoods.com



**Líkt og undanfarin ár hefur FAO (Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna) tekið saman skýrslu um mjólkurframleiðslu heimsins og nær þessi skýrsla yfir árið 2020.**

Í henni kemur margt áhugavert fram, m.a. að heimsframleiðsla mjólkur hafi aukist um 2,0% frá fyrra ári og hafi hlutfallslega mesta aukning orðið í Asíu. Raunar hafi mjólkurframleiðslan aukist í öllum helstu heimsálfum nema Afríku, þar sem mjólkurframleiðslan stóð í stað á milli ára.

### *906 milljarðar kílóa*

Talið er að heimsframleiðsla mjólkur árið 2020 hafi verið 906 milljarðar kílóa sem eins og hér að framan greinir er aukning á milli ára um 2,0%, sjá töflu 1. Í Asíu nam heildarframleiðslan 379 milljörðum kílóa, sem er aukning um 2,6%. Þau lönd sem í þeirri heimsálfu báru uppi aukninguna voru Kína, Indland, Pakistan og Tyrkland.

Af þessum löndum er Indland sem fyrr langstærsta mjólkurframleiðslulandið, eins og sjá má í töflu 1, með 195 milljarða kílóa, sem er einnig mesta magn mjólkur sem framleitt er í einu landi í heiminum. Í Indlandi jókst framleiðslan um 2,0% og má rekja aukninguna til aukins fjölda mjólkurkúa samhliða verulega aukinnar gróffóðurframleiðslu. Þar í landi hafa á undanförnum árum orðið miklar breytingar á innviðum mjólkurframleiðslunnar með tilkomu margra samvinnufélaga bænda og má búast við því að mjólkurframleiðslan í Indlandi komi til með að aukast verulega á komandi árum.

Þá vekur athygli áframhaldandi vöxtur í mjólkurframleiðslu Kína en þar jókst hún um 7,5% frá árinu 2019. Þessi vöxtur er nánast eingöngu borinn uppi af stórbúum, þ.e. kúabúum með þúsundir og jafnvel tugþúsundir kúa. Ennfremur er áhugavert að sjá hve mjólkurframleiðslan er að vaxa hratt í Pakistan, en þar jókst hún um 3,0% frá fyrra ári. Þar hefur fjöldi mjólkurkúa vaxið hratt undanfarin ár og þrátt fyrir að innviðir mjólkurframleiðslunnar í Pakistan séu ekki góðir þá hefur þessi vöxtur í fjölda kúa skilað aukinni landsframleiðslu. Viðbúið er að þegar tekst að tengja betur saman frumframleiðsluna og sölustaði mjólkurafurða í Pakistan þá muni framleiðslan vaxa þar hratt á komandi árum.

**Tafla 1. Þróun mjólkurframleiðslu helstu landa, milljarðar kg**

| | 2016-2018, meðaltal | 2019 | 2020 | Breyting 2019-2020 (%) |
|---|---|---|---|---|
| Indland[1] | 176,5 | 191,0 | 194,8 | 2,0% |
| Evrópusambandið[2] | 170,6 | 173,9 | 176,7 | 1,6% |
| Bandaríkin | 97,6 | 99,1 | 101,3 | 2,2% |
| Pakistan | 49,9 | 56,0 | 57,7 | 3,0% |
| Brasilía | 34,6 | 36,2 | 36,8 | 1,7% |
| Kína | 32,1 | 33,4 | 35,9 | 7,5% |
| Rússland | 30,2 | 31,4 | 32,2 | 2,5% |
| Tyrkland | 20,4 | 23,0 | 23,8 | 3,5% |
| **Heimurinn alls** | **851,4** | **888,1** | **906,0** | **2,0%** |

*1) Ársframleiðslan er talin frá byrjun apríl í 12 mánuði*
*2) Ársframleiðsla Stóra-Bretlands er innifalin*

**Tafla 2. Útflutningur mjólkurvara, stærstu aðilar og heimurinn allur**
*í milljörðum kg (umreiknað í kíló mjólkur)*

| | 2016-2018, meðaltal | 2019 | 2020 | Breyting 2019-2020 (%) |
|---|---|---|---|---|
| Evrópusambandið[1] | 19,9 | 22,1 | 22,4 | 1,4% |
| Nýja-Sjáland | 19,0 | 20,3 | 19,9 | -2,0% |
| Bandaríkin | 10,9 | 11,1 | 12,1 | 9,0% |
| Hvíta-Rússland | 3,9 | 3,9 | 4,4 | 12,8% |
| Ástralía | 3,2 | 2,7 | 2,7 | 0,0% |
| **Heimurinn alls** | **76,7** | **77,8** | **78,7** | **1,2%** |

1) Tölur fyrir Stóra-Bretland eru innifaldar

**Tafla 3. Innflutningur mjólkurvara, helstu lönd og heimurinn allur**
*í milljörðum kg (umreiknað í kíló mjólkur)*

| | 2016-2018, meðaltal | 2019 | 2020 | Breyting 2019-2020 (%) |
|---|---|---|---|---|
| Kína | 13,6 | 15,8 | 16,9 | 7,0% |
| Rússland | 4,1 | 4,0 | 3,9 | -2,5% |
| Mexíkó | 4,1 | 4,4 | 3,7 | -15,9% |
| Alsír | 3,3 | 2,9 | 3,3 | 13,8% |
| Indónesía | 2,9 | 3,2 | 3,1 | -3,1% |
| Sádi-Arabía | 2,8 | 2,5 | 2,9 | 16,0% |
| **Heimurinn alls** | **76,4** | **77,4** | **77,6** | **0,3%** |

*1,6% aukning í Evrópu*

Ef litið til annarra framleiðslusvæða mjólkur þá kemur í ljós að mjólkurframleiðslan í Evrópu heldur jafnt og þétt áfram að aukast og fór í alls 236 milljarða kílóa á síðasta ári, sem er aukning um 1,6%. Þessi vöxtur kemur víða að úr heimsálfunni en Rússland er þó þar framarlega í flokki og þar, líkt og í Kína, hefur megin áherslan verið á uppbyggingu á stórbúum. Í Norður-Ameríku fór framleiðslan í 111 milljarða kílóa, aukning um 2,1%, sem er að langstærstum hluta borin uppi af Bandaríkjunum en þar voru framleiddir 101 milljarður kílóa árið 2020. Mjólkurframleiðsla annarra framleiðslusvæða jókst einnig eins og áður segir um 1,6% í Mið-Ameríku og eyjum Karabíska hafsins, um 2,0% í Suður-Ameríku og 2,5% í Eyjaálfu.

*Afríka stóð í stað*

Eina framleiðslusvæði heimsins, þar sem ekki varð aukning á milli ára, var Afríka. Þar nam framleiðslan 49 milljörðum kílóa sem er í raun afar lítil framleiðsla miðað við landsvæðið sem þar er. Mjólkurframleiðslan í Afríku er í raun enn á byrjunarstigi og miðað við uppbygginguna sem þar fer nú fram í nautgriparækt má búast við miklum framgangi mjólkurframleiðslu þar á komandi árum og áratugum. Þau lönd sem eru lengst komin á þeirri vegferð eru Alsír, Kenía, Eþíópía og Suður-Afríka en Nígería, sem er þó fjölmennasta land Afríku, er enn ekki með nema um 6-700 milljón lítra framleiðslu á ári.

*Meðalverð mjólkurafurða lækkaði*

Árið 2020 lækkaði meðalverð mjólkurafurða í heiminum um sem nemur einu prósenti frá fyrra ári, aðallega vegna þrengri efnahags í helstu innflutningslöndum í kjölfar heimsfaraldursins. Ástandið víða í heiminum gerir það að verkum að eftirspurn eftir ákveðnum vörum, sér í lagi þeim sem notaðar eru af stóreldhúsum og veitingastöðum, minnkaði. Þá var rekstur afurðastöðva víða erfiður vegna fjarveru fólks vegna heimsfaraldursins. Fyrir vikið fóru stórir vinnsluaðilar í auknum mæli að framleiða mjólkurafurðir sem ekki krefjast mikillar vinnu, eins og t.d. framleiðslu á smjöri og dufti, sem svo leiddi til aukins framboðs slíkra vara. Þessar mjólkurvörur skiluðu sér svo áfram út á útflutningsmarkaðinn og þessi staða leiddi til stóraukinnar samkeppni, sem aftur þrýsti verðinu niður.



Mjólkurframleiðsla í Kenýa. Afríka er eina mjólkurframleiðslusvæði heims þar sem ekki varð aukning á framleiðslunni í fyrra. Mynd / Farming First

*Smjör lækkaði mest*

Í skýrslunni kemur m.a. fram að meðalverð á smjöri lækkaði að jafnaði um 13,5% árið 2020 í samanburði við árið 2019. Mest varð lækkunin á fyrri helmingi ársins, þegar það lækkaði að jafnaði um 16%, en síðan varð viðsnúningur þegar markaðurinn náði aðeins að jafna sig. Þá lækkaði meðalverð á mjólkurdufti um 4,5% árið 2020 en undanrennuduft hækkaði hins vegar í verði um 6,8%. Þessi nokkuð óvenjulega þróun á undanrennudufti, miðað við þróunina á bæði smjöri og mjólkurdufti, skýrist fyrst og fremst af minna framboði af því frá Evrópu og aukinni ásókn í undanrennuduft í bæði Asíu og Mið-Austurlöndum. Svo virðist sem vinnsluaðilar á þeim svæðum hafi lagt meiri áherslu á að nýta undanrennuduft í stað mjólkurdufts til að draga úr heildarkostnaði. Þá hækkaði meðalverð á ostum um 2,1% árið 2020 sem skýrist af aukinni sölu á neyslupakkningum af ostum til verslana í stað heildsölu á ostum til stóreldhúsa og veitingastaða.

*Aukin milliríkjaviðskipti*

Eins og áður segir urðu heimsviðskipti með mjólkurafurðir meiri á árinu 2020 í samanburði við árið 2019 og jukust þau alls um 1,2%. Alls er talið að ígildi 78 milljarða kílóa hafi farið á milli landa eða 8,6% heimsframleiðslunnar. Í töflu 2 má sjá helstu framleiðslusvæðin sem bera uppi útflutning mjólkurafurða og sem fyrr eru það lönd Evrópusambandsins sem eru þar umsvifamest en af einstökum löndum er það þó Nýja-Sjáland sem ber höfuð og herðar yfir önnur lönd þegar talið berst að útflutningi mjólkurafurða. Þar á eftir eru það svo Bandaríkin og þá Hvíta-Rússland.

*Kína enn stærsti innflytjandinn*

Líkt og sjá má við lestur á töflu 3 er Kína sem fyrr það land sem flutti mest inn af mjólkurafurðum en þar á eftir koma Rússland, Mexíkó, Alsír, Indónesía og Sádi-Arabía. Kína flutti alls inn ígildi 17 milljarða kílóa af mjólk, aukning um 7,0% frá fyrra ári en samtals nam innflutningur framangreindra landa 43,6% af heildarinnflutningi landa heimsins á mjólkurvörum. Það má því með sanni segja að meginmarkaður fyrir milliríkjaviðskipti mjólkurvara sé einungis hjá örfáum löndum heims.

*Mest sala á dufti*

Sé horft til þeirra mjólkurvara sem helst ganga kaupum og sölum í viðskiptum á milli landa þá er það duftið sem nokkuð eðlilega stendur upp úr. Skýringin er afar einföld enda er hægt að flytja það ókælt á milli landa og það er auk þess með afar langt geymsluþol. Auk þess má framleiða langflestar mjólkurvörur út frá dufti, sem gerir það jafn eftirsótt og raun ber vitni.

Undanfarin ár hefur verið álíka mikil eftirspurn eftir mjólkurdufti og undanrennudufti. Alls nam sala á mjólkurdufti 2.668 þúsund tonnum og sala á undanrennudufti 2.501 þúsund tonnum árið 2020. Það var þó sala á osti sem fór fram úr öllum væntingum árið 2020 en alls jukust heildarviðskiptin með osta um 4,1% og alls voru 2.790 þúsund tonn flutt á milli landa á síðasta ári! Mest var reyndar aukning í viðskiptum með mysuduft, sem ætti reyndar ekki að koma á óvart þar sem mikil aukning í sölu á osti leiðir það af sér.

Mysuduftssalan jókst um 8,0% en undanfarin ár hafa komið fram á markaðinn nýjar aðferðir til að nýta einmitt mysuduft til frekari fínvinnslu m.a. til framleiðslu á sérstökum próteinum og öðrum efnum sem eru í mysu. Þetta hefur aukið mikið einmitt eftirspurnina eftir þessu góða hráefni. Smjörið var sem fyrr mun minna flutt út en alls nam útflutningurinn 936 þúsund tonnum, sem er samdráttur um 6,0% frá fyrra ári.

***Heimildir:***
*Byggt að mestu á skýrslu FAO: Dairy Market Review sem kom út í apríl 2021.*


**Bændablaðið**
**Kemur næst út**
**7. október**



## OKKUR TÓKST AÐ ÚTVEGA ANNAN GÁM AF HJÓLUM Á FRÁBÆRU VERÐI

VALLARBRAUT

RM






**Dráttarvélaskráð T3b**
**Mótor: 800c/c**
**Bein innspýting**
**Sjálfstæð fjöðrun**
**Diskabremsur**
**Hiti í handföngum.**
**Spil að framan**
**Dráttarkrókur að aftan**
**Dráttargeta 960kg**
**Hátt og lágt drif**
**Læsanlegt að aftan og framan.**
**Verð:1.820.000+vsk**
**Gámatilboð: 1.700.000+vsk**



**Mikið úrval fylgihluta í boði.**



Hlífðarplötur

Snjótennur

Töskur og tankar



*vallarbraut.is S-4540050 vallarbraut@vallarbraut.is Trönuhrauni 5 220 Hafnarfirði*

Á FAGLEGUM NÓTUM

# Riða í Skagafirði



Halldór Runólfsson.



Bændur í Skagafirði hafa orðið fyrir hverju stóráfallinu af öðru vegna niðurskurðar út af riðuveiki. Mynd / HKr.

**Riðuveiki í kindum er sérstæður sjúkdómur að því leyti að smitefni hans, svokallað príon, er ekki lifandi og er mjög þrautseigt í umhverfinu. Príon eru prótein sem þola m.a. suðu, geislun, formalín og nær allar tegundir hreinsiefna nema klór. Af þessum sökum reyndist mönnum erfitt að hefta útbreiðslu riðu á árum áður, svo að veikin breiddist út um landið.**

Sem dæmi má nefna að á áttunda og níunda áratug síðustu aldar voru tugir tilfella skráð á hverju ári og riðan var að valda bændum miklu tjóni vegna hárrar dánartíðni, sem í mörgum tilfellum var mun hærri en í öðrum löndum, þar sem menn reyna að lifa með sjúkdómnum. Þá var ákveðið að herða á aðgerðum gegn riðuveiki með niðurskurði og hreinsunaraðgerðum og síðan þá hefur tilfellum fækkað verulega.

Frá árinu 2011 til ársins 2014 greindust t.d. engin tilfelli sjúkdómsins. Það er því ljóst að þær mótvægisaðgerðir, sem ráðist hefur verið í, hafa borið árangur og tilfellum stórfækkað. Þó er riða enn að greinast á einstökum svæðum og nauðsynlegt að grípa til harðra aðgerða þar, svo að hin mikla barátta gegn riðuveikinni, sem hefur kostað bæði fjármuni og ekki síður tilfinnanlegt tjón sauðfjáreigenda, sem hafa þurft að skera sinn bústofn, verði ekki unnin fyrir gýg.

Riðuveiki var nú nýlega staðfest á bænum Syðra-Skörðugili í Skagafirði, sem er í Húna- og Skagahólfi, en í því hólfi greindist síðast riða á einum bæ árið 2020. Ekki er ólíklegt að fleiri tilfelli eigi eftir að greinast á næstunni á þessu svæði. Samkvæmt lista yfir riðuveikitilfelli á árunum 2001–2021, sem finna má á heimasíðu Matvælastofnunar – www.mast.is, þá hafa 13 tilfelli greinst á undanförnum 20 árum í þessu hólfi og mörg þeirra í nágrenni þessa bæjar. Á síðasta ári greindist riða á nokkrum bæjum í Tröllaskagahólfi, sem eru rétt austan við varnarlínuna um Héraðsvötn og í nágrenni við nokkra bæi í Húna- og Skagahólfi, þar sem riða hefur greinst á undanförnum árum.

### *Víðtækur niðurskurður*

Það er mín skoðun, að nú verði að bregðast við þessum nýjustu riðuveikitilfellum, með mjög afgerandi hætti, annars mun halda áfram að greinast riða á einum og einum bæ á svæðinu, samkvæmt reynslu undanfarinna áratuga. Skynsamlegast væri að fara í víðtækan og samræmdan niðurskurð á öllum bæjum í þessu hólfi, sem eru með sauðfé, og halda því fjárlausu í 2 ár, eins og fyrirskipað er. Það er mjög mikilvægt, að góð samstaða náist með öllum sauðfjárbændum á svæðinu, að fara í þessar aðgerðir, líka bændum þar sem riða hefur ekki enn greinst hjá, en þeirra bú teljast þá til áhættubúa. Gagnger hreinsun er nauðsynleg á öllum þeim bæjum þar sem skorið er. Það er einnig mikilvægt að öll fjárhús og nánasta nágrenni þeirra séu hreinsuð ítarlega á þeim bæjum sem ekki ætla að halda áfram og einnig verði skoðað hvort hreinsa þurfi á bæjum sem hættu fjárbúskap eftir fyrri niðurskurði. Þessa skoðun mína byggi ég á tveimur mjög vel heppnuðum og sambærilegum aðgerðum á undanförnum 30 árum.

Í fyrsta lagi var farið í niðurskurð á öllum bæjum í Héraðshólfi á miðjum áratug síðustu aldar, en þar hafði riða verið að greinast á einum bæ á eftir öðrum í nokkur ár. Ekki er annað vitað en að þessi aðgerð hafi heppnast vel, en þó kom upp eitt tilfelli í hólfinu 1997, sem tókst að einangra.

Í öðru lagi var farið í mjög umfangsmikinn niðurskurð í Biskupstungum á árunum 2003–2004 og gerðir yfir 70 samningar við bændur. Þar hafði riða verið að greinast á nokkrum bæjum á undanförnum árum. Samstaða náðist við sauðfjárbændur á svæðinu að fara í þennan niðurskurð, í þeim tilgangi að stoppa frekara tjón af völdum riðuveikinnar. Við lok fjárlausa tímabilsins var gert sérstakt átak í hreinsunaraðgerðum, t.d. á bæjum sem ætluðu ekki að halda áfram búskap. Ekkert tilfelli hefur greinst á þessu svæði síðan og aflétting riðuhafta í Biskupstungnahólfi ætti með sama áframhaldi að geta orðið 31. desember 2024. Einnig má nefna niðurskurð á nokkrum bæjum á afmörkuðu svæði í sunnanverðum Hrunamannahreppi, sem farið var í árið 2003 í kjölfar riðutilfellis á einum bæ.

Enn fremur má benda á árangursríkar aðgerðir til útrýmingar á fjárkláða á árunum 2002–2003 á svæði sem afmarkast af Miðfjarðarvarnarlínu í vestri og Héraðsvötnum í austri, að Vatnsneshólfi undanskildu. Í kjölfar margra bændafunda tókst almenn samstaða um þessar aðgerðir, þökk sé fræðslu og eftirgangsviðræðum þar að lútandi. Allt vetrarfóðrað fé var sprautað í tví- eða þrígang með sníkjudýralyfi og fjárhúsin hreinsuð og úðuð með skordýraeitri. Þessi aðgerð var svo endurtekin ári seinna. Ekki er vitað til þess að kláði hafi komið upp á þessu svæði síðan eða annars staðar á landinu og mun það einstakt í heiminum ef tekist hefur að útrýma fjárkláða af völdum kláðamaura og fjárlúsar.

Það er mikilvægt að taka fram, að ákvörðun um svona víðtækan niðurskurð í Húna- og Skagahólfi, eins og hér er lagt til, er aðeins hægt að taka að höfðu nánu samráði milli ráðuneytis, yfirdýralæknis, héraðsdýralæknis, ráðunauta og allra sauðfjárbænda og samtaka þeirra á svæðinu. Halda þarf bændafundi, þar sem ræddir eru kostir og gallar slíkra aðgerða og þá er mikilvægt að benda á reynslu bænda annars staðar á landinu, sem hafa gengið í gegnum sambærilegar aðgerðir. Þar þarf einnig að fara yfir hvernig niðurskurður og síðan hreinsunaraðgerðir ganga fyrir sig og ekki síst þarf að ræða kostnaðarskiptingu aðgerða, en hið opinbera greiðir slíkt að langmestu leyti. Mikilvægt er líka að tryggt sé að samningar við bændur geti gengið hratt og vel í kjölfar aðgerða. Jafnan er miðað við að bæta fjárhagslegt tjón eins og hægt er, en ekki er hægt að bæta tilfinningalegt tjón þeirra sem verða að sjá á eftir bústofni sínum í gröfina.

Sem dæmi um kosti slíkra aðgerða má nefna, að í Biskupstungum hefur jafnan verið mikið af góðu fjárræktarfólki, sem endurnýjaði bústofn sinn með lömbum frá riðulausum og góðum sauðfjárræktarsvæðum, svo sem Öræfum og Ströndum. Nokkrum árum síðar voru nokkur bú komin með enn betri afurðir, en fyrir niðurskurð og sum búin urðu jafnvel meðal afurðahæstu búa á landinu.

Einnig má nefna sem jákvæðan hluta af niðurskurðarferlinu, að ítarleg hreinsun fer fram á viðkomandi búum og iðulega eru gamlir og úreltir kindakofar, sem ekki er hægt að sótthreinsa, jafnaðir við jörðu og sáð í sárin og þetta bætir ásýnd bæjanna og sveitanna. Það kemur einnig fyrir að í lok tveggja ára fjárlausa tímabilsins og að lokinni hreinsun, að það hentar ekki viðkomandi bændum að halda áfram með sauðfjárrækt, en geta þá notað hrein og sótthreinsuð útihús í öðrum tilgangi.

### *Niðurstaða*

Með hliðsjón af ofangreindum atriðum þá tel ég, að hið allra fyrsta þurfi að taka ákvarðanir um víðtækan og samræmdan niðurskurð vegna riðuveiki á öllum bæjum sem eru með sauðfé í Húna- og Skagahólfi.

***Halldór Runólfsson***
*Höfundur er fyrrverandi yfirdýralæknir og skrifstofustjóri í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.*

UTAN ÚR HEIMI

## Norsk uppgötvun varnar sjúkdómum:

# Plöntugufubað í berjarækt

**Frumkvöðullinn og bóndinn Simen Myhrene í Noregi hefur gert samning við einn af stærstu berjaframleiðendum í heimi, Driscolls, með uppgötvun sinni á plöntugufubaði.**

Gufubaðið er notað til að streyma vatnsgufu á berjaplöntur áður en þeim er plantað í jörð og þannig koma í veg fyrir sjúkdóma sem geta eyðilagt stóran hluta uppskerunnar.

Berjaframleiðandinn Driscolls í Bandaríkjunum kveikti á uppgötvuninni og hefur nú gert milljónasamning við frumkvöðulinn. Driscolls framleiðir ber fyrir um 450 milljarða króna árlega. Áður hefur fyrirtækið meðhöndlað plöntur með heitu vatni til að koma í veg fyrir sjúkdóma en með þeirri aðferð er hætta á að dreifa bakteríum. Nú þegar hafa verið gerðar tilraunir með hindberjaplöntur sem hafa gefið góða raun.

Upp úr 1980 fékk faðir Simen, Ole Myhrene, þessa hugmynd að nota vatnsgufu til að koma í veg fyrir sveppi og sjúkdóma.

Hann notaði aðferðina fyrst á potta sem plönturnar voru settar í og sá fljótt að það virkaði vel. Þaðan kom hugmyndin að nota þetta á berjaplöntur í ræktun á sveitabænum. Þau vantaði þó samstarfsaðila og náðu samvinnu við rannsóknarteymi í Ås í Noregi, síðar kom háskóli í Flórída einnig inn í myndina.

Nú eru feðgarnir hæstánægðir með að uppgötvun þeirra og tækni komi fleirum til góða til að ná enn betri berjauppskeru en áður.

*/nrk-ehg*



Gufubaðklefi fyrir jarðarberjaplöntur.



Simen Myrhrene, frumkvöðull og bóndi, fær nóg að gera í framtíðinni.
Myndir /NRK

VISTKERFI & SKÓGRÆKT

# Skógur er lifandi vatnsforðabúr

**Undanfarið hafa verið miklir þurrkar á norður- og austurhluta landsins. Grunnvatnsstaða hefur lækkað og „óþrjótandi lindir“ brugðist. Skógi vaxið land þolir ýmsar öfgar í veðurfari betur en skóglaust land. Í flóðum tekur skógur og skógarjarðvegur í sig mikið vatn og í þurrkum geymist raki lengur og betur en þar sem enginn er skógurinn.**

Stundum heyrist því fleygt samt sem áður að skógar þurrki upp svæði, að trén drekki allt vatn í jörðu, þurrki upp stöðuvötn eða læki og lækki þar með grunnvatnsstöðu. Sannleikurinn er þó sá að vatnið sem trén í skóginum taka til sín nær aðeins til rótarhvels trjánna sem er að mestu í efsta jarðvegslaginu. Trén hafa lítil sem engin áhrif á grunnvatnsstöðu. Úrkoma ræður henni. Að Rauðavatn ofan byggðarinnar í Reykjavík hafi þornað að mestu upp í sumar er ekki skóginum þar að kenna. Ástæðan er að úrkoma hefur verið langt undir meðallagi og því hefur grunnvatnsstaðan lækkað.



Rauðavatn í efri byggðum Reykjavíkur 2021. Mynd / HGS



Þurr farvegur Uxalækjar á Völlum 26. ágúst síðastliðinn.



Uppsalaá er steinsnar frá Egilsstöðum. Hún hefur vart verið svipur hjá sjón í þurrkunum í sumar og rennsli í ánni nær ekkert. Mynd / Rúnar Snær Reynisson

Skógar eru eins konar lifandi vatnsforðabúr. Þeir binda ekki einungis kolefni úr andrúmsloftinu og búa til verðmætt timbur heldur hægja þeir á fersku vatni á leið þess til sjávar. Skuggar og skjól trjánna hamla til dæmis útgufun. Skógarjarðvegur getur tekið í sig mikið vatn sem bæði nýtist trjánum og öðru lífi í skóginum. Vatnið hreinsast þar og síast svo áfram í stað þess að renna hindrunarlaust á yfirborði eins og gerist á skóglausu landi. Vatnsból bæja og borga vítt og breitt um heiminn eru gjarnan á skógarsvæðum.

Öfgaflóð víða um heim sem við heyrum æ oftar af í fréttum verða nú verri vegna þess að skógar hafa verið felldir til hlíða og fjalla. Þegar skógarnir eru ekki lengur til að hægja á vatninu rennur það viðstöðulaust niður á láglendið og færir allt í kaf.

Sumarið 2021 var hlýtt á Íslandi, sérstaklega fyrir norðan og austan, og úrkoma var í lágmarki að sama skapi. Við getum búist við fleiri slíkum sumrum. Búast má við frekari þurrkum á komandi árum og áratugum, kannski öldum. Ástæðulaust er þó að óttast. Við getum klætt landið kjarri og skógi og dregið úr áhrifum stórrigninga og þrálátra þurrka.

*Hlynur Gauti Sigurðsson, sérfræðingur í skógrækt hjá BÍ og Pétur Halldórsson hjá Skógræktinni*

Bændablaðið
Næsta blað kemur út 7. október

Vegna aukinnar eftirspurnar óskum við eftir bújörðum á söluskrá
Vinsamlega hafið samband við Björgvin Guðjónsson, búfræðing og löggiltan fasteignasala í síma 510-3500 og 615-1020 eða á netfangið bjorgvin@eignatorg.is
Eignatorg
Skipholt 50b, 105 Reykjavík

EYJALIND
Belti og undirvagnshlutir
- fyrir smágröfur



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

PRONAR
Fjölplógar
í stærðum frá 1.35m til 4.0m



Plógur á mynd:
3.3m með 3p festingu og stjórnborði
Verð 1.290.000 kr. án/vsk
AFLVÉLAR
Sími 480 0000 | sala@aflvelar.is | aflvelar.is

VÉLABÁSINN

# Nissan Leaf Tekna rafmagnsbíll

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

**Í síðasta tölublaði var talað um að lítið væri í boði af umhverfisvænum bílum nema rafmagnsbílum.**

Þá prófaði ég metanbíl, nú er röðin komin að því að prófa aðra kynslóð af Nissan Leaf, en Nissan Leaf hefur unnið nánast öll hugsanleg verðlaun sem rafmagnsbíll getur unnið.

### *Leaf einn af vænlegri kostum í rafmagnsbílaflórunni*

Nissan Leaf kom fyrst á markað seint á árinu 2009, þá með uppgefna 117 km drægni á 24 kWh rafhlöðunni sem skilaði 110 hestöflum. Þungur og frekar máttlaus bíll miðað við rafmagnsbíla í dag (uppgefin hröðun þá úr 0 í 100 var 11,9 sek.). Nú eru þrjár gerðir í boði með misstórum rafhlöðum (40kWh og 62kWh), með annaðhvort 150 eða 218 hestafla vélar. Uppgefin snerpa úr 0 í 100 er 7,4 sek. Uppgefin drægni á minni rafhlöðunni er allt að 270 km, en með stærri vélinni og rafhlöðunni er drægnin allt að 385 km.

Verðið á Leaf er frá 4.490.000 upp í 5.790.000. Í desember á síðasta ári fór heimssala á Nissan Leaf yfir hálfa milljón, sem segir nokkuð um vinsældir bílsins.

### *Prufuaksturinn var sléttir 111 km*

Þegar ég tók bílinn hjá BL sýndi aksturstölvan að á bílnum væri rafmagn til að keyra 238 km, en þegar ég skilaði bílnum, 111 km síðar, sýndi aksturstölvan að eftir væri hleðsla fyrir 74 km. Þannig að á þessum 111 eknu km hafði ég eytt rafmagni sem svarar til 164 km aksturs. Greinilegt að þarna hafði ég ekki verið í neinum sparakstri. Enda ekki minn háttur að prófa bíla sem einhverja sparibauka, ég held mínum akstursstíl og aksturslagi á sama hvernig ökutæki ég ek. (Vera má að þetta hafi eitthvað með hitastig að gera frekar en aksturslag samkvæmt erlendum rannsóknum)

Í þessum nýja Nissan Leaf eru öll nútímaþægindi, hiti í stýri, blindhornsvari, akreinalesari og fl. Þægilegur bíll að keyra, en þrátt fyrir þetta allt þá eru hlutir sem ekki má treysta á, s.s. akreinalesarinn sem virkar vel, en þá er ekki þar með sagt að maður geti sleppt stýrinu og látið bílinn keyra sjálfan og lesa línurnar. Nei, þá kvartar hann að ekki sé haldið um stýrið og bremsar. Einnig hraðastillirinn (cruse control), hann heldur bilinu í næsta bíl fínt úti á vegum, en á það til að týna bílnum á undan í hringtorgum (gerðist tvisvar hjá mér). Eins og alla bíla sem ég prófa þá hávaðamæli ég bíla inni í bílnum á 90 km hraða og mældist þessi bíll 66,7db., flott mæling og með þeim betri þrátt fyrir að bíllinn væri á ónegldum vetrardekkjum.

Á malarvegi fannst mér steinkastið undir bílnum vera of mikið (eflaust hjálpaði ekki að vera á grófum vetrardekkjum). Holurnar í malarveginum fundust of mikið inn í bílinn sem segir að fjöðrunin sé of hörð fyrir malarvegi, en á malbiki hentar þessi fjöðrun vel (greinilegt að þessi bíll er ekki hannaður fyrir íslenska malarvegi).

### *Ekki allar breytingarnar til góðs*

Þegar kaupandi talar við sölumann nýrra rafmagnsbíla er yfirleitt 99% öruggt að sölumaðurinn nefnir ekki allt sem skiptir máli:

Bíllinn er þyngri en hann lítur út fyrir að vera. Þess vegna slítur hann bremsum og dekkjum meira en aðrir sambærilega stórir bílar.

Í bílnum er ekkert varadekk. Þessari síðustu setningu getur sölumaðurinn á Nissan Leaf snúið sér í hag því í öllum Leaf síðan 2019 er varadekk, sem er almennt ekki í neinum öðrum rafmagnsbíl (örfáir hybrid-bílar eru með varadekk).

Aðeins Acenta bíllinn er með 16 tommu felgur sem gera það að dekkin á þeim bíl eru aðeins hærri og minni líkur á að höggva dekk, en í staðinn eru dekkin mjórri og slitna hraðar.

N-Connecta og Tekna bílarnir eru á 17 tommu felgum sem eru með allt of lágan prófíl og höggvast auðveldlega og oft á lélegum íslenskum vegum.

Sprungið dekk á varadekkslausum bíl kostar eigandann á bilinu 20–100.000, en þá miðast verðið við að felgan sé í lagi, þekki þetta vel af eign raun sem vegaþjónustustarfsmaður.

### *Lokaorð*

Bíllinn sem var prófaður er minni Tekna bíllinn, kostar 5.190.000, með 40kWh rafhlöðu og uppgefna hámarksdrægni 270 km, fínn bíll að keyra á malbiki, en ef notkunin er þannig að oft sé ekið á malarvegi þá myndi ég velja Acenta. Það er vegna auka fjöðrunarinnar sem maður nær út úr hjólbörðunum með því að vera á 16 tommu felgum í stað 17.

Nissan Leaf fær stóran plús fyrir að vera með varadekk (að vísu ekki á skemmtilegasta stað þar sem það er undir bílnum að aftan, en enginn annar hreinn rafmagnsbíll sem ég man eftir er með varadekk).

Bíllinn er þægilegur í akstri, hljóðlátur, fín snerpa, bakkmyndavélin mjög góð og fleira. Einu mínusarnir sem ég get gefið bílnum er akstur á möl og lítil drægni á rafhlöðunni í bílnum sem prófaður var.

**Helstu mál og upplýsingar**

| | |
|---|---|
| Þyngd | 1.580-1.640 kg |
| Hæð | 1.530 mm |
| Breidd | 1.788 mm |
| Lengd | 4.490 mm |




Nissan Leaf Tekna. Myndir / HLJ



Svona holur er ekki uppáhaldið á dekkjum með svona lágan prófíl.



Með hraðastillirinn stilltan á 90 fylgdi bíllinn umferðinni í gegn um fyrsta hringtorg, en datt út í næsta.




Bakkmyndavélin sýnir vel umhverfið og fær topp einkunn frá mér.




Hávaðinn inni í bílnum mældist 66,7 db,mjög góð mæling á rafmagnsbíl (hef séð mælingu upp á 70+)




Akreinalesarinn virkar vel, en ekki það vel að maður megi sleppa stýrinu því þá kvartar mælaborðið.



Eini rafmagnsbíllinn sem ég man eftir að hafa prófað og er með varadekk, þó svo að ég kalli þetta aumingja þá er hægt að bjarga sér á þessu.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

# Vondir vegir og stórhættulegir vegir


Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is




**Síðastliðið ár hafa margir tekið eftir, lesið og lent í umræðum þar sem malbik er hættulegt og ónýtt.**

Þessi umræða um slæma vegi og ónýtt hættulegt malbik er umræða sem má ekki lognast út af. Nú er að styttast í þau hitaskilyrði sem eru hvað verstar gagnvart malbiksblæðingum. Í byrjun vetrar og síðastliðið haust urðu margir fyrir miklum skaða sem má rekja til malbiksblæðinga.

Enn er maður að sjá afleiðingarnar, en fyrir stuttu þurfti að skipta um öll dekk undir vagni sem hafði lent í malbiksblæðingum. Bílstjórinn sem hafði dregið viðkomandi vagn hafði lent í blæðingum stuttu fyrir lögboðna hvíld. Á meðan hann hvíldi sig lak bikið niður í neðri hluta á öllum felgum vagnsins og harðnaði (um 3-5 kg af biki neðst í hverri felgu). Þegar farið var af stað hristist allt og skalf sem endaði á að skipta þurfti út öllum fjöðrunarbúnaði, bremsum og síðast öllum dekkjunum vegna þess að þau misslitnuðu (sjá mynd).

***Malbik hefur verið í lagi í ár og verið að fræsa í burt gamalt hættulegt malbik***

Fyrir rúmu ári síðan varð hörmulegt banaslys sem rakið var til malbiks. Eftir þetta banaslys var áberandi mikið um kvartanir frá mótorhjólafólki um sleipt malbik víða. Það malbik sem verið var að nota síðasta sumar var einfaldlega óboðlegt bæði bílum og mótorhjólum.

Það var bara heppni að ekki fleiri slösuðust út af þessu ónýta malbiki sem notað var á síðasta ári, en þar er ekki sagan öll því að til margra ára hefur verið gagnrýnt að hvítir harðir steinar sem notaðir eru í malbikið slitna seinna en annað í malbikinu og þessir hvítu steinar slípast og verða flughálir. Þegar blautt er, standa þessir hvítu sleipu steinar upp úr bleytunni og gefa ekkert grip.



Búið að fræsa, en það hefði mátt fræsa bremsukaflann 20–50 metra að torginu og eins út úr því.

Sjálfur lenti ég í þessu á átta tonna vörubíl þegar ég var að koma eftir Sæbrautinni og beygði inn í „slaufuna“ sem leiðir mig upp á Miklubraut og í Ártúnsbrekku. Mér krossbrá þegar vörubíllinn rann til þarna í beygjunni og hélt mig hafa lent í olíupolli, en svo var ekki því þarna er malbikið með þessum hvítu sleipu steinum og rennblautt.

***Fór í malbiks-könnunarleiðangur síðasta laugardag***

Ég á mótorhjól sem er með mjög næma spól- og skriðvörn og á því fór ég síðastliðinn laugardag og kannaði malbik, bæði nýtt og gamalt, í bleytunni. Alls staðar þar sem malbikið var með stóru hvítu steinunum fór spólvörnin í gang í 2., 3. og 4. gír, en þar sem litlu hvítu steinarnir voru spólaði ég bara í 2. gír (sem sagt aðeins betra grip. Svarta nýja malbikið virtist vera best, þar spólaði ég ekkert. Næst voru það hringtorgin frá Höfðabakka og upp að beygjunni í Mosfellsdal og á Þingvelli.

Hringtorgin sjálf í lagi enda með nýju malbiki, að undanskildu einu sem hafði verið fræst tveim dögum áður, en bremsukaflinn að hringtorgunum sums staðar var með þessum hvítu kornum, og líka þegar maður kom út úr hringtorgunum, þá tók við þetta sleipa malbik. Þarna hefði mátt leggja nýtt malbik aðeins út úr hringtorgunum og hafa bremsukaflann með nýju malbiki.

***Hól vikunnar fær Karl Gunnlaugsson í KTM***

Svohljóðandi var hluti af færslu Karls inn á flestum Facebook-mótorhjólasíðum:

„VARÚÐ - Slysagildra, Lágafellstorg, Mosfellsbæ. - Í gær, sunnudaginn 12.09., var ég að koma til Reykjavíkur á mótorhjóli frá Bárðardal um 450 km leið, allt frá Blönduósi var veðrið frekar slæmt, rigning og hvasst á köflum. Með yfir 40 ára reynslu í akstri mótorhjóla við hinar ýmsu aðstæður og hafa keppt í tæpan áratug á Bretlandseyjum í götuhjólakappakstri og keppt í áratugi á torfærumótorhjólum tel ég mig búa yfir mikilli reynslu.

Aðstæður í gær vöru krefjandi og var akstrinum hagað eftir aðstæðum, orðinn miðaldra karlmaður. hálf „grumpy“ og leiðinlegur. Ferðin gekk vel og þegar komið var inn í Mosfellsbæ ók ég með varkárni þar sem hringtorgin í gegnum Mosfellsbæ eru lögð með slitlagi „dauðans“. Ég kom akandi upp brekkuna að hringtorgi sem merkt er Lágafellstorg, þar kem ég á vinstri akrein á um 70 km hraða, hægi ferðina niður í 35-40 km hraða og ek ákveðið beint í innri hring hringtorgsins, stutt hægri beygja og legg hjólið yfir í vinstri beygju og bæti við hraðann þegar vinstri beygju er að ljúka, á þessu sekúndubroti fer hjólið í hliðarskrið á fram og afturdekki 20-30 cm. Ósjálfráð viðbrögð að grípa inn í og ég breyti afli, þyngdardreifingu og stefnu hjólsins sem náði við það gripi og ég hélt ferð minni áfram með talsvert aukinn hjartslátt. Í ytri hring hringtorgsins var sendibíll og þarf vart að hugsa þá hugsun til enda ef hjólið hefði farið á hliðina. Þarna var ekki um „háskalegan“ akstur að ræða og ég var mjög meðvitaður um aðstæður en veggripið þarna í þessu undirlagi sem þar er, er lítið sem ekkert í rigningu.“

Það voru margir sem skrifuðu undir þessa færslu og enn fleiri deildu. Tveim dögum eftir þessa færslu var búið að fræsa þetta hringtorg og vonandi er búið að malbika þarna núna (enda stutt í kosningar, tel að samgönguráðherra vilji atkvæði mótorhjólafólks).



Stallað dekkið varð svona þar sem slitlagið sem safnaðist á bílinn vegna blæðinga lak niður og harðnaði og olli ójafnvægi á dekkinu.






# KROSSGÁTA Bændablaðsins




## Lausn á krossgátu í síðasta blaði





Bændablaðið
kemur næst út 7. október
Smáauglýsingar 56-30-300

LÍF&LYST – BÆRINN OKKAR



# Litla Brekka – Kvíaholt



**Ábúendur Litlu Brekku – Kvíaholts eru Anna Dröfn og Hjörleifur Stefánsson í ekta íslensku samkurli við foreldra Hjörleifs, Ragnheiði Jóhannesdóttur og Stefán Ólafsson.**

**Býli:** Litla Brekka – Kvíaholt.

**Staðsett í sveit:** Litla Brekka – Kvíaholt staðsett í gamla Borgarhreppi rétt við ósa Langár.

**Ábúendur:** Anna Dröfn og Hjörleifur Stefánsson, í samkrulli við foreldra Hjörleifs, Ragnheiði Jóhannesdóttur og Stefán Ólafsson.

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** Fjölskyldustærð er misjöfn eftir vikum, með föst herbergi í húsinu í Kvíaholti eru við hjónin og börnin þrjú. Jóhannes Þór, 15 ára, Eyjólfur Ágúst, 13 ára og Helga Sigríður Guðfríður, 7 ára. „Heimalningar" innandyra eru margir, vinir sem koma í sveitina og njóta næðis, umhverfis og almennrar slökunar í sófum heimilisins. Gestir sem vita hvar kaffivélin er og fjölskyldan, sem situr stundum við bálstæðið í garðinum og kemst út úr stressi þéttbýlis. Foreldrar Hjörleifs búa svo í næsta húsi og þangað leita bæði börn og fullorðnir í blómahafið hjá ömmu, skúrinn hjá afa og fá lifrarpylsu í höndina þegar þeir hjóla framhjá í daglegu amstri.

**Gerð bús?** Litla Brekka – Kvíaholt er sauðfjárbú, stundum lítið, stundum umfangsmeira. Ásamt rekstri heimilis og sauðfjár reka Hjörleifur og Anna gistiheimilið Ensku húsin við Langá þar sem sauðfjárbúið hefur skaffað ljúffengt lambakjöt á veitingastaðinn. Á þessum breyttu tímum í dag hafa þau Hjörleifur og Anna þó minnkað umfangið í ljósi aðstæðna og lambakjötið núna heimtekið og selt beint frá býli unnið að óskum kaupanda. Ull er tekin af lambfé og send í spuna í Uppspuna. Svo er henni breytt í gersemar, handlituð með jurtum úr garðinum og svo fær ullin að ferðast um Norðurlöndin bæði til sýnis og sölu. Einnig eru á heimilinu 2 hundar, 2 kettir og einn heimalningur sem borðar tacos, eltir hundana og stangar bíla.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Hefðbundnir dagar í Kvíaholti er óhefðbundið fyrirbrigði. Gistiheimilið dregur til sín allt vinnuafl sem vogar sér að koma niður afleggjarann.

Þetta haustið er fjöldi sauðfjár þó bara um 50 fullorðnar og þar af leiðandi er sú vinna ekki eins mikil, þó segja fróðir menn að það þarf að vinna sömu vinnuna við 15 kindur eins og 50. Sauðféð býr við mjög ákveðið frelsi, hólma sem fara á kaf reglulega þegar flæðir inn í ósinn og birkiása sem skýla og fela mjög grimmt allt sauðfé þegar á að smala því heim í nafnakall. Ullarvinnsla og sala tekur upp tíma Önnu en Hjörleifur þrífur gistiheimili, vinnur jarðvinnslu með litlum nettum tækjum ásamt því að skrifa þjóðsagnabækur á ensku. Saman hjálpast húsin og stórfjölskyldan að í þessum útiverkum sem unnin eru. Stundum er slegist um næðið á jötubandinu.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Bústörfin þykja flest vera skemmtileg, kannski af því þau eru ekki yfirgnæfandi. Meira að segja leiðinlegu verkin verða bara merkilega ágæt þegar fólk hjálpast að, bæði börn og fullorðnir og gleðin er við völd. Fjölskyldan hlustar mikið á sögur og þá er daglegt amstur á bæjunum fljótt að líða.

**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?** Miðað við alla óvissutíma þá er ómögulegt að segja til um framtíðina, hvorki í spilum, kaffibollum né hér. En kindur verða til staðar, það er nokkuð öruggt. Í hvaða magni er óvíst. Ullin verður prjónuð og margar nýjar hugmyndir munu líta dagsins ljós. Börnin munu stækka, fara í skóla hingað og þangað, skoða heiminn. Þá sitja eftir eldri sálirnar og reyna að fylgja tækni og nýjum áherslum án þess að tapa rósemd og núvitund sveitarinnar.

**Hvað er alltaf til í ísskápnum?** Ostur. Ef það ekki til ostur þá er „ekkert til".

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Hakk og spagettí með íslensku nautahakki frá Mýranaut á Leirulæk hér hinum megin við Langárós.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Eftirminnilegast í fljótu bragði var þegar við foreldrarnir komum heim úr bændaferð til Skotlands með Ræktunarsambandi hér á Mýrunum og drengirnir voru búnir að slá „broskall" í túnið með sláttutraktornum svo við myndum sjá það úr flugvélinni.



MATARKRÓKURINN

# Lambakótelettur og ristað blómkál



Bjarni Gunnar Kristinsson
matreiðslumeistari
bjarnigk@gmail.com

**Nú er sláturtíð og ef fólk á ber í frysti er hægt að gera veislu með hjálp frá náttúrunni og tilvalið að setja lambakjöt á matseðillinn.**

Ekki skemmir að kryddleggja það og framreiða með nóg af grænmeti og kartöflum. Hægt er líka að breyta til með því að nota kalkúnalæri, íslenskt haustgrænmeti eða góða íslenska sveppi – og jafnvel villisveppi ef það hefur verið tími fyrir sveppamó.

## Lambið

- Um fjórar 200 g hreinsaðar lambakótelettur (króna)
- 2 tsk. fínt rifinn sítrónubörkur
- 1½ tsk. saxað rósmarín
- 1 hvítlauksrif, saxað
- Nýmalaður pipar
- 100 ml auk 1 msk. ólífuolíu
- 2 msk. ferskur sítrónusafi
- 200 g nýtt grænmeti
- 200 g villisveppir

*Aðferð*

Blandið sítrónusafa, sítrónuberki, rósmarín og hvítlauk í matvinnsluvél. Bætið við olíu og kryddið. Marinerið lambasteikina í að minnsta kosti 10 mínútur.

Steikið á pönnu með grænmeti og sveppum í um 4 mínútur á hvorri hlið (miðlungs elduð). Færið pönnuna í ofn eða á ofnfast fat í 5 mínútur og berið fram.





## Ristað blómkál og kalkúnalæri með parmesanosti

- 3 kalkúnalæri úrbeinuð (u.þ.b. 700 g)
- 2 msk. ólífuolía, skipt
- 1 haus blómkál (um það bil 1 kg), snyrt, brotinn í stóra bita
- 80 g smjör
- 40 g brauðmylsna
- 1 tsk. nýmalaður svartur pipar
- ⅓ bolli (25g) fínt rifinn parmesan
- 1 msk. fínsöxuð fersk steinselja

*Aðferð*

Setjið ofngrindina í miðju ofnsins. Hitið ofninn í 230 gráður.

Í stórri skál, setjið kalkúnalæri penslað með 1 msk. olíu. Kryddið með salti. Færið á bakka. Eldið og snúið til hálfs í eldun, í 20 mínútur. Eða þar til er eldað í gegn.

Setjið blómkálið í stóra skál með 1 matskeið olíu.

Kryddið með salti. Bætið blómkáli við bakkann, því sem eftir er. Eldið með kalkúninum í 15 mínútur eða þar til blómkál er meyrt og karamelliserað.

Á meðan, í meðalstórri pönnu, eldið smjörið, hrærið yfir miðlungs hita í 3 mínútur eða þar til það er ljósbrúnt á litinn. Hrærið brauðmylsnu og pipar saman við, ef það er notað, og setjið til hliðar.

Setjið kalkúnalæri og blómkál í stórt fat. Veltið upp úr brúnuðu smjöri, ristaðri brauðmylsnu og stráið parmesan og steinselju yfir.

HANNYRÐAHORNIÐ

# Hálskragi á börn

**Prjónaður hálskragi á börn með axlarsæti. Stykkið er prjónað í garða- og stroffprjóni úr dúnmjúka Drops Merino Extra Fine. Húfuna má finna á heimasíðu okkar www.garn.is.**



**xx:**

DROPS Design: Mynstur me-068-bn

**Stærðir:** 12/18 mánaða (2) 3/4 (5/8) 9/12 ára

Breidd á öxlum ca: 18 (20) 24 (26) 28 cm

**Garn:** Drop Merino Extra Fine (fæst hjá Handverkskúnst)

- 100 (100) 100 (150) 150 g litur á mynd nr 34, ljung

**Prjónfesta:** 21 lykkja með sléttprjóni = 10 cm

**Prjónar:** Hringprjónn 40 cm nr 4 og sokkaprjónar nr 3,5 fyrir stroff

Garðaprjón (prjónað í hring): *1 umferð slétt og 1 umferð brugðið*, endurtakið frá *-*.

Garðaprjón (prjónað fram og til baka): Prjónið slétt allar umferðir

**Útaukning:** Aukið út hvoru megin við axlalykkjur með því að taka upp lykkjur.

**Aukið út á eftir 1. og 3. prjónamerki þannig:** Prjónið fram að prjónamerki, færið prjónamerki yfir á hægri prjón, notið hægri prjón til að lyfta upp hlekknum á undan næstu lykkju á vinstri prjón þannig að hægri hlið á hlekknum komi á réttu á stykkinu, prjónið 1 lykkju slétt í aftari lið á hlekknum (hlekkurinn verður nú snúinn þannig að ekki myndist gat og lykkjan hallast til vinstri).

Aukið út á undan 2. og 4. prjónamerki þannig:

Prjónið að prjónamerki á undan axlalykkjum, notið hægri prjón til að lyfta upp hlekknum á undan næstu lykkju á vinstri prjón þannig að vinstri hlið á hlekknum komi á réttu á stykki, prjónið 1 lykkju slétt í hlekkinn (hlekkurinn verður nú snúinn þannig að ekki myndist gat og lykkjan hallast til hægri), færið prjónamerkið yfir á hægri prjón.

**Affelling:** Til að koma í veg fyrir að affellingarkanturinn verði stífur þegar fellt er af, er hægt fella af með grófari prjónum. Ef kanturinn er enn stífur, er hægt að slá uppá einu sinni uppá prjóninn á eftir ca 4. hverja lykkju jafnframt því sem fellt er af (uppslátturinn er felldur af eins og venjuleg lykkja)

**KRAGI:** Fitjið upp 88 (96) 104 (112) 120) lykkjur á sokkaprjóna nr 3,5 með Merino Extra Fine. Prjónið stroff (= 2 lykkjur slétt, 2 lykkjur brugðið). Þegar stykkið mælist 7 (7) 8 (9) 9 cm, skiptið yfir á hringprjón nr 4 og prjónið áfram þannig (frá miðju ofan á öxl):

Setjið 1 prjónamerki í byrjun á umferð (látið prjónamerkið sitja í stykkinu, það á að nota það síðar til að mæla frá). Prjónið 2 lykkjur slétt, 2 lykkjur brugðið, 2 lykkjur slétt, setjið 1. prjónamerki, prjónið 34 (38) 42 (46) 50 lykkjur garðaprjón og fækkið um 8 lykkjur jafnt yfir, setjið 2. prjónamerki, prjónið 2 lykkjur slétt, 2 lykkjur brugðið, 2 lykkjur slétt, 2 lykkjur brugðið, 2 lykkjur slétt, setjið 3. prjónamerki, prjónið 34 (38) 42 (46) 50 lykkjur garðaprjón og fækkið um 8 lykkjur jafnt yfir, setjið 4. prjónamerki og endið með 2 lykkjur slétt og 2 lykkjur brugðið = 72 (80) 88 (96) 104 lykkjur. Axlalykkjurnar eru lykkjurnar á milli 1. og 4. prjónamerkis og 2. og 3. prjónamerkis.

Haldið áfram með stroff yfir axlalykkjurnar og garðaprjón yfir lykkjur á framstykki/bakstykki, á meðan aukið er út um 1 lykkju við hvert prjónamerki í hverri umferð – sjá ÚTAUKNING (= 4 lykkjur fleiri í hverri umferð). Útauknar lykkjur eru prjónaðar í garðaprjóni. Haldið svona áfram þar til stykkið mælist 3 (3) 4 (4) 4 cm frá prjónamerki = ca 104 (112) 132 (140) 148 lykkjur.

Í næstu umferð eru axlalykkjurnar felldar af þannig: Fellið af fyrstu 6 lykkjurnar, prjónið garðaprjón eins og áður yfir næstu ca 42 (46) 56 (60) 64 lykkjur fram að 2. prjónamerki, fellið af næstu 10 lykkjur, prjónið garðaprjón eins og áður yfir næstu ca 42 (46) 56 (60) 64 lykkjur fram að 4. prjónamerki, fellið af síðustu 4 lykkjurnar. Prjónið nú hvort stykki til loka fyrir sig.

Prjónið garðaprjón fram og til baka – sjá útskýringu að ofan, yfir ca 42 (46) 56 (60) 64 lykkjur á framstykki/bakstykki, þar til stykkið mælist ca 9 (10) 12 (13) 14 cm, mælt frá þar sem síðasta axlalykkjan á hvorri öxl var felld af.

Fellið af með sléttum lykkjum – sjá affelling. Prjónið hitt framstykki/bakstykki alveg eins.

*Prjónakveðja*

*mæðgurnar í Handverkskúnst*

*www.garn.is*




VELFERÐARSJÓÐUR BÍ AUGLÝSIR EFTIR UMSÓKNUM

Allir félagsmenn ***Bændasamtaka Íslands*** teljast til sjóðsfélaga og geta sótt um:

# **Styrki til endurgreiðslu aukins rekstrarkostnaðar vegna veikinda þess sem að búrekstri stendur eða slyss.**
- *Útlagður launakostnaður, verktakagreiðslur og sambærilegur kostnaður sem leiðir af óvinnufærni.*

# **Styrki til forvarnarverkefna.**
- *Verkefni tengd forvörnum og vinnuvernd, slysavarnir og önnur verkefni sem hafa það að markmiði að bæta velferð sjóðsfélaga.*

Nánari upplýsingar á **bondi.is** og umsóknareyðublöð má nálgast á félagsmannasíðum á Bændatorginu.

**Umsóknir skulu berast fyrir 15. október nk. með rekjanlegum bréfpósti (ábyrgðarbréf) merkt:**

Bændasamtök Íslands
Bændahöllinni við Hagatorg
107 Reykjavík

Létt

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | | 8 | 9 | | 3 | | |
| | 8 | | | | 4 | | | 6 |
| | | 1 | | 5 | | | | |
| 9 | | | | | | | | |
| | | | 1 | | | | | |
| | 3 | | 9 | | 6 | | 4 | 5 |
| | 9 | | | | | 2 | | |
| | | | 4 | | | | | 7 |
| | | | | 8 | 7 | 6 | | 4 |

Miðlungs

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 6 | | 7 | | | | | |
| 7 | 9 | | | | | | | |
| | | | | | | | | 2 |
| | | | | | 5 | 3 | 1 | |
| 3 | | | 8 | | | | 2 | 9 |
| | | | | 1 | | 4 | | |
| | | 5 | | 7 | | 1 | 6 | |
| | 4 | | 5 | | | | 3 | |
| 1 | | 6 | | 3 | | | | 5 |

Þung

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | 5 | | | 9 | 3 | 4 | |
| 1 | | | | 3 | | | | 9 |
| | | | | | 7 | | | |
| 3 | | 6 | | | | | | |
| | 9 | | | 4 | | | 5 | |
| | | | | | | 2 | | 3 |
| | | | 5 | | | | | |
| 6 | | | | 9 | | | | 8 |
| | 3 | 8 | 4 | | | 1 | 9 | |

Þyngst

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | | | 2 | 9 | | |
| | | | 5 | | | 6 | | |
| 7 | 2 | | | | | | | 3 |
| 1 | | | | 4 | | | 5 | |
| | | | | | | | | |
| | 3 | | | 8 | | | | 2 |
| 8 | | | | | | | 1 | 7 |
| | | 6 | | | 3 | | | |
| | | 3 | 9 | | | 5 | | |

## Sudoku

**Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

# Kótelettur bestar

**Tómas Steinn er níu ára Eskfirðingur sem spilar á trommur.**



**Nafn:** Tómas Steinn Ástþórsson.

**Aldur:** 9 ára að verða 10 í október.

**Stjörnumerki:** Sporðdreki.

**Búseta:** Eskifirði.

**Skóli:** Grunnskóli Eskifjarðar.

**Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum?** Heimilisfræði, íþróttir, smíðar og stærðfræði.

**Hvert er uppáhaldsdýrið þitt?** Hamstur, naggrís, hundur, hestur og kisa.

**Uppáhaldsmatur:** Kótelettur í raspi.

**Uppáhaldshljómsveit:** Måneskin.

**Uppáhaldskvikmynd:** Grown ups 2.

**Fyrsta minning þín?** Þegar ég datt á hjóli og slasaðist mikið í andlitinu.

**Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri?** Ég æfi fótbolta og spila á trommur.

**Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?** Fótboltamaður og vinna í dýragarð.

**Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert?** Ég ætlaði að stökkva af brú í sjóinn en mamma bannaði mér það, þá fór ég að vaða.

**Gerðir þú eitthvað skemmtilegt í sumar?** Fór til Reykjavíkur og hitti fjölskylduna mína.

**Næst »** Ég skora á Sonju Salín Hilmarsdóttur, frænku mína.


**Áhöfnin á Björgúlfi EA 312 árið 1960, fyrsta síldveiðiáhöfn skipsins.** Mynd / Í eigu Birnu Kristjánsdóttur.


**Síldveiðar.**


**Þóranna Hansen og Valrós Árnadóttir í síldarsöltun.** Mynd / Rögnvaldur Friðbjörnsson


**Saltfiskur metinn.** Mynd / Jónas Hallgrímsson.


**Fiskvinnslukarlar á Dalvík.** Mynd / Úr safni Báru Elíasdóttur.


**Saltfiskvinnsla á Dalvík.** Mynd / Jón Þ. Baldvinsson.

# Sjávarútvegssaga Dalvíkur

**Sjávarplássið Dalvík er heiti á nýrri bók sem Jóhann Antonsson viðskiptafræðingur hefur skrifað um sjávarútvegssögu Dalvíkur.**

Í formála bókarinnar segir Jóhann meðal annars: „Bókin fjallar um harðduglegt fólk með frumkvöðlahugsun og þekkingu og ekki síst ríkulega sjálfsbjargarviðleitni til að skapa sér tækifæri úr þeim aðstæðum sem uppi hafa verið hverju sinni.“ Dalvík liggur ekkert sérstaklega vel við fiskimiðum og sjávarplássið Dalvík varð ekki til fyrr en eftir að mögulegt varð að nota vélbáta til að komast á miðin.


**Atli Rúnar Halldórsson afhendir Jóhanni Antonssyni fyrstu bókina fyrir hönd útgefenda.** Mynd / Svanfríður Jónasdóttir.




Áður hafði útræði miðast við þörf búanna í Svarfaðardal fyrir fiskmeti og réðst sóknin af því hvernig stóð á í búskapnum. Svarfdælskir bændur höfðu verið öflugir hákarlaveiðimenn og vissu því að sjórinn gat verið gjöfull en landbúnaðurinn var þó lengst af kjölfestan í hinum þéttsetna dal.

Jóhann Antonsson þekkir vel til sjávarútvegs á Dalvík í gegnum tíðina. Þar er hann fæddur og uppalinn og tók virkan þátt í atvinnugreininni á Dalvík um árabil. Hann hefur verið stjórnandi í sjávarútvegi og sinnt lengi ráðgjafarstörfum í sjávarútvegi fyrir fyrirtæki og opinberar stofnanir.

### *Ríkuleg heimild um mikið sjávarútvegspláss*

Árið 1977 var Jóhann einn þriggja sem stóðu að stofnun héraðsfréttablaðs Norðurslóðar í Dalvíkurbyggð, sem hefur komið óslitið út síðan, eða í meira en fjörutíu ár.

Í Norðurslóð hefur Jóhann skrifað ótal greinar um sögu sjávarútvegsins í sinni heimabyggð. Þær greinar hefur hann nú endurunnið, bætt við og breytt fyrir þessa bók og til viðbótar hefur Jóhann tekið saman efni um sjávarútveg á Dalvík í Fiskidagsblaðið, sem gefið hefur verið út í tengslum við Fiskidaginn mikla.


**Skipverjar á Björgvin EA 311 á áttunda áratugnum. Frá vinstri: Kristján Þór Júlíusson, Gylfi Ægisson og Valur Hauksson.** Mynd / Jón Þ. Baldvinsson

Allt þetta mikla efni er nú komið út í einni bók og miklu meira til. Bókin er ríkuleg heimild um þetta mikla sjávarútvegspláss sem hefur í gegnum tíðina og státar enn þann dag í dag af öflugri útgerð og fiskvinnslu. Bókina prýðir fjöldi ljósmynda sem aldrei hafa áður fyrir sjónir almennings komið. Bókin er 270 síður í stóru broti.

Útgáfufyrirtækið Svarfdælasýsl gefur bókina út en að því standa sex systkini frá Jarðbrú í Svarfaðardal.

Útgáfufélagið varð til um samnefnda bók sem kom út árið 2017 en síðan hefur það gefið út nokkrar bækur, þar á meðal bók um tuttugu ára sögu Fiskidagsins mikla á Dalvík sem kom út fyrir síðustu jól. */MÞÞ*


**Bræðurnir Guðjón og Björgólfur Loftssynir – Gaui og Bongi í skreiðarhjalli.** Mynd / Jón Þ. Baldvinsson.


HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS




UPPSTOPPUN

KRISTJÁN FRÁ GILHAGA
SÍMI 892-8154
Kristjánshaga 10 • 600 Akureyri
hreidrid@simnet.is



Rafhitarar
í skip, hús og sumarhús
Ryðfríir neysluvatnshitarar með 12 ára ábyrgð
Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar
Við erum sérfræðingar í öllu sem viðkemur rafhitun.

Rafhitun
Kaplahrauni 19 • Hafnarfirði
Sími: 565 3265
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is


Næsta Bændablað kemur út 7. október

Bændablaðið

# Smáauglýsingar


**Sími:** 563 0300 | **Netfang:** augl@bondi.is | **Veffang:** www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is
**Verð:** Textaauglýsing kr. 2.500 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 5.900 texti + mynd.
**Skilafrestur:** Fyrir kl. 16.00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.




Háþrýstidælur fyrir verktaka og iðnaðarmenn. Margar stærðir með bensín eða dísil. 500 Bar, flæði 21 L/mín. 700 Bar, flæði 15 L/mín. Vatnshitarar fyrir háþrýstidælur. Vandaður búnaður frá Comet - www.comet-spa.com. Hákonarson ehf. hak@hak.is - s. 892-4163.



Taðklær á lager. Breiddir: 1,2 m - 1,5 m – 1,8 m. Eurofestingar og slöngur fylgja. Sterkar og vandaðar greipar og þétt á milli tinda. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is



Óska eftir alls konar gömlum mótorhjólum og skellinöðrum í hvaða ásigkomulagi sem er. Allar ábendingar vel þegnar. Verð samkomulag. valur@heimsnet.is - s. 896-0158.



Til sölu 3 eignalóðir að Áshildarmýri á Skeiðum. 1 klst. akstur frá Rvk. Fallega gróið hraun. Heitt og kalt vatn, rafmagn og ljósleiðari á svæðinu. Lóðir standa sér og fjarri öðrum lóðum á svæðinu. Þær eru 8.000-11.400 fm. Verð frá 3,4 mill. kr. Sími 893-4609.



Til sölu 3 lerkiklædd Jöklahús. Húsin eru heilsárshús og er hvert hús 30 fm að stærð. Húsin, sem geta selst saman eða hvort í sínu lagi, eru fullinnréttuð og hafa verið í notkun frá júlí 2017 (ferðaþjónusta). Stór verönd úr lerki, á þrjá vegu, fylgir hverju húsi. Húsin eru staðsett á Suðurlandi (póstnúmer 851). Þau hvíla á steyptum undirstöðum en einfalt er að losa þau og lyfta þeim af til flutnings. Innbú (lausamunir) getur fylgt og húsin því tilbúin til rekstrar. Nánari upplýsingar í s. 696-6004. Fleiri myndir hér: https://www.instagram.com/fagrabrekka/



Heilsárshús 30,2 fm + 7 fm verönd. Íslensk smíði og hönnun. Auðvelt að flytja. (Hausttilboð) verð 7,5 m.kr. með vsk. Tómas 483-3910 og 698-3730.



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. Sími 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Bílalyftur, tveggja pósta bílalyfta 4,0 tn. rafm.læsingar. Verð kr. 598.000 m.vsk. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Man 12.240. Árgerð 2007. Krókheysi. Ekin 290.000 km. Sjálfskiptur. Verð 2 mill. kr. +vsk. Sími 894-8620.



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Patura spennar í úrvali. P1 er t.d. bæði fyrir 12V og 230V. 5 km drægni. Mikið úrval af öðrum rafgirðingarvörum. Skoðið Patura bækling á www.brimco.is. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl.13-16.30.

HATZ DIESEL

Vélavit er nú sölu- og þjónustuumboð fyrir HATZ díselvélar. Varahlutir og viðgerðir í Skeiðarási 3 Garðabæ. S. 527-2600.



Spennubreytir (invertermodified sine wave) 12v dc til 220v ac 2000 vött. Verð: 13.900 kr. Orkubondinn.is - Tranavogi 3, 104 Reykjavík. Sími 888-1185.



Kubota EK1-261 smátraktorar til afgreiðslu strax á frábæru verði. 26 ha díselmótor, gírkassi 9F+3R, lyftigeta á beisli 750 kg. Landbúnaðar- eða grasdekk. Ámoksturstæki fyrirliggjandi. Upplýsingar í s. 568-1500, kubota@thor.is og www.thor.is



Frystipressa 5.5 kW ásamt frystibúnti í góðu ástandi til sölu. Nýr hitaþræðir fyrir afhrímingu fylgja með. Verð kr. 400.000. Uppl. í s. 893-1604, Birgir.



Scania R490 árg. 2015. Ekin 560.000 km. Krókheysi. Verð 6,5 mill. kr. +vsk. Sími 894-8620.



Sjálfsogandi dælur úr sjóþolnum kopar eða ryðfríu stáli. Stærðir: 1", 2", 3", 4". Aflgjafar: Rafmagn, bensín / dísil, glussi, traktor. Framleiðandi: GMP Ítalíu. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is


GIANT BY TOBROCO
AFLMIKLIR I STÖÐUGIR
LANDSTÓLPI

3.990.000 + vsk.
Giant- G1500

4.990.000 + vsk.
Giant- G2200 HD+

Úrval aukahluta í boði
McHale
RÚLLUGREIPAR

McHale- BH691 og R5
RUSLAPRESSUR
Sparaðu þér handtökin!

590.000 + vsk.
LSM- V5
- Baggastærð: 700x750x500mm
- Þyngd bagga: 50-100kg
- Pressa: 5 tonn

859.000 + vsk.
LSM- V8
- Baggastærð: 800x950x600mm
- Þyngd bagga: 100-180kg
- Pressa: 8 tonn
LANDSTÓLPI
Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600
www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is



Sjálfsogandi dælur frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreint vatn (trash). 2", 3", 4". Orginal Honda vélar með smurolíuöryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is - www.hak.is



Til sölu MAN 26.422 6x6 dráttarbíll, árgerð 1991. Ekinn 795.000 km. Vagn getur fylgt. Upplýsingar í síma 893-4424.



Thwaites 1 ton dumper, árg. 2008, vinnustundir 2.511. Verð kr. 2.290.000 +vsk. Upplýsingar í síma 537-4990 eða trukkur@trukkur.is



Kerrur á einum og tveimur öxlum á lager, með og án bremsa, ýmsar útfærslur, breiddir og lengdir. Gæðakerrur – Góð reynsla. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Til sölu Pottinger sáningarvél árg. 2017. Frekar lítið notuð, í toppstandi. Alltaf geymd inni. Verð kr. 1.000.000 +vsk. Grétar s. 894-7208.



Overlock verksmiðjusaumavél til sölu, kr. 60.000. Teg Union special IV. Uppl. í síma 847-3180.



Við erum örlítill grenjandi minnihluti! X-M



Liðléttingur, Play 25, árg. 2017. Notaður 100 vst. Verð 2,5 mill. kr. +vsk. Sími 894-8620.



Hyundai 55 W9A, 5,8 tonna, árg. 2016. Notuð 1.350 vst. Verð 6,9 mill. kr. +vsk. Sími 894-8620.



Gámarampar á lager. Fyrir vöruflutninga og frystigáma. Burðargeta: 8.000 kg og 10.000 kg. Heitgalvanhúðaðir. Stærð: 125 cm x 210 cm x 16 cm. Stærð: 176 cm x 210 cm x 20 cm. Lykkjur fyrir lyftaragaffla. Op fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is - S. 892-4163.



Vatnsþrýstisett fyrir neysluvatn. Eigum á lager fyrir: 230 V, 24 V, 12 V. Mjög öflug dæla, dæluhjól og öxull úr SS stáli, 24 l tankur úr SS stáli. Þrýstingur 4 bar. Hentar vel í sumarhús og báta. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang: hak@hak.is



Nissan X-Trail árgerð 2005, 4x, bensín, sjálfskiptur, með dráttarkúlu og mikið endurnýjaður. Nýskoðaður. Góður í snjó og hálku, heilsársdekk. Verðhugmynd 460.000 kr. Uppl. í síma 864-0912.



Til sölu 122 fm af 4" steinull, 180 stálvinklar, 2.250 stk. 5x50 mm rústfríar skrúfur, 2 rúllur (122 fm) veggpappi. Verðtilboð ef selst strax. Þórir Dan sími 861-3097, netfang: totidan020459@gmail.com



Toyota Rav4 árg. 2017, dísel, framhjóladrifinn, keyrður 85.000 km, einn eigandi frá upphafi. Alltaf verið í þjónustu hjá Toyota. Verð 3 mill. kr. Uppl. í s. 843-4310.



Bobcat T2566, árg. 2005. Verð 2 mill. kr. +vsk. Sími 894-8620.



Ford Transit, 17 manna, árg. 2015. Ekinn 76.000 km. Verð 3.100.000 kr. +vsk. Sími 894-8620.



Góður bíll til sölu. VW Crafter dísel, 6 gíra, 17+1, gólfbrautir og hraðfestingar, m/talkerfi. Árg. 07-13, ekinn 125.000 km. Sumar- og vetrardekk. Verð kr. 3.950.000 +vsk. Uppl. í s. 863-1066 og 897-6357.



Bensíndrifnir stauraborar á lager. Öflugur 2 hestafla Hyundai 2 Stroke mótor. Borar sem fylgja: 100, 150 og 200 mm. Borðdýpt: 730 mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163 - netfang: hak@hak.is



Kjallaradælur fyrir klósett. Öflugur hnífur. Mótorar staðsettir fyrir utan votrými. Inntak fyrir vask, sturtu, baðkar. Margar stærðir sem henta fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og vandaður búnaður. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is



Timbur í fjárhúsgólf. 32 x 100 mm. L = 5,1 / 5,4 m. Verð kr. 430 lm með vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130. haukur@hhauksson.is



Hliðgrindur. Vandaðar stækkanlegar hliðgrindur frá 1,0-6,0 mtr. í tveimur þéttleikum. Góð læsing og lamir fylgja. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Hestakerrur 2ja og 3ja hesta, ríkulegur útbúnaður. Gæðakerrur – Góð reynsla. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Opið kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Scania 480, árg. 2008, 6x4 dráttarbíll, ekinn 540.000 km, dæla. Verð 3,2 mill. kr. +vsk. Sími 894-8620.



Til sölu Toyota Hilux árg. 2007, beinskiptur. Ekinn 244.000 km. Sumar- og vetrardekk. Verð kr. 1.450.000. Uppl. í síma 865-1832.



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjólaskóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt: 1,3 - 4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is - www.hak.is



Glussadrifnar gólfhrærur. Vinnudýpt: 1,9 m. Stærð á skrúfu: 48 cm. Rotor: 12 kW. Glussaflæði: 75 L/mín. 20 m af glussaslöngum fylgja. Mesta hæð frá gólfi: 2 m. Burðarvirki: Heitgalv./SS stál. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is



Varmadælur og sérhannaðir hitatankar fyrir varmadælur. Til húshitunar. Fyrir heita pottinn. 1 króna inn og þú færð 3-5 krónur í rafmagni. orkubaendur.com - Tranavogi 3, 104 Reykjavík. Sími 888-1185.



Cat 301.4C árg. 2013, tvær skóflur fylgja. Verð 3,5 mill. kr. +vsk. Sími 894-8620.



Scania 420 árg. 2000. 6x2, ekin 540.000 km. Stóll og dæla. Verð 1.690.000 kr. +vsk. Sími 894-8620.



Innihrærur fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt: 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hrærurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is / www.hak.is



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt), www.sogaenergyteam.com - stærðir: 14 kW – 72 kW. Stöðvarnar eru með AVR sem tryggir örugga framleiðslu rafmagns fyrir allan viðkvæman rafbúnað. Myndin er af hluta þeirra stöðva sem við fluttum inn fyrir bændur 2020. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is - www.hak.is



Vélavagn, þriggja hásinga, árg. 2007. Verð 4,5 mill. kr. +vsk. Sími 894-8620.



Hyundai árg. 2016. HL730 9A. 10 tonna vél, notuð 2.000 vst. Verð 9,5 mill. kr. +vsk. Sími 894-8620.



Dísel hitarar 12 eða 24 volt. 5 eða 8 kílóvött. Samsettir með eldsneytisgeymi og ósamsettir. Tveggja ára ábyrgð, góð reynsla. Verð frá 48.900 kr. orkubaendur.com - Tranavogi 3, 104 Reykjavík. Sími 662-1444.



Til sölu er 10.000 lítra rotþró, staðsett á Eyjafjarðarsvæðinu. Verð kr. 744.000 m.vsk. Til sölu er 20 feta gámur innréttaður sem vinnuskúr með snyrtingu. Verð kr. 1.116.000 m.vsk. Uppl. í síma 892-4465 eða á sjbald@mi.is



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. Sími 894-5111. Opið frá kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Háþrýstiþvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com. Aflgjafar; rafmagn, Honda bensín, Yanmar dísil, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum fyrir magndælingu á vatni, skolpi, sjó, olíu. Háþrýstar dælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatir barkar á frábæru verði, 2" – 3" – 4". Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum búnaði. Aðrir aflgjafar: rafmagn, bensín/dísil, glussaknúnar (mjög háþrýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Til sölu kerra fyrir fjórhjól. Ný dekk, ný ljós og nýmáluð. Er í Skagafirði. Verð 120.000 kr. Uppl.í síma 820-7201 eða halldorahermanns@gmail.com



Hnífatætari 230 cm á kr. 585.000 +vsk og 180 cm á kr. 330.000 +vsk. Skoðaðu allt úrvalið á www.hardskafi.is



Þriggja öxla vélavagn. Fremsti öxullinn lyftanlegur, aftari beygjanlegur. Búið er að nota í um 2.000 km. Eigin þyngd: 9 tonn. Verð 6.500.000 kr. +vsk. Upplýsingar í s. 892-4680.



Til sölu Subaru Legacy árg. 2004, ekinn 260.000 km. Góð sumardekk og vetrardekk á felgum. Ath. gamall málarabíll, nýskoðaður, nýtt í bremsum og nýir stýrisendar og fleira. Verð 250.000 kr. Uppl. í síma 893-7380.



Taðkvíslar. Eigum 1,4 m með Euro festingum. Sterk framleiðsla frá Póllandi. Þétt á milli beinna tinda. Hákonarson ehf. S. 892-4163. hak@hak.is - www.hak.is



Faðmgreip fyrir stórar rúllur. Mesta opnun er 212 cm. Lyftir rúllum sem eru allt að 1.000 kg. Eigin þyngd: 190 kg. Ásoðnar Euro-festingar og slöngur með kúplingum fylgja. Vönduð og sterk smíð með þykkri dökkgrárri dufthúð (pólýhúð). Til á lager. Verð 149.000 kr. +vsk. Hákonarson ehf. Hafið samband á hak@hak.is eða í s. 892-4163.



Til sölu Samaz Alps 401 fjölplógur, 4 m vinnslubreidd. Verð kr. 890.000 +vsk. Uppl. í síma 862-0445.

Hvað finnst þér um Pírata? Segðu Einari oddvita í NA hvað þér liggur á hjarta alla fimmtudaga kl. 10-12 í síma 784-0801. Frekari upplýsingar á piratar.is. XP 25. september 2021.

HÁ VERSLUN

HÁ Verslun ehf. er nýr dreifingaraðili fyrir Husqvarna á Íslandi. HÁ Verslun ehf., Víkurhvarfi 4, 203 Kópavogi. Sími: 588-0028 og 897-3650. Netfang: haverslun@haverslun.is. Við erum líka á Facebook!



Gröfuarmar á ámoksturstæki. Gröfudýpt, 1,5 m eða 2,0 m. Færsla til beggja hliða. Allar festingar í boði. Vandaður búnaður frá Póllandi. Hákonarson ehf. S. 892-4163 - hak@hak.is



Rúllugreip með glussatjakk. Spjót inni í keflum. Lyftigeta 1.000 kr. Ásoðnar Euro festingar og slöngur fylgja. Vönduð smíð frá Póllandi. Verð 179.000 kr. +vsk. Til á lager. Takmarkað magn. Hákonarson ehf. S. 892-4163. hak@hak - www.hak.is



Í júní opnaði nýtt hótel á Reykjavíkurvegi í Hafnarfirði, Hótel Hraun. Á hótelinu eru 71 herbergi og glæsilegur bar. Hægt er að bóka herbergi á sérstöku tilboðsverði á www.hotelhraun.is og í síma 537-6500.



OK RH 8, árg. 2003. Notuð 8.500 vst. Hraðtengi og smurkerfi. Verð 1,5 mill. kr. +vsk. Sími 894-8620.

VERKTAKI

Ertu í framkvæmdum? Vantar þig smið? Sérhæfi mig í uppsetningu innréttinga og innihurða. Gef þér gott og hagstætt tilboð. Annað viðhald kemur einnig til greina. Er á Norðausturlandi. Hafðu samband í síma 846-4356 eða netfang: Kjarri88@hotmail.com



Hammar 160s, árg. 2000. Verð 4,5 mill. kr. + vsk. Uppl. í síma 894-8620.



Brettagafflar með Euro festingum. Burðargeta 2.000 kg. Lengd á göfflum 120 cm. Rammi, gataður fyrir rúlluspjót. Til á lager. Einnig með glussafærslu. Hákonarson ehf. S. 892-4163 - hak@hak.is



Rafstöðvar með orginal Honda-vélum og Yanmar dísil á lager. Stöðvarnar eru frá Elcos Srl. á Ítalíu, www.elcos.net. Eigum einnig hljóðlátar stöðvar fyrir ferðavagna. Við bjóðum upp á allar gerðir af rafstöðvum. Mjög hagstætt verð. Hákonarson ehf. www.hak.is - s. 892-4163, netfang: hak@hak.is

## Til sölu

Lítið varphænsnabú til sölu eða flutnings. Hænsnakofar geta fylgt. Upplýsingar í síma 899-4600.

Vegna flutninga. Ýmis tæki og tól til bílaviðgerða: SATA Spr.- Könnur og boddy-tjakkar. Trilla f. gask. AGA gastæki o.fl. Ryksuga m. slípirokk. Hljómtæki, hátalarar frá Bose. Reiðhjól, harmonikkur (Honer), skíði, vídeó m. miklu efni. Saumavél Pfaff, radíófónn Grundig. Einnig varahl. í Nissan King Kap árg. ´92. Einnig Ford Rancero árg. ´67 (pallbíll) S. 867-4777.

Toyota Land Cruiser 120, árgerð 2007. Ekinn 125.000 km. Nýir spíssar og heil grind. Einn eigandi frá upphafi. Skoða alls konar skipti. Egill, sími 849-1022.

Traktorsgrafa, JCB 4cx 2007. Notuð 4.200 tíma. Rotortilt, 3 skóflur, ný dekk. Skoða öll skipti. Verð 1,2 millj .+vsk. Ingó, sími 822-5395.

Heimasmíðaður rúlluvagn sem auðvelt er að breyta í fjárflutningavagn. Hann er 2,50 m á breidd og 6,50 m á lengd. Er með skráningu en ekki sjálfstæðar bremsur. Dekkin eru 100 x 20. Upplýsingar í síma 893-9610 eða á jspeg@simnet.is

LED ljós 1.800 og 2.000 Lumens og 10/30 V. Verð kr. 5.500 og 6.900. Uppl. í síma 893-9610.

Til sölu 20 kelfdar kvígur með mismunandi burðartíma. Uppl. í síma 848-2264, Steinunn eða melar621@gmail.com

Til sölu 100 stk. heyrúllur, óáborið hey, vel þurrt. Staðsettar undir Eyjafjöllum. Verð kr. 4.000 stk. Uppl. Karl s. 899-3481.

Til sölu steinbitar í fjósgólf, tveir saman. Lengd: 2,48 m. Breidd: 0,33 m. Þykkt: 0,13 m. Uppl. í síma 894-0283.

## Óska eftir

Óska eftir að kaupa Huennebeck Rasto steypumót og fylgihluti. Óliver Daðason, sími 832-0115.

Óska eftir að kaupa 22 cal riffil og óska eftir gömlum armbandsúrum. Uppl. í síma 837-4757 eða sigisl@gmail.com

Mig vantar framhásingu undan vörubíl. Tegund skiptir ekki máli. Hjólabúnaður þarf að vera í lagi (legur og dekk) en stýrisbúnaður skiptir ekki máli. Uppl. í síma 895-7505 eða á harsv@simnet.is

Ég hef áhuga á að eignast eða hafa aðgang að jarðhýsi. Póstfang mitt er nem.bis4@lbhi.is - sími 864-0421, Björn Ingi.

Óska eftir notuðum traktor með ámoksturstækjum. Má þarfnast minni háttar viðgerðar. Er í Eyjafirði. Uppl. í síma 866-5338.

Óska eftir pakkara fyrir 70 cm plast. Þarf að vera í þokkalegu ástandi. Uppl. gefur Óli í s. 864-0870.

## Atvinna

Júlíus, landbúnaðarmenntaður og lærður garðyrkjumaður, óskar eftir starfi í garðyrkju. Hann getur byrjað strax og er með bíl til umráða. Uppl. Í s. 834-8678 eða á netfangið juliuswolf1@web.de

Sergei, 48 ára gamall, óskar eftir vinnu við bústörf, hvort sem er við dýrahald eða garðyrkju, því hann vill flytja til Íslands. Hann segist vinnusamur og með góðan tæknilegan skilning. Uppl. í gegnum netfangið nu.iv.gp@gmail.com

Starfsmaður/ráðsmaður óskast á kúabú á Norðurlandi 35 km frá Akureyri. Á búinu eru tveir Lely róbótar. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af kúabúskap og geta unnið sjálfstætt. Gott húsnæði fylgir starfinu. Upplýsingar í síma 846-0921.

Ég óska eftir að komast í vinnu á sveitabæ. Nánari upplýsingar veittar í síma 783-4594, Eyrún Eva.

## Jarðir

Jörð óskast á Suður- eða Vesturlandi. Hitaveita og einnig húsakostur æskilegur. Upplýsingar hjá vilborg100@gmail.com

Til sölu 3,4 ha frístundarlóð í landi Bíldsfells í Grafningi, heitir Tjarnarvegur 23. Verð 5 mill. Kr. Upplýsingar og myndir í stdbyd@gmail.com og í s. 773-7188, Kobbi.

## Þjónusta

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í síma 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission, Akureyri. Netfang: einar.g9@gmail.com, Einar G.

www.bbl.is



**Upptektarsett í MF 35 standard 23C.**
Í settinu eru allar slífar, stimplar, boltar og fóðringar, stimpilhringir, allir ventlar, stýringar og gormar auk efra og neðra pakkningasetts. Þetta er nýtt og pantað frá Sparex. **Verð 78.000**



**Vökvayfirtengi ný frá Sparex**
Cat3 28,5 mm bolti með hjörulið sem er 67 mm. Lágmarkslengd er 680 mm og hámarkslengd er 895 mm, lyftigeta er 11.520 kg og útþrýsingur 14.440 kg.
**Verð 94.000**

**Einnig Cat2 með Q.R.CBM föstum krók í traktor.**
Lágmarkslengd er 680 mm og hámarkslengd er 881 mm. Hentar vélum upp í 150 hp.
**Verð 70.000**

**Upplýsingar í síma 893 9610 eða jspeg@simnet.is**



**Karlakórinn Fjallabræður**
auglýsir eftir árabát úr timbri
Báturinn þarf að hljóma vel og líða vel á landi.
Tilboð sendist á arabatur@fjallabraedur.is

**Bændablaðið Kemur næst út 7. október**

EYJALIND

GRAMMER

Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta



Vertu vinur okkar á Facebook

**Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is**
















LÍF & STARF



# Kræklingur eða krákuskel

**Löngum hefur sú regla verið við lýði að kræklingatínslu væri óhætt í mánuðum sem hafa bókstafinn R í nafninu, eða frá september til apríloka.**

Samkvæmt Matvælastofnun er hins vegar varasamt að hafa það eitt að leiðarljósi, því ef eitur fer yfir viss mörk í skeljum kræklinga á tilteknu svæði, er innihaldið á því tínslusvæði ekki hæft til neyslu fyrr en í fyrsta lagi að ári. Eitrið kemur frá aðalfæðu kræklingsins, svifþörungum, en þeir geta sprottið upp eitraðir og valdið fólki vanlíðan – allt frá niðurgangi og minnisleysi til öndunarlömunar. Ef fólk hyggur á tínslu er því gott að hafa til hliðsjónar niðurstöður frá vöktuðum ræktunarsvæðum en þær má finna á vefsíðu Matvælastofnunar.

Þetta er nú allt gott og blessað. Kræklingar, sem áður voru aðallega notaðir í beitu, eru herramannsmatur og þá má til dæmis tína í Breiðafirðinum og við Faxaflóa en eituráhrifa hefur mikið gætt í Hvalfirðinum og því ráðlegast að fara ekki þangað. Best er að fara á stórstraumsfjöru vopnaður fötu og hníf og hafa það í huga að taka ekki meira en nauðsynlegt er svo stofninn geti haldið sér, auk þess að gæta þess að vera ekki á landsvæði í einkaeign.

Uppskriftir að kræklingi geta verið einfaldar og hann einungis hreinsaður og soðinn í blöndu af hvítvíni og fínsöxuðum hvítlauk. Vandaðri uppskriftir má einnig finna en ein slík kemur hér á eftir. Verði ykkur að góðu!

Kíló af hreinsuðum kræklingi
4 msk. ósaltað smjör
2 msk. ólífuolía
6 hvítlauksrif
½ bolli hökkuð steinselja
¼ tsk. chiliflögur (ef vill)
1 bolli þurrt hvítvín
½ tsk. salt (meira eftir smekk)

Steikja saxaðan hvítlauk í ólífuolíunni, við meðalháan hita, þar til hann er gullinn (um 2 mínútur).

Ef chiliflögurnar eru notaðar skal bæta þeim við, þá hvítvíninu og hækka hitann í 3 mínútur.

Lækka skal hitann í miðlungs, bæta kræklingnum á pönnuna og setja lok yfir. Athuga skal hvort hann hafi opnast eftir um 3–5 mínútur og þá má fjarlægja lokið.

Lækka hitann enn meira, bæta smjöri og steinselju út í og blandað saman. Krydda má með salti og pipar og borið svo fram með góðu brauði. /SP








# Matvælasjóður úthlutar rúmum 566 milljónum króna til 64 verkefna

**Matvælasjóður hefur úthlutað í annað sinn og að þessu sinni 566,6 milljónum króna til 64 verkefna. Umsóknir um styrki voru 273.**

Tilkynnt var um úthlutunina á vef atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Þar kemur fram að fjögur fagráð hafi verið stjórn sjóðsins til ráðgjafar, eitt í hverjum styrkjaflokki. Verklagið var með þeim hætti að fagráðin skiluðu til stjórnar forgangsröðun verkefna eftir einkunnum ásamt umsögnum um hvert verkefni fyrir sig. Stjórn Matvælasjóðs skilaði síðan tillögum til ráðherra sem ráðherra féllst á. Öllum umsækjendum mun berast svar við umsóknum sínum ásamt umsögn um verkefnin.

*Jöfn dreifing milli landshluta*

Í tilkynningunni kemur fram að dreifing verkefna sem fengu styrk sé nokkuð jöfn milli landshluta.

Í fyrstu úthlutun úr sjóðnum, í desember á síðasta ári, fengu 62 verkefni styrk af þeim 266 umsóknum sem sjóðnum barst.

*Meðal verkefna sem hljóta styrki eru:*

- Útfærsla hugmynda og prófun á fæðubótarefni úr tilteknum spírum og sykrum úr þörungum.
- Vöruþróun á millimáli og ídýfum úr broddmjólk.
- Tilraun til notkunar þangsafa við vökvaræktun grænmetis.
- Tilraunir og vöruþróun á ætum rósum.
- Verkefni um að framleiða umhverfisvænni matvælaumbúðir.
- Framleiðsla á hafraskyri úr íslenskum höfrum.
- Hagkvæmnisathugun fyrir uppsetningu frostþurrkunarvers fyrir matvæli á Íslandi.
- Fullvinnsla á grjótkrabba og aukaafurðum af próteinríkum.
- Verkefni um framleiðslu á húðvörum úr íslenskum jurtum og hliðarafurðum matvælaframleiðslu.
- Áhrif endurnýjunar íslenska fiskiskipaflotans á kolefnisspor afurða.
- Verkefni um hreina fiskiolíu í vesturvíking. */smh*



## BÁRA | LISTI

| Umsækjandi | Heiti verkefnis | Upphæð | Landshluti | Verkefnastjóri |
|---|---|---|---|---|
| Ábót íslensk fæðubót ehf | Útfærsla hugmyndar og prófun á fæðubótarefni úr tilteknum spírum og sykrum úr þörungum. | 3.000.000 kr | VL | KVK |
| Birgir Þórðarson | Þróun og markaðssetning gæsaafurða-beint frá býli | 2.837.552 kr | NV | KK |
| Karen Emilía Barrysd. Woodrow | Vöruþróun á millimáli og ídýfur úr broddmjólk | 2.850.000 kr | H | KVK |
| Fersk Þurrkun ehf | Gerð viðskiptaáætlunar, prófanir og vöruþróun með frostþurrkun á íslensku grænmeti og sjávargróðri. | 3.000.000 kr | SL | KVK |
| Livefood ehf | Vöruþróun og gerð viðskiptaáætlunar fyrir íslenska hágæða grænkera osta | 3.000.000 kr | SL | KVK |
| Saga Seafood ehf | Vöruþróun hliðarstrauma ufsavinnslu - hagkvæmnisathugun og viðskiptaáætlun | 3.000.000 kr | SL | KK |
| Sigurður Þór Guðmundsson | Grásteinn góðgæti | 2.688.000 kr | NE | KVK |
| Hörn Heiðarsdóttir | Hagkvæmnisathugun og gerð viðskiptaáætlunar fyrir hátæknigróðurhús á Norðurlandi | 3.000.000 kr | NE, H | KVK |
| Steindór Runiberg Haraldsson | Aðlögun framleiðsluferils jurtamólkur að markaðsþörfum | 3.000.000 kr | NV | KK |
| Zeto ehf | Púðursjampó fyrir íslenska hestinn | 3.000.000 kr | NV, NE, SN | KVK |
| Þörungaklaustur ehf | Tilraun til notkunar þangsafa við vökvaræktun grænmetis | 2.974.400 kr | VF, NV, H | KVK |
| Ásgeir Jónsson | Vöruþróun saltfiskréttar (bacalao) | 2.980.000 kr | H | KK |
| Bjarni Bjarnason | Lýsi á gæludýramarkað | 1.250.000 kr | H | KK |
| Eimur | Hagkvæmnisathugun fyrir uppsetningu frostþurrkunarvers fyrir matvæli á Íslandi | 3.000.000 kr | NE | KVK |
| Bjarnveig Birta Bjarnadóttir | Hagkvæmnisathugun og markaðsgreining á nýtingu þorskaugna | 1.650.000 kr | H | KVK |
| Brjálaða gimbrin | INN með INN-mat - vöruþróun og tilraunir með innmat úr lömbum | 2.674.000 kr | NV | KVK |
| Eirný Ósk Sigurðardóttir | Ráðgjöf í nýsköpun mjólkurafurða - fýsileikaathugun og viðskiptaáætlun | 3.000.000 kr | VL, VF, NV, NE, AU, SL, H | KVK |
| Erlent ehf | Verðmætasköpun fiskiroðs | 3.000.000 kr | NE | KK |
| Hafgustur ehf. | Þróun á grjótkrabba sem vöru á neytendamarkað | 3.000.000 kr | VF | KK |
| Margrét Polly Hansen Hauksdóttir | Vínland Vínekran | 3.000.000 kr | SL | KVK |
| Nýheimar Þekkingarsetur | Útfærsla á hugmyndum og tækniþróun fyrir Grósku - félagslandbúnað | 3.000.000 kr | SL | KVK |
| Sifmar ehf | Heilsukropp | 3.000.000 kr | SL, H | KVK |
| Starrastaðir ehf | Tilraunir og vöruþróun á ætum rósum | 2.744.000 kr | NV | KVK |
| Gró borgarrækt ehf. | Ostrusveppabú: uppsetning ræktunarkerfa og tilraunarækt með íslensku hráefni | 3.000.000 kr | NE | KVK |
| Stefanía Hjördís Leifsdóttir | Handverksostar úr geita- og sauðamjólk, vöruþróun og markaðssetning. | 3.000.000 kr | NV | KVK |
| Matvælaþróun ehf | Majones úr repju | 3.000.000 kr | SL | KK |
| Páll Marvin Jónsson | Gerð viðskiptaáætlunar fyrir humla ræktun og bjórmiðstöð | 1.600.000 kr | SL | KK |
| Einar Örn Aðalsteinsson | Gerð viðskiptaáætlunar og vöruþróun fyrir Matarsmiðju í Eyjafjarðarsveit | 2.750.000 kr | NE | KK |
| Matarskemman ehf. | AUÐNÍN: Auðlindafélag Þingeyinga - Viðskiptaáætlun og fjárfestakynning | 3.000.000 kr | NE | KK |

## AFURÐ | LISTI

| Umsækjandi | Heiti verkefnis | Upphæð | Landshluti | Kyn verkefnastjóra |
|---|---|---|---|---|
| Slippurinn Akureyri | Sjávarlón | 10.200.000 kr | NE | KK |
| Arna ehf | Hafraskyr úr íslenskum höfrum | 17.425.000 kr | SL, VF | KK |
| Síldarvinnslan hf | Rauða Gullið | 19.098.650 kr | H, AU | KK |
| Langa | Skilgreining á vatnsrofnum prótínum úr ufsa- og karfahryggjum | 21.033.250 kr | SL | KVK |
| BioPol ehf. | SOUL: Sustainable Omega-3 oil from Underutilized Lumpfish | 10.996.450 kr | NV | KK |
| Royal Iceland hf. | Fullvinnsla á grjótkrabba í Njarðvík | 25.500.000 kr | SN | KK |
| Samtök smáframleiðenda matvæla | Matsjá-stuðningur við matarfrumkvöðla | 5.321.000 kr | VL, VF, NV, NE, AU, SL, SN, H | KVK |

## FJÁRSJÓÐUR | LISTI

| Umsækjandi | Heiti verkefnis | Upphæð | Landshluti | Kyn verkefnastjóra |
|---|---|---|---|---|
| Hárækt ehf. | Markaðssókn VAXA á Íslandi | 10.710.000 kr | SN, VL, H | KK |
| Jöklavin ehf. | Jökla rjómalíkjör | 11.687.500 kr | NV, H | KK |
| Jurt ehf. | Stafræn markaðssetning Nordic Wasabi | 10.625.000 kr | AU | KVK |
| Svæðisgarðurinn Snæfellsnes | Markaðssetning ábyrgra matvæla frá Snæfellsnesi | 10.625.000 kr | VL | KVK |
| Jörth ehf. | Broddur og lifandi gerlar | 15.572.850 kr | SL | KK |
| Angan Skincare | Húðvörur úr íslenskum jurtum og hliðarafurðum matvælaframleiðslu | 9.609.250 kr | VF, H | KVK |
| Sölufélag garðyrkjumanna | Íslenskt grænmeti á erlenda markaði | 20.235.950 kr | H | KK |
| True Westfjords ehf. | Hrein fiskiolía í vesturvíking | 25.500.000 kr | NV | KVK |




## KELDA | LISTI

| Umsækjandi | Heiti verkefnis | Upphæð | Landshluti | Kyn verkefnastjóra |
|---|---|---|---|---|
| Matís ohf. í samstarfi við einkaaðila | Áhrif endurnýjunar íslenska fiskiskipaflotans á kolefnisspor afurða | 6.290.000 kr | VF, NV, NE, AU, SL, H | KK |
| Hafrannsóknastofnun í samstarfi við einkaaðila | Bætt heilbrigði í bleikjueldi | 20.085.500 kr | H | KK |
| Matís ohf. í samstarfi við einkaaðila | Áskoranir við pökkun grænmetis | 9.386.550 kr | VL, SL, H | KK |
| Matís ohf. í samstarfi við einkaaðila | Saltfiskur til Framtíðar | 9.775.000 kr | SL, SN, H | KVK |
| Landbúnaðarháskóli Íslands | Olíuauður Íslands - Leiðir til aukinnar matarolíuframleiðslu | 9.299.340 kr | NV, NE, AU, SL, VL | KK |
| Matís ohf. | Trefjaríkt og hollt hýði? | 15.726.646 kr | H | KVK |
| Háskóli Íslands í samstarfi við einkaaðila | Umhverfisvænni matvælaumbúðir (UMMAT) | 25.500.000 kr | NE, H | KK |
| Háskóli Íslands í samstarfi við einkaaðila | Gæðabreytingar próteina við vinnslu þorsk- og | 17.000.000 kr | SN, H | KVK |
| Matís ohf. í samstarfi við einkaaðila | Súrþang og góðgerlar í fiskeldi | 16.865.120 kr | VL, NE, H | KVK |
| GeoChil | Kæling lýstra gróðurhúsa | 12.750.000 kr | H | KVK |
| Útgerðarfélag Reykjavíkur | CRISP-FISH | 14.965.950 kr | H | KVK |
| Matís ohf. í samstarfi við einkaaðila | Hringrásarhagkerfi kjötiðnaðar | 10.200.000 kr | NE, H | KK |
| Matís ohf. í samstarfi við einkaaðila | Nýjar lausnir fyrir vinnu við merkingar matvæla | 8.559.500 kr | AU, H | KK |
| Matís ohf. í samstarfi við einkaaðila | Næringar- og hollustuefni úr hliðarafurðum bjórgerðar | 14.753.450 kr | H | KK |
| Matís ohf. í samstarfi við einkaaðila | Bættir vinnsluferlar við sjófrystingu karfa | 7.872.700 kr | H | KVK |
| Landbúnaðarháskóli Íslands í samstarfi við einkaaðila | Mannakorn - Betra bygg með bættum aðferðum | 13.891.550 kr | NV, SL, VL | KK |
| Landbúnaðarháskóli Íslands í samstarfi við einkaaðila | Mannakorn - Hafrar og hámörkun gæða | 18.089.700 kr | NV, SL, VL | KK |
| Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum í samstarfi við einkaaðila | Bakteríufagar gegn fiskabakteríum | 12.274.000 kr | VF, AU, H | KVK |
| Matís ohf. í samstarfi við einkaaðilka | Verðmæti í vinnsluvatni frá bolfiskvinnslu | 9.661.100 kr | SN, NE, H | KVK |



D



# Kosningarnar eru um þessi þrjú mál

## 1

**Heilbrigðiskerfið er dýrmætt. Burt með biðlistana.**

Fólk á að fá nauðsynlega heilbrigðisþjónustu, óháð efnahag, þegar hennar er þörf. Við viljum taka upp nýja þjónustutryggingu - loforð um þjónustu innan 90 daga.

## 2

**Lægri skattar, betri lífskjör.**

Skattar halda áfram að lækka. Við sýnum ábyrgð, varðveitum stöðugleika og lága vexti. Þannig verður atvinnulífið sterkt, nýsköpun heldur áfram að blómstra og atvinnuleysi heldur áfram að minnka.

## 3

**Notum hreina orku. Hættum að nota olíu.**

Við höfum náð ótrúlega góðum árangri í rafvæðingu bílaflotans og erum í öðru sæti í heiminum í orkuskiptum. Við ætlum að verða fyrst til að verða alveg óháð olíu með því að nota græna orku á skipum og í flugi.